

---

# Skráning fornleifa í Skeiðahreppi.

Hefti II. Fornleifaskrá

---



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Brynja Árnadóttir, Gylfi Helgason, Jóhanna V. Guðmundsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Magnea Dís Birgisdóttir, Orri Vésteinsson, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Rúnar Leifsson, Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir og Stefán Ólafsson.

---

Fornleifastofnun Íslands  
Reykjavík 2026  
FS1085-19362



*Forsíðumyndin er af garðlagi ÁR-244:034 í landi Skeiðabólts, horft er til austurs. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

© Fornleifastofnun Íslands 2026

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður aðalskráningar fornleifa sem unnin var í Skeiðahreppi sumrin 2019-2022. Skráningu gamla hreppsins var haldið áfram þaðan sem frá var horfið árið 2017 og hafa því allar jarðir í hreppnum verið skráðar. Efniviður skýrslunnar er umfangsmikill og því er henni skipt niður í þrjú bindi.

Samanlagt voru skráð 30 lögbýli á þessum fjórum árum auk fornleifa sem tilheyra fleiri en einni jörðu. Skráðar voru mjög fjölbreyttar fornleifar s.s. fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög, áveitu- og samgönguminjar. Í skýrslunni birtast upplýsingar um 1167 fornleifar sem skráðar voru á 999 minjastöðum. Hér birtast að auki niðurstöður fornleifaskráningar sem var unnin árið 2017, auk fjögurra yngri skráninga sem unnar hafa verið vegna skipulagsmála frá því að aðalskráningunni lauk. Þetta er gert í þeim tilgangi að í skýrslunni sé að finna upplýsingar um allar skráðar minjar í hreppnum.

Ástand fornleifa á skráningarsvæðinu er fremur slæmt, en í meira en helmingi tilfella eru öll yfirborðsummerki um minjastaði horfin. Í flestum tilvikum hafa minjastaðir horfið vegna túnasléttunar og framkvæmda af ýmsu tagi s.s. bygginga, vegagerðar eða niðurrifs. Auk þess getur breytt landnýting í mörgum tilfellum falið í sér ákveðna ógn við minjar en innan skráningarsvæðis er búið að ræsa mikið af landi fram og slétta í tún.

Efnisorð: Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, Skeiðahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Summary

This report presents the results of a general archaeological survey undertaken in Skeiðahreppur, in the municipality of Skeiða- and Gnúpverjahreppur in southern Iceland. The fieldwork was carried out in the summers of 2019-2022 and due to the extensive scope of the work the report is divided into three volumes. The survey resumed from where it had left off in 2017, and as a result all farms in the district (Skeiðahreppur) have now been recorded. In total, 30 farms were surveyed during these four years, in addition to archaeological sites associated with more than one farm. A wide variety of archaeological features were recorded, such as numerous farm mounds, various types of outhouses and livestock enclosures, various boundaries and irrigation structures.

The report contains information on 1167 archaeological features recorded at 999 sites. It also includes the results of archaeological survey carried out in 2017, as well as four more recent surveys conducted in relation to planning proposals after the completion of the main survey. This is done to ensure that the report contains information on all recorded archaeological remains in the municipality at the time of its publication.

The condition of the archaeological remains within the survey area is rather poor, and in

more than half of all cases all surface traces of the sites have disappeared. In most cases, sites have been lost due to field leveling and various types of construction activities such as building development, road construction, and demolition. In addition, changes in land use pose a certain threat, as large areas have been drained and leveled for hayfields.

Keywords: Institute of Archaeology Iceland, archaeology, general survey, Skeiða- and Gnúpverjahreppur municipality

# Efnisyfirlit

## Hefti I

1.	Inngangur	9
2.	Saga fornleifaskráningar á Íslandi	12
3.	Aðferðir við fornleifaskráningu	14
4.	Staðhættir og byggðapróun	16
	Próun byggðar í ljósi fornleifa	16
	Rannsóknir á fornleifum á Skeiðum	19
5.	Samantekt um helstu minjaflokka	21
	Bæjarhólar og býli	21
	Kirkjur, kuml og legstaðir	24
	Tún og túngarðar	25
	Útihús innan heimatúna	27
	Kálgarðar	33
	Kvía, stekkir, nátthagar og réttir	35
	Fjárskýli, beitarhús, heystæði og sel	39
	Vörslugarðar	46
	Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, malar- og grjótnám)	47
	Nýting á vatni	51
	Samgönguminjar	58
	Landamerki	66
	Aðrar minjar og viðbætur	67
6.	Fornleifar á Skeiðum	68
	Heimildir	73
	Óprentaðar heimildir	75
	Viðauki I: Hnitaskrá í isn93	80

## Hefti II



























1. ÁR-233	Fjall	9
2. ÁR-234	Framnes	43
3. ÁR-235	Birnustaðir	66
4. ÁR-236	Álfsstaðir	88
5. ÁR-237	Ósabakki	112
6. ÁR-238	Reykir	124
7. ÁR-239	Húsatóftir	150
8. ÁR-240	Hlemmiskeið	182
9. ÁR-241	Brjánstaðir	197
10. ÁR-242	Votamýri	211
11. ÁR-243	Blesastaðir	226
12. ÁR-244	Skeiðháholt	237
Viðauki I:	Minjakort	252
Viðauki II:	Hnitaskrá Isn93	285

## Hefti III

13. ÁR-245	Kálfhóll	9
14. ÁR-246	Kílhraun	30
15. ÁR-247	Borgarkot	50
16. ÁR-248	Arakot	60
17. ÁR-249	Langamýri	71
18. ÁR-250	Árhraun	89
19. ÁR-251	Ólafsvellir	103
20. ÁR-252	Vesturkot	131
21. ÁR-253	Minni-Ólafsvellir	134
22. ÁR-254	Björnskot	137
23. ÁR-255	Norðurgarður	140
24. ÁR-256	Andrésfjós	143

25. ÁR-257	Brúnavellir efri	146	
26. ÁR-258	Brúnavellir syðri	158	
27. ÁR-259	Brúnavallakot	168	
28. ÁR-260	Vorsabær	176	
29. ÁR-261	Miðbýli	193	
30. ÁR-262	Útverk	213	
31. ÁR-661	Fornleifar á fl. en einni jörð		226
Viðauki I: Minjakort		252	

## Skýringar

 áveita	 sandvarnir	 renna
 bæjarhóll	 steypa	 steypa
 efnistaka	 þúst	 torf
 hleðsla	 bæjarhóll	 torf og grjót
 leið	 efnistaka	 vegur
 loftmynd	 flóðgarður	 þúst
 niðurgröftur	 grjót	 landamerki (gróf afmörkun)
 óljóst	 loftmynd	 skráðar fornleifar
 renna	 niðurgröftur	

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessa skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá, nema annað sé tekið fram.

## ÁR-233 Fjall

### Sögulegar heimildir:

1686: 50 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1695: 40 hdr, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 198.

1847: 54 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63. Jörðin var einnig þekkt sem Vörðufell.

Um 1220: “Kirkia j vorðufelle er helguð Maríu, Petro, Olavo, Marino, Gallo. hun a .x. hundrað j lande” DI, 406.

„Jörðunni er sundur skift í fjögur býli og standa þrjú í úthögum, en heimajörðin svara ein til alls fyrirsvars mót öðrum lögbýlum í hreppnum, en hin býlin eru frí fyrir þessum þunga.” JÁM II, 197.

Afbýli frá jörðinni í úthögum voru Útverk, Miðbýli og Framnes. Tvíbýli á jörðinni síðan 1703 og eru bæirnir nefndir Fjall I sem á 3/4 hluta landsins og Fjall II samkvæmt Sunnlenskum byggðum I, 433-434.

Kirkja var á jörðinni á fyrstu öldum kristni og heimti hún tíund frá Haga, Miðhúsum, Snúti, Framnesi, báðum Vorsabæjunum og Birnustöðum annað hvert misseri, samkvæmt DI I, 406.

Árið 1896 voru 13 bæjarhús og 25 peningshús samtals á báðum býlum á Fjalli. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 8 peningshús gjörfallin, 8 bæjarhús og 12 peningshús mjög skemmd en 5 bæjarhús og 5 peningshús lítið skemmd. Fjárréttir og garðar voru jafnframt öll fallin, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 178.

### Landkostir:

Fjall I - Túnakort 1920: Tún 11 ha, 4/5 slétt. Matjurtagarðar 14,3 arar.

Fjall II - Túnakort 1920: Tún 2,6 ha, 1/2 slétt. Matjurtagarðar, 4,1 arar.

“Afrjett í almenningi. Torfrista og stunga næg. Reidingsrista bjargleg fyrir heimilið. Mósukurður hefur verið til eldiviðar, brúkast nú ei. Skógarhögg í almenningi. Túninu grandar bæjarlækurinn með landbroti og grjótsáburði. Engjunum spillir sami lækur með grjóts og sandáburði og Hvítá í sama máta, hverutveggja til stórskada. Hætt er kvikfje fyrir fornum torfgröfum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 198.

“Jörðin þótti góð slægjujörð, en engjar blautar í rigningatíð. Vetrararbeit nýttist illa vegna vatnságangs frá fjallinu. Á undanförunum áratugum hefur orðið mikið tjón af landbroti við Hvítá. Laxveiði er í Hvítá,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 433-434.


### ÁR-233:001\_01 Fjall bæjarhóll bústaður

422774 395194

Sjö bæjarhús með kálgarði til SA eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn og kálgarðurinn er einnig merktur inn á túnakort frá 1920. Á Fjalli eru tvö íbúðarhús, hlið við hlið. Það vestra og stærra er byggt 1929 en hitt 1946. Það eldra er lítið niðurgrafið en hitt um 1-1,5 m. Vestast í sömu röð er hlaða en austan við og húsbreidd norðar er skemma/verkstæði. Torfbær stóð áður þar sem húsið frá 1946 er nú og líklegt að öll húsaröðin sé byggð framan í bæjarhólnum. Aftan (N) við húsin er greinileg upphækkun, um 50 m löng A-V og mest um 25 m breið. Stafnar bæjarins snéru til suðurs.



Horft til VNV eftir miðjum bæjarhól ÁR-233:001\_01.



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af Fjalli frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar punktalínur og litadír flákar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

Bærinn stendur í neðsta hjallanum í hlíð Vörðufells, sunnan undir Hofklettum, sjá 009, en þeir eru suðurendinn af Hofinu, sem er syðsti hluti af Vörðufjalli.

Framan í bæjarhólnum standa steipt hús en aftan við er hann stórvaxinn, að stærstum hluta innan vírgirðingar sem aðgreinir hús frá túnnum. Hlaðið örugglega sunnan megin. Hann er um 50x25 m að stærð og snýr VNV-ASA.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920



Mynd af bæjunum á Fjalli, birt í bókinni Reykjaættin, bls. 804. Myndin er tekin eftir 1929, eldra íbúðarhúsið sést til vinstri.

**ÁR-233:001\_02** heimild um kálgarð

422745 395179

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920 var kálgarður suðvestan við bæ 001. Á túnakortinu sést hvernig honum var skipt upp á milli bæjanna tveggja. Slétt malarplan er nú á þessum slóðum og brekka upp að bænum. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:002** þúst hálfkirkja

422788 395248

FJALL Á SKEIÐUM (Á) -Maríu, Pétri, Ólafi, Marteini, Gallo - (SKÁLHOLTSPING) HÁLFKIRKJA

Um 1220: Kirkia j vorðufelle er helguð Mariu. Petro. Olavo. Martino. Gallo. hun a .x. hundruð j lande. tiolld umhverfis sik. buning sinn allan. þar skal syngia annan hvern dag loghelgan messu. ok en fiorda hvern ottu song. ok kaupa tveim morkum þar skal heima tiund. ok or haga. fra miðhusum. ok fra Snute. af framnese. or vorsabæ hvarum tveggja. af birnustoðum onnor hvar missere Lysa fra mariu messu unz liðr pascha viku. fyrir Þa daga alla er skylt er at syngia. ok sva fyrir allar hinar hæstu hatiðir; DI I 406.


{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 49}

1709: Munnmæli eru, að hjer hafi að fornu bænhús verið, en engin sjást þess líkindi. JÁM II, 197. „Ekki er vitað hvar kirkjan í Fjalli hefur staðið en faðir minn, Guðmundur Lýðsson bóndi í Fjalli frá 1902-1944, gat sér til að kirkjan hefði verið á smáhæð upp af bænum miðja vega upp að klettabeltinu. Hafi verið kirkjugarður við kirkjuna hefði verið góð aðstaða til þess að hafa hann þarna. Ekki hefur neitt komið þar upp af beinum sem staðfesti það enda ekki verið grafið þar í jörð svo ég viti,” segir í örnefnaskrá. Um 50 m N við bæ 001 er hringlaga hólkollur eða þúst sem talin er vera kirkjustæðið. Hóllinn er um 35 m S við Hofkletta [009]. Rétt er að ítreka að ekki er vitað hvar kirkjan var staðsett og allt eins líklegt að hún hafi verið suðaustan við bæinn og mun nær honum.

Í túni - smáþýfðu - hefur ekki verið sléttað í tíð Bjarna og er ekki slegið lengur - notað til beitar. Hóllinn er hringlaga, greinilegastur að sunnan en þar hallar mest undan, u.þ.b .15 x 15 m. Hóllinn



Horft til suðvesturs yfir meint kirkjustæði, norðan og ofan við bæ 001.



Túnakort Fjalls frá 1920. Bæirnir eru sýndir sem skyggðir kassar og voru sambyggðir. ©Þjóðskjalasafn Íslands

er ca 3 m hærra uppi í hlíðinni en bæjarstæðið og hefur hús þar borið vel yfir bæinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** DI I 406; AM 263 fol. bl. 49; JÁM II, 197; Ö-Fjall JG, 2

**ÁR-233:003** mannvirki legstaður

422770 395350

Heimagrafreitur er á jörðinni. Hann er um 150 m NNV við bæ 001 og 40 m suðaustan við Leyni 014.

Heimagrafreiturinn er ofarlega á stalli í grasi gróinni brekku. Til suðurs og suðvesturs eru slétt tún en óræktað svæði til annarra átta.

Heimagrafreiturinn er 7 x 6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir eru steyptir og eru allt að 1 m á hæð. Gengið er inn í grafreitinn vestarlega á suðurhlíð. Í garðinum eru að minnsta kosti þrjú leiði, öll í austurhluta hans en grafreitun er gjörsamlega á kafi í grasi og elftingu. Yngsta leiðið er frá árinu 1997 en það elsta frá 1965.



Heimagrafreitur ÁR-233:003, horft til norðvesturs.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:004** heimild um útihús

422860 395336

Um 160 m NA af bæ 001, í túni Fjalls II, er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Útihúsið var um 90 m SA frá útihúsi 005.

Slétt, grasi vaxið tún á milli tveggja brattrar hlíða. Hofklettur 009 eru til vesturs og brekka sem hallar niður fjallið er til austurs. Suðaustar er smá túnbakki og svo aflíðandi brekka niður. Túnið er grænt og nýtt til beitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði og búið að reisa yngra fjárhús þar. Fjárhúsið er hrörlegt og líklega ekki í notkun. Annað fjárhús stendur 20 metrum sunnar og er það í mun betra standi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-233:005** *Smalavallahús* heimild um fjárhús

422886 395419

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Klettabelti gengur inn í túnið [Austurtún] að norðan sem heitir Smalavöllur, þar var fjárhús, sem hét Smalavallahús og voru þar hafðar ær. Þetta hús er nú niður lagt,” segir í örnefnaskrá. Um 250 m NA af bæ, í túni Fjalls II, er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Það var um 90 m norðaustan við útihús 004.

Norðaustan við áætlaða staðsetningu fjárhússins er klettabelti efst í brekku sem hallar niður til austurs. Klettabeltið er fremur lítið eða um 1-2 metrar á hæð. Túnið er algróið, vaxið grasi og sóleyjum og nýtt til beitar. Tóftin var ofarlega brekkunni á nokkuð sléttum grasbala en til norður við sækir í brattann.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Smá hvompa er í túninu sem gæti verið ummerki um tóftina en búið er að slétta þarna yfir

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö, Fjall, 3

**ÁR-233:006** gata leið

422992 395296

Leið sést liggja til suðurs frá fjárhúsum 019, niður brekku, nánast í norðurjarði heimatúnsins eins og það var afmarkað 1906. Leiðin er hvorki sýnd á bæjarteikningunni né á túnakorti frá 1920 og

Því líklega yngri og samtíða fjárhúsum 019.

Slétt, ræktað tún í halla niður til vesturs. Túnið er nýtt til beitar.

Leiðin liggur skáhallt upp bratta brekku að fjárhústóft 019 og hefur eflaust verið akfær. Grasbrekkan er algróin og hallar niður neðstu hlíðar Vörðufell til suðvesturs. Hægt er að rekja leiðina á rúmlega 50 m löngum kafla og hún er um 3 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Leið ÁR-233:006, horft til norðausturs.



Ráðleysa ÁR-233:007, horft til austurs.

**ÁR-233:007** *Ráðleysa* þúst útihús 422863 395082

Um 190 m ASA af bæ 001 og rúmum 120 m V við útihús 008, í túni Fjalls I, er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Samkvæmt Bjarna Ófeigi Valdimarssyni, heimildamanni, kallast höllinn Ráðleysa en hennar er getið í örnefnaskrá. Þar segir: “Tveir smáhólar voru í flötunum í stefnu á Framnesbæinn er staðið er á hlaðinu á Fjalli. Hétu þeir Hosiló [023] og Ráðleysa. Var toppur þeirra lækkaður fyrir fáum árum en þó sér móta fyrir hvar þeir voru.”

Í ræktuðu, flatlendu túni sem nýtt er til beitar.

Þústin sést enn og er 12x6,3 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur en rís ekki hátt, er um 0,2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö-Fjall JG, 4

**ÁR-233:008** *Borgarhús* heimild um fjárhús 423008 395038

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Sunnar undan Hvömmunum var fjárhús, sem kallað var Borgarhús en er nú aflagt og tóftin jöfnuð við jörðu,” segir í örnefnaskrá. Um 270 m SA af bæ 001, í túni Fjalls I, er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Útihúsið var í austurmörkum heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakortunum.

Útihúsið var vestan undir brekku sem hallar til vesturs niður fjallið. Þar er nú þéttur skógarlundur og engin tóft sjáanleg.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö-Fjall JG, 3

**ÁR-233:009\_01** *Hofklettur* tóft útihús 422823 395342

„Efst í túnjaðrinum í Fjalli á Skeiðum er hár hjalli með klettabrún, en aðrir klettur fyrir ofan. Heita allir klettarnir einu nafni Hofklettur. Á hjallanum er fagurt útsýni. Þar sjest móta fyrir fornri tóft, er liggur frá suðaustri til norðvesturs, eftir suðvesturbrún hjallans, og hafa dyrnar verið

á hliðveggnum þeim megin. Frá dyrunum til suðausturendans eru nál. 6 faðmar og þar er tóftin einna breiðust, nál. 3 faðm. Til norðvesturs frá dyrunum eru nál. 4 faðm. að afhústóftardyrum og fer tóftin heldur mjókkandi þangað frá útidyrunum, svo að við afhúsdyrnar er hún ekki orðin yfir 2 faðma. Þetta er mælt út á vegg; en þeir eru raunar nokkuð óglöggir og þó einkum suðaustantil, því grjótið hefir verið



Uppmæling af minjum ÁR-233:009.

tekið úr tóftinni á seinni tímum og tveir smákofar byggðir úr því fyrir austan tóftarendann. En svo hefir aftur verið sljettað yfir, svo ekki sjást nema litlir hryggir þar sem veggirnir voru; þó mótast allstaðar fyrir þeim. Dyrnar yfir í afhúsið eru nál. 2 al. langar og rúml. 1 al. víðar. Afhúsið sjálft er lítið, hjer um bil 2 faðm. langt og 1.5 faðm. breitt. En tóft þess var miklu glöggvari en aðaltóftin,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894. „Efst í túninu í Fjalli er klettabelti sem heitir Hofklettar. Uppi á hæðinni, beint fyrir ofan bæina, eru fornar rústir sem menn hafa haldið að væru fornar hofrústir. Ekki hefur verið grafið í þessar rústir svo það hefur engan veginn verið staðfest að um fornar rústir sé að ræða,” segir í örnefnaskrá JG. „Hofin. Svo nefnist langur hjalli í undirhlíðum Vörðufells og ná þau allt inn að Réttarholtssniðum. Nafnið bendir til heiðins siðar en engar sagnir eða munnmæli skýra nafnið,” segir í örnefnaskrá JE. „Hoftóftarleifar á hjallabrún við efri túnjaðar, hjá klettum, er kallast Hafklettar. Sbr. Árb. 1894: 9-10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Alls eru fjórar tóftir efst í Hofklettum, um 140 m norðan við bæ 001 og 4 m vestan við tóft 065, uppi á klettum ofan hennar. Tóftirnar eru á svæði sem er 37x20 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftirnar eru allar svipaðar að sjá, þær eru grónar en í veggjum glittir í grjóthleðslur. Teikningin af hoftóftinni í Árbókinni 1894 virðist eiga við tóft 009\_01. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum.

Tóftirnar eru á klettabrún skammt norðan við bæinn og gott útsýni er til suðurs, suðvesturs og



Tóft ÁR-233:009\_01, horft til norðausturs.



Tóft ÁR-233:003\_02, horft til norðurs.

vesturs. Neðan við klettana eru gömul fjárhús sem eru ekki lengur í notkun. Þetta svæði er innan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1906 en engin útihús sýnd þar.

Tóft 01 er í miðju svæðisins. Hún er 17,5x5,2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólfi. Veggirnir eru 1,5-2,5 m að breidd og 0,3 m á hæð. Op er á miðjum suðvesturgaffli, inn í syðra hólfið sem er 4,5x1,5 m að stærð. Annað op er til norðausturs, yfir í nyrðra hólfið. Það er stærra, 7x1,2 m að innanmáli.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Árbók 1894, 9-10; Ö-Fjall JG, 2; Friðlýsingaskrá, 58; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 151; Ö-Fjall JE, 12

**ÁR-233:009\_02** tóft útihús 422826 395350

Tóft 02 er um 1 m norðan við tóft 01. Hún er 7,3x6,3 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Op er til suðausturs og það glittir í grjót í veggjum. Þeir eru 0,3 m á hæð og þýfðir. Tóftin er útfloött til suðurs og veggir frekar óskýrir þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:009\_03** tóft útihús 422814 395360

Tóft 03 er 8 m norðvestan við tóft 02 og er nyrst tóftanna. Hún er 6,2x4 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er opin til suðausturs og veggir um 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Tóft ÁR-233:009\_03, horft til VSV.



Tóft ÁR-233:009\_04, horft til austurs.

**ÁR-233:009\_04** tóft útihús 422819 395330

Tóft 04 er rúmum 4 m sunnan við tóft 01 og er syðst þeirra allra. Hún er 11,4x5,5 m stór, er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er til suðvesturs, á suðvesturgaffli. Veggir eru algrónir, 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:010** Miðhús heimild um býli

“Miðhús hugsa ég að hafi staðið í túninu í Fjalli, Austurbæjartúninu, þar hefur svo lengi verið fjárhús [líklega 008 eða 061], sem oftast var notað sem lambhús þetta hús var oft kallað Miðhúsið,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Miðhús voru staðsett og allt eins líklegt að um Miðbýli ÁR-261 sé að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2

**ÁR-233:011** heimild um stekk

422746 395928

„Þessi hjáleiga [067] gæti hafa verið þar sem Fjallsbændur höfðu rétt [032\_01] við vorsmölun og er kallað enn í dag Stekkjartún. Ekki sjást þar rústir eftir eldri hús en það er ekki von þó byggingar hefðu verið þar því fjárréttin ein var mikið mannvirki þar sem ávalt hefur verið margt sauðfjar og fjárréttir eru þær byggingar sem oft verður að endurbyggja,” segir í örnefnaskrá Jóns Guðmundssonar. „Stekkjartún. Það liggur eftir fjallrótum vestast,” segir í örnefnaskrá Jóns Eiríkssonar. Ekki er vitað hvar nákvæmlega stekkurinn var staðsettur, hnit var tekið sunnarlega innan Stekkjartúnsins en engin mannvist er þar sjáanleg á yfirborði.

Á sléttu túni við fjallsrætur. Hlíðin hallar niður til norðvesturs, er smágrýtt og grastungur teygja sig upp hlíðina. Neðst í fjallshlíðinni er grasbrekka sem nær 70 m til vesturs í átt að deiglendi. Beggja vegna brekkunnar er rof eða moldarbörð.

Engin ummerki um stekk sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2; Ö-Fjall JE 12

**ÁR-233:012** *Hörgurinn* örnefni

422790 395457

“Fyrir ofan túngirðinguna er klettarani, sem kallaður er Hörgurinn,” segir í örnefnaskrá. Örnefnið ‘Hörgur’ gæti verið vísbending um að þar hafi verið átrúnaðarstaður til forna. Ekki eru skýrar hugmyndir hvers konar staðir ‘Hörgur’ er annað en þar var blót stundað. Örnefnið gæti þó einnig verið síðari tíma hugmyndir manna um hvað Hörgur sé. Hörgurinn er um 220 m norðan við bæ 001 og rúmum 50 m norðaustan við Leyni 014.

Við Hörginn, sunnan megin, er grasi vaxinn stallur. Svæðið er smáþýft og vaxið sóleyjum. Þar neðan (sunnar) er slétt heimatún Fjalls.

Hörgurinn er náttúrulega grasi gróinn klettahryggur, norðan við heimatúnið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2



Hörgur ÁR-233:012, horft til norðvesturs.

**ÁR-233:013** *Halakofi* heimild um fjárhús

“Ef farið er fyrst upp í Vesturbæjartúnið, þá er þar fjárhús, sem heitir Halakofi, upp af er Leynir [014],” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Halakofi var staðsettur, líklega er annað hvort um útihús 044 eða 066 að ræða. Frekari heimildir þar til að staðsetja Halakofa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2

**ÁR-233:014** *Leynir* heimild um fjárhús

422745 395380

“Ef farið er fyrst upp í Vesturbæjartúnið, þá er þar fjárhús, sem heitir Halakofi [013], þar upp af er Leynir. [...] Sagt var að um 1830 hefði bóndi undan Eyjafjöllum komið að Fjalli með kindahóp, var að flytja sig búferlum út í Grímsnes eða Laugardal, -þessar kindur voru hýstar í fjárhúsunum í Leyninum. Skömmu seinna þetta sama haust fór að bera á bráðapest í kindum, sem hafðar voru í þessum fjárhúsum, en talið var að ekki hefði orðið vart hér við pest fyrri,” segir í örnefnaskrá. Leynir er um 180 m norðan við bæ 001 og um 90 m austan við útihús 044.

Leynir er lág eða laut sem opnast til austurs. Lautin er í grónu túni sem var eitt sinn í ræktun en

núna notað til beitar.

Engin ummerki þessa fjárhúss sjást á yfirborði og búið er að slétta yfir túnið. Smá hvompa er þarna í aflíðandi brekku niður til vesturs sem gæti verið ummerki um tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2-3

**ÁR-233:015** *Kúadalur* heimild útihús

“Beint niður af Hörginum [012] er Kúadalur. Er þar eins og dalverpi en þegar ég man fyrst eftir þá voru þar tveir smáhólar [sjá 044] og í báðum þeirra kofarústir,” segir í örnefnaskrá. Kúadalur er 250 m norðvestan við bæ 001 og 40 m suðvestan við útihús 066. Ekki er hægt að staðsetja þetta útihús sem hér er skráð en líklega var það innan heimatúnsins.

Austan við áætlaða staðsetningu útihússins eru klettur. Útihúsið hefur verið staðsett í miðri hlíðinni í óræktuðu túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2

**ÁR-233:016\_01** *Myllulækur* hleðsla mylla 422981 395466

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Lækur rennur í gegnum túnið, eru upptök hans á tveimur stöðum. Annar kemur upp innst í Grjótdalnum, er hann er inn af túninu og heitir hann Myllulækur. Nafn sitt dregur hann af því að þar var kornmylla á 19. öldinni og sést enn móta fyrir kofarústinni. Úr Myllulæknum er neysluvatn tekið [018] og mun þar vera að tala um einhverja fyrstu vatnsleiðslu á Suðurlandi en hún var lögð á stríðsárunum fyrri, en hefur nú verið endurnýjuð og afkastagetan aukin,» segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1920 er vatnsleiðsla sögð á Fjalli I. Myllukofinn er horfinn en hluti af stíflunni sést enn, um 330 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 8 m sunnan við tóft 016. Ekki er ólíklegt að sú tóft hafi tengst þessum mannvirkjum sem hér eru skráð þó ekki sé vitað með hvaða hætti. Myllan sjálf var ögn neðar, sést ekki lengur og ekki var unnt að hnitsetja hana með innan við 50 m skekkju,

Myllulækur rennur til suðurs, niður fjallið og í gegnum mitt heimatúnið. Myllan var utan heimatúnsins, í gilinu þar sem það er þrengra en innan túnsins sjálfs.

Stíflan sést enn austan við lækinn en var einnig vestan hans að sögn Bjarna Ófeigs Valdimarssonar, heimildamanns. Þar sést hún lítið sem ekkert. Hleðslan er 5,5x1 m að stærð, 0,3-0,6 m á hæð og það glittir í þrjú umför af grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 3; Túnakort 1920



Möguleg mylla ÁR-233:016\_01, horft til suðurs.



Stífla ÁR-233:016\_02, horft til norðurs.

**ÁR-233:016\_02** stífla

422980 395477

Grjóthlaðin hleðsla 02 er um 10 m NNV við stíflu 01 og hlaðin utan (A) í brekku sem snýr mót SSV. Hleðslan liggur NNA-SSV og er 8 x 2 m að stærð. Ekki sér í greinileg umför vegna mikils gróðurs, grjót sést eingöngu á stöku stað. Hæð hleðslunnar er 0,5 m. Mögulega tengist þetta mannvirki myllu 01 sem var skammt sunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**ÁR-233:017** *Hellisbrekka* heimild um fjárhús

422849 395202

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Brekkan inn með læknum heitir einu nafni Hellisbrekka. Í brekkunni er hellir sem notaður var sem fjárhús og tók um 40 lömb. Eftir jarðskjálftana 1896 fór hellirinn að leka og var hann þá lagður niður sem fjárhús og munna hans lokað en glöggst sést móta fyrir því hvar hann er,” segir í örnefnaskrá. “Í Fellsfjalli er lítill hellir í Fellslandi, og annar í Vörðufelli í Fjallslandi, sem brúkaðir eru til að láta sauðfé liggja inni,” segir í Sýslu og sóknalýsingum. Hellisbrekka er um 70 m ASA við bæ 001 og rúmum 120 m norðan við býli 007. Hellirinn var innan heimatúnsins.



Hellisbrekka ÁR-233:017, horft til austurs.

Hellisbrekka er grasi vaxin og í halla niður til austurs. Hún er 5-8 m á hæð og innan afgirts beitarhólfs.

Það sér enn móta fyrir lægð þar sem hellirinn var staðsettur en ekki er hægt að geta sér til um stærðina né vitað hvort hann var manngerður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 3; SSÁ, 133-134

**ÁR-233:018** heimild um vatnsból

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Lækur rennur í gegnum túnið, eru upptök hans á tveimur stöðum. Annar kemur upp inst í Grjótdalnum, er hann er inn af túninu og heitir hann Myllulækur. Nafn sitt dregur hann af því að þar var kornmylla [016] á 19. öldinni og sést enn móta fyrir kofarústinni. Úr Myllulæknum er neysluvatn tekið og mun þar vera að tala um einhverja fyrstu vatnsleiðslu á Suðurlandi en hún var lögð á stríðsárunum fyrri, en hefur nú verið endurnýjuð og afkastagetan aukin,” segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1920 er vatnsleiðsla sögð á Fjalli I. Myllukofinn er horfinn en hluti af stíflunni sést enn, um 330 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 8 m sunnan við hleðslu 016\_02. Ekki er ólíklegt að sú hleðsla hafi tengst þessum mannvirkjum sem hér eru skráð þó ekki sé vitað með hvaða hætti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:019** *Balahús* tóft fjárhús


423008 395347

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Lækurinn sem kemur ofan af fjallinu afmarkar innsta hluta Flatanna og heitir Fossgilsflöt. Uppi á brekkubrúninni fyrir innan hana var fjárhús, sem hét Balahús. Var lagt niður um 1940,” segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920, um 130 m austan við fjárhús 005 og um 270 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er í norðausturhorni heimatúnsins, líkt og það er afmarkað 1920 en utan þess árið 1906.

Tóftin er á efst á brekkubrún, brekkan hallar niður til vesturs. Slétt, ræktað tún er umhverfis hana



Tóft ÁR-233:019, horft til vesturs.



Uppmæling af tóft ÁR-233:019 og leið ÁR-233:006 sem lá að henni.

og er það nýtt til beitar.

Tóftin er 14,5x10 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf, þ.e. fjárhús með hlöðu að baki. Hlaðan er austar og grafinn inn og niður í brekkuna. Hún er 3,1x2,1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op virðist hafa verið á miðri vesturhlið, yfir í fjárhúsin sem voru vestar. Gólfflötur hólfanna er svipaður og ljóst að hlaðan var ekki mikið niðurgrafin. Veggir hlöðunnar sjást lítið að utan en að innan eru þeir 1-2 m á hæð. Víða glittir í grjóti og veggir virðast hlaðnir úr stóru grjóti. Fjárhúsin eru 6x2,1 m að innanmáli og snúa austur-vestur. Op til vesturs, á miðjum vesturgaffli. Veggir eru 2 m á breidd, 0,3-1 m á hæð og að innan sjást 2-3 umför af grjóti. Veggir eru grónir að utan. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu, hann er 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og 2 umför sjást í honum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 3; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-233:020** *Réttarhús* heimild um fjárhús 422962 395234

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Fjárhúsið sunnan lækjarins heitir Réttarhús. Dró það nafn sitt af fjárréttinni [021] sem var við hliðina á því var síður að reka féð þar að á haustin,» segir í örnefnaskrá (JG). „Réttarhús. Fjárhúsið er í brekkurótunum, austan við Fossgilið og hefur verið þar frá fornu fari. [...] Enn er þar fjárhús og við hlið þess hlaða og fjárrétt,» segir í örnefnaskrá (JE). Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920 sést útihús um 180 m ANA við bæ 001 og fast sunnan við rétt 021. Hér er um sama stað að ræða.

Réttarhúsið var rétt austan við Myllulæk. Á þessum stað er búið að reisa hesthús og liggur malarvegur að því, frá núverandi heimreið að bænum. Austan við svæðið er fjallshlíð og sjá má ummerki um efnistöku í henni sem er að hluta til gróið yfir.

Engin ummerki sjást lengur um Réttarhús en á sama stað er búið að byggja nýrra útihús og reisa bragga.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 3, Ö-Fjall JE 15; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-233:021** heimild um rétt 422975 395251

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Fjárhúsið sunnan lækjarins heitir Réttarhús [020]. Dró það nafn sitt af fjárréttinni sem var við hliðina á því var síður að reka féð þar að á haustin,» segir í örnefnaskrá. Fjárréttin var um 200 m ANA við bæ 001 og fast NNA við Réttarhús 020.

Réttin var nokkuð austan við Myllulæk. Á þessum stað er búið að reisa hesthús og liggur malarvegur að því frá núverandi heimreið að bænum. Austan við svæðið er fjallshlíð og sjá má ummerki um efnistöku í henni sem er að hluta til gróið yfir.

Engin ummerki sjást lengur um réttina en á sama stað er búið að byggja nýrra útihús og reisa bragga.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 3; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-233:022** heimild um útihús 422838 395317

Um 140 m NNA af bæ 001 og tæpum 15 m S við útihús 004 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið tilheyrði líklega Fjalli II. Búið er að reisa mun yngri fjárhús, skammt suðaustan við áætlaða staðsetningu þessa útihúss. Um 20 metrum norðar er annað hrörlegra fjárhús.

Slétt og grasi vaxið tún á milli tveggja brattrar hlíða, til vesturs eru Hofklettur 009 og brekka sem hallar niður fjallið er til austurs. Tóftin er staðsett í grónu túni nýttu til beitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-233:023** *Hosiló* þúst bústaður 422800 395052

Örnefni í Austurbæjartúninu: „Tveir smáhólar voru í flötunum í stefnu á Framnesbæinn er staðið er á hlaðinu á Fjalli. Hétu þeir Hosiló og Ráðleysa [007]. Var toppur þeirra lækkaður fyrir fáum árum en þó sér móta fyrir hvar þeir voru. Vigfús Ófeigsson faðir sr. Ófeigs á Fellsmúla átti heima í kofa í öðrum hólnum, sem hét Hosiló í nokkur ár,” segir í örnefnaskrá. Hosiló er um 140 m SSA við bæ 001 og 70 m suðvestan við Ráðleysu 007. Svæðið hefur verið sléttað og gert að túni. Þústin er 11,7x7,2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hæst um 0,3 m en mikið röskuð vegna sléttunar.



Þúst ÁR-233:023, horft til ASA.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 4

**ÁR-233:024** *Grafir* náma mógrafir 422068 394974

“Móskurður hefur verið til eldiviðar, brúkast nú ei. [...] Hætt er kvikfje fyrir fornum torfgröfum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. “Í Grafarmýrinni eru hringlaga keldudrög er heita Grafir,” segir í örnefnaskrá (JG). “Grafir. Gamlar mógrafir í Grafarmýrinni, nú uppgrónar,” segir í örnefnaskrá (JE). Grafir eru um 760 m suðvestan við bæ 001 og um 100 m NNA við Brúarós 025.

Framræst deiglendi með talsverðum að mosa í sverði. Smáþýft og tiltölulega flatt.

Mógrafirnar eru mjög grunnar og óreglulegar. Mór var tekinn á rúmlega 220 x 50 m stóru svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Grafirnar eru 0,2 m djúpar og með gróinn



Mógrafir ÁR-233:024, horft til norðurs.

en deiglandan botn. Þær hafa margar runnið saman og erfitt að áætla fjölda þeirra.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 198.; Ö-Fjall JG, 4; Ö-Fjall JE, 16

**ÁR-233:025** *Brúarós* hleðsla samgöngubót 422034 394882

“Flóðin falla svo vestur í Hvítá um Ósinn eða Brúarósinn,” segir í örnefnaskrá. Hlaðin brú er um 800 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 40 m suðvestan við mógrafir 024. Skrásetjurum var ekki kunnugt um brúna á vettvangi og því var hún ekki skoðuð þá. Við úrvinnslu fannst hún á loftmynd og er líklega um engjaveg að ræða.

Skurður sem liggur norðvestur-suðaustur er skammt sunnar, þar rennur svokallað Fjallsflóð nú. Deiglent er til suðvesturs en blaut mýri til norðausturs frá brúnni.


Brúin sést á tæplega 130 m löngum kafla og er um upphlaðið mannvirki að ræða. Hún liggur til suðausturs, frá malarvegi við Hvíta, og fjarar úr skammt sunnan við læk sem rennur úr mógröfum 024.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 4

**ÁR-233:026\_01** *Gvendarbóll* bæjarhóll bústaður

421684 394278



Uppmælingar af minjum sem tilheyra Gvendarhóli ÁR-233:026. Nærliggjandi minjar sjást einnig á myndinni.

„Á slægjulandinu í Fjalli var skákaskipting og er raunar enn í dag. Fyrir framan Flóðin var talað um þrjár skákir. Efstaskákin er fyrir austan Háabakkann og nær ekki vestur að ánni. Þá kemur Miðskák og Syðstaskák. Dælin fyrir austan og norðan Háamastrið (nr. 101) heitir Þömb. Riminn fram af henni Langirimi. Mýrin fram af hólunum heitir Hólamýri. Austasti hóllinn er Gvendarhóll. Í

honum eru sýnilegar miklar leifar eftir byggingar hefur mér talist svo til að greina megi þar 11 húsarústir. Engar sagnir eru til um byggð í hólunum svo mér sé kunnugt hvorki fyrr né síðar. Sennilega eru þessar rústir frá sama tíma og rústirnar sem rannsakaðar voru í Hvítárholti. Kristján Eldjárn fyrrverandi þjóðminjavörður friðlýsti Gvendarhól. Guðmundur Jónsson á Kópavatni gróf nokkrar smáholur til reynslu í Gvendarhól og gat slegið því föstu að hann hefði að geyma ævafornar mannvistarleifar. Væri nauðsynlegt að grafa þar einhvern tímann í náinni framtíð. Víst er að hóllinn í Útverkatungu [ÁR-262:007] geymir minjar frá sömu tíð,” segir í örnefnaskrá (JG). „Kristján Eldjárn fv. þjóðminjavörður friðlýsti hóllinn og setti þar niður hæl með járnplötu, áletraðri: „Friðlýstar minjar. Þjóðminjavörður“,“ segir í örnefnaskrá (JE). „Gvendarhaugur svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um

1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966,” segir í friðlýsingaskrá. Gvendarhóll er rúmum 1,4 km suðvestan við bæ 001 og um 50 m norðvestan við mógrafir 062. Friðlýsingarskilti er á staðnum en það er máð og erfitt að lesa á það. Minjarnar eru á svæði sem er um 200x50 m og snýr norðaustur-suðvestur. Alls eru þarna þrjár fornleifar á þurru ríma, skammt norðan við landamerki Miðbýlis ÁR-261. Á bæjarhólnum eru 2-4 tóftir en greinilegt að fleiri minjar eru undir sverði, beinir bakkar eru víða á yfirborði.

Gvendarhóll er frekar greinilegur tilsýndar en sjálfar tóftirnar eru allar hlaupnar í þúfur og eru illgreinilegar. Landið umhverfis minjastaðinn er mjög blautt. Minjastaðurinn virðist að stærstum hluta vera óraskaðaður en einhverjar túnasléttanir hafa þó verið gerðar í nágrenninu.

Bæjarhóll 01 er 60x50 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Sé tekið mið af umfangi hans er mikil mannvist hér undir sverði. Hóllinn er grasi vaxinn, stórþýfður og um 2-2,5 m á hæð hið minnsta. Hliðarnar eru fremur brattar niður í mýri. Syðst liggur hlaðin brú 063 upp á hólinn en hún er án efa mun yngra mannvirki.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 4-5; Ö-Fjall JE, 16; Friðlýsingaskrá, 58; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 153



Gvendarhóll ÁR-233:026\_01, horft til SSV.



Tóftir ÁR-233:026\_02, horft til norðausturs.

**ÁR-233:026\_02** tóft bústaður 421675 394252

Á bæjarhól 01 má sjá tvær tóftir 02 en án efa eru þær fleiri en horfnar í þúfur. Veggirnir eru 1,8 - 3,5 m á breidd, 0,2 - 0,4 m á hæð, grasi vaxnir og stórþýfðir. Tóftirnar eru sléttar og skera sig einna helst þannig frá þúfunum. Vestari tóftin er stærri, 31x20 m, tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Til norðvesturs er hólfið, 14x10 m stórt. ekkert op sést þar inn. Suðaustara hólfið er 10x2,3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Op er á miðri austurlanghlið, að hinni tóftinni. Hún er 11x8,5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:026\_03** tóft útihús

421778 394400

Útihús 03 er um 140 m NNA við bæjarhól 01, á stakstæðum hól á sama ríma. Tóftin er 13x10 m, einföld og snýr NNV-SSA, Ekkert op sést á yfirborði. Veggirnir eru eins og í tóftum 02, stórþýfðir og algrónir.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft ÁR-233:026\_03, er á hólnum fyrir miðri mynd. Horft er til norðurs.

**ÁR-233:027** *Kvíaflóð* örnefni kvíar

422655 395399

Örnefni í Vesturbæjartúninu: „Kvíaflóðið mun vera flóðið við túnhornið á Vesturtúninu,» segir í örnefnaskrá. Örnefnið gæti verið vísbending um að þar hafi verið hlaðnar kvíar. Kvíaflóð er um 250 m norðvestan við bæ 001 og 60 m suðvestan við útihús 044.

Til vesturs er svæðið mjög deiglent en því lengra sem farið er til austurs, nær gróinni og sléttri brekku (nú tún), því þurrara verður það.

Engin ummerki um kvíar sjást á þessum stað. Hafi verið kvíar þarna, voru þær líklega nærri brekkunni og heimatúninu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 5

**ÁR-233:028** *Vaðið* gata vað

422367 395507



Vaðið ÁR-233:028, horft til suðausturs.

Örnefni í Vesturbæjartúninu: „Þegar farið er vestur að ánni heiman að er komið af mýrinni og frá fjallinu, heitir það Vaðið,» segir í örnefnaskrá (JG). „Vaðós heitir ósinn sem tekur við afrennsli flóðanna og liggur í Hvítá. Vaðið. var og er enn á ósnum á einum stað með hörðum botni,» segir í örnefnaskrá (JE). Vaðið er um 470 m VNV við bæ 001 og um 540 m norðan við mógrafir 024. Það var notað á leið ÁR-661:003.

Vaðið er enn notað af búpeningi sést beggja vegna við í ósinn. Allt umhverfis er gróin og þýfð mýri sem enn er blaut. Víða eru tjarnir og keldur.

Ósinn breiðir úr sér og er um 16 m breiður og grunnur. Mold sést í botni og vatnið er um

0,2-0,3 m á dýpt.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 5; Ö-Fjall JE, 16

**ÁR-233:029** *Skjólgarðurinn* hleðsla hrossaborg

422540 396201

“Inn af Vaðinu [028] eru Flóðin og skerst geiri úr þeim á tveimur stöðum inn í landið og heitir þar Flóðatungur. Hjá Flóðatungum er Skjólgarðurinn. Hann hlóð Ófeigur Vigfússon svo



Uppmæling af Skjólgarði ÁR-233:029.



Skjólgarður ÁR-233:019, horft til austurs.

hrossin gætu á vetrardegi haft þar afdrep en á bakkanum er land alveg slétt. Skjólgarðurinn er nú að mestu eyddur en þó sér vel fyrir honum,” segir í örnefnaskrá. Skjólgarðurinn er um 340 m norðvestan við Stekkatún 032 og 1 km norðvestan við bæ 001. Tóftin er á þurru og sléttum bakka skammt austan við Hvítá.

Milli Hvítár og Vörðufjalls er gróin mýri, tjarnir og keldur. Svæðið næst ánni er þurrt og búið að gera tún þar. Skjólgarðurinn er á þessum þurra rima.

Skjólgarðurinn er nánast krosslaga. Hann er 14,5x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Suðurveggurinn er 14,4x3 m að stærð og úr honum miðjum er annar veggur til norðurs, Veggir eru 0,3 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru grasi vaxnir, stórpýfðir en hér og þar glittir í grjót. Austan við tóftina er stór þúfa sem aflagar þann hluta nokkuð. Sunnan og norðan við tóftina sjást ummerki um torfristu og greinilegt að efni var tekið þar við gerð hrossaskýlisins. Meðfram henni eru þýfðir bakkar, um 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 5

**ÁR-233:030** *Selstaðarós* örnefni sel 422597 397262

“Bakkahorn heitir árbakkinn á mótí Hjarðarnesinu vestan árinna. Selstaðarós er austur af Bakkahorni,” segir í örnefnaskrá. Örnefnið Selstaðarós er um 800 m VSV við Réttarholt 036 og rúnum 2 km norðan við bæ 001. Ekkert sel er þekkt á jörðinni og þetta er eina örnefnið sem gefur til kynna að svo hafi verið. Ólíklegt er að sel hafi verið svo nærri ánni og líklegra að það hafi verið við Vörðufjall, mögulega á Réttarholti 036 eða nærri beitarhúsum 060. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja sjálft selið og engar líklegar seltóftir voru skráðar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 5

**ÁR-233:031** heimild um útihús 422965 395192

Útihús er sýnt 40 m sunnan við útihús 020 og um 170 m austan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920.

Slétt tún sem nýtt er til beitar.


Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-233:032\_01** tóft rétt 422795 395959

Rétt eða kvíar, um 600 m N af bæ 001, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. “Þegar gengið er inn með fjallinu og farið um Vesturtúnið er fljótlega komið að litlum kletti, sem heitir Sjónarkletti [...] Beint niður af Sjónarkletti er Kolsflóð. Réttir [032\_01] voru skammt inn með fjallinu, var það venja að þar var rekið að til rúnings að vorinu, en er nú niðurlagt fyrir 30 árum. Þar er hústóft [032\_02] sem byggð var 1896, var það vinnumaður, sem var í Fjalli er Jóhannes Eggertsson hét. Stóð



Minjar ÁR-233:032.



Rétt ÁR-233:032\_01, horft til norðurs.

til að hann yrði þar í húsmennsku en ekkert varð svo af því og var tóftin aldrei notuð. Þessi hústóft er furðu stæðileg enn í dag eftir 80 ár,” segir í örnefnaskrá. Minjarnar eru um 750 m norðan við bæ 001 og tæpum 100 m sunnan við vörslugarð 033, neðst í fjallshlíð. Þarna er aflíðandi grasbrekka sem liggur til vesturs að mýrlendi. Minjasvæðið afmarkast af túngarði 032\_03 og innan hans eru tóftir 01 og 02.

Á sléttu túni við fjallsrætur eru svokallað Stekkjartún, sjá 011. Fjallshlíðin lækkar til norðvesturs en grastungur teygja sig upp hlíðina. Neðst í fjallshlíðinni er túnblettur þar sem minjarnar eru. Beggja vegna brekkunnar er rof eða moldarbörð og svæðið er nýtt til

beitar.

Rétt 01 er 16x12 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í fimm hólf. Veggir eru hlaðir úr smáu og meðal stóru grjóti sem er svipað því sem er í fjallshlíðinni ofan við tóftina. Umförun er þrjú til sex og veggjahæð 0,1-0,5 m. Víða er komið rof í veggina. Til suðvesturs er hólf 1, alls 9x3,4 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur og er opið til vesturs. Annað op er á norðurlanghlið, yfir í hólf 2 sem er stærsta hólf réttarinnar. Það er 8,5x5,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er annað op þar inn. Lítið hólf 3 er suðvesturhorninu, norðan við hólf 1 sem áður var lýst. Það er 3x2 m og snýr austur-vestur. Ekki er hleðsla til austurs og líklega var timbur notað þar til að skilja á milli þessa hólfis og hólfis 2. Hólf 4 er norðvestast og einungs hægt að fara þar inn til vesturs, þ.e. að utan. Það er 5,7x2 m að innanmáli. Fimmta hólfíð er suðaustast í tóftinni og nokkuð óljóst. Það er opið til suðurs og er 3,5x2,5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 5; H-kort 47 1908

**ÁR-233:032\_02** tóft beitarhús

422781 395939

Þetta er líklega tóftin sem ætluð var til húsmennsku og sýnd er á herforingjaráðskortinu. Þetta eru beitarhús með hlöðu að baki. Tóftin er 18x10 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Víða sjást fimm til sex umför og er veggjahæðin 0,2-0,6 m. Tóftin er hlaðin úr fremur smáu til meðal stóru grjóti sem svipar til þess sem er í fjallshlíðinni fyrir ofan. Hlaðan er austar, utan túnsins. Hólfíð er 5,1x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er algróið að innan og er grafið inn í



Beitarhús ÁR-233:032\_02, horft til vesturs.



Túngarður ÁR-233:032\_03, horft til vesturs.

fjallshlíðina. Ekkert op sést þar inn. Til vesturs, og örlítið neðar, eru fjárhúsin. Það hólf er 7x2m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðri vesturhlíð. Óljós niðurgröftur er fast austan við tóftina en hlutverk hans er óþekkt.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-233:032\_03** garðlag túngarður 422790 395945

Túngarður 03 afmarkar tún umhverfis rétt 01 og beitarhús 02. Hann sést enn til austurs, í fjallshlíðinni en aðrar hliðar eru mikið raskaðar. Túngarðurinn afmarkaði svæði, alls 07 ha og innan hans var gróið og líklega sléttað tún. Austurhliðin er alls um 120 m að lengd og 1,5 m á breidd. Við báða enda er rof eða moldarbarð og veggir sjást einungis sem kantur eða þúfur til annarra átta. Túngarðurinn er hlaðin úr torfi og grjóti og er að mestu algróinn en ekki hægt að greina umför. Hleðsluhæð er 0,1-0,4 m.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 5

**ÁR-233:033** garðlag vörslugarður 422852 396097

“Þegar gengin er gatan [051] inn Hofin er fljótlega komið á fallega flöt er heitir Stórsteinaflöt. Á henni er húslaga steinn og er hann kallaður Stóristeinn. [...] Skammt innan við Stórastein er Víðaskarð. Ófeigur Vigfússon byggði mikinn vörslugarð ofan úr fjalli og niður að flóðum, hélt þessi garður stórgripum. Var garðurinn til varnar þess að stórgripirnir færu í tún og engjar og gaf góða raun. Tvö hlið voru á garðinum, annað í Víðaskarði en hitt neðan undir Hofunum. Eftir daga Ófeigs var garðinum ekki haldið við sem skyldi og var hann ekki orðinn gripheldur um aldamótin [1900],” segir í örnefnaskrá.



Garðlag ÁR-233:033, horft til suðausturs.

Vörslugarðurinn er um 160 m norðaustan við

tóftir 032 og tæpum 900 m norðan við bæ 001. Garðurinn sést enn í hlíðum Vörðufells en er illgreinilegur í mýrinni vestan þess.

Garðurinn liggur niður fjallshlíðina og yfir í mýrlendi í svokölluðum Flóðatungum. Garðurinn sést í tveimur hlutum sem ekki ná saman, bratt klettabelti hefur afmarkað hlutann á milli garðanna.

Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er mjög greinilegur í fjallshlíðinni. Víða er rof og hrun en hleðslurnar sjást enn vel. Efri hluti garðsins liggur niður fjallið, skammt norðan við Sauðastein 025, til vesturs frá klettum efst í fjallinu að svokallaðri Öxl sem er annað klettabelti í miðri hlíðinni. Þessi hluti er alls um 130 m að lengd. Neðri hlutinn sést liggja til vesturs frá Öxl um 100 m sunnar. Klettur í hlíðinni hafa afmarkað svæðið sunnan garðsins á milli þessarra tveggja hluta. Þessi hluti er rúmlega 140 m að lengd og sést vel. Hægt er að rekja garðinn í mýrinni uns hann fjarar út, þá sem beinan kant að mestu. Hleðslugrjótið er misstórt en hann er að mestu hlaðinn úr fremur smáu grjóti þó víða leynast stærri steinar og jafnvel klettur í garðinum. Umförin eru 2-5 talsins og hleðsluhæð um 0,2-0,3 metrar. Hann er ennfremur um 1,5 m að breidd.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 6

**ÁR-233:034** *Fagralækjarbjörg* þjóðsaga 423294 396457

“Upp af Fagralæk og framan við hann eru Fagralækjarbjörg þverhnypt björg; verpir hrafn þar stundum. Í þessum björgum sér í hellismunna en ekki er hægt að komast að honum. Þjóðsaga segir



Hellirinn í Fagralækjarbjörgum sést fyrir miðri mynd.

að eitt sinn hafi kálfur hlaupið þar inn og komið út í Álfastaðahelli,” segir í örnefnaskrá. Hellirinn er í þverhnýptu klettabelti efst í fjallinu, um 1,4 km norðan við bæ 001 og 160 m suðaustan við leið 056.

Fyrir neðan þverhnýpt klettabelti, sem hellisopið er í, er stórgrýtt grasbrekka og neðan við hana er brött fjallshlíð.

Hellirinn sést sem hálf hringlaga op í klettabelti sem sker sig frá öðrum opum á svæðinu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 6

**ÁR-233:035** *Sauðasteinn* tóft beitarhús 423470 396960

“Sauðasteinn er nokkur hundruð metrum fyrir innan Fagralæk. Steinninn hefur sýnilega hrunið úr fjallinu í jarðskjálfta og heitir þar Steinsnið sem hann hefur losnað. [...] Ófeigur Vigfússon hafði sauðahús við Sauðastein. Kletturinn slútir fram yfir sig og skapaðist með því aðstaða til þess að hafa þar hús með auðveldu móti,” segir í örnefnaskrá. Sauðasteinn er tæpum 220 m sunnan við leið 050 og tæpum 1,9 km norðan við bæ 001.

Skrásetjarar fóru ekki að Sauðasteini meðan á vettvangsvinnu stóð, hann var vitlaust staðsettur í gögnum þeirra. Steinninn sést enn og afar líklegt að tóft sauðahúsanna sé enn varðveitt.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 6

**ÁR-233:036\_01** *Réttarholt* tóft beitarhús 423376 397427


Rétt eða kvíar eru merktar inn á herforingjaráðskort frá 1908, um 2,6 km NNA af bæ 001. “Þar sem Hofin enda tekur við Réttarholtssnið [...] er það hjalli utaní fjallinu en liggur heldur hærra en Hofin. Beint niður af Réttarholtssniðinu er Réttarholt, fremst á því er hústóft. Hefur þar ekki verið haft fé síðan 1896,” segir í örnefnaskrá. Hér er verið að skrá beitarhús 01 og rétt 02, syðst á Réttarholti, um 600 m SSV við tóft 060.

Stórþýft holt vestan undir Vörðufelli. Mýri er vestan við holtið og renna þar fjölmargir lækir og keldur. Víða á holtinu eru rof eða moldarbörð.

Tóft beitarhúsanna er 21x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Fjárhúsin eru vestar og hlaða er byggð þar aftan við (austan). Tóftin er opin á miðjum vesturgaffli, inn í fjárhúsin en ekkert op sést inn í hlöðuna. Norðausturveggurinn er hruninn og ógreinilegri en suðvesturveggurinn. Annars eru veggirnir þýfðir. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en hún er algróin að innan og utan og því ekki



Tóft ÁR-233:036\_01, horft til austurs.



Uppmæling af tóft ÁR-233:036\_01.

hægt að greina umför. Víða má sjá grjót í veggjum og nokkur stórgrýti standa út í norðvesturenda við innganginn. Veggjaþykkt um 2 m og hæð 0,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV; Ö-Fjall JG, 7

**ÁR-233:036\_02** heimild um rétt

423359 397366

Samkvæmt herforingjaráðskorti var rétt á Réttarholti en engin ummerki um hana sjást lengur á holtinu. Eins er mögulegt að hún hafi verið á sama stað og beitarhúsin.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:037** *Markagarður* garðlag vörslugarður

424290 399914

“Gripheldur vörslugarður var ofan úr fjalli og niður á ána á landamörkum Iðu [ÁR-382] og Fjalls, kallaður Markagarður,” segir í örnefnaskrá. Garðurinn er um 4,1 km NNA við bæ 001 og 340 m norðan við Byrgiskletta 042.

Garðurinn liggur gegnum gróið votlendi milli Hvítár til vesturs og Vörðufells til austurs.

Garðurinn liggur á um 440 m löngum kafla og snýr nálega austur-vestur. Sjá má allt að 3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,5 m á hæð. Á miðjum garðinum er hlið. Vesturhluti garðsins er á kafi í grasi. Hann nær ekki upp í fjallshlíðina, þar er gil á merkjum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 7



Markagarður ÁR-233:037, horft til vesturs.

**ÁR-233:038\_01** *Gíslatóft* tóft beitarhús

423165 395151

“Sunnan í brekkunum fyrir framan Fossgilið er hústóft, sem kölluð er Gíslatóft. Þegar Gísli Einarsson tíðast nefndur Ása-Gísli bjó hér hlóð hann þessa tóft og hugðist hafa þar fjárhús en ekki var gert yfir þessa hústóft og er hún nú nokkuð hrunin,” segir í örnefnaskrá. Gíslatóft er um 390 m austan við bæ 001 og 230 m suðaustan við Balatóft 019. Á svæðinu eru tvær tóftir sem ná yfir 20-11m stórt svæði sem snýr nálega norðvestur-suðaustur.


Tóftirnar eru ofarlega í gróinni fjallshlíð. Mikið er um mosa í sverði og nokkru suðvestan og neðan við Gíslatóft er skógræktarreitur.

Tóft 01 er suðaustar. Hún er einföld, 8 x 6 m að stærð og snýr ANA-ASA. Tóftin er á kafi í gróðri og ekki er hægt að telja umför þótt það

glitti í stæðilegt hleðslugrjót á nokkrum stöðum, einkum á austurhlið tóftarinnar, þar sem gengið var inn í hana. Tóftin er lítillaga grafin inn í brekku til austurs. Veggir eru 0,9 m á hæð og sjást vel. Rétt NNV við tóft 01 er 5 x 2 m stór dæld (NNA-SSV) og er það sennilega ummerki um efnistöku.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 8



Uppmæling af minjum ÁR-233:016.



Tóft ÁR-233:038\_01, horft til VNV.



Tóft ÁR-233:038\_02, horft til VNV.

**ÁR-233:038\_02** tóft beitarhús 423159 395158

Tóft 02 er tæpum 4 m norðvestar. Hún er einföld, 9 x 6 m að stærð og snýr ANA-VSV með opi á miðri VSV-hlið. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,7 m á hæð en vegna gróðurs er ekki hægt að telja umför. Tóftin er grafin inn í brekku til ANA. Rétt norðvestan við tóftina er lítil dæld þar sem efni hefur verið tekið, 2,5 x 2 m að stærð (NNA-SSV).

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:039** *Ferjustaðaáll* heimild um ferju 422348 396130

“Þegar horft er af hlaðinu og beint að sjá á bæinn á Kringlu í Grímsnesi blasir við áll, sem kallaður er Ferjustaðaáll. Þar fóru Fjallsmenn á 19. öldinni er þeir fóru kaupstaðarferðir að vorinu til Reykjavíkur og þá sérstaklega, þegar farið var með ullina,” segir í örnefnaskrá. Ferjan var um 1 km norðvestan við bæ 001, skammt frá Skjólgarði 029. Það var ekkert hús við ferjuna og engin ummerki um naust sjáanleg.


Ferjustaðaáll er horfinn og Kúaeýri er nú landföst, a.m.k. þegar skrásetjari var á ferðinni.

Engin ummerki ferjunnar eru varðveitt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 8

**ÁR-233:040** *Trýnishús* tóft fjárhús 422812 422812



Uppmæling af Trýnishúsi ÁR-233:040.

“Suðaustan við klettana fyrir ofan Fjallsbæinn [núverandi bæjarstæði] var fjárhús sem kallað var Trýnishús og stóð það fram yfir aldamót og sér greinilega enn til rústarinnar,” segir í örnefnaskrá. Trýnishús eru m 50 m sunnan við bæ 001 og 45 m norðan við bænhus 002. Fjárhúsið er sýnt á túnakorti frá 1920.

Tóftin er í miðri grasi vaxinni brekku en fast norðan við hana er grýttur klettahryggur. Svæðið er óræktað og var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar hásumarið 2021.

Tóftin er tvískipt, 11 x 4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir eru mjög signir, á kafi í gróðri og ekki sér í umför þótt það glitti í hleðslugrjót á norður- og vesturhlið tóftarinnar. Veggir eru hæstir til vesturs, 0,3 m á hæð. Fjárhúsið er

vestast. Það er 5-1,5 m að innanmáli, sennilega með opi til vesturs þótt það sé ekki lengur skýrt. Að baki er hlaðan. Hún er mjög ógreinileg, og er að minnsta kosti 2 x 2 að innanmáli en hefur mögulega náð lengra til austurs. Hún er aðeins 0,2 m dýpri en fjárhúsin. Lítil dæld, 2,5 x 2,5 m að stærð, er rétt suðvestan við tóftina og er hún sennilega ummerki um efnistöku.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2; Túnakort 1920



Trýnishús ÁR-233:040, horft til austurs.

**ÁR-233:041** *Móklif* örnefni leið

Örnefnið Móklif er að finna í örnefnaskrá Brynjólfs Jónssonar. Örnefnið vísar sennilega á móberg í fjallshlíðinni og uppgöngu þar. Bjarni Ófeigur Valdimarsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þetta örnefni og frekari vísbendingar þarf til þess að staðsetja staðinn með innan við 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnaskrá Brynjólfs Jónssonar, 134

**ÁR-233:042** *Byrgisklettur* tóft fjárskýli


424222 398754

“Byrgisklettur eru þrír móbergsstandar, sem rísa upp að sléttri grund fjallsmegin við götuna [vestan í Höfðanum],” segir í örnefnaskrá. Tóft er við Byrgiskletta, um 3,7 km NNV við bæ 001 og 350 m sunnan við Markagarð 037.

Byrgisklettur eru í vesturhlið Vörðufells. Svæðið er gróið og þurrt, nálægt fjallsrótum en verður votlendara því lengra sem farið er til vesturs. Austan við tóftina, upp í fjallshlíðinni eru nokkur gróin björg.



Tóft ÁR-233:042, horft til VNV.




Uppmæling af tóft ÁR-233:042.

Tóftin er reist við nyrsta klettinn og afmarkar hann vestur- og suðurhlið tóftarinnar. Hún er opin til norðurs. Tóftin er einföld, 7,5 x 2,5 að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru grjóthlaðnir, 0,4 m á hæð en ekki sér í umför vegna gróðurs. Hér og þar sést þó í stæðilegt grjót í hleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 8

Túngarður er umhverfis stærstan hluta heimatúna Fjalls I og II á túnakorti frá 1920. Á bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 er túngarður einungis með ytri mörkum túnsins norðan og vestan við bæinn meðan allar hliðar virðist afmarkaðar með garði 1920. Breytingar eru á túninu á milli kortanna, það hefur verið stækkað til suðausturs. Túngarður 01 sést bæði á bæjarteikningunni og túnakorti fyrir norðan og vestan bæinn en á hvorugu kortinu sjást tóftir 02 og 03. Hér er verið að skrá öll þessi mannvirki, 01-03.



Túngarður ÁR-233:043\_01 sést enn afmarka norðruhluta heimatúnsins. Rétt 043\_2 og tóft 043\_3 eru sambyggðar honum.



Túngarður ÁR-233:043\_01 sést fyrir miðri mynd, hægra megin við vírgirðinguna.

Til suðvesturs er túngarðurinn á mörkum deiglendis og brekku. Deiglendið er utan túnsins en innan þess er brekka, hólar og klettar. Heimatúnið er grasi vaxið, slétt og nýtt til beitar.

Túngarður 01 sést ennþá að stórum hluta, vestan og norðan við heimatúnið. Alls er hægt að rekja hann á tæplega 400 m löngum kafla en víða er rof í honum. Hann er grjóthlaðinn, gerður úr fremur stórum steinum en inn á milli eru smærri steinar. Stakstæðir steinar eru víða hluti af túngarðinum að auki. Hann er 1,5-2 m á breidd uppi á svokölluðum Hörg en annars staðar er hann 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hér og þar er gróið yfir hleðslur en líklega var túngarðurinn grjóthlaðinn að

stórum hluta. Eins má sá breytingu á útfærslu hans suðvestan við Hörg 012, mögulega var þar hólfi eða rétt sem var afmörkuð með garði. Víða er vírgirðing ofan á túngarðinum og ljóst að honum var líklega breytt í undirhleðslu víða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-233:043\_02** tóft rétt

422825 395435

Rétt 02 er byggð utan við túngarð 01, nyrst í heimatúninu. Hún er suðaustan við Hörginn 012, í grýttri brekku. Hún er 16x6 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er til suðausturs á miðri langhlíðinni, inn í heimatúnið. Veggirnir eru grjóthlaðnir og það má sjá 1-2 umför í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Rétt ÁR-233:043\_02, horft til ANA.



Tóft ÁR-233:043\_03, horft til norðausturs.

**ÁR-233:04\_03** tóft útihús

422941 395420

Útihús 03 er sambyggt túngarði 01, norðaustarlega í heimatúninu, austan við Hörginn 012. Túngarðurinn afmarkar austurhluta tóftarinnar. Hún er 5,7x2,7 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er opin til suðvesturs, inn í heimatúnið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:044** heimild um útihús

422654 395399

Um 250 m NV af bæ 001 og 25 m sunnan við túngarð 043\_01 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 en á loftmynd tekinni árið 1998 var enn hús, á þessum stað í Kúadal (sjá 015). Það var rífið eftir að loftmyndin var tekin. Austan við þar sem útihúsið stóð eru klettur. Útihúsið hefur verið staðsett í miðri hlíð, í óræktuðu túni.

Smá hvompa í túninu sem er mögulega ummerki um útihúsið. Annars er búið að slétta yfir túnið og engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-233:045** heimild um útihús

422691 395121

Útihús er merkt um 110 m SSV við bæ 001 og 50 m norðvestan við útihús 046 inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906.

Þar sem tóftin var er nú suðurjaðar bakgarðs, nokkur trjágróður og slétt grasflöt. Til suðurs er malarvegur.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-233:046** heimild um útihús 395036 395087

Útihús er merkt um 110 m SSV við bæ 001 og 50 m suðaustan við útihús 045 inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Tóftin er merkt rétt utan heimatúnsins á kortinu, nærri opi á túngarði 043\_01 þar sem Myllulækur virðist hafa runnið.

Þar sem útihúsið stóð er nú hálfgerðar krossgötur; annars vegar núverandi heimreið að bænum til norðurs og malarvegur sem liggur til vesturs.

Engin merki um útihús sjást lengur á yfirborði á þessum stað vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-233:047** hleðsla traðir 422702 395173



Traðir ÁR-233:047, horft til NNA.

Traðir lágu í SV frá bæ 001 og eru merktar inn á túnakort frá 1920 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þær lágu fast vestan við kálgarð 001\_02 og hlaðnir veggir afmörkuðu þær. Traðirnar lágu niður afliðandi brekku.

Austan við traðirnar er gróinn bakgarður núverandi bæjarhúsa en grasi vaxið tún til annarra átta.

Vestri traðarveggurinn er enn varðveittur. Hann er 55x1 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Veggurinn er um 0,2-0,3 m á hæð og vírgirðing liggur eftir honum endilöngum. Trjágróður er fast austar, inni í sjálfum tröðunum. Önnur vírgirðing er þar sem eystri veggurinn var. Hlið er við enda traðanna og

ljóst að þær hafa verið nýttar eftir að núverandi malarvegur kemur til sögunnar en hann er nokkuð sunnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-233:048** heimild um leið 422918 395122

Gata í SA frá bæ 001 er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Gatan lá framhjá útihúsi 008 og sameinaðist leið ÁR-661:003 sem lá áfram að Framnesi ÁR-234.

Slétt tún sem nýtt er til beitar.

Engin ummerki leiðarinnar sjást innan heimatúnsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-233:049** *Votikrókur* heimild renna 422903 394933

“Miðhlutinn úr túninu fyrir ofan veginn heitir Votikrókur og dregur nafn sitt af því að þar var stöðugur vatnssuppgangur. Þarna hóf faðir minn að gera skurði um 1910 og tókst sú framkvæmd með afbrigðum vel,” segir í örnefnaskrá. Votikrókur er um 420 m suðaustan við bæ 001 og 150 m ASA við Hosiló 023.

Á þessum stað er nú óræktað tún, rétt austan við núverandi veg að bænum.

Enn má sjá skurði í Votakrök en ekki er vitað hvort einhver þeirra er á sama stað og eldri skurðir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 4

**ÁR-233:050** heimild um mógrafir

422484 394640

Á loftmyndum, m.a. frá árunum 1960 og 2000, má greina mógrafir rúmum 610 m SSV við bæ 001 og rúmum 360 m suðaustan við mógrafir 024.

Þar sem mógrafirnar voru eru nú slétt og framræst tún. Mógrafasvæðið var um 237x90 m að stærð og á loftmyndinni má greina fjölmargar mógrafir. Flestar virðast þær vera ílangar og snúa VNV-ASA.

Engin ummerki mógrafanna sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-233:051** Kúasnið gata leið

422828 395702

“Þegar gengið er inn á Hofin frá Sjónarkletti er farið upp Kúasnið. [...] Þegar gengin er gatan inn Hofin er fljótlega komið á fallega flöt er heitir Stórasteinsflöt,” segir í örnefnaskrá. Kúasnið er norðvestarlega í Hörgi 012. Leiðin lá líklega norður frá bæ 001, framhjá Leyni 014 og þar í gegnum hlið á túngarði 043\_01. Leiðin fer síðan upp í hliðina og liggur eftir henni endilangri. Annar hluti leiðarinnar liggur austur og ofar, við Myllulæk, og kom að bænum að austan. Þessi hlutar sameinast skammt sunnan við vörslugarð 033. Þessi leið var líklega farin frá bænum að beitarhúsum 035 og fleiri stöðum nyrst í landi Fjalls.



Kúasnið ÁR-233:051, horft til suðurs.

Leiðin liggur upp bratta brekku, skáhallt upp

fjallshlíðina norðvestan frá bænum. Þetta á við báða hluta leiðarinnar. Götur liggja upp og niður grónar brekkur eða fjallshlíð. Víða eru moldarflog og sums staðar klettadrangar í brattri hliðinni.

Leiðin sést einna best þegar austur- og vesturhlutar hennar hafa sameinast, skammt sunnan við Stórasteinsflöt. Þar má sjá 4-5 paldra sem viðhaldið er af búpeningi. Leiðin var rakin á 600 m löngum kafla en nær mun lengra til norðurs. Leiðin sést vel nokkuð norðar, við Ytri-Hofendaklett. Hún var rakin á um 120 m löngum kafla, NNA-SSV, og sést sem 2-3 grónir paldrar sem eru 0,3 m dýpt. Mögulega eru fleiri götur til austurs en það eru líklega aðeins kindagötur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 5

**ÁR-233:052** gata leið

422960 396336

“Bleikslág er klettagil í brún Hofanna [...]. Sé gengin gatan áfram frá Bleikslág er skammt að Fagralæk,” segir í örnefnaskrá. Um 400 m norðan við tóftir 032 eru götur sem liggja meðfram rótum Vörðufells, frá suðvestri til norðausturs. Leiðin var ekki rakin að fullu, einungis lítill hluti hennar.

Þýfður mói en hér og þar er deiglendi. Frá vestri til austurs er mýrlent tún en til suðurs er fjall.

Leiðin var rakin á um 1,2 km löngum kafla. Hún lá frá bæ 001, að Stekkjartúni 032 og áfram að Réttarholti 036. Einungis er um 1-2 paldra að ræða.



Leið ÁR-233:052, horft til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 6

**ÁR-233:053** *Varðan* varða landamerki

424704 398752



Varða ÁR-233:053, horft til NNV.

Landamerki Fjalls 1885: “Milli Fjalls og Iðu: Markagarður Svartagil, úr því í Vörðuna, sem er á Dalsásnum,” segir í Landamerkjabréfi No. 76. Varðan er vestarlega uppi á Vörðufelli, efst á kletthrygg sem afmarkar vesturhluta Svartagilsdals. Varðan er um 4 km NNA við bæ 001 og 470 m austan við tóft 042.

Umhverfis vörðuna er smá mosagróður en annars er svæðið fremur gróðursnautt.

Varðan er 0,5 x 0,5 m að stærð og 0,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr 12-15 steinum, þeir eru stærri neðst en efst er mikið af smásteinum. Varðan hefur hrunið talsvert til suðurs og suðausturs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf nr. 76

**ÁR-233:054** heimild um landamerki

420875 394006

Landamerki Fjalls 1885: “Milli Fjalls og Miðbýlis: í Markarima í norðurhorn á Þorleifshólum, úr því bera þrjár vörður saman að ánni,” segir í Landamerkjabréfi No. 76. Landamerki Miðbýlis 1887: “Milli Miðbýlis og Fjalls ræður bein stefna frá vörðunni [ÁR-261:021] á Markarima í árbakkahornið og er þar sett markavarða,» segir í Landamerkjabréfi No. 200. „Milli Miðbýlis og Útverka ræður sjónhending frá Gráhellu um vörðu [ÁR-261:019] frá Torfholtnu að Hvítá og er þar sett markavarða á árbakkanum,» segir í örnefnaskrá Útverka. Vestasta varðan sem var á árbakkanum var um 2,2 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 840 m VSV við Gvendarhól 026. Þessi varða, eða vörður eru allar horfnar.

Djúpur, vélgrafinn skurður er nú á merkjum þessara jarða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 76, No. 200; Ö-Útverk JE, 5

**ÁR-233:055** *Fagrilækur* lind vatnsból

423041 396430



Fagrilækur ÁR-233:055, horft til vesturs.

“Fagrilækur. Vatnsmikill lækur, sprettur upp í fjallsrótunum og er tvískiptur neðst. „[...] er ávallt í honum svipað vatnsmagn á hvaða árstíma sem er og ekki hafa þurkar eða úrkomur áhrif á hann.“ (J.G.). Vatnið úr læknum var talið hafa lækningamátt. „Ég fór margar ferðir þangað eftir vatni fyrir Ingibjörgu ömmu mína og ég veit til þess að amma þín Helga lét sækja vatn þangað,“ segir Bjarni Valdimarsson,» segir í örnefnaskrá. Fagrilækur er um 470 m norðan við Stekkjatún 032 og tæpum 1,2 km norðan við bæ 001.

Smá foss eða spræna sem rennur niður gróna fjallsbrekku.

Fossinn, eða sprænan, er nokkuð kröftug en

þó alls ekki stór. Hún rennur áfram í gegnum mýrlendi til norðvesturs.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Fjall JE, 13

**ÁR-233:056** *Fagralækjarsnið* heimild um leið 423251 396260  
“Fagrilækur. Vatnsmikill lækur, sprettur upp í fjallsrótunum og er tvískiptur neðst. [...] Fagralækjarsnið. Gata á ská upp af Fagralæk,” segir í örnefnaskrá. Fagralækjarsnið er um 80 m sunnan við Fagralæk og tæpum 1,2 km norðan við bæ 001. Leiðin virðist hafa legið upp á Vörufell og klofnað frá leið 051.

Gróin fjallshlíð. Víða eru klettabelti og stök björg.

Hægt er að komast upp fjallshlíðina milli tveggja lækja með nokkuð góðu móti en umhverfis er víðast hvar mjög bratt og illfært. Þó eru engin skýr ummerki um leið eða stíg.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Fjall JE,13

**ÁR-233:057** *Skóli* heimild um leikvöll 422626 395137  
Skóli. Svo nefnist svæðið suðvestur af bænum og liggur nú Bakkavegurinn yfir það. [...] Meðan slegið er með orfi og ljá var Skólinn sleginn árlega enda heyfall af honum afburðagott en stundum var þar snögg enda mæddi þar mikið á. (J.G.). Munnmæli eru um að Skólinn hafi verið leikvöllur skólapilta í Skálholti,” segir í örnefnaskrá. Skóli var um 270 m suðvestan við bæ 001 og 160 m suðvestan við útihús 045.

Á þessum stað er nú slétt tún.

Engin ummerki um leikvöllinn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Fjall JE,16

**ÁR-233:058** heimild um rist 421669 394409  
“Torfrista og stúnga næg. Reiðingsrista bjargleg fyrir heimilið,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er hægt að staðsetja ristustaðinn með vissu, líklega var það víða innan jarðarinnar.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** JÁM II, 198

**ÁR-233:059** garðlag vörslugarður 421669 394409  
Um 120 m norðan við Gvendarhól 026 og rúmum 1,3 km suðvestan við bæ 001 er garður sem virðist eldri en nærliggjandi garðar sem líklega eru hluti af Skeiðaáveitu. Af þeim sökum eru þeir ekki skráðir saman. Garðurinn er norðan við Miðhól og ekki er ólíklegt að þessi eldri garður hafi tengst nýtingu Gverndarhóls með einhverjum hætti.

Stórþýft og óræktað deiglendi. Til suðurs eru framræst og ræktuð tún.


Garðurinn er L-laga, 63x30 m og er um 1,5-2,5 m á breidd, Hann er 0,2 m á hæð og mjög siginn. Víða er rof og ekkert grjót sjáanlegt sem bendir til þess að hann sé torfhlaðinn. Óljóst mótast fyrir garði til norðurs og virðist þarna hafa verið þríhyrnt hól.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:060** tóft beitarhús 423805 397844  
Beitarhús er rétt sunnan við Sandgil, um 2,8 km NNA við bæ 001 og 600 m norðaustan við rétt 036.

Tóftin er neðarlega í hlíðum Vörðufells. Mikill gróður er á þessum stað og er deiglendi rétt vestan við tóftina.

Tóftin er 20 x 8 m að stærð, tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sér í greinileg umför og er gróið yfir þau. Veggir eru 0,7 m á hæð og er tóftin grafin lítillega inn í brekku til suðausturs.



Uppmæling af tóft ÁR-233:60.



Beitarhús ÁR-233:060, horft til VNV.

Fjárhúsið (hólf A) er vestar í tóftinni, er 11,5 x 5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Garði er í fjárhúsinu og liggur hann eftir því endilöngu. Op er á miðri vesturhlið hólfins. Hlaðan (hólf B) er suðaustar. Hún er 4 x 3m að innanmáli, snýr þvert á fjárhúsin og er 0,7 m djúpri.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:061** heimild um útihús

422992 390035

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést útihús um 260 m ASA við bæ 001 og fast vestan við útihús 008. Á túnakorti er búið að bygga eitt stórt hús á þessum stað og ljóst að breytingar verða á milli þess sem kortin eru gerð.

Útihúsið var vestan undir brekku sem hallar til vesturs niður fjallið. Þar er nú þéttur skógarlundur og engin tóft sjáanleg.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-233:062** náma mógrafir

421771 394229



Mógrafir ÁR-233:062, horft til suðurs.

Mógrafir eru um 1,4 km suðvestan við bæ 001 og 95 m suðaustan við Gvendarhóll 026\_01. Mógrafirnar eru nánast á merkjum við Miðbýli ÁR-261.

Framræst mýri, enn blaut. Djúpur skurður er skammt sunnar er hólrímar til NNV.

Mógrafirnar sjást á svæði sem 60 x 17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess má sjá allt að sjö grunnar grafir sem teknar eru að renna saman. Grafirnar eru um 5 x 5 m að stærð og 0,2-0,4 m djúpar með rakan botn. Mögulega hafa verið fleiri grafir til norðvesturs og suðausturs en það er ekki skýrt.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:063** brú samgöngubót

421704 394220

Torfhlaðin brú liggur rétt suðaustan við Gvendarhól, um 1,4 km suðvestan við bæ 001 og 70 m vestan við mógrafir 062. Ekki er vitað á hvaða leið hún var notuð.

Brúin liggur yfir staragróið votlendi, milli tveggja holta. Svæðið var á kafi í gróðri þegar skrásetjari var þar sumarið 2021.



Brú ÁR-233:063, horft til suðausturs.



Hús ÁR-233:064, horft til norðausturs.

Brúin er 21 m á lengd og liggur nálega norðvestur-suðaustur. Hún er 0,6 m á hæð og allt að 2,5 m á breidd. Efsti hluti hennar er fremur sléttur en er þó tekin að hlaupa í þúfur á stöku stöðum. Á miðri brúinni liggur vírgirðing þvert yfir hana. Brúin hefur líklega legið frá Gvendarhólum og til suðausturs, að Þorleifshólum.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:064** hús útihús

422958 395223

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er útihús fast sunnan við útihús 020 og um 180 m ANA við bæ 001. Útihúsið er enn uppstandandi, Húsið er rétt sunnan við bragga, við hestagirðingu. Til austurs er gróin brekka.

Húsið er 5 x 4 m að stærð og snýr nálega norður-suður, með inngangi á miðjum austurgaffi. Veggir standa stæðilegir, eru um 1,6 m á hæð og sjá má 7 umför af blöndu af flötu grjóti og veglegu grjóti. Bárújárnsþak er á húsinu. Húsið hefur líklega verið endurhlaðið að einhverju leyti en á einu grjótinu við op tóftarinnar er búið að klappa ártalið “1882”.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:065** hleðsla óþekkt

422831 395328

Um 140 m NNA við bæ 001, fast vestan við útihús 022 er lítil grjóthleðsla austan við Hofkletta 009. Hleðslan er líklega ekki mjög forn. Hún gæti tengst útihúsi 022 sem var þarna nærri en erfitt að staðfesta það. Það útihús var líklega á svipuðum stað og núverandi fjárhús sem þar er. Ekki er ólíklegt að hleðslan hafi verið gerð eða nýtt sem leikvöllur barna. Hofklettur eru um 5 m á hæð hér og brattir. Hleðslan er undir klettum, ofarlega í heimatúninu.

Hleðslan er um 5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru grjóthlaðnir, 0,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Op er til suðausturs. Afar ólíklegt er að þessi tóft hafi



Hleðsla ÁR-233:065, horft til austurs.

nokkru sinni verið undir þaki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:066** tóft útihús

422662 395442


Um 270 m norðvestan við bæ 001 er útihús, fast norðan við túngarð 043\_01. Tóftin er utan við heimatúnið líkt og það var afmarkað á teikningum árin 1906 og 1920.

Gróin fjallshlíð, klettur eru ofan við tóftina. Svæðið hallar til vesturs niður frá Hörgi 012.

Tóftin er 7,5x5,6 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er byggð upp við túngarð



Tóft ÁR-233:066, horft til ANA.



Uppmæling af tóft ÁR-233:066

043\_01 en virðist ekki sambyggð honum. Veggir eru úr torfi og grjóti og op er á miðri vesturhlið. Veggirnir eru grafnir inn í brekkuna til austurs, þeir eru 1-1,3 m á hæð og það má sjá 5-2 umför af grjóti í þeim. Hellugrjót er þar áberandi. Yngri túngarður, undirhleðsla fyrir vírgirðingu, er fast ANA við tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-233:067** *Hagi* heimild um býli

“Þá kemur að því hvar Hagi var. Þar er ekki um marga staði að ræða ef sú hjáleiga hefur ekki staðið í túninu. Þessi hjáleiga gæti hafa verið þar sem Fjallsbændur höfðu rétt við vorsmölu [032\_01] og er kallað enn í dag Stekkjartún [011],” segir í örnefnaskrá (JG). Það er á reiki hvort þetta býli hafi yfir höfðuð verið til og getgátur uppi um að þetta sé Hagi í Gnúpverjahreppi. Ekki reyndist unnt að staðsetja býlið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 2, 6



Varða ÁR-233:068, horft til suðurs.

**ÁR-233:068** varða óþekkt

422878 395544

Varða er ofarlega á Hörgi 012, um 370 m NNA við bæ 001 og 120 m VNV við stíflu 016.

Umhverfis vörðuna er grasi vaxið svæði en víða kemur grjót upp úr sverði.

Varðan er hrunin, er 0,3 m á hæð og 0,4 m á kant. Hún er hlaðin úr 4-6 stæðilegum steinum og norðan við vörðuna er grjótdreif, líkast til hrun. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-233:069** *Snútur* heimild um býli

Um 1220: Kirkia j vorðufelle er helguð Mariu. Petro. Olavo. Martino. Gallo. hun a .x. hundruð j lande. tiolld umhverfis sik. buning sinn allan. þar skal syngia annan hvarn dag loghelgan messu. ok en fiorða hvern ottu song. ok kaupa tveim morkum þar skal heima tiund. ok or haga. fra miðhusum. ok fra Snute. af framnese. or vorsabæ hvarum tveggja. af birnustoðum onnor hvar missere Lysa fra mariu messu unz liðr pascha viku. fyrir Þa daga alla er skylt er at syngia. ok sva fyrir allar hinar hæstu hatiðir; DI I 406.

„Til er máldagi kirkjunnar að Vörðufelli á Skeiðum í Árneshöfði (sem Magnús biskup Gizurarson setti) um 1220 en þá hefur býlið Fjall borið nafn fjallsins. [...] Máldagi þessi er merkilegur að því leyti að þar er sagt að greiða skuli kirkjunni heimatíund frá 5 jörðum auk heimajardarinnar „ok or haga, frá miðhusum, ok fra Snute, af framnese, ok vorsabæ hvarum tveggja, af birnustoðum onnur hvar miessere.“ (Ísl. fornbréfasafn, fyrsta bindi, bls. 405-6). Fræðimenn hafa verið með getgátur um hvar þrjú af þessum býlum – Snútur, Hagi og Miðhús – hafi staðið því engir bæir á Skeiðum bera þessi nöfn nú. Einar Arnórsson leiðir rök að því að Snute sé býlið Framnes (enda kemur það fram í máldaganum) en snútur merkir nef eða trýni (Árnesingasaga, 2. bindi). Nú hefur Páll Lýðsson, fræðimaður í Litlu-Sandvík, sett fram þá kenningu að Útverk sé hinn forni Hagi og Miðbýli séu hin fornu Miðhús. Kenning Páls þykir mér sennileg og hafi þá jarðirnar verið nýttar frá Fjalli en þó taldar sérstök býli.” segir í örnefnaskrá (JE). Ekki er vitað hvar býlið Snútur var staðsett.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Útverk JE 1; DI I, 406

**ÁR-233:070** heimild um útihús

422961 395199

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést útihús fast norðan við útihús 031 og um 170 m austan við bæ 001.

Slétt tún sem nýtt er til beitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906


**ÁR-233:071** *Skeiðaáveita* mannvirki áveita

421864 394513

Í Jarðabók Skeiðahrepps stendur: „Engjarnar voru suður af bænum og náðu að Útverkalandi en voru blautar í rigningartíð. Skeiðaáveitan náði til 70 ha áveitulands. Engjarnar voru þýfðar en eru að mestu leyti komnar í tún.“ „Á slægjulandinu í Fjalli var skákaskipting og er raunar enn í dag. Fyrir framan Flóðin var talað um þrjár skákir. Efstaskákin er fyrir austan Háabakkann og nær ekki vestur að ánni. Þá kemur Miðskák og Syðstaskák.“ Skeiðaáveitan í landi Fjalls var suðvestan við bæinn, í Austurmýri. Það má enn greina nokkur mannvirki tengd Skeiðaáveitunni þar, bæði flóðgarða og skurði. Á loftmynd tekinni árið 1946 má sjá ummerki um engjaslátt.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Fjall JG, 4; Jón Eiríksson 2008, 101



Áveitukort Fjalls. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur.  
 ©Þjóðskjalasafn Íslands

## ÁR-234 Framnes

Sögulegar heimildir:

1847: 12 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63.


Um 1220: Máldagi kirkjunnar að Vörðufelli á Skeiðum: “þar skal heima tiund. ok [...] af framnese,” DI, 406.

Árið 1896 voru 5 bæjarhús og 8 peningshús í Framnesi. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 2 peningshús gjörfallin, 3 bæjarhús og 5 peningshús mjög skemmd en 2 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 178.

Hjáleiga frá Fjalli. “Þriðja býlið í úthögum bygt fyrir 47 árum á fornu fjárhússtaði. Nokkrir ætla, af garðaleifalíkindum, þar muni að fornu bær verið hafa; líka eru munnmæli, að sjálf heimajörðin Fjall hafi í fyrstu hjer staðið,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 199-200.

“Við bæjarlækinn í Framnesi byggðu Skeiðabændur rjórabú, sem starfaði til mikilla hagsbóta fyrir hreppinn á árunum 1903-1917,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 435.

Jörðin fór í eyði 1963.



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af Framnesi frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar punktalínur og litaðir flákar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 4 ha, slétt 3/4. Náttungi 0,5 ha. Matjurtagarðar 15 arar.

“Hjer spillast engjar af skriðum úr fjalli,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 200.

“Heimreiðin að Framnesi er svo brött, að til mikilla óþæginda var að vetrinum. Meginhluti landsins er í undirhlíðum Vörðufells. Að fornu fari þótti Framnes besta beitarjörðin við Vörðufell. Slægjur þóttu reytingssamar og snögglendar,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 435.

**ÁR-234:001\_01** Framnes bæjarhóll bústaður 423266 394491

“Í Jarðabókinni frá 1709 segir um jörðina Framnes að munnmæli séu um að „heimajörðin Fjall hafi í fyrstu hjer staðið.“ Þetta verður að teljast ólíklegt, heldur hafi jörðin byggst frá Fjalli. Þar hafi verið fjárhússtaði í fyrstu en síðar hjáleiga. Þetta styður máldagi Vörðufellskirkju frá því um 1220: „Máldagi kirkjunnar að Vörðufelli á Skeiðum í Árnes þingi [sem Magnus biskup Gizurarson setti].“ Samkvæmt máldaganum eiga fimm býli að greiða heimatúnd til kirkjunnar, þar á meðal „Snute af framnese.“ Er þar greinilega átt við Framnes því snútur merkir nef eða trýni,” segir í örnefnaskrá. Fjögur bæjarhús með kálgarði sunnan við og heygarði til norðurs, eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á túnakorti frá 1920 eru kálgarðar líklega merktir inn bæði S og V við bæ. Bæinn er í eyði og ekki verið föst ábúð þar síðan 1963. Nokkur sumarhús eru á jörðinni og túnin nýtt til beitar og mögulega sláttar. Síðasta íbúðarhúsið á jörðinni stendur enn uppi og hlaðin útihús austan þess. Stafnar snéru til suðvesturs og bærinn er uppi á hæð, Framnesrana, sem skagar til suðurs fram úr Vörðufelli. Víðsýnt er frá bænum. Hér er verið að skrá bæjarhól 001, kálgarða 02 og 03 auk íbúðarhúss 04.

Slétt tún er umhverfis bæjarhólinn. Stór hluti túnsins er í órækt og sumarhús eru rétt norðaustan við bæjarhólinn. Túnið er í halla til suðurs, niður ranann.

Bæjarhóll 01 er 34x19 m að stærð og snýr austur-vestur. Hús 04 þekja allan hólinn og lítil ummerki sjást um uppsöfnun mannvistarlagu á yfirborði. Í suðvesturhorni kálgarðs 02 sést hluti bæjarhólsins, þar er hóllinn um 1,5 m á hæð. Til suðurs mótast fyrir beinum kanti en hann var hluti af kálgarði 02.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö-Framnes JE, 1; Eyðibýli á Íslandi 7, 25



Bæjarhóll ÁR-234:001\_01, horft til vesturs.



Kantur sést enn norðan og vestan í kálgarði ÁR-234:001\_02. Horft er til norðvesturs.

**ÁR-234:001\_02** kantur kálgarður 423270 394481

Kálgarður 02 var sunnan við bæ 01. Hluti af norður- og vesturhlíðum hans sjást á 25x5 m stóru svæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Norðurhlíðin sést sem 0,8-1 m hár og gróinn kantur.

Ekki hægt að greina hvort þar hafi verið grjótt. Kálgarðurinn er sléttur að innan. Vesturhliðin er hlaðin, hún er 5x1 m að stærð, 0,3 m há og grasi vaxinn. Tvö birkitré eru suðvestarlega innan kálgarðsins. Eins mótar fyrir hólfaskiptingu þar, óljós kantur er inni í kálgarðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-234:001\_03** heimild um kálgarð

423270 394498

Á túnakorti frá 1920 sést kálgarður 03 vestan við bæ 001. Hann er horfinn, þar er nú slétt og grasi vaxið svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-234:001\_004** hús bústaður

423288 394492

Í bókinni Eyðibýli á Íslandi 7 segir: „Húsið er steinhús, kjallari, ein hæð og portbyggt ris. Steypt bygging með einhalla þaki er áföst vesturhlið hússins sem var baðstofa áður en virðist hafa verið notuð sem heygemysla í seinni tíð. Það hefur verið steypt útihús áfast austurhlið hússins en nú standa aðeins rústir af veggjum þess eftir. Steypan í húsinu er gróf og drýgð með grjóti.”



Íbúðarhús ÁR-234:001\_04, horft til suðvesturs.



Sambyggt útihús var sunnan við íbúðarhúsið, horft er til suðurs.

Íbúðarhúsið er stórt, og er á miðjum bæjarhól 01 að öllum líkindum. Útihús eru til austurs og vesturs frá því. Austurhluti útihússanna er hlaðinn, þ.e. neðsti hluti veggjanna og þau eru niðurgrafin um 1-2 m. Ekki var hægt að mæla húsin upp vegna mikils braks, steypu og hrunhættu. Steyptir veggir og annað brak liggur á víð og dreif innan þeirra. Austurhlið íbúðarhússins er fallinn inn í útihúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-234:002** Frammes tóft rétt

423347 394520

Um 60 m frá bæ 001 er rétt fast austan við túngarð 033, utan túns. Tóftin er austan við vírgirðingu sem liggur niður brekku á þessum stað. Líklega er um heimarétt að ræða sem var sambyggt túngarði 033 en öll tengsl á milli þeirra eru horfin.

Vírgirðing liggur eftir túngarði 033 sem afmarkaði þá hlið réttarinnar. Rask er til vesturs og tóftin er horfin þar. Umhverfis er gróið svæði.

Réttin er 10,5x5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og op er í vesturhorni suðurhliðar. Þeir eru 2-2,5 m á breidd og 0,6-0,8 m á hæð. Ekki er hægt að sjá greinileg umför inni í tóftinni heldur glittir víða í grjótt. Steypa liggur í opinu. Rask er í norðvesturhorni, líklega vegna girðingar

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Arnessiða  
Skúlaþingur

Framnes




Tun 4 ha. stj. a 74 pert. Stóll 0.5 ha  
Hafurtag 16 arar  
1:2000

Flasshelli 1931 '20  
Valdimar Bjarnason

Túnakort Framness frá 1920. Bærinn er sýndur sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands



Rétt ÁR-234:002, horft til norðurs.



Uppmæling af rétt ÁR-234:002 og túngarði ÁR-234:033.

**ÁR-234:003** *Trýnishús* heimild um fjárhús

“Nokkuð fram yfir aldamót var fjárhús þar í túninu, sem kallað var Trýnishús. Var það á brekkubrúninni suðvestan við bæinn. Nú sjást þar engar tættur, munu þær hafa verið jafnaðar út þegar farið var að slétta túnið,” segir í örnefnaskrá (JG). “Trýni. Svo nefnist brúin á Framnesrana sem skagar fram suð-suðvestur af bænum og er réttnefni. Þar stóðu Trýnishús, fjárhús, og voru í notkun fram yfir aldamótin 1900. Tætturnar voru jafnaðar út og þar gert tún en bali í túninu sýnir hvar húsini voru,” segir í örnefnaskrá (JE). Fjárhúsið var innan heimatúnsins en ekki er vitað með vissu hvar. Fyrir S og SV bæ 001 eru slétt tún, allt fram á brekkubrúnina og víða lautir og mishæðir. Ekki er útilokað að útihús 035 sé umrædd Trýnishús.

Slétt, grasi vaxið tún. Það er komið í órækt en virðist þó hafa verið slegið fram á síðustu ár. Engin ummerki sjást lengur fjárhús á þessum stað og nákvæm staðsetning balans ókunn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 1; Ö-Framnes JE, 7

**ÁR-234:004** *Prestsbrú* brú brú

423238 394148

“Hornmarkið milli Fjalls, Framness og Miðbýlis er smárim, sem heitir Markarimi. Austur fyrir mörkin nær taglið af Fjallsflóðunum og var leiður farartálmi. Nú sér aðeins móta þar fyrir garðhleðslu, var þar kölluð Prestsbrú. Þar fór yfir Ólafsvallaprestur er hann fór upp að Fjalli eða til útkirkju sinnar í Skálholti,” segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Skeiðahrepps segir: “Prestbrú. Svo nefnist hlaðinn garður yfir flóðin, skammt vestan við Framnesbrúna en þau voru mikill farartálmi að Framnesi og Fjalli áður en Framnesbrúin kom. Jón Guðmundsson í Fjalli taldi líklegt, að séra Stefán Stephensen, prestur á Ólafsvöllum 1865-1885, hafi látið hlaða garðinn fyrir Ólafsvallaprestinn til þess að komast áleiðis að Fjalli á leið í Skálholt sem þá ver orðin útkirkja frá Ólafsvöllum.” Ummerki um Prestbrú eru greinileg norðaustarlega í Framnesmýri, um 340 m sunnan bæ 001 og 160 m NNA við tóft 032.



Prestsbrú ÁR-234:004, horft til SSA.

Brúin er framræstri og gróinni mýri.

Prestbrú er greinileg á um 125 m löngum kafla, liggur NNV-SSA og er torfhlaðin. NNV-hluti


hennar er greinilegastur, þar er brúin allt að 1 m á breidd og 0,6 m á hæð en hún er mjög útlöft um miðbikið og aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Brúin er víða nánast sokkin í deiglendi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 1; Jón Eiríksson 2008, 127

**ÁR-234:005\_01** *Borgarhólar* tóft fjárskýli

422777 393944



Uppmæling af tóftum ÁR-234:005\_01 og 02.

“Þar skammt austan af [Prestsbrú (sjá ÁR-234:004) ] eru þrjár smáhólar, sem heita Borgarhólar og eru leifar af fjárborg í þeim austasta. Sést enn glögggt til hennar,” segir í örnefnaskrá. Borgarhólar eru suðvestan í Framnesmýri, um 730 m suðvestan við bæ 001 og 310 m sunnan við beitarhús 006. Á suðaustasta Borgarhólum eru tvær tóftir á svæði sem er 20 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Líklega er um fjárborg og heystæði að ræða.

Borgarhólar eru fast austan við malarveg sem liggur gegnum Framnesmýri. Á þessum stað er mýrlent og en hér og þar standa grónir hólar upp úr mýrinni og eru Borghólar einn

af slíkum hólum.

Tóft 01 er VSV á hólnum og er um 9x8,5 m að stærð. Hún snýr N-S og er sporöskjulaga. Veggir eru torfhlaðnir og víða nær útflattir og rofnir, aðeins 0,1-0,3 m á hæð. Op, um 1,5 m á breidd, er á miðri austurhlið tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 1



Tóft ÁR-234:005\_01, horft til VNV.



Tóft ÁR-234:005\_02, horft til ASA.

**ÁR-234:005\_02** tóft heystæði

422789 393945

Tóft 02 er 10 m ANA við tóft 01. Hún er ferhyrnd og er 5 x 5 m að stærð. Hún er mjög ógreinileg en skýr hleðsla sést þó til norðurs sem er 0,4 m á hæð en annars eru veggir útflattir og aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið tóftarinnar en hann gæti líka verið sokkin ofan í jörðu. Óvíst er með hlutverk en líklega er þetta heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:006** þúst heystæði

422692 394250

Þúst er norðvestarlega í Framnesmýri, um 620 m VSV við bæ 001 og 110 m NNA við tóft 043. Sé tekið mið af staðsetningu er um heystæði að ræða. Djúpur áveituskurður er rúmum 20 m norðan við þústina.

Þústin er ofarlega á litlum og grónum hól, eða hæð, í framræstu og vel grónu votlendi.

Þústin er 7,5 x 6,5 m að stærð, snýr NNA-SSV og er grænni en nánasta umhverfi. Þústin hefur greinilegt ytra byrði þótt innra byrði veggja sé ekki lengur skýrt og er hún 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



Þúst ÁR-234:006, horft til VNV.

**ÁR-234:007** heimild um samgöngubót

“Dálítið vestar [en Framnesflóð] sést móta fyrir

garði í mýrinni; sýnist það vera leifar af eldri vegagerð,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessi hlaðna brú var staðsett, hún virðist þó hafa verið vestan við Framnesflóð og nærri Framnesbrú 037. Framræst mýri. Línuvegur sem liggur að háspennulínu, liggur nú þvert NA-SV í gegnum Framnesflóð.

Engin ummerki um eldri vegagerð sjást lengur í mýrinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2

**ÁR-234:008** Þjófalág örnefni

423271 394377

“Í Rananum fyrir neðan og vestan háspennulínuna er Fagridalur. Ofan og þó aðeins vestan við Fagradal er Túnklettur og inn af honum í átt til bæjarins er Kinn og í áframhaldi af Kinninni er Þjófalág,” segir í örnefnaskrá. Þjófalág er 115 m sunnan við bæ 001 og 100 m suðvestan við Þvottaklett 011. Engar sagnir eru þekktar þessu örnefni en engu að síður er það tekið með í fornleifaskrá.

Lágin er rétt undir gróinni klettasyllu, er vel gróin og fáein tré eru á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2

**ÁR-234:009** Brunnklettur heimild um brunn

423328 394478

“Í Rananum fyrir neðan og vestan háspennulínuna er Fagridalur. Ofan og þó aðeins vestan við Fagradal er Túnklettur og inn af honum í átt til bæjarins er Kinn og í áframhaldi af Kinninni er Þjófalág og austan við hana er Brunnklettur. [...] Brunnklettur er lítill klettur vestan við heimreiðina, nú efst í skógræktinni. Þá er Brunndý á hægri hönd við heimreiðina þegar komið er austan að,” segir í örnefnaskrá (JG). “Brunndý. Það var skammt austur af bænum, nú við SV-horn braggans. Þar var uppspretta sem þraut aldrei og í dýinu var hlaðinn heimilisbrunnur úr grjóti. Þar var mjólkinn kæld. Í brunnum var lengi stór silungur (sem ég man eftir, þá um 10 ára gamall, eða um 1930. J.E.). Nú er vatnsleiðsla úr dýinu í sumarhúsið fyrir neðan,” segir í örnefnaskrá (JE). Brunnur er sýndur á túnakorti frá 1920, um 50 m austan við bæ 001 og 40 m sunnan við útihús 002. Samkvæmt kortinu var brunnurinn norðan við traðir 031 og líklega voru þær færðar á milli þess sem kortin eru gerð. Líklega er um sama brunn að ræða og getið er í örnefnalýsingum.

Ekki er vitað nákvæmlega hver brunnurinn var, hann er norðvestan við bæinn samkvæmt túnakorti en í örnefnalýsingu er hann sunnar. Eins gætu tvær brunnar hafa verið á svæðinu, þ.e. í Brunndýi. Þetta svæði er mikið breytt, dýið er framræst og braggi er þarna nú. Malarplan og tré eru við braggann.

Engin ummerki um brunn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2; Ö-Framnes Jón Eiríksson 2008, 7-8; Túnakort 1920

**ÁR-234:010** tóft útihús

423338 394512

Útihús er tæpum 2 m suðvestan við útihús 002 og um 50 m norðaustan við bæ 001. Það er bæði sýnt á bæjarteikningu danskra landsmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920. Tóftin er um 7 m austan við sumarbústað sem er innan heimatúnsins.



Tóft ÁR-234:010, horft til NNA.



Útihús ÁR-234:010 og nálægar minjar.

Gróið svæði við sumarbústað. Virgirðing liggur fast austan við tóftina.

Tóftin er 12,5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á miðjum suðurgafi og þekja er enn yfir suðurhluta tóftarinnar. Veggir eru úr torfi og grjóti, 0,5 m á hæð en ekki sáust greinilegar grjóthleðslur vegna mikils gróðurs meðan unnið var á vettvangi. Utan með tóftinni er ennfremur búið að planta trjám.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-234:011** Þvottaklettur heimild um þvottastað

423351 394447



Þvottaklettur ÁR-234:011, horft til norðurs.

“Þá er Brunndý á hægri hönd við heimreiðina þegar komið er austan að. [...] Þvottaklettur er austan við brunninn eða Brunndýið,” segir í örnefnaskrá (JG). “Nafnið lýsir notkun hans en þar við lækinn var ullin þvegin á síðari tímum og þurrkuð á klettinum,” segir í örnefnaskrá (JE). Þvottaklettur er rúmum 70 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 80 m vestan við Reidingsklett 012. Bæjarlækurinn rennur á milli þeirra og þar var ullin þvegin, ekki er vitað hvort einhver sérstakur pyttur var notaður.

Þvottaklettur er fast norðan við sumarbústað, í brekku niður til suðausturs frá heimatúni.

Þvottastaðurinn sjálfur sést ekki en Þvottaklettur er áberandi. Hann er um 7 m

hár til suðurs og blasir við þegar ekið er upp brattann malarveginn að bænum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2; Ö-Framnes Jón Eiríksson 2008, 8

**ÁR-234:012** tóft útihús

423326 394527

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920 var útihús rúmum 40 m norðaustan við bæ 001 og um 5 m norðvestan við útihús 010. Hluti tóftarinnar sést enn, norðan við vestara sumarhúsið sem þarna er. Tóftin er nýtt sem sólpallur frá sumarhúsinu, austan hennar er búið að hlaða skjólvegg úr grjóti. Slétt tún er allt umhverfis tóftina.



Tóft ÁR-234:012, horft til norðvesturs.

Norðvesturhluti útihússins er einungis varðveittur. Það má enn sjá L-laga vegg, 15x12 m að lengd. Hann snýr norður-suður og er grafinn inn í fjallshlíðina. Hann er 2-2,3 m á hæð að “innan” en sést ekkert að utan, mögulega vegna sléttunar. Það má sjá 7-10 umför af grjóthleðslu í veggjum og líklega er þetta hlaðan sem enn er varðveitt. Innan hennar er búið að leggja hellulagða stétt og tóftin er hluti af nærumhverfi sumarbústaðarins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-234:013** Húsaklettur tóft beitarhús

423499 394569


“Hærra og austar [en Reidingsklettur (012)] er Húsaklettur í áttina til Tæpastígs,” segir í örnefnaskrá. Húsaklettur er austan við Mómýri og efst á klettinum er tóft. Hún er um 250 m norðaustan við bæ 001 og 190 m NNA við Þvottaklett 011.

Húsaklettur er vel gróinn og sést varla í bera kletta á svæðinu en rétt norðan við tóftina er þó lítill stallur sem rís upp úr gróðrinum. Klettabelti er austan við tóftina en til vesturs er mýri.

Tóftin er einföld, 8,5 x 6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er grjót- og torfhláðin en engin umför sjást í hleðslum þar sem tóftin er á kafi í grasi. Veggir eru signir, 0,7 m á hæð og ekki er hlaðinn veggur á SSA-hlið tóftarinnar. Þar var op, líklega á tímurgaffli.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2



Uppmæling af tóft ÁR-234:013.



Tóft ÁR-234:013, horft til SSA.

**ÁR-234:014** *Flatarhús* heimild um beitarhús 423121 394763  
“Norðvestur af Framnesbænum var smá flöt og á henni var fjárhús fram yfir 1940, hét það Flatarhús. Nú er búið að jafna þá tóft út og staðurinn kominn inn í túnið,” segir í örnefnaskrá. Flatarhús voru um 290 m norðvestan við bæ 001 og 110 m SSA við Nátthaga 015.

Túnið á þessum stað er gróið og hallar smávægilega niður til suðurs og vesturs.

Engin merki sjást lengur um fjárhús á þessum stað.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2

**ÁR-234:015** *Gamli-Nátthagi* heimild um nátthaga 423200 394880  
Tveir nátthagar eru þekktir í Framnesi, (sjá 018). Hér er verið að skrá Gamla-Nátthaga. Örnefnaskrá Brynjúlfs Bjarnasonar frá 1910 getur um þennan stað: “Þvert niður eftir þeim liggur Nátthagagróf. Fyrir ofan Torfurnar Nátthagi. Í honum er Einbúi, sem margir hafa heyrt getið.” Í örnefnaskrá Jóns Guðmundssonar segir: “Austan við Nátthagagil er Einbúi [021] ... , heitir þar Nátthagagróf. ... Við Einbúann hefur sennilega verið nátthagi frá Framnesi í eina tíð því stundum var talað um Gamlanátthaga og var þá átt við hvamminn þar sem Einbúinn er.” Gamli-Nátthagi er rúmum 420 m norðan við bæ 001 og nærri Einbúa 023. Engin mannvirki sjást sem gefa nánari legu nátthagans til kynna en vörslugarður 044 er þó skammt austar og gæti verið hluti þessa nátthaga sem hér er skráður.

Engin ummerki nátthagans sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 3; Ö-Framnes BB, 1

**ÁR-234:016** *Mómýri* heimild um mógrafir 423435 394561  
“Niður af Nátthagaganum [018] er Mómýri og um hana rennur lækur, sem er næstur því eins hverju sem viðrar,” segir í örnefnaskrá (JG). “Mómýrin er neðan og austan Stekkatúnsins [018], forblaut mýri og liggja um hana margar vatnsrásir eða lækjarsitrur. Þar eru gamlar mógrafir,” segir í örnefnaskrá (JE). Mómýri er um 190 m norðaustan við bæ 001 og 65 m suðvestan við tóft 013. Mómýri er votlent svæði sem afmarkast af Húsakletti til austurs og gróinni hæð til vesturs. Á vesturmörkum hennar rennur lækur niður svæðið (þ.e. til suðurs).

Engin merki um mógrafir sjást lengur á þessum stað og sennilega hafa þær gróið upp með tíð og tíma.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2; Ö-Framnes Jón Eiríksson 2008, 9

**ÁR-234:017** heimild rjómbú 423446 394331  
“Vestan við lækinn þar sem hann kemur niður á sléttlendið byggðu Skeiðabændur rjómbú árið 1903. Rjómbúíð var seinast starfrækt sumarið 1917. Upp af staðnum þar sem rjómaskálinn var er klettur sem er kallaður Skálaklettur. (Að sjálfsögðu er það örnefni myndað meðan rjómbúíð starfaði.) Ofan við Skálaklettinn sér vel móta fyrir mikilli garðahleðslu [02], var það safnþró fyrir rjómbúíð en strokkur rjómbúsins var knúinn með vatni,” segir í örnefnaskrá (JG). “Búinu var valinn staður við bæjarlækinn í Framnesi og var afl hans notað til þess að knýja strokkinn. Rjómbúíð tók til starfa árið 1903 og var rekið til ársins 1917. Það starfaði þó ekki nema yfir sumarmánuðina, en tók jöfnum höndum við rjóma úr sauða- og kúamjólk. Innleggjendur voru flestir 36,” segir í örnefnaskrá (JE). Rjómbúíð er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Það var um 240 m suðaustan við bæ 001 og 150 m suðaustan við Þvottaklett 011.

Rjómbúíð var rétt austan við núverandi heimreið jarðarinnar. Svæðið er meira og minna komið undir skóg en umfangsmikil ræktun hefur átt sér stað á svæðinu vegna sumarhúss sem er þar skammt norðan við. Þar sem skóginum sleppir tekur framræst og mjög gróið votlendi við.

Engin merki sjást lengur um rjómbú á þessum stað en allt svæðið var á kafi í grasi og gróðri þegar

skrásetjari var þar síðsumars 2022. Safnþróin sést hins vegar að öllum líkindum á eldri loftmynd, um 50 m vestan við áætlaða staðsetningu rjómabúsins. Þar er einnig þéttur trjágróður og engin ummerki hennar sjást lengur.


**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2; Ö-Framnes Jón Eiríksson 2008, 3; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-234:018\_01** *Stekkatún* tóft beitarhús

423485 349818

“Beint upp af bænum við brekkurætur er fjárhús og stóð það í Nátthaga,” segir í örnefnaskrá (JG). “Stekkatúnið er undir Eystrihnaus. Þar var fjárhús og notað meðan búið var á jörðinni. Túnskiki var í kringum húsin,” segir í örnefnaskrá (JE). Afgirtur, 0,5 ha nátthagi er merktur inn á túnakort frá 1920 og er þetta yngri nátthaginn í Framnesi (sjá 015). Afstaða túnakortsins er líklega ekki rétt en um þennan stað að ræða sé horft til stærðar. Beitarhúsið er ekki sýnt á túnakortinu og líklega yngra. Tæpum 400 m NNA við bæ 001 og um 200 m austan við



Uppmæling af minjum í Stekkatúni ÁR-234:018.

tóft 046 eru beitarhús, í brekkuróum Vörðufells. Vallargarður 018\_02 afmarkaði tún/nátthaga við beitarhúsið. Líklega eru húsin ekki mjög forn en höfð með vegna forns byggingarlags. Á loftmynd tekinni árið 1998 af Loftmyndum ehf sést að rautt járnþak var yfir beitarhúsunum.

Gróinn túnblettur er sunnan og suðvestan við tóftina. Vallargarðurinn er í brekku sem hækkar til norðurs, undir klettum. Þar er minna gras eins og við er að búast.

Tóft 01 er 19x11 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er einföld en hlaða var líklega að baki þótt ummerki hennar séu nú horfin. Hún virðist ekki hafa verið niðurgráfin. Veggir eru úr steypu sunnarlega í tóftinni, op er á miðjum suðurgafli. Tveir steyptir garðar eru inni í beitarhúsunum, þeir sýna einna best hvernig hólfaskipting gæti hafa verið. Veggir í hlöðunni eru víða hrundir inn í tóftina en tóftin virðist grafinn inn í brekkuna til norðurs og veggir sjást lítið. Það sést í 6-8 umför af grjóti inni í



Beitarhús ÁR-234:018\_01, horft til suðausturs.



Garðlag ÁR-234:018\_02, horft til austurs.

tóftinni og veggir eru 0,8-1,8 m á hæð. Að utan eru þeir 0,5-0,8 m á hæð og algrónir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2; Ö-Framnes JE, 9; Túnakort 1920

**ÁR-234:018\_02** garðlag nátthagi 423478 394833

Afgirtur, 0,5 ha nátthagi er merktur inn á túnakort frá 1920. Afstaða túnakortsins er líklega ekki rétt en afar líklegt er að um nátthagann sé að ræða. L-laga vallargarður 02 sést liggja upp brekku, fyrir norðvestan tóft 01. Hann liggur til norðurs, sveigir til austurs neðan við klettabelti og hverfur við læk sem rennur austan við Stekkatún. Stærsti hluti garðsins sést sem einföld grjótröð og var að öllum líkindum undirhleðsla undir girðingu. Hann er 1 m á breidd, 0,2 m á hæð. Við tóftina er hann grasi vaxinn og 0,3 m á hæð. Rof er víða í garðinum. Á loftmynd má rekja sést heildarstærð túnsins sem var um 0,5 ha á stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:018\_03** heimild um stekk

Ekki er vitað hvar eða hvort stekkurinn var í Stekkatúni né fundust ummerki hans við yfirferð skrásetjara. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja stekkinn. Stekkur 046 er nokkuð austar og ekki er vitað hvort stekkjörnefnin í Framnesi draga nafn sitt af honum.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:019** Stíghús þúst beitarhús 423835 394741



Þúst ÁR-234:019, horft til vesturs.

Þegar farið er frá Framnesi eðlilega leið í átt til Birnustaða þá er farin gata, sem liggur undir Klettunum [...]. Þessi gata heitir Tæpastígur [sjá ÁR-661:021]. Við enda Tæpastígs Framnesmegin sést til rústa af fjárhúsi og hét það Stíghús,» segir í örnefnaskrá. Stígshús voru rétt norðan við Bala, um 620 m ANA við bæ 001 og 75 m austan við Hrísluklett 028. Þústin er á grónum hól. Umhverfis hólinn er deiglendi en lengra til austurs verður það blautara.

Þústin er mun grænni en umhverfið í kring. Hún er 9 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,7 m á hæð fyrir miðju og hefur skýrar ytri brúnir. Hún er þó hér og þar

tekin að hlaupa í þúfur. Þetta eru líklega ummerki um Stígshús.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 3

**ÁR-234:020\_01** Þrívörður varða landamerki 424004 395303

“Frá Stórasteini liggja þau [mörkin] sjónhendingu um Miðbrekkur og Gráugrjót í Þrívörður sem eru á fjallsbrúninni og sjást vel neðan af láglandinu,» segir í örnefnaskrá (JG). „Þrívörður eru á fjallsbrúninni, hlaðin varða, stór steinn og annar minni. Þrívörður eru millimark Framness og Birnustaða og sjást greinilega neðan af láglandinu,» segir í örnefnaskrá (JE). Í landamerkjalytingu Birnustaða frá 1885 stendur: “Úr Þverrimaþúfunni í efsta hólinn fyrir norðan Vorsabæ og þaðan



Varða ÁR-234:020\_01, horft til ANA.

í Reiðingsrima, í Stórastein og Birnustaðavörður, úr þeim í Úlfsvatn.” Þrívörður eru um 1,1 km NNA við bæ 001 og 220 m norðaustan við vörðu 042. Á staðnum eru þrjár vörður (01-03) á svæði sem er 16 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Vörðurnar eru austarlega á Vörðufelli, nærri brún þess. Ekki er mikil gróður á þessum slóðum, aðallega mosi og þá einkum austan við vörðurnar.

Varða 01 er nyrst á svæðinu og er stæðilegust af Þrívörðunum. Varðan er strýtulaga, 0,6 x 0,6 m að grunnfleti og er 0,7 m á hæð. Varðan er hlaðin úr blöndu af smágrýti og aðeins stærra grjóti, og það (stærra grjótið) er meira í botni vörðunnar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 3; Ö-Framnes JE, 10; Landamerkjabréf no. 72

**ÁR-234:020\_02** varða landamerki 424000 395295

Varða 02 er um 8,5 m SSV við vörðu 01. Hún er 0,7 m í þvermál og aðeins 0,2 m á hæð; hlaðin úr smáu grágrýti. Smá grjótdreif er umhverfis vörðuna sem gæti hafa tilheyrt henni áður fyrr.

**Hættumat:** engin hættu



Varða ÁR-234:020\_02, horft til suðurs.



Varða ÁR-234:020\_03, horft til norðurs.

**ÁR-234:020\_03** varða landamerki 423991 395292

Varða 03 er syðst á svæðinu, um 16 m suðvestan við vörðu 01. Hún er 0,5 x 0,5 m á stærð og aðeins neðsta umfarið af grágrýti sést núorðið, 0,1-0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-234:021** *Einbúi* þjóðsaga legstaður 423296 394935

“Austan við Nátthagagil er Einbúi, er hann í undurfögurum hvammi eða dal sem gengur lítið eitt inn í fjallið, heitir þar Nátthagagróf. Munnmæli segja að þar [í Einbúa] hafi Ólafur tvennumbrúni verið heygður,» segir í örnefnaskrá., Landnáma segir (V. 10.) að Ólafur tvennumbrúni liggja í Brúnahaugi undir Vörðufelli. Sú sögn hefir gengið, að Brúnahaugur sje sama sem Einbúi, er stendur í fögum hvammi, sem Nátthagi heiti, uppi undir háfjallinu fyrir norðan túnið í Framnesi. Einbúinn er raunar ekki annað en stór klettur, einstakur og nokkuð einkennilegur í lögun, aflangur og söðulbakaður, sem menn



Einbúi ÁR-234:021, horft til suðurs.

kalla. Mest-allur er hann hulinn þunnum jarðvegi. Ekki þótti mér hann líklegur til þess, að fornmenn hefðu valið hann fyrir greftrunarstað, þó náttúrulegir hólar hafi stundum verið notaðir til þess. Dálítill upphækkun var á suðurenda hans og sá þar á steina, er hreifa mátti. Ljet jeg því grafa þar í, ef þetta kynni að vera dys. En það sýndi sig brátt, að upphækkunin var föst klöpp, þegar búið var að taka burt hina lausu steina,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894. Einbúi er um 450 m norðan við bæ 001 og 25 m NNV við stekk 046.

Einbúi er stór klettur í miðri gróinni fjallshlíð.

Einbúi er vel gróinn klettur sem er áberandi kennileiti í landinu. Hann er 40 x 20 m að stærð, snýr norður-suður og er sennilega allt að 15 m á hæð þar sem hann er hæstur til norðurs. Engin mannaverk eða legstaður sjást á þessum stað enda hefur sagan þjóðsagnablæ yfir sér.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 3; Árbók 1894, 15

**ÁR-234:022** *Reiðingsrimi* heimild um ristur 423468 394433

“Flóð eru í mýrinni austur af Framnesbænum í átt að Vorsabæ. Heita þessi flóð einu nafni Framnesflóð og voru leiður farartálmi. Áður en farið var að grafa skurði, sem tóku þar yfirborðsvatn var ágæt reiðingsrista sitt hvoru megin við flóðin ... Reiðingsrimi er í Flóðunum og er í mörkum á milli Birnustaða og Framnes,” segir í örnefnaskrá. “Þá er Brunndý á hægri hönd við heimreiðina þegar komið er austan að. [...] Þvottaklettur er austan við brunninn eða Brunndýið. Þá kemur Reiðingsklettur. Framnesbændur gerðu oft nokkuð af því að skera reiðing og höfðu hann til sölu en reiðingsrista er mjög góð í mýrinni austan við bæinn. Undir honum [Reiðingskletti] stendur nú sumarhús og skyggir á klettinn. Þar þurrkuðu Framnesbændur torf og reiðing áður sem nafnið lýsir,” segir í örnefnaskrá (JE). „Reiðingsrimi. Allstór rimi og loðinn. Riminn stendur upp úr mýrinni í kring og í þúfu efst á rímanum liggja mörk þriggja jarða, Vorsabæjar, Framness og Birnustaða,” segir í örnefnaskrá Vorsabæjar (JE). “Vestan og norðan við vatnið er syðst Illakelda og Grænhóll, þá Reiðingsrimi,” segir í örnefnaskrá Vorsabæjar (ÞB). Torf var rist um 660 m austan við bæ 001 og 415 m sunnan við Stígshús 019.

Á þessum slóðum liggur nú línuvegur meðfram Búrfellslínu og er búið að ræsa mýrina fram sem eitt sinn var á þessu svæði. Landið er þó enn nokkuð votlent á nokkrum stöðum.

Engin merki ristur sjást lengur á þessum stað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2-3; Ö-Framnes JE, 8; Ö-Vorsabær JE, 13; Ö-Vorsabær ÞB, 1

**ÁR-234:023** *Stöðulklettur* örnefni kvíar

“Mun Stöðulklettur vera bergrani framan í fjallinu [Vörðufelli], suðaustur af Einbúa, og Stekkatúnsmói [024] þar niður af, skammt austan við lækinn, sem skilur á milli Fjalls og Framness (þ.e. Þess, sem rennur í Nátthagagili),” segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Skeiðahrepps segir að örnefnið Stöðulklettur sé nú týnt en hafi verið í fjallinu. Líklega var Stöðulklettur suðaustan við Einbúa 021, þar er minni hóll og tóft 046. Ekki reyndist unnt að hnitsetja Stöðulklett.

**Hættumat:** engin hættu


**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 3

**ÁR-234:024** *Skeiðaáveita* garðlag áveita 423190 394096

“Áveita var á Flesjurnar og áveituland reiknað 57 ha. Þar var land grösugt, en landið svo blautt og gljúpt, því jarðvegstorfan er þunn yfir eðjunni,” segir í örnefnaskrá. Áveitugarðlag er í Framnesmýri, um 400 m sunnan við bæ 001 og 60 m vestan við Prestbrú 004. Áveituland Framness er sunnan við bæinn og nær frá landamerkjum Miðbýlis að vestan til Vorsabæjar og Birnustaða til austurs. Þar má enn sjá áveituskurði auk þriggja áveitugarða. Samkvæmt áveitukorti Skeiðaáveitunnar áttu að vea fleiri flóðgarðar til vesturs en þeir voru ekki hlaðnir.

Garðurinn liggur gegnum framræst, smáþýft votlendi. Til norðurs og suðurs eru framræsluskurður.

Einn garðurinn er skammt vestan við Prestbrú 004 og liggur nálega norður-suður á um 93 m löngum kafla. Hann er torfhláðinn, 0,3-0,5 m á hæð og 1,5-2,5 m á breidd. Sums staðar, einkum á



Ávæitukort Framness. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

norðurhluta hans er garðurinn að hverfa í þúfur í landslaginu. Hann var sá eini sem var heimsóttur á vettvangi.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JE, 4

**ÁR-234:025** *Fjósbóll* örnefni fjós

“Þorsteinn frá Háholti getur um Fjóshól, Stóruflöt, Hesthúshól [026], Lambhúshól [027] og Traðarflöt [031] í lýsingu sinni. Þessi nöfn eru nú ekki notuð, en staðir þessir hafa líkast til verið norðan og austan við Framnesbæinn. Þar hefur nú verið mokað úr hólum og landi bylt,” segir í örnefnaskrá. Ekki er unnt að staðsetja þennan stað með nákvæmni án frekari heimilda.

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 4

**ÁR-234:026** *Hesthúsbóll* örnefni hesthús

“Þorsteinn frá Háholti getur um Fjóshól [025], Stóruflöt, Hesthúshól, Lambhúshól [027] og Traðarflöt [031] í lýsingu sinni. Þessi nöfn eru nú ekki notuð, en staðir þessir hafa líkast til verið norðan og austan við Framnesbæinn. Þar hefur nú verið mokað úr hólum og landi bylt,” segir í örnefnaskrá. Ekki er unnt að staðsetja þennan stað með nákvæmni án frekari heimilda.

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 4

**ÁR-234:027** *Lambhúsbóll* örnefni lambhús

“Þorsteinn frá Háholti getur um Fjóshól [025], Stóruflöt, Hesthúshól [026], Lambhúshól og Traðarflöt [031] í lýsingu sinni. Þessi nöfn eru nú ekki notuð, en staðir þessir hafa líkast til verið norðan og austan við Framnesbæinn. Þar hefur nú verið mokað úr hólum og landi bylt,” segir í örnefnaskrá. Ekki er unnt að staðsetja þennan stað með nákvæmni án frekari heimilda.

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 4

**ÁR-234:028** *Hrísluklettur* álagablettur

423764 394753



Hrísluklettur ÁR-234:028, horft til norðurs.

“Hrísluklettur. Stakur klettur í fjallsrótunum. Í suðvesturhorni klettsins er reyniviðarhrísla í um meters hæð frá jörðu og hefur verið þar svo lengi sem menn muna. Hríslunni fylgja þau álög að sé við henni hróflað visni hönd þess sem það gerir eða hann verði fyrir einhverjum áföllum. Steinunn Melsteð í Framnesi braut grein af hríslunni og handleggsbrotnaði. Var álögunum kennt um (B.M.). Einnig óx sigurskúfur utan í klettinum sem ekki mátti heldur snerta,” segir í örnefnaskrá. “Í hlíðum Vörðufells miðja vegu milli Birnustaða og Fjalls er Hrísluklettur og við hann Reyniviðarhrísla. Því var trúað að ekki mætti snerta hríslu þessa, þá myndi hönd sú sem það gerði visna. Þetta hefur verið haft fyrir satt allt fram á 20. öld og

ekki vitað til að álög þessi hafi verið brotin,” segir í Landið, fólkíð og þjóðtrúin. Hrísluklettur er 550 m ANA við bæ 001 og 5 m norðan við Tæpistíg ÁR-661:021.

Hrísluklettur er gróin stallur sem liggur NA-SV í austurhlíðum Vörðufells. Svæðið allt er mikið gróið en suður- og norðurhluti sjálfs Hríslukletts er þó ber.

Hrísluklettur er nokkuð áberandi stallur, og þar með kennileiti, í landslaginu og er hann allt að 10 m á hæð og 10 x 10 m a stærð. Hríslur eru enn í austurhluta klettsins, þar á meðal þetta reyniviðartré.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JE, 10; LFB, 272-273

**ÁR-234:029** heimild

“Rafstöð var byggð árið 1947, og var hún í notkun, þar til rafmagn kom frá samveitu 1957,” segir í Sunnlenskum Byggðum I. “Rafstöð var byggð við bæjarlækinn árið 1947 sem dugði til ljósa og eldunar og var notuð, þar til rafmagn kom frá samveitu árið 1957.” segir í Jarðabók Skeiðahrepps. Ekki er vitað hvar rafstöðin var staðsett við lækinn né hafa ummerki hennar varðveist. Líklega var hún þó ofan við bæinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SB I, 435; Jón Eiríksson 2008, 120

**ÁR-234:030** *Brúnahaugur* sögustaður legstaður 423300 394946

“Óláfr bjó á Ólafsvöllum; hann liggur í Brúnahaugi undri Vörðufelli,» segir í Landnámabók, ÍF I, og í Flóamanna sögu, ÍF XIII., „Sú sögn hefir gengið, að Brúnahaugur sje sama sem Einbúi [021], er stendur í fögrum hvammi, sem Nátthagi [015] heiti, uppi undir háfjallinu fyrir norðan túnið í Framnesi. [...] Líklega er hinn rjetti Brúnahaugur fyrir neðan fjallsrætur, þar sem nú er mýri, og getur hann verið þar í einhverjum smárimanum, eða þá niðursokkinn og horfinn,» segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894. “Haugar, edur Fornmannaleidi, vita menn ei að séu innan Sóknar þessarar takmarka, utan Helgahóll, vid utjaadar Olafsvalla landeignar, er Landnámabók Íslendinga í Vta Parti X Cap: umgjetur, og Ashildarhóll a Ashildarmyri, enn Haugur Ólafs Tvennumbrúna sem þessra merkilegastur kynni vera, er sem nefnd Bók i sama Capitula segir i edur undir Vörðufelli, innann Skalhólts-Soknar hvar menn þykjast enn nú kunna til hans að vysa.” segir í fornleifaskýrslu Ingimundar Gunnarssonar frá 1821. Hér er verið að skrá staðsetningu haugsins í mýrinni en hvar nákvæmlega sá staður er veit enginn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÍF I, 377; ÍF XIII, 265; Árbók 1894, 15; FF, 206

**ÁR-234:031** *Traðarflöt* heimild um traðir 423341 394495

“Þorsteinn frá Háholti getur um Fjóshól [025], Stóruflöt, Hesthúshól [026], Lambhúshól [027] og Traðarflöt í lýsingu sinni. Þessi nöfn eru nú ekki notuð, en staðir þessir hafa líkast til verið norðan og austan við Framnesbæinn. Þar hefur nú verið mokað úr hólum og landi bylt,» segir í örnefnaskrá. Traðir í ANA frá bæ 001 eru merktar inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Þær lágu til austurs frá bæ 001 og þar niður ranann. Þær eru horfnar en voru fast ofan við braggann sem þarna er. Traðarflöt var líklega nærri tröðunum.

Slétt tún og mannvirki eru innan heimatúnsins á þessu svæði.


Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö-Framnes JG, 4



Tóft ÁR-234:032, horft til NNA.



Uppmæling af heystæði ÁR-234:032.

**ÁR-234:032** tóft heystæði

423274 393987

Í Framnesmýri er lítil tóft er um 500 m sunnan við bæ 001 og 40 m sunnan við Prestbrú 004.

Tóftin er á grónum hól, fast sunnan við áveituskurð. Umhverfis hólinn er gróið og framræst votlandi.

Tóftin er 6 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Mögulega náði hún lengra til norðurs en sú hlið tóftarinnar er horfin. Veggir eru torfhlaðnir og eru allt að 0,6 m á hæð. Út frá staðsetningu má ætla að þetta sé heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:033** garðlag túngarður

423342 394525



Túngarður ÁR-234:033, horft til norðurs.

Túngarður austan við bæ 001 er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Túngarðurinn afmarkaði austasta hluta heimatúnsins en ekki er ljóst hvað réði afmörkuninni til annarra átta. Túngarðurinn náði til suðurs og norðurs frá tröðum 031.

Túngarðurinn sést enn norðan við útihús 010. Þar er grasi vaxið tún við sumarbústaði til vesturs og mói til austurs.

Túngarðurinn er 27x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti og vírgirðing liggur eftir honum endilöngum. Hann er mjög gróinn og ekki er hægt að sjá greinileg umför í honum. Túngarðurinn er horfinn sunnan við traðir 031.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-234:034** heimild um útihús

423302 394564

Um 65 m norður af bæ 001 og um 30 m NNV við útihús 012 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá.

Slétt, grasi vaxið tún sem hækkar til norðurs, upp fjallshlíðina.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-234:035** heimild um útihús

423139 394545

Um 135 m vestan við bæ 001 og 155 m suðvestan við útihús 034 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1920, líklega var það ekki í notkun þá. Það var í svokallaðri Kinn og mögulega er um Trýnishús að ræða, sjá 003.

Slétt, ræktað tún. Brekkan hallar til suðurs í "stöllum" og líklega var útihúsið á einum slíkum.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-234:036** heimild um beitarhús

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Þriðja býlið í úthögum, byggt fyrir 47 árum á fornu fjárhússtæði." Þetta fjárhús hefur að öllum líkindum verið frá Fjalli ÁR-233 enda Framnes

byggt úr landi þeirrar jarðar. Fjárhúsið er horfið af yfirborði og ekki vitað með vissu hvar það var staðsett. Lýsingu Jarðabókarinnar má skilja sem svo að bærinn á Framnesi sé reistur á sama stað og er það líklegt. Ekki reynist unnt að staðsetja beitarhúsið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 199-200.

**ÁR-234:037** *Framnesbrú* heimild samgöngubót 423415 394109

“Farið var að leggja veg yfir suðurenda flóðanna upp úr aldamótum eða strax eftir að rjómabúið í Framnesi tók til starfa 1903. Vegurinn yfir flóðin var kallaður Framnesbrú (stuttir vegarspottar voru á þeim árum oft kallaðir brýr) og er það nafn enn við lýði,” segir í örnefnaskrá JG. “Niður á láglandinu voru keldur og bleytur og Framnesflóðin illfær hestum. Það var því mikil samgöngubót þegar Skeiðabændur byggðu grjótbrú yfir flóðin sem nefnd var Framnesbrú (stuttir vegakaflar voru nefndir brýr á þeim tíma) á öðru starfsári rjómabúsins, 1904. Smjórið var flutt til Englands í trékvartelum sem vógu 120 pund og meiddust hestar undan þeim, en eftir að Framnesbrúin kom var farið að nota vagna til flutninganna,” segir í örnefnaskrá (JE). Framnesbrú er um 420 m suðaustan við bæ 001 og 180 m ASA við Prestbrú 004. Hún var notuð á leið ÁR-661:003.

Brúin liggur gegnum framræst og gróið votlendi sem kallast Framnesflóð sem er rétt austan og suðaustan við Fjallsveg.

Brúin er annað hvort horfin undir núverandi malarveg eða girðing skammt austan hans er á sama stað. Hún er hið minnsta mjög illgreinileg sé hún enn varðveitt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Framnes JG, 2; Ö-Framnes Jón Eiríksson 2008, 4-5

**ÁR-234:038** heimild um fjárhús 423398 394704

Fjárhús, um 250 m NNA af bæ 001 og 130 m norðaustan við fjárhús 047, eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Ekki er ljóst af hverju tóftin er horfin, ekkert jarðask er á þessu svæði. Svæðið er óraskað en engu að síður illa farið vegna jarðvegsrofs. Víða eru moldarrof og greinilegt að gróðurþekjan er þunn. Víða eru beinir bakkar, þúfur og græn svæði inn á milli.

Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-234:039** hús útihús 423320 394429

Við yfirferð loftmynda fannst tóft rétt utan heimatúnsins, um 60 m suðaustan við bæ 001. Tóftin sést vel á loftmynd tekinni árið 1976 og aðgengileg er í loftmyndasjá. Þarna er nú þéttur trjágróður innan sumarhúsalóðar og skrásetjarar urðu tóftarinnar ekki varir meðan á vettvangsvinnu stóð, enda búið að reisa yngra útihús ofan á eldri veggjum.

Tóftin var í jaðri heimatúnsins, fast utan við túngarð 033 að öllum líkindum. Tóftin er neðan við um 5 m háa kletta og var endurnýtt sem skemma við sumarhúsið. Af loftmyndinni að dæma er tóftin 5,7x4,3 m að stærð og snýr NV-SA.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** LMI-Kort-E07-E-1862



Hús er nú innan og ofan á veggjum tóftar ÁR-234:039 með tilheyrandi raski.

**ÁR-234:040** heimild um leið

423361 394283

“Sýsluvegur áleiðis að Fjalli var kominn út undir Framnesbrú um eða upp úr 1936 en fyrsta vagnbrautin upp brekkuna lá vestan við Skálaklettinn og var mjög brött og illfær fyrir vagna [...]. Enn sést brautin greinilega neðst,” segir í örnefnaskrá. Leiðin var um 220 m SSA við bæ 001 og 100 m suðvestan við rjómabú 017.

Á þessum stað er mikil gróska og er svæðið á kafi í gróðri. Rétt til vesturs er háspennumastur og til suðurs eru vegamót þar sem vegur að Framnesi annars vegar og Fjalls hins vegar mætast.

Engin ummerki um leiðina sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JE, 5

**ÁR-234:041\_01** Varða varða óþekkt

423467 395201

“Varða. Vestur af Vestrihnaus stendur hlaðin varða á háum strýtumynduðum kletti og gnæfir yfir nágrennið. Er líklegt að hér sé varða sú sem Vörðufell er nefnt eftir,” segir í örnefnaskrá. Tvær vörður eru um 730 m NNV við bæ 001 og 310 m NNA við Einbúa. Þær eru á svæði sem er 17 x 15 m að stærð og snýr norður-suður.

Vörðurnar eru ofarlega á litlum klettahól, eða strýtu, sem er hálfgróinn og þá einkum af mosa. Mikið er um lægðir á þessu svæði en þær eru þó ekki djúpar né mikið grónar.

Varða 01 er norðvestar og hugsanlega er hún varðan sem nefnd er í örnefnaskránni. Hún er 0,5 m á kant en aðeins 0,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr blöndu af smágrýti í bland við stæðilegt hraungrýti.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Framnes JE, 9



Varða ÁR-234:041\_01, horft til norðurs.



Varða ÁR-234\_041\_02, horft til austurs.



Varða ÁR-234:042, horft til norðurs.

**ÁR-234:041\_02** varða óþekkt

423476 395185

Varða 02 er um 20 m suðvestan við vörðu 01. Hún er ílöng og fremur lág, 0,4 m á hæð. Hún er 1,2 x 0,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr smágrýti og hefur lítilega nokkuð hrúnið til norðurs og suðurs.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-234:042** varða óþekkt

423792 395230

Varða er ofarlega á Grjótdalshnjúk, um 900 m

norðaustan við bæ 001 og 320 m ANA við vörðu 041\_02. Hún er uppi á Vörðufelli.

Þéttur mosi er umhverfis vörðuna en annars er Grjótdalshnjúkur fremur lítið gróinn en meiri gróður er spöl til vesturs, í Austurdal.

Varðan er 0,5 x 1 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,6 m á hæð og efst á henni er einn stór steinn sem hallar mikið til austurs en annars er hún hlaðin úr fremur smáu grjóti. Óvíst er með hlutverk vörðunnar en hún er ekki við landamerki eða þekktar þjóðleiðir og mögulega aðeins hlaðin til dægrastyttingar.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:043** tóft beitarhús


422668 394120

Tóft er um 720 m suðvestan við bæ 001 og 190 m norðvestan við tóftir 005. Tóftin er á nyrsta Borgarhólum en hennar er ekki getið í örnefnalýsingu. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar, en hér er hún túlkuð sem beitarhús.

Borgarhólar eru fast austan við malarveg sem liggur gegnum Framnesmýri, á landamerkjum við Miðbýli ÁR-261. Á þessum stað er mýrlent og en hér og þar standa grónir hólar upp úr mýrinni og eru Borghólar einn af slíkum hólum. Í raun eru Borghólar þrjár grónir hólar og liggur vegurinn fast vestan þeirra allra.



Tóft ÁR-234:043, horft til ASA.



Uppmæling af tóft ÁR-234:043.

Tóftin er 25 x 11 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er einföld og er mjög röskuð. Veggir eru torfhlaðnir, 0,3-0,5 m á hæð og hæstir á NNA-hlið tóftarinnar. Mögulega hefur tóftin verið tvískipt en lítil merki þess sjást núorðið og er botn hennar alveg sléttur.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:044** garðlag vörslugarður

423352 394884

Um 350 m norðan við bæ 001 og 150 m vestan við beitarhús 018 er vörslugarður, beint undir Vestri-hnaus. Hann liggur niður fjallshlíðina og náði líklega allt að klettum í fjallsbrúninni. Hann greinist í tvennt, annar garður liggur til austurs að Stekkatúni 018 en fjarar út áður en þangað kemur. Vörslugarðurinn er í gróinni lág eða hvammi. Hann fjarar út til suðurs, líklega vegna vatnsaga en vatn virðist hafa runnið þar á einhverjum tímum. Fjallshlíðin er gróin en ekki mjög brött á þessu svæði.

Vörslugarðurinn er 55x2,2 m að stærð og liggur



Vörslugarður ÁR-234:044, horft til norðvesturs.

NNA-SSV. Hann er algróinn og hæstur um 0,5 m á hæð. Hann náði líklega lengra til norðurs, allt að klettum sem þar eru. Annar garður virðist liggja til austurs frá þessum garði, nærri suðurendanum. Hann er 26x2 m að stærð og snýr VNV-ASA. Garðarnir ná ekki saman er gerðu það án efa áður. Brekka sem hallar til vesturs er á milli þeirra. Garðurinn er algróinn, stórþýfður og mun ógreinilegri en vestari garðurinn.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:045** þúst óþekkt

423288 394951



Lítill þúst er fast vestan við Einbúa, um 460 m NNV við bæ 001 og 40 m NNV við stekki 047. Fjallshlíðin er mjög gróin á þessu svæði en nokkru vestan og sunnan við tóftina eru rimar og minna gróin svæði.

Þústin er 4,5 x 3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Þústin er ekki mikið hærri en umhverfið kring en hún rís aðeins 0,4 m hærra en hefur þó skýrar ytri brúnir. Þarna er gróður hins vegar miklu þéttari sem bendir mögulega til að þarna leynist mannvist undir sverði.

**Hættumat:** engin hætta

Þúst ÁR-234:045, horft til austurs.

**ÁR-234:046** tóft stekkur


423306 394910

Lítill og tvískipt tóft er rétt suðaustan við Einbúa, um 420 m NNV við bæ 001 og 50 m VNV við vörslugarð 049. Miðað við staðsetningu og lögun er þetta stekkur.

Svæðið er vel gróið á þessum stað. Tóftin er í brekku sem hallar lítillega til vesturs frá suðurhlíðum Vörðufells.



Tóft ÁR-234:046, horft til SSV.



Uppmæling af stekki ÁR-234:046.

Tóftin er tvískipt og er 8,5 x 8,5 m að stærð með opi til VNV. Veggir eru torf- og grjóthlaðnar, 0,4 m á hæð en vegna gróðurs sér ekki í umför, þótt á einstaka stöðum glitti í hleðslugrjótt. Hólf 1 er austast og er það 5 x 2,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólf 2 er vestast og það er minna, eða 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-234:047** heimild um beitarhús

423294 394635

Fjánhús, um 150 m norður af bæ 001 og 130 m suðvestan við fjánhús 038, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Öll ummerki þess eru horfin af yfirborði.

Grunnt er niður á mel á þessu svæði og engin grænka né uppsöfnun mannvistarlaga sjást. Búið er að gera slétt tún í brekku sem hallar til niður vesturs hér.

Engin ummerki fjárhússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

## ÁR-235 Birnustaðir

Sögulegar heimildir:

1686 & 1695: 25 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 200.

1847: 25 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63.

Um 1220: Máldagi kirkjunnar að Vörðufelli á Skeiðum: “þar skal heima tiund. ok [...] af birnustoðum onnur hvar missere,” DI I, 406.


Árið 1896 voru 8 bæjarhús og 10 peningshús á Birnustöðum. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 1 bæjarhús og 4 peningshús gjörfallin, 6 bæjarhús og 5 peningshús mjög skemmd en 1 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

Tvö býli eru á Birnustöðum, Birnustaðir I og II, en ábúendur deila íbúðarhúsi. Jörðin er þriðja elsta ættarjörð í hreppnum, skv. Sunnlenskum Byggðum I, 436-437. “Samkvæmt ábúendatali hreppsins hefur verið einbýli á jörðinni frá því um 1700 þar til árið 1949 að stofnað var nýbýli á 1/3 jarðarinnar. Þar hefur verið tvíbýli síðan en hefðbundinn búskapur er nú aðeins á öðru býlinu, Birnustöðum 1, þar sem nýbýlið stóð áður,” segir í örnefnaskrá JE 3.

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 3,3 ha; mest slétt. Matjurtargarður 14,3 arar.

“Torfrista og stúnga næg, ogso Reiðingsrista fyrir heimilið. Engjar, sem verið hafa, eru nærri því allar eyðilagðar fyrir smálækjum úr fjallinu, sem borið hafa á þær sand, möl og grjót. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og afætu dýjum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 200 “Land jarðarinnar liggur í skjóli við fjallið og kemur greinilega í ljós, hve það er gróðrinum mikils



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af Birnustöðum frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar punktalínur og litaðir flákar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

virði [...] Á hjöllumum fyrir austan bæinn er ágætt ræktunarland; þá fengist ágætt ræktunarland fyrir neðan brekkuna, þegar búið væri að ræsa það,” segir í Sunnleskum byggðum I, 436.

**ÁR-235:001\_01** *Birnustaðir* bæjarhóll bústaður 425210 395025  
Sex bæjarhús með kálgarði (02) fast suðvestan við bæ eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Samkvæmt teikningunni snéru stafnar bæjarins til SSV. Bærinn sést einnig á túnakorti frá 1920, var þá sunnarlega nánast fyrir miðju heimatúnsins.  
“Á Birnustöðum á Skeiðum var vorið 1904 bygð hlaða í bæjarröndinni þar, sem smiðja var áður. Þá er komið var svo sem 2 ál. djúpt undir smiðjugólfíð, varð fyrir í moldinni gráleitur hringur, sporeskjulagður, eða sem næst 1 1/2 al. á lengri veginn og 1 al. á þvervegin. Það var nál. 5 ál. frá bæjarröndinni. [...] Holið innaní þessu einkennilega kerri mjókkaði niðureftir og var neðst óreglulega kúpumyndað. [...] Svo sem rúmri alin norðar [...] lengra inn frá bæjarröndinni) varð fyrir niðurhrunið hleðslugrjótt úr vegg, sem þar lá þvert fyrir, og var fyrir hvorugan endann graflíð. Þar var dálítið af viðarkolum á dreif; en ekki fannst þar neitt annað,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1906. Mikið rask hefur verið á þessum stað og var gamli bærinn aðeins um 20 m norðvestan við núverandi bæjarstaði jarðarinnar. Engin merki um bæjarhús eða hólmyndun sjást lengur á þessu svæði.  
Bærinn hefur verið á náttúrulegum stalli, á gróinni upphækkun og lækkar landið hratt til suðvesturs niður frá bænum. Þar sem gamli bærinn var er nú bakgarður núverandi íbúðarhúss og nýlega gert malarplan.



Bæjarhóll ÁR-235:001\_01, horft til norðvesturs.



Bæjarhóllinn er mikið raskaður en ljóst er að mannvistarlög eru þar enn undir sverði. Á myndinni sjást m.a. móöskulög og hleðslur.

Vegna mikilla framkvæmda sem hafa átt sér stað á bæjarhólnum sjást engin ummerki gamla bæjarins á yfirborði en mannvist er enn undir sverði, þótt hún sé án efa mikið röskuð. Jarðvegssnið er greinilegt norðan við bæjarhólinn vegna nýlegra framkvæmda við malarplanið. Hreyfð mannvistarlög sjást í því öllu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906; Túnakort 1920; Árbók 1906, 33-34

**ÁR-235:001\_02** heimild um kálgarð 425206 395000  
Engin merki um kálgarð sjást lengur á yfirborði sunnan við bæ 01. Hann var í brekku sem hallar til SSV.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-235:002** heimild um útihús 425227 395098



Reykkofinn, horft til norðurs.

Útihús er merkt um 50 m norðan við bæ 001 og tæpum 40 m norðaustan við traðir 021 á túnakort frá 1920. Ekkert útihús er merkt á þessum stað á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og hefur útihúsið sennilega verið reist eftir að sú teikning var gerð.

Á þessum stað er nú reykhus sem grafið er inn í hlíð sem hallar til niður til suðvesturs. Til suðurs er malarplan við elsta íbúðarhúsið á jörðinni.

Engin merki um útihús sjást lengur á yfirborði en á sama stað er reykhus sem líklega hefur raskað útihúsinu. Ekki er útilokað að reykhusið hafi verið endurbyggt á sama stað og útihúsið

var.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-235:003** heimild um útihús

395126 395097

Útihús er merkt um 90 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 110 m norðaustan við útihús 026 inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er horfið, þar er nú geymsluplan suðaustan við yngra útihús sem enn er í notkun og rétt vestan við núverandi heimreið að bænum. Mikið rask hefur átt sér stað á þessu svæði; annars vegar bygging útihússins og hins vegar vegagerð. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920



Yngra útihús ÁR-235:003, horft til ANA.

**ÁR-235:004** heimild um útihús

425104 395158

Útihús er merkt um 180 m norðvestan við bæ 001 og 60 m norðvestan við útihús 003 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1920. Enn er útihús á þessum stað en það er yngra.

Slétt tún í halla niður til suðurs. Túnið er nýtt til beitar.

Engin ummerki eldra útihúss eru varðveitt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920


**ÁR-235:005\_01** *Skarðsflöt* heimild um beitarhús

425687 395298

Útihús í stakstæðu túni er merkt inn á túnakort frá 1920., „Skarðsflöt nefnist nú Náttthaginn norður frá. Flötin er vestast á Hjöllunum en ekki er vitað af hverju þetta forna nafn er dregið. Þar stóð lengi fjárhús en var af lagt um 1960. Ræktað var tún í kringum fjárhúsin og véltækt síðari árin en slegið síðast 2000,» segir í örnefnaskrá. Á herforingjaráðskorti frá 1908 eru tvö beitarhús merkt í Skarðsflöt. Flötin er um 520 m norðaustan við bæ 001 og 400 m SSV við Grenshlíðarvörðu 010. Á Skarðsflöt eru heimildir um beitarhús 01 og 02, ásamt ummerkjum um túngarð 03 á svæði sem er 200 x 110 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hér er verið að skrá nyrðra beitarhúsið en það sést á

Arnes systla  
Steinabryggur

# Birnustaðir



Túni: 3,3 ha. mest af góð. Brúnni því summan tíni  
Arnat 2,9 ha. Pálln. 0,8 ha. Skjálaga-tí: 14,3 arar  
f: 2000

Stensholti 193. '20.  
Valdimar Þjarnar

loftmynd tekinni árið 1960.

Skarðsflöt er nokkuð slétt flöt, rétt sunnan við hálfgróin kletthrygg. Umhverfis Skarðsflöt er gróið deiglendi en hér og þar er jarðvegsrof.

Engin ummerki um beitarhús 01 sjást lengur á yfirborði, sennilega er það horfið vegna sléttunar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 12; Herföngjaráðskort 47 Skálholt 1908; Túnakort 1920; DMA32-05147

**ÁR-235:005\_02** heimild um beitarhús 425704 395273

Beitarhús 02 er um 20 m SSA við beitarhús 01. Rétt eins og beitarhús 01 sést það ekki lengur á yfirborði vegna sléttunar. Það hefur fallið fyrr úr notkun og sést ekki á loftmyndinni frá 1960.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 12; Herföngjaráðskort 47 Skálholt 1908

**ÁR-235:005\_03** garðlag túngarður 425766 395246

Túngarður 03 afmarkaði Skarðsflöt og sést á túnakortinu. Hann er enn varðveittur til allra átta nema suðvesturs og túnið hefur verið stækkað í þá átt. Garðurinn afmarkar svæði sem er 200 x 110



Uppmæling af túngarði ÁR-235:005\_03.



Túngarður ÁR-235:005\_03, horft til ANA.

m að stærð og snýr ANA-VSV. Undirstöðurnar

eru grjóthlaðnar og sést glitta í grjót hér og þar en ekki hægt að telja umför vegna gróðurs nema á litlum hluta í norðurhlíð, þar sjást 2-3 umför. Á vissum stöðum er búið að setja vírgirðingu á túngarðinn, sérstaklega á suður- og austurhluta túngarðsins. Hann er stæðilegastur til norðurs og ANA, 0,5 m á hæð en aðeins 0,2-0,3 m á hæð til VSV. Klettastallar, eða hryggur, afmarkar lítinn hluta (um 50 m) á NNA-hlíð túngarðsins.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-235:006** *Steinker* heimild 425277 394997

“suonefndt Steinkjer í Byrnistada-tuni, sem mælt er að Risablendíngurinn Bergþór ur Bláfelli, hafi þar klappad með gaungustaf sýnum [...] Er Steinkjer þetta ofantil krýnglótt að mestu, klædt grassverdi allt a barma, fra þeim nær þvert nidur klappad, en ihvolft að nedanverdu; meinast taka um 5 Tunnut, meðal minni í midti a dýpt og á 3iu Alin að þvermáli,” segir í skýrslu Ingimundar Gunnarssonar frá 1817. “Rétt ofan við bæinn á Birnustöðum eða um 30 metra NA af húshorninu er hólbarð í brekkunni sem heitir Steinkershóll. [...] Heimildarmenn mínir muna ekki [eftir] neinum ummerkjum á hólnum en Sigrún hefur eftir Ólafu föðursystur sinni, f. 1888, að hún hafi leikið sér í steinkjerinu sem hafi verið gróin laut. Steinkjerið eða lautin í Steinkershól mun hafa verið fyllt upp þegar gamla hlaðan var byggð, upp úr aldamótunum 1900,” segir í örnefnaskrá. Steinker er um 70

m austan við bæ 001 og 90 m NNA við brunn 022.

Steinkershóll er vel gróinn hóll og skammt suðaustan við hann er lítill skógur.

Engin merki um lautina sjást lengur eins og getið er um í örnefnaskrá.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FF, 206; Ö-Birnustaðir JE, 7

**ÁR-235:007\_01** *Rauðaflagsvarða* heimild um landamerki 462213 395057

“Rauðaflagsvarða. Varðan stóð áður í Rauðaflagi og var millimark Birnustaða og Álfsstaða en nú skiptir girðing löndum,” segir í örnefnaskrá. Þetta er ekki rétt, varðan er á merkjum Birnustaða, Álfsstaða ÁR-236 og Efri-Brúnavalla ÁR-257. Varðan er horfin en var um 1 km austan við bæ 001 og um 680 m SSA við Grenshliðsvörðu 010.

Djúpur, vélgrafinn skurður er nú á þessu svæði, þ.e. á merkjum Birnustaða og Efri-Brúnavalla. Varðan var líklega skammt norðan við skurðinn en hlaðinn garður 007\_02 er nú undir vírgirðingu sem skilur að Birnustaði og Álfsstaði. Meðfram girðingunni eru óræktuð svæði, nýtt til beitar.

Öll ummerki vörðunnar eru horfin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 13

**ÁR-235:007\_02** garðlag landamerki 426162 395145

Á merkjum Álfsstaða og Birnustaða er nú vírgirðing, hleðsla er undir henni. Undirhleðslan er líklega ekki mjög forn, er 0,5-1 m á breidd, algróin og um 0,5 m á hæð. Hún var rakin á um 125 m kafla og liggur NNV-SSA. Garðurinn er algróinn kerfli og grasi. Garðurinn var ekki rakinn að fullu, hann nær lengra til beggja átta. Alls er hann um 270 m langur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Landamerkjagarður ÁR-235:007\_02, horft til VSV.

**ÁR-235:008** *Flesja* heimild um þvottastað 425360 394996

“Flesja. Hún er í túnjaðrinum austan við bæinn. Þar var ullin þurrkuð áður fyrr,” segir í örnefnaskrá. Flesja er rétt vestan við Kringlóttaklett, um 150 m vestan við bæ 001 og 80 m austan við Steinker 006. Ekki er vitað hvar ullin var þvegin.

Svæðið er mjög gróið og eru klettarnir að hverfa undir skóg. Til norðvesturs er heimatún jarðarinnar en til suðausturs, þegar kletturinn endar, er framræst mýri.

Engin mannaverk sjást lengur á þessum stað en ullin hefur sennilega verið þurrkuð á klettunum sem nú er óðum að hverfa í skóg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 14

**ÁR-235:009** heimild um landamerki 424773 396751

Sagt frá landamerkjáörnefnum: “Úlfsvatn (tanginn), sennilega í vörðu á hnjúk inn af vatninu.” Varðan var á Vörðufelli, um 1,8 km norðvestan við bæ 001 og 470 m norðan við vörðu 025.

Tanginn er syðst í Úlfsvatni og er gróinn, sérstaklega af mosa. Umhverfis hann er mikið um lægðir og lág holt sem flest eru vel gróin.

Engin ummerki um vörðu sjást á svæðinu og hefur varðan sennilega hrunið eftir að hætt var að halda henni við.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE eldra, 1

**ÁR-235:010** *Grenshliðsvarða* heimild um landamerki 425868 395638

Landamerki Birnustaða 1885: “[...] úr Úlfsvatni í Birnustaðaskignir, og úr Birnustaðaskignir í svonefnda Grenshliðsvörðu í Rauðaflag,” segir í Landamerkjabréfi No. 72. “Mörkin voru í vörðuna samkvæmt landamerkjaskrá en hún er horfin,” segir í örnefnaskrá. Grenshliðsvarða var um 900 m norðvestan við bæ 001 og 110 m norðaustan við Grenshlið 032, í brekkum Vörðufells.

Varðan var ofarlega við suðurbrún kletthryggs sem er neðarlega í fjallshlíðinni. Mikill gróður er í hlíðinni og á sjálfum kletthryggnum.

Engin ummerki um Grenshliðsvörðu sjást lengur eins og getið er um í landamerkjaskrá.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 5, 12; Landamerkjabréf nr. 72

**ÁR-235:011** *Gvendarpyttur* þjóðsaga 425389 394502

“Gvendarpyttur, stór pyttur og illilegur. Sú sögn fylgir pyttinum, að fyrr meir hafi vinnumaður frá Birnustöðum hrokkið í pyttinn við það, að reiptagl slitnaði, er hann var að binda á pyttbakkanum, og hafi maðurinn drukknað,” segir í örnefnaskrá (JE eldra). “Gvendarpyttur. Stór, djúpur og illilegur forarpyttur áður en hefur verið fordjarfaður þegar starfsmenn Búrfellslínu 3 mokuðu í hann og fylltu að mestu,” segir í örnefnaskrá (JE). Gvendarpyttur er um 550 m sunnan við bæ 001 og um 400 m VSV við mógrafir 012. Að sögn Ólafs Hafliðasonar, heimildamanns, kemur pytturinn alltaf í ljós þrátt fyrir að fyllt sé í hann. Hann er um 30 m norðan við eitt mastur Búrfellslínu 3.

Slétt tún er umhverfis mastrið en næst því er óræktað svæði, pytturinn er á mörkum þessara svæða. Nokkar heyrúllur eru nú í pyttinum og hann sést lítið sem ekkert.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE eldra, 1; Ö-Birnustaðir JE, 13

**ÁR-235:012** *Hólmar* náma mógrafir 425712 894640



Mógrafir ÁR-235:012, horft til austurs.

“Hólmar, mýrarland, ívafið keldum og mógröfum, ásamt smáhólum,” segir í örnefnaskrá (JE eldra). “Keldan. Grafkelda áður og hlykkjótt er kom ofan úr Miðmundaflóði í Álfstaðalandi og lá fram í Vorsabæjarland. Keldan er nú horfin í tún, nema í Vorsabæjarlandi er hún óhreyfð enn efst. [...] Hólmar. Landið austan við Kelduna, mýri með vallendishólum,” segir í örnefnaskrá (JE). Mógrafirnar eru um 650 m suðaustan við bæ 001 og 260 m austan við áveitu 016.

Slétt tún eru til allra átta frá svokölluðum Hólumum. Þau eru slegin og nýtt til beitar. Hólmar eru enn óslættaðir að hluta og þar er kerfill áberandi.

Mögulega má enn greina stakar mógrafir í Hólumum. Þær virðast vera um 0,5 m á dýpt og 4x1 m að stærð. Brúnir þeirra eru óljósar og kerfill byrgir sýn. Ekki er hægt að segja til um stærð svæðisins né áætla fjölda þeirra mógrafa sem mögulega sjást.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE eldra, 1; Ö-Birnustaðir JE, 13

**ÁR-235:013** *Hólaáveita* mannvirki áveita 424747 394484

“Hólaáveita, engjastykki, áveituland og löngu á undan Skeiðaáveitu, vatnið var fengið úr Úlfsgili,” segir í örnefnaskrá (JE eldra). “Hólaáveita. Engjastykki og áveituland löngu fyrir daga Skeiðaáveitunnar en veitt var vatni á landið, líklega úr Bæjargilinu,” segir í örnefnaskrá. Hólaáveita er syðst í landi Birnustaða, fast norðan við merki Vorsabæjar ÁR-260 og austarlega í Vesturmýri. En má sjá tvo áveitugarða þar og örnefnið Miðhólf sem tengjast Skeiðaáveitu ÁR-661:001. Ekki er hægt að aðgreina Hólaáveitu frá Skeiðaáveitunni lengur enda eru þær á sama svæði. Lítið er vitað um þessa áveitu og hvaða svæði hún náði yfir.

Áveitan var líklega beggja vegna núverandi malarvegjar sem liggur milli Birnustaða og Vorsabæjar. Deigland mýri er beggja vegna við veginn.

Einn flóðgarður sést liggja N-S, í gegnum norðurhluta Vesturmýrar, hann er siginn og illgreinilegur. Ekki er ólíklegt að hann tilheyri Hólaáveitu en hann var ekki rakinn á vettvangi nema að litlu leyti. Tveir flóðgarðar sjást enn, sunnarlega í Vesturmýri. Vélgrafinn skurður liggur í gegnum suðurenda þeirra. Ekki er ljóst hvort þessir garðar tilheyra Skeiðaáveitu eða ekki. Vestari garðurinn er um 100 m langur, snýr NNA-SSV og gróin renna sést austan hans. Eystri garðurinn er 100 m austar og sést beggja vegna við fyrrnefndan skurð. Hann er um 125 m að lengd og örnefið Miðhólf er á milli garðanna. Ekki er vitað hversu stórt svæði áveitan náði yfir. Báðir garðarnir eru signir og mýrin mjög gróin. Flóðgarðarnir sjást best á loftmynd.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE eldra, 1; Ö-Birnustaðir JE, 13

#### ÁR-235:014\_01 Gerði tóft beitarhús

424677 395223

Beitarhús, um 600 m VNV af bæ 001, er merkt á herforingjaráðskorti frá 1908. “Gerði, þar eru nú fjárhús [01] og nátthagi í kring, girðingin hlaðin [02]. Þar sést einnig móta fyrir gamalli hleðslu,” segir í örnefnaskrá (JE eldra). “Gerði nefnt Nátthaginn vestur frá í daglegu tali. Þar var lengi fjárhús en aflagt fyrir um 6 árum. Flötin kringum húsin var slétt og slegin árlega en því er nú hætt,” segir í örnefnaskrá (JE). Um sama beitarhúsið er að ræða í öllum tilvikum. Gerði er fast suðvestan við Kúadal, eða við mynni hans, um 570 m VNV við bæ 001 og 310 m SSV við stekki 015. Beitarhúsið og nátthaginn eru á svæði sem er 75 x 63 m að stærð og snýr ANA-VSV.

Mannvirkin eru á fremur sléttu flötu, fast vestan við læk og sunnan Vörðufells.

Beitarhús 01 eru þrískipt, 30 x 15 m að stærð og snúa NNV-SSA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og sjást 5-9 umför af flötu grágrýti í hleðslum sem eru 1 m á hæð. Mikið af timbri er í tóftinni og leifar af bárujárnsþaki. Sjálf fjárhúsin eru til SSA. Þau eru 16 x 5 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Ekki er lengur hlaðinn veggur á SSA-hlið hólfsins og möguleiki er að þar hafi verið timburgafl. Að baki er hlaðan. Hún er 8,5 x 5,5 m að innanmáli, snýr þvert á fjárhúsin og eru um 0,6 m dýpri en þau. Nokkuð hefur hrunið í hlöðuna og síðan gróið yfir. Þriðja hólfid er suðaustast, 7 x 5 m að stærð og snýr eins og fjárhúsin. Hólfid er enn undir



Uppmæling af minjum ÁR-235:014.



Beitarhús ÁR-235:014\_01, horft til norðvesturs.

þaki, en nær hrúnið og treysti skrásetjari sig ekki inn í húsið en þetta er líklega einhvers konar kró.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE eldra, 1; Ö-Birnustaðir JE, 9; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-235:014\_02** tóft heystæði

424680 395283

Tóft 02 er rúmum 3 m norðan við beitarhús 01. Tóftin er 6 x 4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Tóftin er niðurgráfin inn í brekku, 0,2-0,5 m og er dýpst til VSV. Ekki er greinilegt op á henni en rof er fyrir miðri ANA-hlið sem gæti hafa verið op. Mögulega er þetta heygryfja sé tekið mið af staðsetningu tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft ÁR-235:014\_02, horft til SSV.



Garðlag ÁR-235:014\_03, horft til suðvesturs.

**ÁR-235:014\_03** garðlag nátthagi


424655 395275

Nátthagi 03 er greinilegur norðan og austan við beitarhús 01. Garðurinn er grjóthlaðinn og er 0,1-0,3 m á hæð en ekki sér í umför vegna gróðurs að stórum hluta en á stökum stöðum syðst má telja 1-2 umför af grjóti. Hann myndar 90° horn, 68x55 m að stærð. Eldri úrfærslu garðsins má sjá norðaustan við garðinn, neðar í brekku sem hallar til norðausturs. Lækur úr Úlfsgili rennur þarna meðfram. Þetta er lítið annað en einföld grjóthleðsla sem er 30x1 m að stærð og liggur norðvestur-suðaustur.

**Hættumat:** engin hætta



Stekkur ÁR-235:015, horft til vesturs.



Uppmæling af stekki ÁR-235:015.

**ÁR-235:015** *Gamlastekkjartún* tóft stekkur

424799 395506

“Gamlastekkatúnið mun hafa verið slegið [...]. Stekkjarás. Stuðlabergsás og liggur niður af Horninu. Gamlastekkatún. Vel gróin og falleg flöt vestan við Stekkjarásinn. Þar var fyrsta tuddagirðing í sveitinni eftir að stofnað var nautgriparéktarfélag á upp-Skeiðum fyrir forgöngu Jóns Einarssonar í Vorsabæ árið 1909. Enn sést þar garðbrot og kengur í berginu sem minnir á girðinguna,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 630 m norðvestan við bæ 001 og 45 m suðaustan við vatnsstökk 041.

Stekkurinn er fast vestan við hálfgróin klettahygg sem er spöl vestar en Stekkjarás. Til vesturs er Úlfarsgil. Svæðið umhverfis stekkurinn er vel gróið en hallar smávægilega til suðurs.

Stekkurinn er einfaldur, 7,3 x 6,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en vegna mikils gróðurs sér ekki í umför í hleðslum sem eru 0,4 m á hæð. Op er á tóftinni á miðri norðurhlið og þar er mögulega annað hól en skiptingin er ekki lengur skýr.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 4

**ÁR-235:016** *Austurmýri* mannvirki áveita

425371 394768

“Austurmýri. Mýrin austur af bænum, smápýfð og mest öll slegin áður. Veitt var á landið lækjarsytrum undan fjallinu og engjunum skipt í hól með flóðgörðum,” segir í örnefnaskrá. „Engjarnar skiptust um leiðina niður að Vorsabæ í Vesturmýri annars vegar og Austurmýri hins vegar. Allar engjarnar voru slegnar nema Vesturmýrin, efst. [...] Skeiðaáveitan náði aðeins til 23 ha lands og var það landið syðst og vestast en bændur hafa veitt vatni á engjar. Veitt var á Vesturmýrina efst, líklega vatni úr Bæjargilinu en safnað var saman lækjarsytrum undir fjallinu og veitt á Austurmýrina. Flóðgarðar voru byggðir og landinu skipt upp í skákir.“ Ekki er ólíklegt áveitan í Austurmýri sem hér er skráð hafi tengst Hólaáveitu 013 sem var í Vesturmýri.



Áveita ÁR-235:016 í Austurmýri. Skurðir sjást með blárrí línu en flóðgarðar sem litaðir flákar.

Þýfð, framræst mýri. Víðirunnar vaxa á stöku stað og kerfill er ráðandi. Svæðið er nýtt til beitar.

Áveitan er á svæði sem er um 430x250 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það má greina sex flóðgarða innan þess og líklega voru engjarnar ekki mikið stærri. Allir flóðgarðarnir virðast hlaðnir úr torfi og grjóti, steinar eru í botninum en restin er torfhláðin. Flóðgarður 1 liggur í gegnum mitt svæðið. Hann er 255 m að lengd, 2-2,5 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 0,4 m á hæð og sést vel. Kindagötur liggja eftir miðjum flóðgarðinum. Hann er algróinn og lítil sem engin ummerki sjást um efnistöku við hann. Vatn rennur hins vegar um 1 m



Einn af flóðgördum áveitu ÁR-235:016 í Austurmýri.

vestar, í mýrinni. Ekki er ljóst hvort að sá farvegur sé manngerður eða ekki. Flóðgarður 2 afmarkar suðurmörk áveitunnar. Hann er um 190 m að lengd og liggur VNV-ASA. Flóðgarður 1 liggur alveg að honum og þeir eru í raun sambyggðir. Hann er eins að allri gerð og lögun. Flóðgarðurinn hverfur við vélgrafin framræsluskurð til vesturs en náði líklega að flóðgarði 3 sem þar er, á milli þeirra mótar óljóst fyrir framhaldinu á loftmynd. Flóðgarður 3 er vestastur og sést beggja vegna við fyrrnefndan skurð. Hann liggur norðaustur-suðvestur en sveigir svo til suðurs uns hann fjarar út í mýri. Líklega sameinaðist hann flóðgarði 2 eins og áður sagði. Hann er 3 m á breidd, 0,4 m á hæð og algróinn. Flóðgarður 4 liggur til ASA frá flóðgarði 1 og er norðarlega innan áveitunnar. Hann er algróinn, 0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Flóðgarður 5 er mjög óljós og er mitt á milli flóðgarða 1 og 3. Hann sést sem grænar þúfur í deiglendi. Flóðgarður 6 er um 160 m suðvestan við flóðgarð 2 og er stakur þar. Líkleg var annað hólf þarna á milli en öll ummerki þess horfin. Flóðgarðurinn er 70x2 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hann sker sig ekki frá hinum að neinu leiti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 13; Jón Eiríkson. 2008 133-134

**ÁR-235:017** garðlag vörslugarður

425013 395176

Vörslugarður er 240 m VNV við bæ 001 og 140 m sunnan við beitarhús 028. Hann ber þess merki um að vera á mörkum þess að teljast til fornleifa en fær að njóta vafans og því tekinn með. Hann ber útfærslu túnsins á fyrri hluta 20. aldar vitni.

Garðurinn liggur niður til suðvesturs, skammt austan við brún Bæjargilsins sem lækur rennur í. Til austurs er ræktað tún allt að bæjunum og búið að fylla upp í gilið og veita læknum í skurði.

Garðurinn er greinilegur á um 380 m löngum kafla og liggur NNA-SSV. Hann er rofinn rétt NNV- við miðbik hans. Garðurinn er torfhláðinn, 0,2-0,5 m á hæð og allt að 0,8 m á breidd. Hann er best varðveittur og greinilegastur á NNA-enda en verður ógreinilegra því neðar (SSV) sem farið er.



Vörslugarður ÁR-235:017, horft til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-235:018** náma mógrafir

424781 394407

“Hólaáveita [013]. Engjastykki og áveituland löngu fyrir daga Skeiðaáveitunnar en veitt var vatni á landið, líklega úr Bæjargilinu. Þar eru miklar mógrafir,” segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru tæpum 750 m SSV við bæ 001, fast vestan við malarveg að bænum. Mógrafirnar eru nánast á merkjum Vorsabæjar og Birnustaða. Mógrafirnar voru beggja vegna vegarins að sögn Ólafs Hafliðasonar, heimildamanns, en austurhlutinn er horfinn að mestu þó enn megi greina þær á gömlum loftmyndum.



Mógrafir ÁR-235:018, horft til norðurs.

Búrfellslína 3 liggur þvert (A-V) yfir mógrafirnar. Þarna er enn deiglend mýri sem hefur verið framræst að hluta.

Vestan við veginn má greina mógrafir á svæði sem er 160x120 m að stærð og snýr austur-vestur. Mógrafirnar renna saman og ekki er hægt að greina stakar grafir eða áttahorf. Þær eru um 0,3 m djúpar og hverfa við framræsluskurð til norðurs, örfáar mógrafir eru norðan hans. Líklega er búið að fylla upp í svæðið að einhverju leiti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 13

**ÁR-235:019** Torfklettur heimild um rist

425385 394936

“Torfklettur. Stakur, stærri klettur [en Kringlóttiklettur] skammt austur af túninu. Þar var þurrkað torf af mýrinni. [...] . “Vesturmýri. Samheiti yfir mýrarstykkið allt að mörkum Vorsabæjar og Framness. Engjarnar eru syðst og vestast í mýrinni og eru þar sléttar dælar en litlar. Annars er mýrin smáþýfð og hún var aldrei slegin efst. Efst hefur mýrin verið ræst fram og er tún. Góður torfvöllur var í mýrinni og mógrafir [018] fremst,” segir í örnefnaskrá. Torfið var að öllum líkindum rist í mýrinni fast sunnan við Torfklett, um 200 m suðaustan við bæ 001 og 60 m SSA við Flesju 008. Svæðið er nokkuð deiglent og vel gróið, til norðurs og vesturs er hálfgróinn klettahryggur sem er að hluta til að hverfa í skóg og til suðurs er Vorsabæjarvegur.

Engin ummerki um ristú sjást lengur í mýrinni sem er þarna sunnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 12, 13

**ÁR-235:020** varða landamerki

424319 395684

Varða, vaxin skófum er ofarlega á austurbrún Vörðufells, um 1,1 km VNV við bæ 001 og 720 m SSV við vörðu 025. Sé tekið mið af staðsetningu hennar er hún á merkjum milli Birnustaða og Framness.

Varðan er á hálfgróinni hæð en þarna er gras nokkuð áberandi. Neðan og austan við hæðina er þverhnipt og brött fjallshlíð.

Varðan er 0,8 m í þvermál, er strýtulaga og 0,6 m á hæð. Hún er hlaðin bæði úr flötu og kringlóttu grjóti.

**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-235:020, horft til NNA.

**ÁR-235:021** heimild um traðir

425170 390057

Traðir sem liggja til norðvesturs frá bæ 001 eru merktar inn á túnakort frá 1920. Þær liggja um 60 m til NNV og beygja þá til SV og fjara út. Traðirnar voru fast austan við vatnsból 031. Traðirnar hafa legið upp nokkuð bratta brekku sem útskýrir þann sveig sem er á henni á túnakortinu.

Svæðinu hefur verið umturnað síðustu ár, heimreið lögð að bæjunum og malarplan gert skammt norðvestan við bæ 001. Moldarflag er að hluta þar sem traðirnar lágu en gróin tún eru fast norðar og sunnar.

Engin ummerki um traðir sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-235:022** heimild um brunn

425250 394908

Brunnur var fyrir sunnan heimatúnið samkvæmt túnakorti frá 1920. Hann virðist hafa verið í jaðri þess þegar bæjarteikningin er gerð en ekki sýndur þar. Brunnurinn var um 120 m suðaustan við bæ 001 og 55 m suðvestan við Torfklett 019.

Brunnurinn var neðarlega í gróinni brekku sem hallar niður til suðurs rétt norðan við Vorsabæjarveg. Hann var í jaðri heimatúnsins og ljóst að brunnvegur var langur frá bænum.

Engin merki um brunn sjást lengur og hefur sennilega verið fyllt upp í hann.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-235:023** náma mógrafir

425034 395548

Mógrafir eru í Austurmýri, um 150 m norðaustan við mógrafir 018 og um 500 m sunnan við bæ 001. Þær eru fast norðan við vélgrafinn skurð og Birnustaðavagnbraut 039. Ekki er ólíklegt að þetta sé framhald mógrafa 018 en ekki má sjá bein tengsl á milli þeirra.

Framræst mýri. Svæðið er gróið, víðirunnar vaxa á stöku stað.

Mógrafasvæðið er 70x53 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar sjást afar illa á yfirborði en gamlar loftmyndir gefa staðsetningu þeirra til kynna. Ekki er hægt að áætla fjölda mógrafa á þessu svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-235:024** garðlag túngarður

425374 395080



Túngarður ÁR-235:024, horft til VNV.

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést túngarður afmarka suðurhluta heimatúnsins, austan við lækinn sem þarna var. Lækurinn rennur NNA-SSV í gegnum mitt túnið og skipti því í tvo hluta. Ekki er ljóst hvað réði afmörkuninni til annarra átta. Þegar túnakortið er gert 1920 náði túngarðurinn lengra upp með vesturhluta heimatúnsins, meðfram útihúsi 003 og vestan við útihús 004. Að auki afmarkar túngarður norðurhlíð eystra heimatúnsins. Túnið virðist hins vegar hafa verið minnkað að sunnan. Túngarður sem afmarkaði eystra heimatúnið sést enn til austurs og norðausturs frá bæ 001, í tveimur aðskildum pörtum, um 160 m ANA við bæ 001 og 25 m suðvestan við tóft 042 en

sennilega hefur hann verið sléttaður út annars staðar. Túngarðurinn virðist þó hafa verið færður

austar og ljóst að miklar breytingar verða á heimatúninu á fyrri hluta 20. aldar.

Garðurinn liggur fast í og austan við gróin kletthrygg. Túngarðurinn að stórum hluta innan lítils trjáræktarsvæðis með tilheyrandi raski.

Túngarðurinn er greinilegur á um 250 m löngum kafla. Túngarðurinn er grjót- og torfhláðinn en er mjög siginn, 0,2-0,5 m á hæð og er nyrsti hluti hans best varðveittur. Engin umför sjást í hleðslum enda garðurinn að hverfa undir elftingu eða það siginn að ekkert grjót er eftir. Syðsti hluti túngarðsins hlykkjast nálega norður-suður á um 180 m löngum kafla. Garðurinn beygir til norðvesturs, á um 70 m löngum kafla en rof er þar sem vegslóði liggur frá núverandi bæ jarðarinnar og til engja og túna í norðausturhluta jarðarinnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-235:025** varða landamerki

424700 396290

Varða er ofarlega á Vörðufelli, spöl austan við Tjarnir og nokkru sunnan við Arnarstapa, um 1,3 km norðvestan við bæ 001 og 460 m sunnan við vörðu 009. Varðan er á merkjum milli Birnustaða og Framness.

Varðan er á gróinni hæð og til austurs er ber kletthryggur. Annars er svæðið hálfgróið og þá einkum af mosa. Þarna skiptast á nokkuð grónar lautir og hálfgróin holt.

Varðan er 0,6 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr smáu grjóti og er strýtulaga. Smá grjóthrun er vestarlega við vörðuna sem hefur líklega tilheyrt henni áður.

**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-235:025, horft til SSA.

**ÁR-235:026** heimild um útihús

425010 395081

Útihús er merkt um 220 m vestan við bæ 001 og 130 m SSV við útihús 003 inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það sést ekki á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá. Slétt og grasi vaxið tún í halla niður til suðurs.

Engin ummerki um útihús sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-235:027** renna mylla

424683 395327

“Kornmyllan á Skriðu. Þar var kornmylla á fyrri tíð og sést enn garðbrot frá uppistöðulóninu. Vatnið kom úr Lautunum og þar í kring en líklega hefur landið breyst þarna við hlaup úr Úlfsgili svo sem úr stóra hlaupinu 1920 eða 1921. Til eru tvö mylluhjól úr steini en ekki aðrar minjar úr myllunni. Myllan hefur líklega verið sett upp í tíð Hafliða Þorkelssonar (Ófeigur í Fjalli setti upp myllu á þeim tíma) og Sighvatur Kristbjörnsson, f. 1915, telur að afi sinn, Hafliði Jónsson, bóndi á Birnustöðum 1879 – 1909, hafi notað mylluna,” segir í örnefnaskrá. Myllan var um 90 m norðan við beitarhús 014 og um 600 m norðvestan við bæ 001. Sjálf myllan er horfin, fór líklega undir



Renna ÁR-235:027, horft til suðurs.

skriður sem fallið hafa úr Úlfsgili.

Úlfsgil opnast hér og lækurinn sem þar rennur dreifir úr sér. Grýtt eyri er í læknum sem hlykkjast hér til suðurs. Enn má sjá rennu vestan við eyrina, þar var vatni veitt að myllunni. Stórt grjót er einnig nærri rennunni.

Líkt og áður sagði er ekki vitað með vissu hvar myllan var staðsett með vissu. Örnefnið Skriða er um 160 m sunnar og greinilegt að miklar breytingar hafa orðið á þessu svæði. Enn má þó sjá grýtta rennu sem liggur til suðurs frá litlu garðbroti, þar sem Úlfsgil opnast til suðurs úr fjallinu. Garðurinn eða kanturinn er 5 m langur og snýr austur-vestur. Hann er 0,4 m á hæð til vesturs en fjarar út til austurs uns hann hverfur. Um 14 m sunnar sést hlaðin renna hlykkjast til suðurs. Hún er um 30 m löng, 0,4-0,8 m á dýpt og 2 m á breidd. Hún er grýtt og greinilegt að skriður hafa raskað henni að einhverju leiti.


**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE,7

**ÁR-235:028** *Gamli-Nátthagi* tóft beitarhús 425034 395320

“Efri-Geldingatorfa, Fremri-Geldingatorfa. Tvær grónar torfur upp af gilinu [Úlfsgili] til austurs. Nöfnin benda til þess að þar var geldingum beitt en fjárhús var í Gamla-Nátthaga til forna og sést tóftin enn,” segir í örnefnaskrá. Beitarhúsið er um 340 m norðvestan við bæ 001 og um 270 m NNA við tóft 038.

Tóftin er í gróinni hlíð Vörðufells. Hún er á grónum stalli eða lítilli flöt og nokkru austan við tóftina er gróið gil þar sem lítill lækur rennur í Bæjargili.



Uppmæling af tóft ÁR-235:028.



Tóft ÁR-235:028, horft til suðurs.

Beitarhúsið er tvískipt, 15 x 8,5 m að stærð og snýr NNV-SSV. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og ná þeir allt að 0,9 m hæð. Alls má telja 4 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Tóftin er grafinn lítilllega inn í brekku til NNV. Sjálf fjárhúsinu eru til SSA. Þau eru 9 x 3 m að innanmáli, snúa eins og tóftin og með opi til SSA. Grjóthlaðinn garði, er í miðju fjárhúsinu. Hlaðan er að baki (norðar). Hún er 3,5 x 3,5 m að innanmáli og 0,8 m dýpri en fjárhúsin.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE,11

**ÁR-235:029** *Lautir* heimild um mógrafir A 424743 N 395223

“Lautir heitir vestan við Balana, niður af Stekkjarásnum og ná niður á Skriðu. Þar eru gamlar mógrafir,” segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru horfnar og líklega var fyllt upp í þær. Þær voru um 500 m VNV við bæ 001 og rúmum 130 m norðvestan við tóft 038.

Mógrafirnar voru þar sem mýri og fjallshlíð mætast. Landið lækkar til suðurs í deiglendum stöllum

og mógrafirnar hljóta að hafa verið neðan við brekkuna.  
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 11

**ÁR-235:030** *Gataklettur* heimild um leikvöll 425172 395554

“Gataklettur. Hann er ofan við Fjárskjólín, klettur með gati. Við þessa kletta var “afréttur” barnanna á Birnustöðum,” segir í örnefnaskrá. Gataklettur er um 530 m norðan við bæ 001 og 380 m ANA við stekk 024.

Gataklettur er rétt vestan við mikið skarð eða gil sem kallast Bæjargil í grónum hlíðum Vörðufells. Þó sést víða í bert grjót sem rís hærra en gróðurinn á svæðinu.

Á þessum stað eru nokkrir berir klettur en engin göt saúst á þeim. Gataklettur var líklegast stærsti beri kletturinn á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 11

**ÁR-235:031** *Bæjarlækurinn* heimild um vatnsból 425159 395098

“Bæjarlækurinn. Hann á upptök sín vestast og efst í heimatúninu. Þar var lengi vatnsból bæjanna en þau hafa verið flutt,” segir í örnefnaskrá. Vatnsbólið var um 90 m norðvestan við bæ 001 og 50 m norðaustan við útihús 003.

Lækurinn liggur niður gróna hlíð sem hallar til suðurs. Á þessum slóðum er nú mikið rask, búið reisa nýleg útihús, leggja vegi og fl. tengt búskap á jörðinni.

Lækurinn var fremur lítill þegar skrásetjari var þar á vettvangi síðsumars 2024 og nánast uppþornaður. Lækjarfarvegurinn er nokkuð raskaður og búið er að leggja veg yfir hann næst bæjarhól 001.

**Hættumat:** hættu, vegna byggingar

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE, 12

**ÁR-235:032** *Grenshlið* heimild um leið 425784 395573

“Grenshlið. Klauf eða gilskorningur í klettabeltinu ofan við Hjallana. Þar var sæmileg uppganga og sú eina þarna í hlíðinni. Eru dæmi um að kýr hafi farið þar upp. Mörk Birnustaða og Álfstaða eru um klaufina,” segir í örnefnaskrá. Grenshlið er spöl norðar en Skarðsflöt, um 840 m norðaustan við bæ 001 og 110 m suðvestan við Grenshliðsvörðu 010. Grenshlið er skarð í gróinni hlíð Vörðufells, klettarnir í skarðinu eru þó berir. Mikið hefur þó hrunið úr þeim, í skarðið, og síðan gróið yfir.

Engin ummerki um leið sjást lengur í Grenshliði. Mikið hefur hrunið úr klettum og sennilega var leiðin aldrei fjölfarin.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Birnustaðir JE,, 12




Grenshlið ÁR-235:032, horft til norðausturs.

**ÁR-235:033** hús beitarhús 424797 395114

Beitarhús er rétt vestan við Skriðu, um 420 m VNV við bæ 001 og 50 m suðvestan við tóft 038. Hluti beitarhússins er enn undir þaki sem er að hruni komið.

Beitarhúsið er á sléttri flöt sem afmarkast af grunnum lækjarfarvegum til norðausturs og norðvesturs.



Uppmæling af tóft ÁR-235:033.



Beitarhús ÁR-235:033, horft til norðurs.

Til suðurs og austurs eru malarvegir, sem liggja um túnið.

Beitarhúsið skiptist í fjögur hólf, er 25 x 17 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og hægt að sjá allt að 7 umför af grjóti í hleðslum sem eru 0,7-0,9 m á hæð. Hólf 1 er nyrst. Það er 7 x 2m að innanmáli og er op nyrst á austurhlið hólfins. Hólf er 2 m sunnan við hólf 1 og var rétt. Það er 12 x 5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Gengið er inn á hólfid vestarlega á suðurhlið þess. Hólf 3 er sunnan við rétt 2. Það er 5,5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf 4 eru fjárhúsin sem enn eru undir þaki. Það er þó að hrynja og vegna ástands treysti skrásetjari ekki þar inn. Op er á austurgaffli.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-235:034** heimild um útihús

425335 395013

Útihús er sýnt um 90 m austan við bæ 001 og um 230 m austan við útihús 003 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það var í brekku, austarlega innan heimatúnsins.

Trjárækt er fast suðaustan og norðan við áætlaða staðsetningu útihússins. Búið er að slétta yfir svæðið og þar var gert tún áður en trjánur var plantað.

Engin ummerki um útihúsið eru varðveitt á yfirborði

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-235:035** þúst heystæði

425328 394715

Innan áveitu 016 er heystæði, um 330 m SSA við bæ 001 og 220 m norðan við Gvendarpytt 011.

Þýfð, framræst mýri. Víðirunnar eru á stöku stað en kerfill er ráðandi.

Þústin er 6,6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,3 m á hæð og flöt að ofan.



Þúst ÁR-235:035, horft til suðvesturs.



Þúst ÁR-235:036, horft til suðvesturs.

Þetta er líklega svokallaður lanarbali, hlaðinn stallur þar sem heyi var safnað saman á. Hann sker sig úr deiglandinu sökum grænku.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-235:036** þúst útihús 425202 395088

Þúst, mjög gróin, er um 80 m norðvestan við bæ 001 og 20 m VSV við útihús 002. Hún er innan heimatúnsins og ber útihúsi vitni.

Þústin er í gróinni hlíð sem hallar til suðurs að núverandi heimreið að bænum.


Þústin er 4,5 m í þvermál, er nánast strýtulaga og 0,7 m á hæð. Það er mjög skýrt hvar þústin endar en ekkert tóftarlag er þó lengur á henni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-235:037** tóft rétt 425421 395073

Einföld tóft er um 210 m ANA við bæ 001 og 30 m SSA við tóft 040, skammt austan við heimatúnið. Líklega er um heimarétt að ræða.

Tóftin er á gróinni brekkubrún. Til norðurs er vegslóði sem liggur frá heimatúni jarðarinnar til túna sem eru þarna norðaustar.




Uppmæling af tóft ÁR-235:037.



Tóft ÁR-235:037, horft til NNA.

Tóftin er 15 x 13 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru stæðilegir, allt að 1 m á hæð til norðurs og austurs en hinar tvær hliðar tóftarinnar eru minni, 0,5 m á hæð. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Ekki sér í greinileg umför í veggjum vegna mikils gróðurs. Tóftin er lítillega niðurgrafin, 0,3 m, og op sést í suðausturhorni.

**Hættumat:** engin hætta



Uppmæling af tóft ÁR-235:038.



Tóft ÁR-235:038, horft til VNV.

**ÁR-235:038** tóft fjárskýli

424844 395126

Lítill tóft, líklega fjárskýli, er 40 m austan við beitarhús 045 og 560 m vestan við bæ 001. Mögulega eru þetta eldri beitarhús en þau sem sýnd eru á herforingjaráðskorti, sjá 014. Vírgirðing liggur fast austan við tóftina en raskar henni ekki.

Tóftin er innan slétts, grasi vaxins túns sem nýtt er til beitar.

Tóftin er 6x6 m að stærð og opin til austurs. Veggir eru signir, algrónir og aflíðandi. Stór steinn sést í einu horni nyrst innan tóftarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-235:039** *Birnustaðavagnbraut* vegur leið

425065 394847



Birnustaðavagnbraut ÁR-235:039, horft til suðurs.

“Leiðin frá Birnustöðum lá áður yfir mýrina suður af bænum og var kominn upphlaðinn vegur niður undir Vorsabæjarmörkin.” segir í Jarðabók Skeiðahrepps. Birnustaðavagnbraut er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908. Vegurinn sést allt frá holtinu sem bærinn er á og hverfur við landamerki Vorsabæjar. Hún var líklega notuð á leið ÁR-661:005 sem hefur færst til vesturs með tilkomu vegarins sem liggur mitt á milli Austur- og Vesturmýrar. Slétt, framræst mýri.

Vegurinn er um 380 m að lengd og um 5 m á breidd. Hann er upphlaðinn yfir mýrina, 0,2 m á hæð og sléttur. Gras vex á honum enda er hann ekki nýttur lengur. Enn er þó hægt að aka eftir honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 134

**ÁR-235:040** *Skeiðaáveita* mannvirki áveita

425567 394501

Í Jarðabók Skeiðahrepps stendur: “Landið þornaði þegar skurður Skeiðaáveitunnar kom yfir landið syðst og framræsluskurðir voru grafnir þegar skuðröfur komu til sögunnar. Engjarnar skiptust um leiðina niður að Vorsabæ í Vesturmýri annars vegar og Austurmýri hins vegar. Allar engjarnar voru slegnar nema Vesturmýrin, efst. ... Skeiðaáveitan náði aðeins til 23 ha lands og var það landið syðst og vestast en bændur hafa veitt vatni fram á engjar. Veitt var á Vesturmýrina efst, líklega vatni úr Bæjargilinu en safnað var saman lækjarsytrum undan fjallinu og veitt á Austurmýrina. Flóðgarðar voru byggðir og landinu skipt í skákir.”

Enn má sjá skurði tilheyrandi Skeiðaáveitu og flóðgarða syðst í landi Birnustaða.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 134

**ÁR-235:041\_01** mannvirki

424802 395229

“Árið 1947 lét Sighvatur Kristbjörnsson, síðar ábúandi á 1/3 jarðarinnar, setja þar upp rafstöð. Steypt var stífla í Úlfsgili og vatninu þaðan veitt eftir stokk niður á jafnsléttu, en lækjarsytrum bætt við á leiðinni. Það var Pétur Símonarson frá Vatnskoti í Þingvallasveit - mikill grúskari - sem setti stöðina upp og dugði hún til 4 kw, 200 volta, jafnstraumur. [...] Stöðin gekk til ársins 1957 að rafmagn kom frá samveitu.” segir í Jarðabók Skeiðahrepps. Rafstöðin var um 450 m austan við bæ 001 og rúmum 120 m austan við beitarhús 014. Stífla 02 var mun ofar í fjallinu og á loftmynd má greina stokk 03 að læknum.



Áveitukort Birnustaða. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

Á þessu svæði eru mörk brekku til norðurs og deiglendis til suðurs. Allt svæðið er nýtt til kúabeitar. Rafstöðin var fast vestan við nafnlausan læk skammt austan við Úlflæk. Hann á upptök sín undir svokölluðum Brekkum. Húsið er hrunið, steypubrot liggja í grasi og túrbínan sem enn er á sínum stað.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 133



Rafstöð ÁR-235:041\_01 er hrunið.



Stífla ÁR-235:041\_02 í Úlfsgili, horft til norðurs.

**ÁR-235:041\_02** mannvirki

424767 395559

Stífla er um 700 m norðvestan við bæ 001 og 50 m norðvestan við stekk 015. Á staðnum er stífla 02, rétt sunnan við Fagrafoss og renna 03 sem er um 470 m suðvestan við hin mannvirkin, rétt suðaustan við Bala. Þessar minjar teljast ekki til fornleifa en mikilvægar fyrir sögu sveitarinnar og því teknar með í þessa fornleifaskrá.

Úlfarsgil er djúpt og ógróid. Til suðvesturs er lítil og gróin hvilft sem afmörkuð er af Stekkjarás til austurs.

Stíflan er hlaðinn milli tveggja klettastrýta í Úlfarsgili. Hún er steipt yfir lækinn, 2 m á lengd, um 2,5 m á hæð og mosagróin efst. Lítið op er á stíflunni, svo lækurinn geti runnið þar í gegn. Um 15 m norðar er lítil steypubútur, rofinn af ánni, og er aðeins um 1,5 m á breidd.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-235:041\_03** renna

424775 395544

Stokkur 03 er um 15 m suðvestan við stíflu 02. Stokkurinn liggur frá Úlfsgili, til suðvesturs á um 105 m löngum kafla, gegnum Stekkatún, beygir þar til suðurs að rafstöð 01. Stokkurinn er gróinn, 0,3 m á hæð og 0,6 m á breidd.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-235:042** tóft rétt

425393 395098

Einföld tóft er um 200 m norðaustan við bæ 001 og 30 m norðvestan við hleðslu 037.


Tóftin er á mörkum lítils skógar og óráktaðs svæðis. Til suðurs er vegslóði sem liggur frá núverandi heimatúni jarðarinnar að túnnum sem eru norðaustar. Milli tóftarinnar og vegslóðans er vírgirðing.

Tóftin er 7,5 x 7,5 m að stærð og ekki virðist vera hlaðinn veggur á suðurhlíð hennar. Tóftin er grjóthlaðin en er að hverfa í vallgróður og skóg og ekki sér því í umför. Veggir eru 0,3-0,6 m á hæð, hástir til norðausturs og austurs. Óvíst er með hlutverk þessara tóftar, annað en hún var reist fyrir skepnuhald, mögulega heimarétt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft ÁR-235:042, horft til NNW.



Uppmæling af tóft ÁR-235:042.

## ÁR-236 Álfsstaðir

Sögulegar heimildir:

1686 & 1695: 20 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1709: Dýrleiki óviss, Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 201.

1847: 25 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63. Árið 1896 voru 13 bæjarhús og 7 peningshús samtals á báðum býlum Álfsstaða. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 8 bæjarhús og 6 peningshús gjörfallin, en 5 bæjarhús og 1 peningshús mjög skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.


Ósabakkí (ÁR-237): „Þetta býli er bygt á fornu eyðibóli fyrir 35 árum milli Álfsstaða og Reykja, en ekki er víst í hvorrar jarðarinnar landi þetta býli stendur, þó meina fleiri, að plátsið heyri Álfstöðum til, sem kotið stendur á, hefur þó kotið aldrei goldið sínar skuldir til Álfsstaða, heldur jafnan til stólsins,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 201.

“Nokkrum sinnum hefur verið tvíbýli á Álfstöðum, bæði á nítjándu öldinni og eins á þeirri tuttugustu,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 438.

Landkostir:

1920: Tún 4,8 ha, mest sléttað. Matjurtagarðar 11,6 arar. 1709: “Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrri grjóthruni og skriðum úr Vörðufelli. Hætt er kvikfje fyrir foröðum og flóðum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 201

“Er Þjorsárhraunið undir hluta jarðarinnar, en er þó hvergi ofanjarðar. Þar er túnstæði gott og land grasgefið. [...] Land jarðarinnar skiptist nokkurn vegin að jöfnu í mýrlendi og heiðalönd. Mýrlendið hefur að mestu verið ræst,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 438.



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Álfsstaða frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar punktalínur og litaðir flákar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

**ÁR-236:001\_01** *Álfsstaðir* bæjarhóll bústaður

426809 395954

Bærinn á Álfsstöðum er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1920, norðarlega og fyrir miðju heimatúnsins. Sex eða sjö bæjarhús með kálgörðum SA og SV við eru merkt inn á kortið frá 1906. Á ljósmynd í Jarðabók Skeiðahrepps tekinni árið 1951 sést að núverandi íbúðarhús var byggt skammt sunnan við eldra timburhús sem var rífið. Það er ekki kjallari á yngra húsinu né hafa varðveist frásagnir um að mannvist hafi fundist við byggingu þess. Á myndinni sést enn fremur að eldri torfbærinn er þegar horfin. Stafnar torfbæjarins snéru til suðausturs og eldra timburhúsið var að öllum líkindum hluti af bæjarröndinni. Viðsýnt er frá bænum.

Mikið rask er á og við bæjarhólinn. Malarplan og -vegur er yfir suður- og austurhluta hólins en til annarra átta eru núverandi útihús.



Álfsstaðir árið 1951, núverandi íbúðarhús er í byggingu.

©Héraðsskjalasafn Árnesinga



Horft til norðurs yfir bæjarhól ÁR-236:001\_01.

Bæjarhóllinn er mikið raskaður og engin uppsöfnun mannvistarlagá sjáanleg á yfirborði. Núverandi íbúðarhús er byggt í suðausturhluta bæjarhólins, þar sem kálgarður 02 var. Á miðjum hólnum var eldra íbúðarhús og núverandi útihús þekja allan norðurhlutann. Vestasta húsið í bæjarröndinni sést að öllum líkindum á ljósmynd í Jarðabók Skeiðahrepps og gæti tilheyrt eldri bænum í grunninn. Enn vestar sjást nú grunnar útihúsa sem aldrei voru kláruð. Braggi er fast norðan við bæjarhólinn og afgirt gerði sem skagar fram, líklega er það jarðfylling. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna var bæjarhóllinn um 45x35 m að stærð og snéri NA-SV.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-236:001\_02** heimild um kálgarð

426808 395932

Kálgarðar eru ekki skýrt merktir inn á túnakort frá 1920 en eru sagðir 11,6 arar (1 ari = 100 m<sup>2</sup>). Á bæjarteikningunni sést að kálgarður 02 var sunnan við bæinn. Hann er horfinn, þar er núverandi íbúðarhús og bakgarður við það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-236:001\_03** heimild um kálgarð


426773 395961

Kálgarður 03 var vestan við bæ 001, traðir 002 lágu á milli þeirra. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin, þar er nú malarplan og skjólbelti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Amessýsla  
Álfstaðakryggur

# Álfstaðir



Fl. 4,8 ha. mest slj. Álfstað. 0,3 rættk. 0,4 ha. gert  
Málfr. 11,6 arar  
1:2000

Álfstaðir 1920  
Valdimar Björnsson

Túnakort Álfstaða frá 1920. Bærinn er sýndur sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands

**ÁR-236:002** heimild um traðir

426785 395910

Traðir í SSV frá bæ 001 eru merktar inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Traðirnar eru horfnar en voru líklega á sama stað, eða fast vestan, við núverandi malarveg að bænum. Traðirnar komu að bænum úr suðri, sveigðu til NNV, á milli bæjahúsanna og kálgarðs 001\_03.

Gróin tún eru til austurs og vesturs. Skjólbelti eru við malarveginn.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-236:003** tóft fjárhús


427040 395871

Um 230 m ASA af bæ 001 og tæpum 30 m norðan við útihús 004 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Útihúsið er innan stakstæðs túns, lækur rann á milli þess og hins eiginlega heimatúns sem er fast vestar. Á þessum stað eru nú fjárhús með niðurgrafinni hlöðu að baki. Á bæjarteikningunni er útihús 022 fast sunnar en það er ekki sýnt á túnakortinu og líklega er það reist á árunum milli þess sem kortin eru gerð.

Slétt tún. Skurður er fast vestar, hann liggur frá dælunni Þömb sem var þarna fast norðar en horfin



Tóft ÁR-236:003, horft til suðausturs.



Uppmæling af tóft ÁR-236:003.

vegna framræslu. Lækurinn á milli túnanna rennur í skurðinum að auki.

Tóftin er 20x11 m að stærð og snýr VNV-ASA. Tóftin skiptist í fjárhús til vesturs og niðurgrafna hlöðu til austurs. Svo virðist sem hlaðið aðhald sé norðan við fjárhúsin að auki. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd, 1,3-2 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Það má greina 5-7 umför í þeim. Vestasta hólfið er 12,5x2,3 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Það er opið til vesturs og grjóthlaðinn garði liggur eftir því endilöngu. Hlaðan er austar og er 5x3 m að innanmáli. Hún er full af þakhruni og ekkert op sést þar inn. Austurveggur er fallin út og raskar tóftinni mikið. Veggir eru mun lægri að utan, 0,6-1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-236:004** hús fjárhús

427013 395849

Um 220 m ASA af bæ 001 og rúmum 150 m sunnan við útihús 022 eru tvö útihús (sjá 039) merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Þau snúa bæði A-V og eru samsíða. Á túnakortinu er þetta sýnt sem eitt hús sem snýr N-S og ljóst að einhverjar breytingar hafa orðið á þeim 14 árum sem líða á milli þess sem kortin eru gerð. Yngra húsið virðist byggt þvert yfir vesturhluta beggja húsanna sem sjást á bæjarteikningunni. Tvö op eru til vesturs og bera að öllum líkindum báðum útihúsunum vitni sem þarna voru 1906. Útihúsið á túnakortinu er



Útihús ÁR-236:004, horft til austurs.

enn undir þaki og er að hruni komið. Hér er verið að skrá nýðra húsið.

Slétt tún. Skurður er fast vestar, hann liggur N-S frá dælunni Þömb sem var þarna fast norðar en horfin vegna framræslu.

Húsið er 13x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Húsið er lítillaga niðurgrafið og er af fjárhúsum. Um 3 m lofthæð er þarna inni. Bárujárn er yfir þaki og tvennar dyr til vesturs, í sitt hvorum enda þeirrar hliðar. Hrun er í báðum endum hússins og suðurhluti þekjunnar er þegar fallinn. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru 1-2 m á hæð. Það má sjá 5-8 umför af grjóthleðslu í veggjum. Húsinu var líklega skipt í tvennt með timbri

sem hefur verið tekið niður, einungis eitt hólf er þarna núna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-236:005** heimild um kvíar

426793 395881

“Stöðull [var] skammt frá bænum þar sem kýr voru mjólkaðar,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. “Stöðullinn var við heimreiðina að austan en er nú horfinn í tún,” segir í örnefnaskrá. Stöðullinn var um 70 m sunnan við bæ 001, fast austan við traðir 002. Stöðullinn var innan heimatúnsins en ekki er vitað hvort að mannvirki var á honum eður ei.

Slétt tún.

Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir Svör, 1; Ö-Álfsstaðir JE, 12

**ÁR-236:006** *Hornmarksvarða* heimild landamerki

427443 397569

Landamerki Álfsstaða 1885: “Fyrst hornmark, Birnustaðaskyggvir, milli Álfsstaða og Helgastaða; og úr Birnustaðaskyggvi beina línu í Valagilsgljúfur, og úr því beina línu í Hornmarksvörðu milli Helgastaða og Eiríksbakka, Ósabakka og Álfsstaða,” segir í Landamerkjabréfi No. 71. Norðan hans [Húshól] er Langirimi, langur og stór, nær að hornmarki Álfsstaða, Helgastaða og Ósabakka, en Eiríksbakki átti áður land þar að. Þarna stóð svokölluð Hornmarksvarða, og hefur hún nú verið flutt niður á byggðasafn Árnassýslu, Selfossi. Á korti Jóns Eiríkssonar er varðan nefnd Krossa, en systkinin á Álfstöðum könnuðust ekki við það (né heldur Hulda Guðjónsdóttir, bóndi á Eiríksbakka, f. þar 1917). Svo langt er um liðið, síðan Jón vann þetta, að hann man ekki, hvar hann fékk þetta örnefni. Líklegast er hér um mistök að ræða, þar eð nafnið er hvorki í landamerkjalyfingu Álfsstaða né Eiríksbakka,” segir í örnefnaskrá (BH). “Hlaðin þúfa í mýrinni [...]. Þúfan fór í skurð þegar grafinn var skurður í mörkum en utan á henni hafði verið hella með ártali. Var hellunni komið á Byggðasafn Árnassýslu,” segir í örnefnaskrá (JE). Hornmarksvarða var um 1,7 km NNA við bæ 001 og 295 m NNA við vörslugarð 050.

Á þessum stað er framræst votlendi. Varðan var rétt norðaustan við hálfgróin rima eða litla hæð sem rís upp úr deiglandinu.

Engin ummerki um Hornmarksvörðu sjást lengur enda er hún komin undir skurð eins og segir í örnefnaskrá og steinninn á Byggðasafn Árnesinga.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 71; Ö-Álfsstaðir BH, 1, 3; Ö-Álfsstaðir JE, 11

**ÁR-236:007\_01** kantur túngarður

426670 395880

Túngarður sunnan við bæ 001 er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Á bæjarteikningunni er túngarður 02 einnig merktur sunnan við útihús 003 og 004, þar var stakstætt tún. Til norðurs virðist Þömb hafa ráðið afmörkun beggja túnanna. Norðvestan við túnið sést enn brún, mögulega var hlaðinn kantur þar. Kanturinn er undirhleðsla undir girðingu en engu að síður talin hér til fornleifa. Sambærilegur kantur sést norðan við útihús 003, norðan við stakstæða túnið.



Kantur ber túngarði ÁR-236:007\_01 vitni. Horft er til austurs.

Gróin, framræst tún eru til allra átta.

Kanturinn sést norðvestan við bæ 001 á 100 m löngum kafla. Hann sést eingöngu að norðan og er um 0,3 - 0,5 m á hæð. Skjólbelti er fast sunnan hans og vírgirðing er ofan á honum. Aðrar hliðar túngarðsins sjást ekki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-236:007\_02** heimild um túngarð

427074 395873

Túngarður 02 myndar gleitt horn og afmarkaði suður- og austurhlið staðstæðs túns, austan við hið eiginlega heimatún. Hann afmarkaði svæði sem var 78x53 m að stærð og snéri NNA-SSV. Lækir og dælur réðu til annarra átta. Óljós kantur sést 25 m norðan við útihús 003. Hann er 0,3-0,5 m á hæð og algróinn. Hann sést til norðurs, að tjörninni. Hann er 40 m langur uns hann fjarar út til beggja átta. Líklega er kanturinn ummerki um undirhleðslu. Öll ummerki túngarðsins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-236:008** *Otthóll* heimild um bústað

426605 396014

“Í túninu sunnan við Þömb og vestan bæjarhúsanna, nærri fjallinu, var hóll, sem nú hefir verið sléttað úr; hét hann Otthóll, og voru í honum tættur eftir húskofa sem talið er, að Otti nokkur hafi búið í. Helgi hélt, að hér gæti verið um sama Otta að ræða og bjó á Brúnavöllum [bjó þar 1703], og frá segir í sagnaþáttum Guðna Jónssonar. Líklegt er þá, að hann hafi verið þarna í húsmennsku í ellinni,” segir í örnefnaskrá (BH). “Otthóll. Lítill hóll vestur af bænum en var ýtt úr um 1950 þegar landið var tekið til túnræktar. Nú er þar bali í túninu. Í hólnum voru tættur af húskofa og öskuleifar komu í ljós þegar hólnum var ýtt út. Er hóllinn kenndur við Otta sem þar hafði hokrað í húsmennsku í ellinni,” segir í örnefnaskrá (JE). Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var hólhryggur í túninu, Otthóll var líklega vestarlega á honum, um 210 m vestan við bæ 001.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki hólsins eða annarra mannvistarleifa sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 1-2; Ö-Álfsstaðir JE, , 10

**ÁR-236:009** *Illaklif* náttúrumin huldufólksbústaður

426453 396169

“Ofan við fyrrgreint tún er malarrif, og lágu þar um götur [010]; heitir þar Steinbogi, og allstór klettur ofan hans, í fjallsrótunum, heitir Steinbogaklettur. Rétt norðan hans er annar klettur, og heitir sá Illaklif og hefir hlotið nafn sitt af því, að í honum taldi fólk huldufólk búa. Undir honum

og upp með að norðan lá gata [010],” segir í örnefnaskrá. Illaklif og Steinbogi eru um 460 m vestan við bæ 001 og um 50 m norðan við beitarhús 040. Illaklif er norðar með fjallshlíðinni og sést vel, þetta er stuðlabergsklettur sem er um 2-3 m á hæð til austurs.

Brekkan verður mun brattari norðan beitarhús 040, þar eru stór björg og klettabelti. Þarna er grasi vaxið svæði milli tveggja stakstæðara klettaljarga, á gasivöxnum stalli. Framræst mýri er til austurs.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Alfsstaðir BH, 2



Horft til vesturs yfir Illaklif og Steinboga.



Leið ÁR-236:010, horft til norðurs.

**ÁR-236:010** gata leið

426510 396240

“Ofan við fyrrgreint tún er malarrif, og lágu þar um götur; heitir þar Steinbogi, og allstór klettur ofan hans, í fjallsrótunum, heitir Steinbogaklettur. Rétt norðan hans er annar klettur, og heitir sá Illaklif og hefir hlotið nafn sitt af því, að í honum taldi fólk huldufólk búa. Undir honum og upp með að norðan lá gata. [...] Neðan og norðan Hellisbarðanna eru lág holt og móar í fjallsrótunum, og heitir þar Kolhólar, og neðan þeirra Kolhólaflóð. Sunnan við Kolhóla og neðan Efra-Hellisbarðs er lítil laut, sem heitir Kúalaut, og niður undan henni er Blesaföt. Hér áður var kúm sérstaklega beitt á þessa tvo staði, og þá farið frá bænum um stíginn undir Illaklifi,” segir í örnefnaskrá (BH). “Mýrin var aðeins fær lausríðandi mönnum en farnar voru göturnar í fjallsrótunum. [...] Slægjur voru eltar jafnvel inn með fjallinu allt að Helgastaðamörkunum annað árið og var langur og erfiður heybandsvegur þaðan eftir götunum í fjallsrótunum. [...] Göturnar undir Vörðufelli. Þar lágu af Fjallsréttarflötum neðan við Steinbogaklettinn og svo áfram í fjallsrótunum inn með fjallinu. Þetta voru reiðgötur og heybandsleið meðan heyskapur var sóttur inn með fjallinu. [...] Illaklif. Svo var gatan neðan við Steinboga nefnd, enda var hún oft illfær. Steinbogi. Allstór klettur í fjallsrótunum. Neðan við hann eru gömlu göturnar. [...] Miðbrekkur. Grösugar brekkur neðantil í fjallinu. Þar lágu gömlu göturnar um. [...] Kolhólar [017]. Lágt holt eða hæð í fjallsrótunum með rofabörðum og skorningum. Fyrir neðan hólana og milli þeirra lágu lestargötur bændanna á Iðu og Helgastöðum og heybandsgötur Álfsstaðabænda þegar þeir sóttu heyskap inn að mörkum Helgastaða en þar var greiðfært land með elftingu og starengi,” segir í örnefnaskrá (JE). Þessi leið lá til norðurs með fjallinu og enn má sjá hana sem kindagötur sem viðhaldið er af búpeningi í lausagöngu.

Gatan lá á mörkum mýra til austurs og Vörðufjalls til vesturs. Svæðið er gróið en víða koma lækir niður fjallshlíðina.

Leiðin sést sem kindagötur meðfram öllu fjallinu,

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Alfsstaðir BH, 2; Ö-Alfsstaðir JE, , 2, 4, 7-8

**ÁR-236:011\_01** heimild um beitarhús

427220 396216

“Frá Kolhólaflóði norðanverðu og suðaustur mýrina liggur Þverflóð, en milli flóðanna heitir Flóðaklofningar. Þverflóð, sem enn hefir ekki verið alveg þurrkað upp, liggur að fjárhúsum, sem standa rétt innan við smáhól, Rofhól,” segir í örnefnaskrá. Tvö beitarhús (01 og 02) og kvíar eða rétt (03), um 410 m norðaustan við bæ 001 og 110 m NNV við beitarhús 042\_01, eru merkt inn á herforingjaráðskort 47 SV frá 1908. Hér er um sama stað að ræða.

Á þessum stað er nú hesthús (ekki fornleif). Hesthúsið er suðaustarlega á skeifulaga og grónum rima sem er umkringdur grónu deiglendi. Vegur liggur frá bæjarstæði jarðarinnar til norðausturs og að þessu hesthúsi. Suðaustan við hesthúsið er lítið beitarhólf.

Engin ummerki um beitarhús sjást lengur á þessum slóðum og líklega var það á sama stað og hesthúsið.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 3; Herforingjaráðskort 47 SV 1908**ÁR-236:011\_02** heimild um beitarhús

427572 396188

Beitarhús 02 var rúmum 30 m suðaustan við beitarhús 01. Engin ummerki þess sjást á yfirborði enda töluvert jarðrask á þessu svæði, m.a. vírgirðingar sem og hrossum gefið. Húsið var líklega jafnað við jörðu.

**Hættumat:** engin hættu**ÁR-236:011\_03** heimild um rétt

427227 396164

Rétt 03 var sunnan við bæði beitarhúsin, á kortinu sést bogadreginn veggur þar. Engin ummerki sjást á yfirborði þar sem réttin var, enda búið að raska svæðinu mikið, m.a. með túnasléttun.

**Hættumat:** engin hættu**ÁR-236:012** heimild um ristu

427056 396803

“Mýrin norðan heimreiðarinnar og neðan fjallshlíðarinnar heitir Álfstaðamýri. Frá Kolhólaflóði norðanverðu og suðaustur mýrina liggur Þverflóð, en milli flóðanna heitir Flóðaklofningar. Þverflóð, sem enn hefir ekki verið alveg þurrkað upp, liggur að fjárhúsum [011], sem standa rétt innan við smáhól, Rofhól. Taldi Helgi líklegt, að þar hafi verið skorið torf,” segir í örnefnaskrá (BH). “Góður torf- og reiðingavöllur var hjá Kolhólaflóði og með Þverflóðinu og sóttu bændur þangað til torfristu,” segir í örnefnaskrá (JE). Þverflóð er mýrarfláki spöl vestan við Húshól, um 890 m norðan við bæ 001 og 470 m ASA við Kolhóla 017.

Þverflóð eru fast norðan við framræst votlendi. Á þessum slóðum er enn nokkuð deiglent en víða eru þó lágreistir grónir rimar og litlar hæðir.

Engin ummerki um ristu sjást lengur á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 3; Ö-Álfsstaðir JE, , 2**ÁR-236:013\_01** *Húshóll* tóft beitarhús

427363 396840

“Norðan hans [Rofhóls] er annar hóll, nokkuð stærri; heitir sá Húshóll, og eru í honum gamlar tættur,” segir í örnefnaskrá (BH). “Sauðahús var í Húshólnum og var hverjum sauði ætlaður einn hestburður af heyi. Dugði það vel í góðri tíð. Hætt var að hafa sauði árið 1941 (Helgi Ólafsson),” segir í örnefnaskrá (JE). Húshóll er um 1 km NNA við bæ 001 og 310 m austan við



Tóft ÁR-236:013\_01, horft til suðvesturs.

Þverflóð 012. Á Húshól er beitarhús 01 og vörslugarður 02, á svæði sem er 110 x 50 m að stærð og snýr NNA-SSV.

Tóftin er í lítilli og gróinni hvilft, suðaustarlega á Húshóll. Til suðvesturs er mýrlent svæði en sjálfur hóllinn til norðurs.

Beitarhús 01 er norðar. Tóftin er einföld, 11,5 x 7,5 m að stærð, snýr NNA-SSV og op er syðst á austurhlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en hleðslur eru mjög vallgrónar og af þeim sökum er ekki hægt að telja umför. Veggir eru 0,2-0,5 m á hæð. Tóftin er lítillaga grafin inn í lága brekku til NNA.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 3; Ö-Álfsstaðir JE, 2



Uppmæling af minjum ÁR-236:013.



Garðlag ÁR-236:013\_02, horft til suðvesturs.

**ÁR-236:013\_02** garðlag vörslugarður 427374 396814

Vörslugarður 02 er sunnan og suðaustan við tóft 01. Hann myndar 90° horn til suðvesturs á Húshól en ekki er ljóst hvort hann afmarkaði stærra svæði. Hann er um 82x50 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hann sést liggja til NNA frá lítilli tjörn, upp á Húshól, alls 80 m. Þar sveigir garðurinn til norðvesturs, um 6 m. Hann liggur síðan á um 50 m löngum kafla áfram til norðvesturs en þar er hann nánast útflattur. Garðurinn er torfhlaðinn og er 0,2 -0,6 m á hæð. Hann er greinilegastur við tjörnina.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-236:014** Ferðamannahólar örnefni áfangastaður 427693 395707



Ferðamannahólar ÁR-236:014, horft til austurs.

“Byrjað við bæjarhúsin: Rétt norðan bæjarhúsanna er stór dæld í mýrinni, þar sem áður var tjörn, sem náði alveg frá fjallinu og niður undir Ferðamannahóla, (sjá síðar); hét hún Þömb [...] Ferðamannahólar (sem áður er minnzt á) eru tveir litlir hólar við eystri enda Þambar. Þar um lá leið Ytrihreppsmanna [ÁR-661:009] í kaupstað, og var þá farið yfir Laxá á Langholtsvaði,» segir í örnefnaskrá BH. Ferðamannahólar eru um 980 m austan við bæ 001 og 300 m suðvestan við Einbúa 018.

Ferðamannahólar eru á grónu holti, sem rís aðeins hærra en mýrin. Til suðvesturs eru

ræktuð tún og sumarhús er nokkuð spöl sunnan við Ferðamannahóla.

Ferðamannahólar eru grónir hólar sem hafa staðir upp úr votlendi og verið góður áfangastaður á leið ÁR-661:009.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 3

**ÁR-236:015** heimild um vatnsból

“Vatnsból ilt og ódrekkandi í þerrum eður frostum, og verður þá að sækja lánga vegu fyrir menn og kvikfjón Eiríksson 2008,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er vitað hvar vatnsbólíð var við upphaf 18. aldar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjastaðinn.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM II, 201

**ÁR-236:016** *Stangarhæð* varða

425633 396287

“Stangarhæð. Hár ás, 379 metrar, við Birnustaðamörkin vestast. Ásinn er merktur V.Ö.F. á korti Herforingjaráðsins og var mælipunktur, merktur með þríhyrningsmerki. Ásinn endar í grjótvörðu og stendur enn járnstöng upp úr vörðunni,” segir í örnefnaskrá. Stangarhæð er 1,2 km VNV við bæ 001 og 520 m suðvestan við Uppgöngusnið 035. Varðan var ekki heimsótt í þetta sinn en mynd af henni er í Jarðabók Skeiðahrepps.

Samkvæmt myndinni er varðan um 1 m á hæð og í henni má sjá allt að 5 umför af grjóti. Hún er ekki vel hlaðin og engu líkara en grjótinu hafi verið hent þarna að hluta. Járnstöngin stendur enn uppi og er hið minnsta um 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir JE, , 6; Jón Eiríksson 2008, 150

**ÁR-236:017** *Kolhólar* heimild um kolagröf

426570 396923

“Neðan og norðan Hellisbarðanna eru lág holt og móar í fjallsrótunum, og heitir þar Kolhólar, og neðan þeirra Kolhólaflód. Sunnan við Kolhóla og neðan Efra-Hellisbarðs er lítil laut, sem heitir Kúalaut, og niður undan henni er Blesaföt,” segir í örnefnaskrá (BH). “Kolhólar. Lágt holt eða hæð í fjallsrótunum með rofabörðum og skorningum. Fyrir neðan hólana og milli þeirra lágu lestargötur [ÁR-661:008] bændanna á Iðu og Helgastöðum og heybandsgötur Álfsstaðabænda [010] þegar þeir sóttu heyskap inn að mörkum Helgastaða en þar var greiðfært land með elftingu og starengi. Þar í Kolviðarhólum hafa fundist lurkar og kolaleifar. Bendir það til þess að hlíðar Vörðufells hafi verið skógi klæddar til forna og gert til kola í hólunum eins og nafnið lýsir,” segir í örnefnaskrá (JE). Kolhólar eru um 980 m NNV við bæ 001 og 210 m ANA við Grýlutotu 037.

Kolhólar vel grónir hólar, austarlega í fjallshlíð Vörðufells. Nokkur kjarrgróður er til vesturs en þegar Kolhólum sleppir til austurs tekur við framræst votlendi.

Engin ummerki um kolagrafir sjást lengur á þessum stað.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 3; Ö-Álfsstaðir JE, , 8

**ÁR-236:018** *Einbúavarða* varða landamerki

428040 395849

“Vestan [austan] Ferðamannahóla er Einbúamýri, og í henni Einbúavarða á mörkum Álfsstaða, Reykja og Ósabakka,” segir í örnefnaskrá. “Einbúi, Fremri-Upphlaðin grjótvarða, hornmark fjögurra jarða; Reykja, Húsatófta, Efri-Brúnavalla og Álfsstaða. Varðan stendur í Einbúafjöti,” segir í örnefnaskrá Reykja. Einbúavarða er 1,2 km austan við bæ 001 og 300 m ANA við Ferðamannahóla 014. Gengið var á vitlausan stað á vettvangi og því var ástand vörðunnar ekki skoðað. Enn má þó greina hól, sunnan við landamerkjaskurð milli Álfsstaða og Ósabakka og líklegt að varðan sé á honum enn.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 3; Ö-Reykir JE, 17

**ÁR-236:019** *Stekkjatúnspyttur* örnefni stekkur 427668 395273

“Sunnan heimreiðarinnar, nokkru vestar en Markadælin og austar en Ferðamannahólarnir, var Stekkjatúnspyttur, nú uppfylltur, en systkinin töldu nafnið einungis komið af lögun pyttisins, sem minnt gæti á stekk, en ekki að þar hafi nokkurn tíma verið stekkur,” segir í örnefnaskrá. “Sennilega [var] hætt fráferum 1924. [...] Rústir sjást ekki eftir stekk,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Stekkjatúnspyttur er um 1,1 km suðaustan við bæ 001 og 170 m sunnan við Vorsabæjarveg.

Stekkjatúnspyttur er fast suðaustan við litla sumarhúsabyggð, innan afgirts beitarhólfs. Um 60 m austan við Stekkjatúnspytt er akvegur sem liggur til suðurs, að öðrum sumarhúsum.

Engin ummerki um stekk sjást á yfirborði. Hann hefur líklega verið í grennd við pyttinn en svæðið er mikið breytt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 4; Ö-Álfsstaðir Svör, 1

**ÁR-236:020** heimild um útihús 426550 395931

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús suðvestast í heimatúninu, 260 m VSV við bæ 001 og fast norðan við túngarð 007\_01.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906




Einn flóðgarður sem tilheyrir áveitu ÁR-236:021.



Skurður sem tilheyrir áveitunni.

**ÁR-236:021** mannvirki áveita 426825 396165

Fyrir norðan og norðaustan heimatúnið sjást ummerki um áveitu og tilraunir til framræslu á eldri loftmyndum. Á myndunum má greina nokkur garðlög og rennur sem liggja á milli rima og lágra hóla í mýri, þ.e. Álfsstaðamýri og til austurs að Krókadæl og allt að Þömb til suðurs. Vestur- og austurhluti þessara mannvirkja sjást enn að hluta, miðhlutinn er horfinn í framræslu eða vegna túnasléttunar. Hér eru öll þessi mannvirki skráð saman en fá tölustafi til aðgreiningar í lýsingunni. Áveitukerfinu er ekki lýst mjög nákvæmlega, bæði eru sum mannvirkin horfin og önnur röskuð. Ekki er heldur alltaf hægt að greina á milli skurða, flóðgarða og stokka á loftmyndum. Þó má segja telja líklegt að engjarnar hafi verið í Álfsstaðamýri. Eins virðist vatni hafa verið veitt á milli dæla og rima.



Uppmæling af áveitu ÁR-236:021. Mannvirkin eru norðan og austan við heimatúnið.

Til vesturs er Álfstaðamýri sem búið er að ræsa fram og skipta í aflöng beitarhólf til vesturs. Krókadæl er sunnan við þurra rima og sést enn þrátt fyrir mikla framræslu til vesturs.

Áveitan nær yfir svæði sem er um 1 km að lengd (A-V) og 600 m að breidd (N-S). Þau mannvirki sem henni tilheyra í dag eru fremur brotakennd, víða röskuð vegna yngri skurða, túnasléttunar og beitar. Renna 1 er nánast fyrir miðju svæðisins og liggur til SSV frá Þverflóði, vestan við Vallarrima og veitti vatni til suðurs að Þömb. Hún er mikið röskuð en sést enn þar sem brú er yfir yngri skurð, inn í beitarhólfni sem nú eru í Álfstaðamýri. Hún sést að auki nærri Þverflóði, nokkuð norðar. Rennan var alls um 450 að lengd, 0,4 m á dýpt og allt að 1 m á breidd. Garður 2 sést á 230 m löngu svæði, skammt norðan við Þömb og virðist afmarka áveituhólf. Garðurinn liggur til austurs frá nafnlausum rima í Álfstaðamýri og endar vestan við Vallarrima en eftir honum var m.a. farið að beitarhúsum 042. Garðurinn snýr A-V, er 1,5 m á breidd, 0,4 m á hæð og algróinn. Hann er rofinn á nokkrum stöðum af yngri skurðum. Ekki má greina rennu meðfram garðinum en mikið jarðrask er á þessu svæði sem og ágangur hrossa. Garður 3 er skammt norðan við heimatúnið og afmarkar áveituna til vesturs og suðurs. Garðurinn er L-laga og fremur umfangsmikill. Hann liggur til suðurs eftir endilangri Álfstaðamýri (um 560 m), skammt vestan við yngri skurð. Þar er garðurinn sokkin í mýri þó enn má greina rennu fast vestan hans. Þessi hluti er um 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Garðurinn beygir til austurs við Þömb og hlykkjast þar A-V á um 480 m löngum kafla. Hann er 3 m á breidd, 0,4 m á hæð og algróinn. Garðurinn er á kafi í gróðri og sést einna best sem þúfur sem mögulega ýkir umfang hans. Garður 4 er vestan við Krókadæl. Hann skiptist í tvo hluta, lágur rimi skiptir honum. Garðurinn liggur N-S á um 130 m kafla, er um 2 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Beggja vegna garðsins má enn sjá rennur. Yngri skurður liggur þvert í gegnum norðurhluta garðsins og raskar honum. Garðurinn endar við rimann en sést aftur vestan við hann, þar liggur hann NA-SV og er 40 m að lengd. Alls er hann um 170 m að lengd. Garður 5 er sunnan við garð 4 og liggur þvert yfir Þömb. Hann liggur í gegnum mikið mótekjusvæði og ekki ólíklegt að gengið hafi verið eftir honum að auki. Hann er 44x1,2 m að lengd og snýr NNA-SSA. Garður 6 er nokkuð austar, skammt frá Ferðamannahólum 014. Hann liggur NV-SA, í gegnum austurenda Þambar. Mógrafir

eru einnig beggja vegna garðsins. Hann er 80x2 m að stærð og um 0,2-0,6 m á hæð. Garður 7 norðan við Rofhól, annar og minni hólrími skiptir honum í tvo hluta. Hann virðist hafa náð allt að Þverflóði og afmarkar norðausturhorn áveitusvæðisins. Garður 8 er norðan við Vallarríma, renna 1 lá í gegnum hann miðjan. Hann endar í Álfstaðamýri. Til vesturs, austurs og suðausturs frá garði 4 má greina þrjár rennur í Krókadæl. Þær eru óljósar en líklega var vatni veitt eftir þeim, milli annarra dæla svo sem Þömb og Markadæl.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-236:022** heimild um útihús 427025 395869

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús innan stakstæðs túns um 220 m austan við bæ 001 og fast sunnan við úthús 003. Á túnakorti frá 1920 er eingöngu eitt, stórt útihús á staðnum og er það líklega tóft 003.

Slétt tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-236:023** heimild um brunn 426795 395930

Um 10 m sunnan af bæ 001, fast vestan við traðir 002, er mannvirki, líklega brunnur, merkt inn á túnakort frá 1920. Brunnurinn sést ekki á yfirborði né er vitað hvort hann sé enn varðveittur.

Malarplan, fast vestan við núverandi malarveg að bænum er þar sem brunnurinn var. Þarna er aflíðandi brekka til suðurs, niður holtið sem bærinn er á.

Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-236:024** *Fjallsrétt* tóft rétt 426118 395422

“Í fjallsrótunum, norðan vegarins og rétt við landamerkin, eru gamlar réttarhleðslur úr grjóti, og heitir þar í kring Fjallsréttarflatir. Þarna er neðsti hluti fjallshlíðarinnar mjög brattur, en þar fyrir ofan tekur við aflíðandi kafi, Hjallar, og er það réttnefni,” segir í örnefnaskrá (BH). “Fjallsrétt. Forn fjárrétt, hlaðin úr grjóti og stendur rústin enn. Bændur sem áttu land á Vörðufelli drógu þar í sundur fé sitt áður fyrr,” segir í örnefnaskrá (JE). Fjallsrétt er tæpum 870 m suðvestan við bæ 001 og um 10 m sunnan við beitarhús 025, nánast á merkjum við Birnustaði ÁR-235. Virgirðing liggur þvert yfir suðausturhluta réttarinnar.

Vestan (ofan) við réttina er bratt klettabelti. Réttin er neðarlega í fjallshlíðinni, á merkjum mýra og



Uppmæling af Fjallsrétt ÁR-236:024.



Fjallsrétt ÁR-236:024, horft til suðurs.

brekku. Sumarbústaður í landi Birnustaða er rúmum 60 m suðvestar.

Réttin er 17x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin, veggirnir eru 2 m á breidd og 0,3-0,7 m á hæð. Grjótið er vaxið skófum en hleðslur víða teknar að hrynja. Réttin skiptist í tvö hólif en ekki er vitað hvort þau hafi verið fleiri. Hólfið til suðvesturs er stærra. Það er 11,4x7,3 m að innanmáli og opið til suðvesturs. Eins gæti verið að grjót hafi verið tekið og opið stækkað. Veggir eru hlaðnir úr fremur stóru grjóti, það má sjá einfalda steinaröð sem myndar kant upp við brekkuna til norðvesturs. Annars má greina 1-2 umför. Minna hólfið er norðaustar. Það er 8,8x1,8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er í suðvesturhorni. Víða má sjá 3- 4 umför af grjóti þar í veggjum, það er smærra en í stærra hólfinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 4

**ÁR-236:025** *Hjallatótt* tóft beitarhús


426045 395599

Beitarhús, um 750 m SV af bæ 001, eru merkt inn á herföngjaráðskort frá 1908. “Ofan og vestan Nónkletts er gömul hústótt, Hjallatótt, en ofan hennar og vestan, en neðan Miðbrekkna, er Fagraflöt,” segir í örnefnaskrá (BH). “Hjallatóft. Forn tóft af sauðahúsi sem stóð á Hjöllunum. Húsið var hætt að nota um miðja 19. öldina að líkindum en tóftin er enn furðu heilleg, hlaðin grjóti að innan en sniddu að utan. Tóftin er um 3x6 m að innanmáli og niðurgrafin hlaða 2x3 m að norðan,» segir í örnefnaskrá (JE). Hjallatóft er um 830 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 440 m suðvestan við beitarhús 044.

Tóftin er á “stalli” í miðri fjallshlíð. Hún er í gróinni brekku en suðaustan (neðan) hennar er mikill bratti. Í fjallshlíðinni er mikið um klettabelti.



Hjallatótt ÁR-236:025, horft til suðausturs.



Uppmæling af Hjallatótt ÁR-236:025.

Tóftin er 13,2x11,4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þetta eru beitarhús með niðurgrafinni hlöðu að baki auk þess sem hlaðið aðhald er suðvestan við beitarhúsin. Fjárhúsið er norðaustast í tóftinni. Hólfið er 4,7x2,6 m að stærð og op er til suðausturs. Grjóthrun er í opinu. Jötur sjást meðfram báðum langhliðum, þær eru 0,3 m á hæð og grjótið algróið. Veggir eru 2-2,5 m á breidd, 0,6-1 m á hæð og víða sést glitta í grjót að utan þrátt fyrir að ekki megi greina hversu mörg umförin eru. Sniddan er sem sagt horfin að mestu að utan. Inni í tóftinni sjást 4-5 umför af hellugrjóti. Hlaðan er norðvestar. Hún er 4x2,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er grafin inn í brekku til vesturs, gólflötur hlöðunnar og beitarhúsanna er sá sami. Það má greina 7 umför af hleðslu í veggjum en hrun fyllir hlöðuna að hluta. Veggir eru 1,2 m á hæð að innan en sjást lítið að utan. Þriðja hólfið er sunnan við beitarhúsin, einhvers konar aðhald eða eldri tóft. Það var líklega ekki undir þaki. Hólfið er 6,2x3,6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru 1,5 m á breidd, 0,2-0,3 m áhæð og algrónir mosa og grasi. Op er til suðausturs, upp við beitarhúsin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 4; Ö-Álfsstaðir JE, 6; Herforingjaráðskort 47 Skálholt

**ÁR-236:026** *Völvuleiði* örnefni legstaður

“Einhvers staðar, líklega nærri bænum, vissu systkinin, að heitir Völvuleiði, en [ekki] vissu þau hvar,” segir í örnefnaskrá (BH). “Völvuleiðið. Þar er einnig til frásagnar Hafliði Ketilsson. Segir hann að það hafi verið eins og tvær vænar þúfur, samvaxnar með klofi á milli og hafi verið suður af lambhúsinu [líklega 004] sem er suðaustur af bænum. Engar sagnir voru bundnar við leiði þetta og var því ýtt út þegar landið var tekið í tún. Ekkert fannst þarna nema ein hraunhella,” segir í örnefnaskrá (JE). Ekki er vitað hvar Völvuleiðið var staðsett lengur, mögulega nærri kumli 031.

Slétt, ræktað tún er á þessu svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 4; Ö-Álfsstaðir JE, 5

**ÁR-236:027** *Þorsteinstóft* örnefni óþekkt

“Örnefniin Túnið og Þorsteinstóft eru einnig í skrá Brynjólfs, þó ekki séu þau þekkt nú,” segir í örnefnaskrá. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja Þorsteinstóft.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 4-5

**ÁR-236:028** heimild um brú

426851 396005

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést brú liggja yfir Þömb, norðan við bæ 001. Farið hefur verið yfir brúna á leið að beitarhúsum 011 og 042.

Enn liggur hlaðinn vegur yfir Þömb, í dag er hann um 15 m austar en vegurinn á bæjarteikningunni. Svæðið er nú þurr, grasi vaxið og því hefur verið umbylt með framræslu.

Engin ummerki um brúna sjást á yfirborði. Á bæjarteikningunni er brúin um 36x3 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-236:029** kuml legstaður

427431 395577

“Á Álfsstöðum hafa þrisvar fundizt leifar af kumlum, en vitneskja um þau er ekki fullkomin. Fyrstu leifarnar fundust áður en farið var að gefa fornminjum nægilegan gaum, hinar við jarðvinnslu með jarðýtu. 1. kuml. Árið 1894 fékk safnið þrjár sörvistölur úr gleri (15. mynd), sem fundust í götubakka nálægt Álfsstöðum ásamt leifum af mannsbeinum. Tvær af tölunum eru glitperlur, önnur með hvítum, gagnstæðum bylgjuböndum á svörtum grunni, hin áþekkt, en auk þess með upphleyptum, rauðum grænum og hvítum hnúðum. Þriðja talan er með silfurblæ, tvískípt. Engin rannsókn var gerð á staðnum. [...] Áths. Silfurlita sörvistalan úr 1. kumli fylgir nú ekki hinum tveimur á safninu. Í hennar stað er nú með þeim hnöttótt, græn tala, sbr. 15. mynd. Hér hefur orðið einhver ruglingur, sem nú verður trauðla rakinn til róta,” segir í Kumlum og haugfé 2000. “Þetta er fyrsta kumlið sem fannst og enginn veit lengur hvar það var. Líklegt má telja að kumlið hafi verið þar sem Hólagötturnar [ÁR-661:009] voru og því austast í túninu nú. Kumlin hef ég staðsett á örnefnakort eftir fyrirsögn Hafliða á staðnum hinn 15. ágúst 1997. Sjá einnig ljósmyndir. (J.E.)” segir í örnefnaskrá. Kumlið var að öllum líkindum rúmum 720 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 300 m suðaustan við kuml 030. Hólagötur ÁR-661:009 lágu þarna áður og líklega er átt við þær í lýsingunni.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki um kumlið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** KEKH 2000, 79, 81; Ö-Álfsstaðir JE, 4

**ÁR-236:030** kuml legstaður

427240 395742

“Á Álfstöðum hafa þrisvar fundizt leifar af kumlum, en vitneskja um þau er ekki fullkomin. Fyrstu leifarnar fundust áður en farið var að gefa fornminjum nægilegan gaum, hinar við jarðvinnslu með jarðýtu. [...]”

2. kuml. Á fjárhústúni SA frá bænum á Álfstöðum fannst annað kuml við jarðýtuvinnu árið 1945. Vitneskja um umbúnað fór að mestu leyti forgörðum. Víst er, að höfuð mannsins sneri í austur og með honum hafði verið grafinn hestur, þó ekki alveg hjá honum. Beinaleifarnar virðast vera úr ungum karlmanni. Haugfé (15. mynd): 13470-71. Tvö spjót, bæði af K-gerð, Sverd 22. Á öðru eru skinnleifar og óskilgreinanleg vefnaðarmerki. 13472. Öxi af I-gerð, Sverd 40; hefur það sérkenni, að höggnað eru framan og aftan við auga þrjár skorur þvert yfir til skrauts, eins báðum megin. 13473. Beltishringja lítil úr bronsi, silfrud, með strikaðri svipt úr silfrudu bronsblikki, en sjálf er hringjan skreytt á efra borði með upphleypu skrautverki í Karlungastíl (blaðaverki). 13474. Met úr blýi, stýfð keila, bronsbútar í, skemmt og því óvegið. 13475-76. Tvær gjarðarhringjur venjulegar, báðar vanheilar,” segir í Kumlum og haugfé. “2. Kuml. Þar er til frásagnar Hafliði Ketilsson frá Álfstöðum, nú 85 ára, en frásögn hans stangast á við skýrslu þjóðminjavarðar að nokkru leyti. Segir Hafliði að þeir bræður, Helgi og hann, bændur á Álfstöðum, hafi fengið jarðýtu árið 1945 til að jafna móa suðaustur af bænum til þess að gera þar tún. Jafnaði ýtan landið og skóf ofan af háhólnum. Árið eftir, 1946, voru settar kartöflur í hólinn og þegar Hafliði var að taka upp um haustið rak hann gaffalinn í hauskúpu. Hringt var í Matthías Þórðarson þjóðminjavörð sem kom austur samdægurs en gerði ekkert. Það voru því heimamenn sem grófu beinaleifarnar upp og tíndu saman gripi þá sem þar voru. [...] Álfstaðabræður komu svo beinunum og gripunum á Forngripasafnið síðar,” segir í örnefnaskrá Jón Eiríksson 2008, 4. Í sömu örnefnaskrá segir jafnframt: “Kumlin hef ég staðsett á örnefnakort eftir fyrirsögn Hafliða á staðnum hinn 15. ágúst 1997. Sjá einnig ljósmyndir. (J.E.),” Kumlið var um 470 m suðaustan við bæ 001 og 240 m ASA við útihús 004.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** KEKH 2000, 79-81

**ÁR-236:031** kuml legstaður

427069 395741

“Á Álfstöðum hafa þrisvar fundizt leifar af kumlum, en vitneskja um þau er ekki fullkomin. Fyrstu leifarnar fundust áður en farið var að gefa fornminjum nægilegan gaum, hinar við jarðvinnslu með jarðýtu. [...]” 3. kuml fannst 1947 í valllendismóa utan túns, um 150 m frá 2. kumli. Í því voru bein ungrar konu, mjög grunnt grafin, haugfé ekkert. Um horf eða umbúnað vita menn ekki,” segir í Kumlum og haugfé. “3. Kuml. Þeim fundi lýsir Hafliði [Ketilsson frá Álfstöðum] þannig: Álfstaðaveginum var mokað upp árið 1946 en það var svo árið eftir að ég rak augun í mannabein á bala við vegarbrúnina. Voru þau blásin og lágu að mestu ofan jarðar eða grunnt. Hafliði segist hafa tínt beinin saman og sent þau suður,” segir í örnefnaskrá Jón Eiríksson 2008, 5. Í sömu örnefnaskrá segir jafnframt: “Kumlin hef ég staðsett á örnefnakort eftir fyrirsögn Hafliða á staðnum hinn 15. ágúst 1997. Sjá einnig ljósmyndir. (J.E.),” Þriðja kumlið var um 330 m suðaustan við bæ 001 og 400 m VSV við kuml 029.

Slétt, ræktað tún. Ekki er vitað nákvæmlega hvar kumlið fannst en það er staðsett eftir frásögnum í Jarðabók Skeiðahrepps.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** KEKH 2000, 79, 81; Jón Eiríksson 2008, 148-149

**ÁR-236:032** *Álfstaðahellir* þjóðsaga

426267 396849

“Sunnan hennar [Grýlutotu] er lítið skarð í Eggjunum, þar sem fært er niður. Neðan þess, frekar neðarlega í fjallinu, eru tveir svartir ásar. Í þeim nyrðri er mannhæðarhár og nokkurra metra djúpur hellir, Álfstaðahellir,” segir í örnefnaskrá BH. “Einnig sé Álfstaðahellir talinn heita eftir Álf bónda. Í hellinum sé stallur í um 1,5 m hæð sem sé rúmlengd og breidd fyrir einn mann. Sé talið að Álfur hafi búið í Álfstaðahelli og sofið á stallinum áður en hann byggði bæinn. [...] Álfstaðahellir. Stór



Álfsstaðahellir ÁR-236:032, horft til vesturs.

hellir neðantil í fjallinu, mannhæðarhár og nokkurra metra langur. Ekki er vitað til þess að hellirinn hafi verið notaður (sjá þó forna sögn undir liðnum Nafn jarðarinnar) en fé leitaði þangað í skuggann í hitum. Þjóðsaga segir að eitt sinn hafi kálfur hlaupið inn í helli sem er í Fagralækjarbjörgum í Fjallslandi [ÁR-233:034] og komið út um Álfsstaðahelli,» segir í örnefnaskrá (JE). Álfsstaðahellir er fast norðan við Tófuhelli, um 1 km norðvestan við bæ 001 og 310 m VSV við Kolhóla 017. Álfsstaðahellir er í gróinni fjallshlíð. Hellirinn er hluti af háum klettahamri en svæðið er þó vel gróið. Nokkru austar, eða neðar í hlíðinni sjást björg sem gróið hefur yfir.

Álfsstaðahellir er austan í Vörðufelli, þar sem grónar brekkur og klettabelti mætast. Þetta er lítill hellir, með um 2 m breiðu opi. Hellirinn er um 3 m á hæð og sést hellisopið vel úr fjarska. Engin mannvirki sjást í hellinum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir BH, 2; Ö-Álfsstaðir JE, 1

**ÁR-236:033** garðlag áveita

426412 395276



Flóðgarður ÁR-236:033, horft til suðausturs.

“Álfsstaðaland liggur svo hátt að Skeiðaáveitan náði ekki til þess. Engjar voru í mýrinni vestur af bænum og náðu allt að Birnustaðamörkum. Veitt var á engjarnar vatni undan Vörðufelli og voru flóðgarðarnir þrír, einn í mörkum og tveir þvert á hann. Stíflað var á haustin,» segir í örnefnaskrá. Þessi lýsing er eitthvað á reiki, engjarnar hljóta að hafa verið suðvestan við bæinn. Enn má sjá einn flóðgarð, um 780 m sunnan við bæ 001 og rúmum 210 m suðaustan við Fjallsrétt 024. Þessi garður er hvorki á merkjum né þvert á annan garð. Eins er ekki skurður þarna á merkjum við Birnustaði. Eins væri áhugavert að skoða hvort þessi áveita sé hin sama og áveita 021, þ.e. hvort þær tengist með einhverjum hætti.

Svæðið suðvestan við bæ 001 er framræst. Þar eru mýrardælar og þurrir rimar. Svæðið er nýtt til beitar.

Svæðið hefur tekið miklum breytingum með framræslu en einn flóðgarður er enn sjáanlegur. Hann er 130 m að lengd, 0,3 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann endar við Miðmundartjörn til suðausturs. Ekki er hægt að sjá rennu við hann.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir JE, 2

**ÁR-236:034** náma mógrafir

427229 395280

“Grafir eru í Heiðardælinni og munu það vera mógrafir en ekki er vitað um mótekjuna,» segir í örnefnaskrá. Heiðardæl er á milli Hádegisflóðs og Stekkatúnspytts, um 800 m suðaustan við bæ 001 og 60 m norðaustan við leið 048.

Heiðardæl sést enn í grónum móa. Víða standa berar klettanibbur upp úr gróðrinum.

Mógrafir eru á svæði sem er 40 x 35 m að stærð og snúa austur-vestur. Grafirnar eru nokkrar en erfitt er að festa hönd hve margar þær eru, sumar þeirra hafa runnið saman. Mógrafirnar eru grónar og grunnar með rakan botn. Möguleiki er að mór hafi verið tekinn lengra til VNV en það er ekki lengur skýrt.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir JE, 2



Mógrafir ÁR-236:034, horft til austurs.

**ÁR-236:035** *Uppgöngusnið* heimild um leið 426151 396449

“Uppgöngusnið eða Sniðin í daglegu tali. Þau eru aflíðandi halli í fjallinu, gróin að mestu og liggja af Hnúknum austast á ská til vesturs og upp á fjallsbrúnina. Á stalli beint af Sniðunum verpti stundum hrafn,” segir í örnefnaskrá. Uppgöngusnið er um 830 m VNV við bæ 001 og 375 m SSA við Álfsstaðahelli 032.

Leiðin er upp mjög bratta fjallshlíð Vörðufells, og liggur gegnum klofning í fjallinu. Í honum hefur gróður minnkað og urð og grjótt meira áberandi.

Hér er fært upp ákaflega grýtta og mjög bratta hlíð Vörðufells og skrásetjari treysti sér ekki til þess að ganga þar upp haustið 2022.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir JE, 7

**ÁR-236:036** heimild um leið 426070 396852

“Aðaluppgangan á fjallið var um Sniðin [035] en aðrar uppgöngur voru beint upp af Hrafnagjögrum en þar er skarð í hamraveggnum og vestan við Grýlutotu var einnig klauf í berginu,” segir í örnefnaskrá. Fært var upp á Vörðufell um 1,1 km norðvestan við bæ 001 og 180 m vestan við Álfsstaðahelli 032.

Leiðin er upp mjög bratta fjallshlíð Vörðufells þar sem urð og grjótt hefur tekið við annars fremur grónum hlíðum neðst í fjallinu.

Hér er fært upp ákaflega grýtta og mjög bratta hlíð Vörðufells og skrásetjari treysti sér ekki til þess að ganga þar upp haustið 2022.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir JE, 7

**ÁR-236:037** *Grýlutota* náttúrumin tröll 426054 396902

“Grýlutota. Sérkennileg klettastrýta innst í Eggjunum og slútir fram yfir sig. Krökkunum á Álfsstöðum var sagt að þar byggji Grýla gamla og þegar var suðaustan slagveður og strókurinn stóð upp af klettabrúninni var krökkunum sagt að nú væri Grýla að elda matinn sinn,” segir í örnefnaskrá. Grýlutota er um 1,2 km norðvestan við bæ 001 og 200 m VNV við Álfsstaðahelli 032. Grýlutota er stakt bjarg, austarlega á bjargbrún Vörðufells. Fjallshlíðin er vel gróin neðst en minna gróin því ofar sem dregið er. Hlíðin er mjög brött og þegar henni sleppur tekur við deiglent og framræst votlendi.

Grýlutota er áberandi klettastrýta á fjallinu og sést víða að. Fjallshlíðin er mjög brött og ekki var gengið upp að Grýlutotu haustið 2022.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Álfsstaðir JE, 8

**ÁR-236:038** náma mógrafir

427328 395790

Stórt mógrafasvæði er í Þömb, fast sunnan við gróið og lágreist holt, um 540 m ASA við bæ 001 og rúma 60 m norðan við kuml 030. Garðlög sem tilheyra áveitu 021, liggja þvert í gegnum mótekjusvæðið á tveimur stöðum og mögulegt að þar hafi verið farið yfir Þömb að auki.

Mógrafirnar eru í framræstu votlendi sem er rétt norðan við ræktuð tún.



Mógrafir ÁR-236:038, horft til suðvesturs.



Yfirlitsmynd af mógröfum ÁR-236:038.

Mór var tekinn á svæði sem er um 3,5 ha að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það myndar sveig sunnan við lágreist holt og ljóst að mikill mór var tekin þarna. Í raun er um fjögur aðskilin svæði að ræða, á milli þeirra eru tveir áveitugarðar og þurr rimi. Stakar grafir sjást einnig norðvestan við holtið og þær taldar tilheyra þessu svæði að auki. Yngri skurður liggur þvert N-S í gegnum austasta svæðið. Vegna mikils fjölda grafa er erfitt að festa nákvæmar tölur á þær en þær teljast í hundurðum, flestar um 4 x 2 m að stærð (N-SA), 0,2-0,5 m á dýpt með rakan til gróinn botn. Sumar grafirnar, einkum í miðhluta svæðisins eru teknar að renna saman. Eldri mógrafir mynda slétta fláka án þess að hægt sé að sjá brúnir þeirra.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-236:039** heimild um útihús

427012 395841

Um 220 m ASA af bæ 001 og rúmum 150 m sunnan við útihús 022 eru tvö útihús (sjá 004) merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Þau snúa bæði A-V og eru samhliða. Á túnakortinu er þetta sýnt sem eitt hús sem snýr N-S og ljóst að einhverjar breytingar hafa orðið á þeim 14 árum sem líða á milli þess sem kortin eru gerð. Yngra húsið virðist byggt þvert yfir vesturhluta beggja húsanna sem sjást á bæjarteikningunni. Útihúsið á túnakortinu er enn undir þaki en að hrúni komið. Tvö op eru til vesturs og bera að öllum líkindum báðum útihúsunum vitni sem þarna voru 1906. Hér er verið að skrá syðra húsið.

Slétt tún. Skurður er fast vestar, hann liggur N-S frá dælunni Þömb en hún er horfin vegna framræslu. Húsið er 13x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Húsið er lítillaga niðurgrafið og er af fjárhúsum. Um 3 m lofthæð er þarna inni. Bárujárn er yfir þaki og tvennar dyr til vesturs, í sitt hvorum enda þeirrar hliðar. Hrun er í báðum endum hússins og suðurhluti þekjunnar er þegar fallinn. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru 1-2 m á hæð. Það má sjá 5-8 umför af grjóthleðslu í veggjum. Húsinu var líklega skipt í tvennt með timbri sem hefur verið tekið niður, einungis eitt hólf er þarna núna.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar


**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-236:040** tóft beitarhús

426422 396122

Tvö beitarhús (sjá 041), um 450 m VNV af bæ 001, eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hér er verið að skrá syðra húsið. Þetta beitarhús er um 220 m norðan við rétt 044. Tóftin er ofarlega í brekku neðarlega í hlíðum Vörðufells og byggð undir háum kletti sem er vestan við hana, hann kallast Steinbogaklettur. Lægri klettur er fast austar. Í Jarðabók Skeiðahrepps eru þetta kölluð ærhús en ekki er minnst á þau annars.

Brekkan verður mun brattari norðvestan við tóftina, þar eru stór björg og klettabelti. Tóftin er á grasi vöxnum stalli milli tveggja stakstæðara klettaljarga.



Uppmæling af beitarhúsi ÁR-236:040.



Beitarhús ÁR-236:040, horft til austurs.

Tóftin er 19x8 m að stærð og snýr VNV-ASA. Þetta eru beitarhús með niðurgrafinni hlöðu að baki. Veggir standa enn vel, og dyrakampurinn ekki hrúinn. Veggirnir eru 0,4-1,7 m að hæð að innan, hæstir inni í hlöðunni. Að utan eru þeir 0,8-2 m, hæstir til suðausturs. Eystra hólfið er 9x4 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Grjóthlaðinn garði liggur eftir því endilöngu og steypa er yfir hleðslum. Hann er 0,3 m á hæð. Hlaðan er 5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er grafinn inn í brekkuna og stórir, jarðfastir steinar eru hluti af veggjum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV; Jón Eiríksson 2008, 147

**ÁR-236:041** heimild um beitarhús

426428 396144

Samkvæmt herforingjaráðskorti 47 frá 1908 voru tvö beitarhús [sjá 040] um 450 m VNV við bæ 001. Beitarhúsin eru sýnd upp af hvort öðru og líklega var þetta hús byggt upp við flatan, háan klett sem þar er. Eins gæti tóft 040 verið byggð yfir báðum beitarhúsunum og verið yngri.

Brekkan verður mun brattari norðvestan við tóftina, þar eru stór björg og klettabelti. Þarna er grasi vaxið svæði milli tveggja stakstæðara klettaljarga.

Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-236:042\_01** tóft beitarhús

427271 396094

Samkvæmt herforingjaráðskorti 47 frá 1908 voru beitarhús um 480 m norðaustan við bæ 001. Beitarhús 01 og garðlag 02 eru nokkru SSV við Rofhól, í vestanverði Krókadæl, um 150 m suðaustan við beitarhús 011. Minjarnar eru á svæði sem er 130 x 70 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru á lágrestum rima og sjást illa fyrr en að þeim er komið.

Á þessum stað er framræst votlendi og sjást skurðir norðan og vestan við tóftina.

Tóft 01 er mikið rofin en er þó a.m.k. 10 x 7 m að stærð, er einföld og snýr VNV-ASA. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru hæstir á ASA-hlið tóftarinnar, 0,6 m en aðeins 0,1-0,3 m annars

staðar. Ekki er greinilegt op á tóftinni enda veggir mikið rofnir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV



Beitarhús ÁR-236:042\_01, horft til NNA.



Garðlag ÁR-236:042\_02, horft til VNV.

**ÁR-236:042\_02** garðlag túngarður

427264 396099

Tveir torfhlaðnir garðlagsbútar 02 sjást norðvestan og sunnan við tóft 01. Hlutverk þeirra er ekki þekkt, mögulega eru þetta vörslu- eða göngugarðar eða hluti af áveitu 021. Ekki er hægt að greina á milli að svo stöddu. Nyrði hlutinn liggur um 15 m til norðvesturs frá tóftinni uns hann hverfur ofan við moldarflag. Garðurinn er aðeins 0,3 m á hæð og um 0,8 m á breidd. Nyrðri hlutinn er um 65 m til SSA frá tóftinni og þaðan liggur hann fast við gróinn rima og fylgir brúnn hans til suðvesturs á um 60 m löngum kafla. Þar er hann 0,2-0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-236:043** Hádegisvarða varða eyktamark

427075 394793



Hádegisvarða ÁR-236:043, horft til norðvesturs.

“Varða stendur við Syðstaflóð að sunnan og er eyktarmark frá Áfsstöðum,” segir í Jarðabók Skeiðahrepps. Hádegisvarða er um 1,2 km suðaustan við bæ 001 og 320 m ASA við heystæði 051.

Varðan er á sléttu og vel grónu svæði, einkum af mosa. Smáþýft og fáeinar tjarnir eru til norðvesturs og vesturs.

Varðan er alveg gróin og er nú líkari hundapúfu en vörðu. Hún er 0,5 m á kant, er strýtulaga og allt að 0,7 m á hæð. Ekkert grjótt sést lengur í henni vegna gróðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-236:044\_01** tóft rétt


426354 395911

Rétt er um 460 m vestan við bæ 001 og 220 m sunnan við beitarhús 040. Réttin er neðarlega í brekkum Vörðufells, nánast á mörkum fjalls og mýra. Rétt 01 er vestar og vörslugarður 02 er austar. Réttin er hlaðin austan undir háum kletti, undir brekkum Vörðufells. Gróið svæði er allt umhverfis hana.

Rétt 01 er 16,6x10,3 m að stærð og snýr VNV-ASA. Um 6 m langur aðrekstrargarður liggur til



Tóft ÁR-236:044\_01, horft til suðurs.



Uppmæling af minjum ÁR-236:044.

austurs, frá suðurlanghlið. Réttin skiptist í tvö hólfi og veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Þeir eru grónir en það glittir hér og þar í grjót. Vestara hólfið er minna, 7x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðri norðurhlið. Eystra hólfið er um 7x7 m að stærð og op er í norðausturhorni.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-236:044\_02** garðlag vörslugarður 426418 395910

Garðlag 02, líklega undirhleðsla undir girðingu, sést liggja til austurs frá rétt 01. Garðlagið er 55 m að lengd, 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Það er torfhlaðið og ummerki um girðingarstaura sjást enn, m.a. vidarleifar. Garðlagið hverfur við djúpan vélgrafinn skurð en á loftmynd frá 1998 sést að það náði rúmlega 40 m lengra til austurs þá. Nú er búið að slétta þann hluta út.

**Hættumat:** engin hætta


**ÁR-236:045** tóft heystæði 426659 397393

Heystæði er efst á grónum rima í Valagilsflóði, um 1,4 km NNV við bæ 001 og 490 m norðan við kolgrafir 017.

Umhverfis rimann er framræst vorlendi og sjá má nokkrar lækjarsprænur á svæðinu sem koma neðan úr fjallshlíð Vörðufells til vesturs. Til norðausturs og austurs eru djúpir framræsluskurðir, vatni hefur m.a. verið veitt úr Valagili í einum slíkum fast suðvestan við rimann.

Tóftin er einföld, 9 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-sudaustur. Veggir eru torfhlaðnir 0,1-0,6 m á hæð, hástir til suðvesturs og norðausturs en norðvesturhlið tóftarinnar er nær alveg útlött.

**Hættumat:** engin hætta



Uppmæling af tóft ÁR-236:045.

**ÁR-236:046** heimild um beitarhús 427311 395664

Beitarhús, 580 m ASA af bæ 001, er merkt inn á herföngjaráðskort frá 1908. Það var skammt sunnan við svokallaða Þömb en þetta svæði var sléttað um 1945-1950 eða svo. Slétt, ræktað tún.

Öll ummerki beitarhúsanna eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-236:047** heimild um beitarhús 427347 395556

Beitarhús, um 660 m ASA af bæ 001 og um 110 m suðaustan við beitarhús 046, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Það var skammt sunnan við svokallaða Þömb en þetta svæði var sléttað um 1945-1950 eða svo.

Slétt, ræktað tún.

Öll ummerki beitarhúsanna eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-236:048** gata leið 427106 395325

Á úrvinnslustigi fundust götur sem liggja til norðvesturs frá Hólagötum ÁR-661:009 í átt að bæ



Tóft ÁR-236:049, horft til vesturs.



Uppmæling af tóft ÁR-236:049.

001. Leiðin sést um 670 m SSA við bæ 001 og um 60 m vestan við mógrafir 034.

Smáþýfður og mosagróinn rimi sem ekki rís hátt.

Leiðin var rakin á 230 m löngum kaffa, milli Heiðardælar til norðausturs og Syðstaflóðs til suðvesturs.

Hún liggur þar eftir grónum rima og hverfur í ræktað tún við Hádegisflóð.

**Hættumat:** engin hætta



Garðlag ÁR-236:050, horft til suðausturs.

**ÁR-236:049** tóft fjárskýli 426767 394856

Tóft er á milli Hrossaskjólskrika og Syðstaflóðs, um 1,1 km SSA við bæ 001 og 490 m VNV við vörðu 051. Líklega er um fjárskýli að ræða.

Tóftin er í mosagrónu hrauni sem er smáþýft. Tóftin er 13 x 7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er hlaðin upp við litla og vel gróna klettastrýtu til SSV en aðrar hliðar tóftarinnar eru torfhlaðnar og signar, 0,5 m á hæð. Ekkert op er greinilegt á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-236:050** garðlag óþekkt

427377 397278

Garðlag liggur þvert yfir Langarima, um 1,5 km NNA við bæ 001 og 300 m SSV við Hornamarksvörðu 006. Hlutverk þess er óþekkt. Langirimi er vel gróin hæð í framræstu votlendi, nærri merkjum við Ósabakka.

Garðlagið liggur norðaustur-sudvestur á um 77 m löngum kafla. Það er torfhlaðið og nokkuð sigið, 0,3-0,5 m á hæð og allt að 1 m á breidd. Víða er garðurinn tekinn að hlaupa í þúfur. Þetta er líklega vörslugarður fremur en áveitugarðlag.

**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-236:051, horft til VNV.

**ÁR-236:051** varða óþekkt

427187 394605

Lítill varða er suðaustarlega í svokallaðri Heiði, um 1,4 km suðaustan við bæ 001 og 225 m suðaustan við vörðu 052.

Mikill mosi er á svæðinu þar sem varðan er en þó standa einstaka klettanibbur upp úr mosanum.

Varðan er 0,4 m á kant og aðeins 0,3 m á hæð. Hún er hlaðin úr hraungrýti sem er nær alveg hrunið. Ekki er víst hvaða hlutverki varðan gegndi en hún er ekki á þekktum merkjum eða við gamlar leiðir.

**Hættumat:** engin hætta


## ÁR-237 Ósabakki

Sögulegar heimildir:

1709: Dýrleiki óviss. Skálhólsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 202.

1847: 4 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63. Árið 1896 voru 5 bæjarhús og 8 peningshús á Ósabakka. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 4 bæjarhús og 7 peningshús mjög skemmd en 1 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177. “Þetta býli er bygt á fornu eyðibóli fyrir 35 árum milli Álfsstaða og Reykja, en ekki er víst í hvorrar jarðarinnar landi þetta býli stendur, þó meina fleiri, að plátsið heyrir Álfstöðum til, sem kotið stendur á, hefur þó kotið aldrei galdið sínar skuldir til Álfsstaða, heldur jafnan til stólsins,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 201.

Þrýbýli er á Ósabakka. Ósabakki II var stofnaður 1956 en Ósabakki III árið 1968, skv. Sunnlenskum byggðum I, 440-441.



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Ósabakka frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar punktalínur og litaðir flákar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 3,3 ha, slétt ca. 4/5. Matjurtagarðar 6,4 arar.

“Túninu grandar sandfok. Engjar öngvar nema í svarðleysumýri og spillast þó af vatni,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 202.

“Land jarðarinnar liggur á bökkum Stóru-Laxár, meginhluti þess er þurrt og sendið vallendi, en sá hlutinn, sem er næstur Vörðufelli, var blaut mýri, sem hefur verið þurrkuð. Lengi hefur Laxá brotið bakka sína fyrir landi jarðarinnar,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 439.

**ÁR-237:001\_01** Ósabakki bæjarhóll bústaður 428446 396767

Fjögur bæjarhús með kálgörðum 02 norðan og vestan við eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Bærinn var fast austan við Ósabakka III og norðan við Ósabakka I. Þar var hóll og á honum íbúðarhús, niðurgrafin hlaða, skemma og fjós. Bæjarhóllinn var þakin byggingum sem allar hafa verið rifnar og sléttað yfir svæðið. Í Jarðabók Skeiðahrepps er birt ljósmynd frá árinu 1951, þar sést eldra íbúðarhúsið og Ósabakki I er í byggingu, fast sunnar. Eldri torfbær er þegar horfin þetta ár en hann var norðan við eldra íbúðarhúsið og stafnar snéru til suðurs.

Grænn bali með flaggstöng er nú á miðjum bæjarhólnum. Malarvegur og -plan eru umhverfis svæðið.



Bæjarhóll ÁR-237:001\_01, horft til vesturs.



Bærinn á Ósabakka árið 1951. ©Héraðsskjalasafn Árnesinga

Ekkert sést til uppsöfnunar mannvistarlagar á yfirborði. Bæjarhóllinn var suðaustarlega á náttúrulegu holti og þar er núverandi húsakostur jarðarinnar einnig. Um 1-2 m afliðandi brekka er niður holtið. Engar byggingar eru á sjálfum bæjarhólnum en hann er mikið raskaður. Byggingar eru í jöðrum hans til allra átta nema austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Jón Eiríksson 2008, 161

**ÁR-237:001\_02** heimild um kálgarð 428422 396752

Kálgarður 02 er ekki skýrt merktur inn á túnakort frá 1920 en hann er sagður 6,4 arar (1 ari = 100 m<sup>2</sup>). Á bæjarteikningunni frá 1906 sést að kálgarður var sunnan og vestan við bæ 01. Engin ummerki hans sjást lengur, þar eru bakgarðar Ósabakka I og III auk þeirra íbúðarhúsa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-237:002** heimild um brunn

428473 396773

Um 10 m vestur af bæ 001, rétt utan við heimatúnið, er brunnur merktur inn á túnakort frá 1920. Hafliði Sveinsson heimildamaður, taldi líklegra að brunnurinn hefði verið í slakka í suðausturhorni bakgarðs Ósabakka III en mundi þó ekki eftir honum þar. Túnakortið var látið ráða og brunnurinn staðsettur eftir því.

Brunnurinn var austan við bæinn, þar sem holtið lækkar. Þar er nú malarvegur.

Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-237:003** tóft útihús


428380 396787

Rúmum 60 m vestan við bæ 001 og 8 m vestan við hesthús 025 er útihúsatóft merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Tóftin er vestarlega á sama holti og bær 001 er á en ekki sýnd á túnakorti frá 1920.

Slétt, gróið tún vestan við Ósabakka III og sunnan við Ósabakka II.



Tóft ÁR-237:003, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft ÁR-237:003.

Tóftin sést enn. Hún er 9x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er sigin og líklega búið að slétta yfir hana á einhverjum tímamarki. Veggir eru 0,3 m á hæð að utan en 0,1 m að innan. Op er til suðurs. Öll tóftin er ávöl og líkist helst lágum, grænum hól í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-237:004** heimild um útihús

428416 396869

Rúmum 100 m NNV af bæ 001 og 80 m norðan við útihús 003 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og var líklega ekki í notkun þá.

Útihúsið var fast vestan við norðurenda stórrar skemmu sem þarna er. Malarplan er þarna núna.

Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-237:005** heimild um útihús

428456 396856

Um 90 m norðan við bæ 001 og 30 m austan við útihús 004 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og var líklega ekki í notkun þá.

Órnessýsla  
Skútafjörður

# Ósabakki



Tími: 33 ha. st. 2/8 tít  
Máljafstak 64 arar  
1:2000

Ósabakki 17. 20  
Valkinnarþjónn

Túnakort Ósabakka frá 1920. Bærinn er sýndur sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands

Slétt malarplan, austan við skemmu og norðan við núverandi útihús, er nú á þessu svæði. Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-237:006** heimild um útihús 428452 396674

Rúmum 80 m sunnan við bæ 001 og rúmum 130 m suðaustan við útihús 003 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og var líklega ekki í notkun þá.

Slétt, grasi vaxið tún. Fast norðar er trjágróður innan bakgarðs Ósabakka III.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-237:007** heimild um lambhús 428544 396798

Um 110 m austan við bæ 001, utan túns, er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það sést einnig á herforingjaraðskorti frá 1908. Útihúsið var fast austan við veg ÁR-661:039. Það sést ekki á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá. Að öllum líkindum er þetta lambhúsið sem örnefnið Lambhúslaut og Lambhúsdæl draga nafn sitt af. “Lambhúsdæl. Ílöng, slétt dæl áður og slegin en er nú tún, [...] Lambhúslaut. Lautin heiman við Brúarbarðið,” segir í örnefnaskrá.

Skálholtsvegur 31 liggur nú rétt vestan við áætlaða staðsetningu útihússins. Meðfram veginum er slétt, grasi vaxið svæði.

Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Ö-Ósabakki, 8, 11; Herforingjaraðskort 47 SV 1908

**ÁR-237:008\_01** heimild um túngarð 428304 396860

Túngarður 008\_01 er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 norðan og norðvestan við bæ 001. Í NV-horni túns er afmarkað gerði 008\_02 upp við túngarðinn, innan heimatúnsins. Á túnakorti frá 1920 er túngarður einungis sýndur með norðurhlið túns. Ekki er ljóst hvað réði afmörkun túnsins til annarra átta.

Þar sem túngarðurinn var eru slétt tún og engin hryggur sést sem ber legu hans vitni.

Öll ummerki túngarðsins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-237:008\_02** heimild um rétt 428337 396900

Gerði, eða rétt, 02 var norðvestarlega innan heimatúnsins. Túngarður 01 afmarkaði vestur- og norðurhliðina. Þarna er nú slétt tún og engin ummerki réttarinnar eru varðveitt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-237:009** heimild um býli

“Hjá Ósabakka sjer fyrir bæjarstæði, og túngörðum, gömlu, svo að ljóst er að hjer hefur bær fyrrum staðið, en svo langt er síðan, að ekki vita elstu menn neitt þar til, eður þeirra feður munað hafa, að nokkur hafi þar búið, Þetta býli er bygt á fornu eyðibóli fyrir 35 árum milli Álfsstaða og Reykja, en ekki er víst í hvorrar jarðarinnar landi þetta býli stendur, þó meina fleiri, að plátsið heyrir Álfstöðum til, sem kotið stendur á, hefur þó kotið aldrei goldið sínar skuldir til Álfstaða, heldur jafnan til stólsins,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Ekki er vitað með vissu hvar þetta

býli var staðsett en líklega er það á sama stað og bærinn var reistur á seinni hluta 17. aldar, sjá m.a. 024. Frekari heimildir og rannsóknir þarf þó til þess að staðfesta það.

Holtið sem bærinn stendur á er þakið sléttum túnum, byggingum og vegum.

Öll ummerki þessa gamla býlis eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 201

**ÁR-237:010** *Langholtsvað* heimild um vað

429130 396874

“Við túnfótinn er Langholtsvað á Laxá. Var það fjölfarið,” segir í Sunnlenskum byggðum I. “Kóngsbakki. Sandbakki austan Stóru-Laxár þar sem er Langholtsvað,” segir í örnefnaskrá. Leið (ÁR-661:024) liggur yfir Laxá um 850 m SSA af bæ og áfram að Syðra-Langholti á herforingjaráðskorti frá 1908. Langholtsvað var á Kóngsbakka, um 700 m ANA við bæ 001 og 390 m ANA við stekk 018.

Árbakkar Laxár á eru mjög lágir og grýttir á þessu svæði en gróður eykst því fjær sem dregur frá ánni.

Laxá er fremur grýtt og djúp á stökum stöðum á þessum slóðum. Áin er um 90 m á breidd en á miðri leið er sandeyri sem líklegt er að farið hafi verið yfir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SB I, 439; Ö-Ósabakki, 8; Herforingjaráðskort 47 Skálholt



Langholtsvað ÁR-237:010, horft til NNA.

**ÁR-237:011** garðlag áveita


428419 397556

“Skeiðaáveitan náði ekki til jarðarinnar en bændur stífluðu Bæjarósinn við Laxá, hlóðu flóðgarða og veittu á. Víðar voru gerðar áveitur í landinu [sjá 012],” segir í örnefnaskrá. Áveitugarðar eru um 790 m norðan við bæ 001 og 510 m norðaustan við smalakofa 023, milli svokallaðra Bakka til vesturs og Heimrieyrartanga til austurs.

Garðarnir liggja að stórum hluta á óræktuðu og framræstu votlendi, milli ræktaðra túna.



Einn flóðgarður áveitu ÁR-237:011, horft til austurs.



Áveita ÁR-237:011.

Áveitan samanstendur af fjórum torfhlöðnum garðlagsbútum á svæði sem er 220 x 100 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðarnir eru allir mjög svipaðir að gerð og ástandi. Þeir eru um 0,4-0,6 m á hæð og allt að 1 m á breidd. Sá garður (A) sem er best varðveittur liggur NNA-SSA á um 220 m löngum kafla, vestan við Bæjarós. Nærri norðurenda hans liggur garðlagsbútur (B) til NA á um 50 m löngum kafla. Garðlag (C) er austan við miðjan garð (A) og er um 60 m langur. Hann er rofinn af skurði og sléttu túni sem er þar lengra til austurs. Allra syðst liggur garðlagsbútur (D) til austurs frá garði (A) á um 80 m löngum kafla. Engjarnar voru austan við Bæjarósinn.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 2

**ÁR-237:012** garðlag áveita

428097 397492



Áveita ÁR-237:012, horft til suðurs

“Viðar [en við Bæjarósinn, 011] voru gerðar áveitur í landinu,” segir í örnefnaskrá. Áveitugarðlag er um 840 m norðvestan við bæ 001 og 320 m VSV við áveitu 011, í svokölluðu Svartsflóði. Á milli þess og áveitu 011 er vallendi sem kallast Bakkar.

Áveitan er fast sunnan við Sandskörð, á framræstu en nokkuð grónu votlendi.

Áveitugarðlagið er L-laga og liggur á nálega 80 m löngum kafla til NNA þar sem það endar við slétt tún. Þar sveigir það og sést á um 120 m löngum kafla til SSA þar sem það endar við

vélgrafinn skurð. Garðurinn er torfhláðinn, 0,7 m á hæð og um 1,5 m á breidd. Ekki er hægt að sjá önnur mannvirki tengd þessari áveitu.

**Hættumat:** engin hættu


**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 2

**ÁR-237:013** Grænhóll tóft stekkur

427679 397133

Grænhóll er áberandi hóll vestarlega í Norðurflsjum, nærri merkjum við Álfsstaði. Fast sunnan við Grænhól er stekkjartóft og er hún um 850 m VNV við bæ 001 og 570 m VNV við beitarhús 021. Svæðið er nokkuð deiglent en vel gróið. Til vesturs er framræsluskurður en kindarstígur liggur að tóftinni til suðausturs.

Tóftin er einföld, 8,5 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torfhláðin, 0,3-0,5 m á hæð og op er í suðausturhorni hennar. Víða eru veggir teknir að hlaupa í þúfur. Ekki sér til hólfaskiptingar inni í tóftinni.



Uppmæling af tóft ÁR-237:013.



Tóft ÁR-237:013, horft til suðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-237:014** heimild um beitarhús 428196 396807

Tvö beitarhús [sjá 021], eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 vestan við bæ 001. Hér er verið að skrá eystra beitarhúsið sem var um 40 m suðaustan við beitarhús 021 og rúmum 220 m vestan við bæ 001.

Á þessum stað er óræktaður blettur og til suðurs eru ræktuð tún.

Engin ummerki um beitarhúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt NA 1908

**ÁR-237:015** gryfja heygryfja 428389 396748

Um 1,5 m vestan við hesthús 025, á milli þess og útihúss 003, er dæld eða gryfja í túninu. Líklega er um heygryfju að ræða.

Gróið tún, vestan við Ósabakka III. Virgirðing er fast sunnan við dældina.

Gryfja eða dæld, sést í sléttu túninu. Hún er nánast hringlaga, 1,7x1,7 m í þvermál og 0,3 m djúp. Gryfjan er grasi vaxin og hliðarnar fremur aflíðandi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Gryfja ÁR-237:015, horft til norðausturs.

**ÁR-237:016** heimild um landamerki 429173 396541

“Markavarða. Samkvæmt landamerkjaskrá hefur varðan verið á Ósabakkaeyri við Laxá og var millimark Ósabakka og Reykja. Varðan er löngu horfin en girðing er í mörkum,” segir í örnefnaskrá. Markavarða var um 750 m suðaustan við bæ 001 og 340 m SSA við Langholtsvað 010.

Þar sem varðan var er girðing sem skilur á milli ræktaðra svæða til norðurs og óræktar til suðurs. Skjólbelti, þ.e. tré, eru meðfram girðingunni.

Engin ummerki um vörðu sjást lengur eins og segir í örnefnaskrá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 8

**ÁR-237:017** Sauðhóll tóft beitarhús 428701 396545

“Sauðhóll. Hólbarð norðan við Barðalautina við Skálholtsveginn. Þar var áður sauðahús og standa tóftirnar óhreyfðar enn,” segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóft er á Sauðhól, um 340 m suðaustan við bæ 001 og 270 m SSV við stekki 018. Hún sést best sem niðurgröftur frekar en greinileg tóft.

Sauðhóll var á kafi í gróðri þegar skrásetjari var þar síðsumars 2022. Hóllinn er suðvestarlega innan óræktaðs svæðis sem afmarkast af Skálholtsvegi 31 til vesturs en ræktuðum túninum til annarra átta. Tóftin er 18 x 10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er tvískipt en þau mörk eru mjög ógreinileg vegna mikils gróðurs. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,2-0,6 m á hæð og greinilegastir í SSA-hluta tóftarinnar. Engin umför sjást vegna gróðurs. Fjórhusin (hólf A) eru SSA, 10,5 x 4 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Op er á miðri SSA-hlið hólfins. Hlaðan (hólf B) er að baki, er 3,5 x 3,5 m að innanmáli og aðeins 0,3 m dýpri en fjórhusin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 9



Uppmæling af tóft ÁR-237:017.



Tóft ÁR-237:017, horft til norðvesturs.

**ÁR-237:018** *Stekkur* heimild um stekk 428777 396792  
 “Stekkurinn var á vesturbakka Eystraóss. Þar voru tóftir áður en voru jafnaðar út á ýtuöld þegar landið var ræktað í tún. Stekkatún. Það var austan við ósinn en er nú tún,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var 340 m austan við bæ 001 og 260 m NNA við beitarhús 017. Á þessum stað er sléttað tún. Engin ummerki stekkjans sjást á yfirborði.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 9

**ÁR-237:019** *Stórabré* heimild um brú 428521 396870  
 “Stórabré. Steinsteypt brú á Bæjarósnum. Jóhann á Iðu steypti brúna og um hana lá vagnbrautin [ÁR-661:039] og síðar bíla- upp í Iðukrök á sumrin,” segir í örnefnaskrá. “Dragferja var sett á Hvítá hjá Iðu árið 1903 sem tók bæði menn og hesta, leiðin var rudd, byggðir vegarspottar og brú sett á Bæjarósinn hjá Ósabakka,” segir í örnefnaskrá Reykja. Stórabré var um 130 m NNA við bæ 001 og 1400 m suðaustan við Vaðhóla 022. Bæjarós hefur verið grafinn fram í vélgrafinn skurð og brúin horfin.  
 Óræktað og fremur slétt svæði sem afmarkast af ræktuðum túnnum til allra átta. Engin ummerki um brú sjást lengur á yfirborði.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 9; Ö-Reykir JE, 11

**ÁR-237:020** *Torfhóll* heimild um ristu 428378 396930  
 “Torfhóll. Stór hóll norður af bænum, austan við fjárhús [021] er þar eru og hafa staðið lengi. Nafn hólans lýsir notum hans áður,” segir í örnefnaskrá. Torfhóll er um 180 m norðvestan við bæ 001 og 55 m vestan við Skálholtsveg.  
 Torfhóll rís upp úr sléttu túni, fast sunnan við útihúsasamstæðu. Torf var sennilega rist í grennd við hólinn en það síðan þurrkað á honum. Búið er að slétta allt svæðið umhverfis hólinn og engin ummerki um ristu sjást þar lengur né í mýrum á Ósabakka.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 9

**ÁR-237:021** tóft beitarhús 428177 396847  
 Tvö beitarhús [sjá 014], eru merkt inn á herföngjaraðskort frá 1908, vestan við bæ 001. Hér er verið að skrá norðvestara beitarhúsið sem var um 40 m norðvestan við beitarhús 021 og um 290 m

vestan við bæ 001. Virgirðing er um 10 m sunnan við tóftina.

Tóftin er austarlega á gróinni og lágrí hæð í grasi vöxnu túni. Ekki er búið að slétta túnið næst tóftinni.



Tóft ÁR-237:021, horft til ASA.



Uppmæling af tóft ÁR-237:021.

Tóftin er tvískipt, 16,5 x 8,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en mjög grónir og aðeins sést því í 1-2 umför í hleðslum sem eru 0,6 m á hæð. Tóftin er lítillaga grafin inn í hæðina til austurs. Fjárhúsin (hólf A) eru vestar. Þau eru 9,5 x 3,5 m að innanmáli, snúa VNV-ASA og vesturgafinn er opinn. Skipting milli fjárhús og hlöðu (Hólf B) er ekki lengur skýr en hlaðan er að baki, þ.e. austar. Hún er 4 x 3 m að innanmáli, snýr þvert á fjárhúsin og er aðeins 0,2-0,3 m dýpri en þau. Ekkert op sést þar inn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt NA 1908

**ÁR-237:022** *Vaðhólar* örnefni vað 428428 397016

“Vaðhólar. Hólarnir voru tveir og stóðu við Bæjarósinn að vestan en hafa verið jafnaðir út og eru komnir í tún. Vaðmýri. Mýrarslakki ofan við Vaðhólana,” segir í örnefnaskrá. Vaðhólar voru um 200 m norðan við bæ 001 og 50 m austan við Skálholtsveg. Örnefnið ber vaði á Bæjarósnum vitni, Stórabrú 019 var sett þar síðar skammt sunnar.

Á þessum stað er slétt tún, beggja vegna við Bæjarós sem rennur í vélgröfnum skurði.

Engin merki um Vaðhóla sjást lengur vegna sléttunar eins og segir í örnefnaskrá

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:023** heimild um smalakofa 428314 397062

“Yfirseturimi. Langur rimi en er nú kominn í tún. Nafnið er dregið af því að þar var setið yfir kvíaám og sást þar sæti smalans,” segir í örnefnaskrá. Yfirseturimi er um 440 m norðvestan við bæ 001 og 20 m vestan við Skálholtsveg. Smalasætið var suðaustast á rímanum.

Á þessum stað er sléttatún.

Engin merki um mannvirki sjást á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:024** *Fornfjós* heimild um fjós 428423 396774

“Fornfjós. Þar setti Hafliði bóndi niður íbúðarhús sitt og voru þar fyrir rústir,” segir í örnefnaskrá. Hafliði Sveinsson byggði Ósabakka III árið 1971 í Fornfjósum. Að sögn Hafliða var slétt tún þar

sem hann byggði húsið og ekki sást til rústa. Fornfjós voru rúmum 20 m vestan við bæ 001 og mögulega tengist örnefnið eldra býli sem þarna var fyrir.

Gróinn bakgarður er sunnan við húsið, þar eru tré og grasflatir. Malarplan og gróin svæði eru til norðurs.

Engin ummerki um rústir sjást við Ósabakka III.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:025** *Gustkofahóll* tóft hesthús 428393 396782

“Gustkofahóll. Þetta var lítill, gróinn hóll, skammt vestur af húsi Hafliða og Ragnhildar nú. Nafnið er dregið af því að Gustur, gæðingur Auðbjargar húsfreyju á Ósabakka, var hafður þar í húsi,” segir í örnefnaskrá. Tóft hesthússins sést enn um 60 m vestan við bæ 001 og 8 m ASA við útihús 003, fast vestan við bakgarð Ósabakka III.

Tóftin er austarlega innan gróins túns. Túnið er lítið og vírgirðing er fast sunnan við tóftina.



Uppmæling af tóft ÁR-273:025 og gryfju 015.



Tóft ÁR-237:025, horft til norðausturs.

Tóftin sést enn, ofan á lágum hól. Hún sigin og líkist einna helst þúst. Hún er 7,2x5,6 m að stærð og snýr norður-suður. Ytra byrði veggja er 0,5-0,7 m á hæð en innra byrði um 0,1 m. Það mótast óljóst fyrir þeim á yfirborði. Fyrirnefnd Auðbjörg var húsfreyja á árunum 1921 til 1953 og líklega hefur verið sléttað yfir tóftina eða grjót borið úr veggjum eftir að það féll úr notkun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:026** *Þerrijaðar* álagablettur 428312 396883

“Þerrijaðar. Þetta var áður túnjaðarinn norðvestan við Sauðabala [undir Ósabakka II) en er nú kominn í tún. Þerrir brást ekki þegar jaðarinn var sleginn,” segir í örnefnaskrá. Þerrijaðar var um 180 m norðvestan við bæ 001 og við túngarð 008 að öllum líkindum.

Slétt, ræktað tún og engin ummerki sjást um túnjaðarinn lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:027** *Stöðullinn* heimild um kvíar 428540 396764

“Stöðullinn. Hann var austan við ósinn þar sem nú skerast heimreiðin og Skálholtsvegur,” segir í örnefnaskrá. Stöðullinn var um 90 m austan við bæ 001 og 240 m vestan við Stekkatún 018.

Á þessum stað eru vegamót, annars vegar heimreið sem kemur úr vestri og Skálholtsvegur 31 úr suðri.

Engin ummerki um kvíar sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:028** *Ullarbóllinn* heimild um þvottastað 429084 397026

“Ullarhóllinn. Hann var á miðjum stöðli [027], sléttur hóll. Ullin var þvegin í ánni en þurrkuð á hólnum,” segir í örnefnaskrá. Ullinn var þvegin í Laxá, um 700 m ANA við bæ 001 og 150 m norðan við Langholtsvað 010.

Óræktað svæði er við árbakka Laxá og þar liggur slóði til norðurs en lengra til vesturs eru ræktað tún.

Þar sem ullin var þvegin er Laxá nokkuð djúp og árbakkar hennar lágir. Svæðið er grýtt, bæði botn árinna og sá hluti árbakkans sem næstur er ánni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:029** *Rosahóll* álagablettur 428316 396796

“Rosahóll. Bali við austurgafli fjárhúshlöðu Hafliða bónda. Nafnið skýrir sig sjálft.” segir í örnefnaskrá. Að sögn Hafliða Sveinssonar, heimildamanns, gildi hið sama hér og um Þerrijaðar 026, þ.e. þurrkur brást ekki þegar Rosahóll var slegin.

Balinn er horfinn, þarna er nú malarvegur og gróíð svæði við fjárhúshlöðuna. Rosahóll var í jaðri heimatúnsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ósabakki, 10

**ÁR-237:030** heimild um mógrafir

“Móskurður hefur verið, brúkast ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Ekki var hægt að staðsetja mógrafasvæði innan 50 m skekkju án frekari heimilda.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 202

## ÁR-238 Reykir

Sögulegar heimildir:

1686: Syðri Reykir: 20 hdr. Efri Reykir 20 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1695: Syðri Reykir 15 hdr. Efri Reykir 13 hdr 40 ál. skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 202.

1847: 15 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63.

Í Brennu-Njáls sögu segir: „At Reykjum á Skeiðum bjó Runólfr Þorsteinsson.” ÍF XII, 320.

1397: “Mariukirkia a Reykiumm a ij kыр oc hest,” DI IV, 51.

16.2.1523: Dómur sjö klerka um kærur Ögmundar biskups til Bjarna Narfasonar: “ä Reykjum ä Skedum mänudagin næsta fyrir Cathedrationem Sancti Petri Apostuli vorum vier i Dom nefnder af ærlegum herra og andlegum faudur. Herra Ögmund med guds näd biskup i Skalhollte,” DI IX, 130.

16.2.1523: “Reykiadomur vm sakargiptter Biskupz Ögmundar a mote Sera Jone Arasyni,” DI IX, 132.

7.2.1528: “var svo felldur skilmäle ok fullkomligur giörningur giörður af verdugum herra i gude biskup Ogmund ok þeim fleirum godum mönnum sem hann kallade til med sier ä Reykium ä Skeidum,” DI IX, 444.

26.2.1529: “Domur biskups augmundar og jons sigurdssonar [...] a reykjum a skeidum [...] uorum vier j dom nefnder af ærligri personu sira þorleifi Eirikssyni,” DI IX, 481.

27.2.1529: Dómur um Efri-Hamra í Kálholtskirkjusókn: “aa Reykjum aa skeidum worum uier j dom nefnder af erlægum dandimanni sira þorleife eireksyne er þa uar officialis,” DI IX, 483.

7.3.1530: Dómur um bruna kirkjunnar í Holti undir Eyjafjöllum: “ä Reykjum ä Skeidum. vorum vier j döm nefnder af heidursamligum herra ok andligum faudur herra Ögmund med Gudz näd biskup j Skalhollte,” DI IX, 518.

8.1.1539: Dómur um kærur Ögmundar biskups til Eyjólf's bónda Einarssonar í Dal: “var hann [Eyjolfr Einarsson] stefndr [af biskupsens alfu] til ad reykia aa skeidum,” DI X, 402.

8.1.1539: “Svo felldur dömur geck ä mälaefne Eyölf's Einarssonar j Dal ä Reykjum “Skeidum,” DI X, 404.

1541: Dómur um ákæru Gizurar biskups Einarssonar til Eyjólf's Jónssonar á Hjalla: “leizt oss þetta hit stærsta vanþamal og sakir þess at vier þottuz hier ecki yfer geta tekid dæmdum vier þetta sama mal tijl reyka a skeiþum,” DI X, 678.

11.1.1542: Dómur um kærur Gizurar biskups Einarssonar til Eyjólf's Jónssonar á Hjalla: “at Reykium aa skeidum. Worum uier j dom nefnder,” DI X, 698.

11.1.1545: “Domur um biskupstiiunder. [...] aa nedrum Reykjum aa Skeijdum vorum uier til bednir og j dom nefndir af Herra Gizure Einarssine Superintendens Schalholltzstiktis,” DI XI, 371.

25.6.1546: Dómur um kæru síra Jóns Pétrssonar til síra Höskulds Kollgrímssonar: „a nedrum reykium aa skeijdum worum vier j dom nefndir,” DI XI, 470.

29.10.1546: “Dömur Vmm Ränglega Medferd aa Huölum. [...] ä nedrum Reykium a Skeidum,” DI XI, 504.

18.7.1547: Úrskurður um hjónaband Gils Gilssonar og konu hans: “a nedrum reykium a skeidum,” DI XI, 562-563.

15.7.1559 & 1.7.1562: “ReyckiadomuR). [...] laugardaginn næstan fyrir Thorlaks Messo um Sumarit aa nedrum Reykium aa Skeidum worum vier til skodunar og doms nefnder af Herra Gisla Jonssyni Superjntendens Skalholltzstigtis,” DI XIII, 430-431.

Ósabakki (ÁR-237): „Þetta býli er bygt á fornu eyðibóli fyrir 35 árum milli Álfsstaða og Reykja, en ekki er víst í hvorrar jarðarinnar landi þetta býli stendur, þó meina fleiri, að plátsið heyri Álfstöðum til, sem kotið stendur á, hefur þó kotið aldrei goldið sínar skuldir til Álfstaða, heldur jafnan til stólsins,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 201.

“Efre Reiker, eyðijörð so nærri Syðri Reykjum að saman lágu túnin. Þessi jörð eyðilagðist fyrir


sandfoki hjer um fyrir 10 eður 12 árum og hefur síðan í auðn verið. Dýrleikinn var óviss ut supra á stólsins jörðum. [...] Ómögulegt er hjer aftur bygd að reisa fyrir áðursögðu sandfoki, sem eyðilagði jörðina,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 202-203.

Árið 1896 voru 8 bæjarhús og 11 peningshús. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 3 bæjarhús og 4 peningshús mjög skemmd en 5 bæjarhús og 7 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

“Austur undir Sandlækjarós var Reykjahjáleiga, öðru nafni Litlu-Reykir (eyðibýli),” segir í örnefnaskrá ÞB, 2.

Reykhóll: “Nýbýli byggt á einum þriðja Reykja árið 1946,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 443.

Reykjahlíð: “Nýbýli, sem núverandi eigandi og ábúandi byggði 1948 úr landi Reykja, og er það einn þriðji hluti jarðarinnar,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 444.



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Reykja frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar punktalínur og litaðir flákar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 5,6 ha, mest slétt. Matjurtagarðar 6,1 arar, þar með taldir fjelagsg. frá nokkrum bændum, sem eigandi jarðarinnar hefur þó umráð yfir og telur sjer.”

“Túninu grandar sandfok til stórskaða og eyðileggingar, sem áeykst árlega, og Engi og úthögum á sama máta. [...] Húsaþaki og veggjum spillir og þetta sandfok til meins, og þykir líklegt, að þetta sandfjúk eyðileggi jörðina,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 202. Efre Reiker: “Túnið er nú að mestu eyðilagt fyrir sandfoki, og Engjarnar, sem þá voru mjög fordjarfaðar af sama sandfoki og að mestu eyðilagðar. Það, sem eftir er, brúka nú Syðri Reykir og er þeim tillagt fyrir spjöll þau, sem á þá jörðu falla,” segir segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 203.

Mestur hluti landsins er þurrlendur. Frá bænum og austur að Þjórsá er víðlent heiðlendi og sést þar á stöku stað örla á Þjórsárhrauninu. Er þar gott ræktunarland. Norðvestur af bænum er jarðvegur sendinn. [...] Í landi Reykja er mikið malarnám á Murneyri, á bökkum Þjórsár, og er sótt þangað efni til bygginga víða að [...]. Á sandinum fyrir sunnan Stóru-Laxá á jörðin víðáttumikið vikurnám,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 422, 444.

**ÁR-238:001\_01** *Reykir* bæjarhóll bústaður

429169 394425



Bær ÁR-238:001\_01, horft til vesturs.

Sjö bæjarhús, með kálgörðum SV og SA við, eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Áttunda húsið [021\_01] er merkt inn á kortið upp við V horn kálgarðs 021\_02 SV við bæ 001. Elsta íbúðarhúsið á Reykjum er upphaflega byggt 1910 (stækkað um 1942), stendur austan á hólrana sem teygir sig til suðvesturs frá hinum náttúrulega Reykjarhóli. Kjallari er undir húsinu en engar sagnir eru um mannvist þar. Fjós sem var sambyggt að norðaustan hrundi í jarðskjálftum árið 2000. Stafnar bæjarins snéru til suðausturs og víðsýnt er þaðan. Þessi hús eru á sama stað og eldri bær að öllum líkindum.

Fyrir norðan og norðvestan bæjarhólinn eru sléttar grasflötir. Ofan (norðan) á hólnum er slétt grasflöt. Þar hafa engar byggingar staðið. Nýtt íbúðarhús stendur við suðurenda hússins og var svæðinu þar við jafnað út við byggingu þess.

Bæjarhóll 01 er framhald af náttúrulegum hól og því erfitt að ákvarða lengd hans, tæplega meira en 60 m. Breiddin er um 40 m. Að norðaustan er hann mjög brattur en til suðurs og vesturs er hann aflíðandi, hæstur um 3. Í hlíðum bæjarhólsins vaxa alls konar tré, bæði greni og birki. Íbúðarhúsið er suðvestarlega á hólnum. Hóllinn sést vel fast norðaustan við íbúðarhúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjar-teikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-238:001\_02** hleðsla kálgarður

429179 394239



Hleðsla ÁR-238:001\_02, horft til suðausturs.

Kálgarður 02 var sunnan við bæjarhól 01. Hann sést enn sem upphækkun í fremur brattri brekku sem hallar til suðurs. Hann afmarkast af um 0,5 m hárrí brún við íbúðarhúsið til norðvesturs. Innan hans eru tveir stallar með gróðri, líklega tilheyrdi þeir kálgarðinum upphaflega. Núna er þarna bakgarður íbúðarhússins með tilheyrandi gróðri. Enn má sjá norðausturhlíð kálgarðsins, hún er 10x1 m að lengd og liggur suðaustur-norðvestur. Hún er um 0,3 m á hæð og á henni vaxa m.a. berjarunnar og birkitré.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-238:002** heimild um bænhus

REYKIR (NEÐRI) Á SKEIÐUM (Á) -Maríu - (ÓLAFSVALLAÞING) HÁLFKIRKJA

1382-91: [á kvikfé] portio Ecclesiae vmm .iij. ár medan Einar hefur buid .iij. merkur. enn .v. aurar

vmm Þau .ij. ar sem fader hans bio. 1397: Þetta hefur til aukist vmmframm Maldaga herra Michels [ornamenti] portio Ecclesiae vmm Þat framm sem hann hafði að kirkiunni giort til Þriggia marka. var nv oll samt med Þeim .ix. aurum oc hundradi er fyrr var reiknud. cc. oc .xv. aurar; Máld DI IV 51.

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 50}

[1592]: ... jtem j samri [Ólafsvalla] sokn sogd og halldin ij bænhús. sem er ä nedri reykiom og j skalmhollti. enn um þeirra kuijllde veit ec eckj. AM 2624to bl. 9b.

17.5.1765: Bænhús á Reykjum aftekið; (PP, 80) [konungsbréf].

Ekki er vitað hvar bænhúsið á Reykjum var staðsett né hafa komið upp mannabein við framkvæmdir þar. Bænhúsið var þó líklega nærri bænum, á sama hólrana. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja bænhúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** DI IV 51; AM 263 fol; AM 2624to bl. 9b; PP, 80

**ÁR-238:003** *Traðir* heimild um traðir 429286 394153

“Traðir lágu frá bænum niður að hver. Þær voru með upphlöðnum görðum á báðar hendur. Við hverinn skiptust þær í tvær götur, Sandlækjargötu [050] norðan við Hverhólinn, en hin [sjá 051] að Kvíadæl. ... Traðir [003] lágu til suðvesturs frá bæ [001] í átt að gömlu bæjartóftunum [016]. Upphlaðnar,” segir í örnefnaskrá. Traðir til austurs frá bæ 001 eru merktar inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort 1920. Á báðum kortum eru sýndar traðir sem liggja fyrst í austur frá bæ en beygja síðan í SSA. Á bæjarteikningunni liggja traðirnar einnig til SV frá bænum, og fóru þá á milli bæjarins og kálgarðs 001\_02, sveigðu til norðurs á milli hans og kálgarðs 021\_02 og aftur til suðvesturs túnið. Enn í dag eru malarvegir þar sem traðirnar lágu. Traðirnar voru eingöngu sá hluti sem lágu til austurs að hvernum og að Kvíadæl, eftir það voru þær kallaðar Skógargötur, sjá 051.

Á þessum slóðum eru malarvegir, malarplön og tún.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö-Reykir ÞE, 1

**ÁR-238:004** *Reykjalaug* heimild um sundlaug 429285 394125

Um 170 m SA af bæ 001, við traðir 003, er mannvirki merkt inn á túnakort frá 1920 og líklega er um Reykjalaug að ræða. Sundlaugin var í túnjaðrinum, vestan við traðir 003. “Reykjalaug var steinsteypt sundlaug, tekin í notkun 1912 og notuð fram yfir 1920. Vatni í hana var veitt eftir stökk úr hvernum. Laug þessi var við túnhliðið hjá Kvíadæl,” segir í örnefnaskrá. Árið 1924 var gert við sundlaugina en eftirfarandi upplýsingar birtust í facebook hópnum Gamla myndir úr Skeiðahreppi: „En hér er færsla úr dagbók afa míns Eiríks Jónssonar í Vorsabæ frá 21.7.1924: „Ég fór og Einar (Gíslason vinnumaður í Vorsabæ í áratugi) upp að Reykjum til að fara að gera við sundlaugina. Unnum þar við í dag 7 menn. Rifum upp allan botninn. Ókum í hann grjóti til viðbótar og púkkudum hann upp að mestu.» Sundlaugin var rifin og fyllt upp í hana.

Slétt, grasi vaxið tún nýtt til beitar. Skjólbelti er austan við túnið, við malarveg sem er á sama stað og traðir 003.

Engin ummerki sundlaugarinnar sjást á yfirborði né stökkanna sem lágu í hana.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Reykir ÞE, 1

**ÁR-238:005** *Lambhústún* heimild um lambhús 429325 394146

Um 170 m SA af bæ 001 og um 70 m austan við útihús 006 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Að sögn Rúnars Bjarnasonar, heimildamanns, voru þetta lambhús og þessi hluti heimatúnsins kallaðist Lambhústún.

Ánessiðla  
Skólaþreppur

# Reykir



Tími: 56 ha. mest sjált. jörð  
Málþing og 6. ávar. þar með taldir fjölskygja frá nokkru  
hæðum, sem eignar þjóðsinnar lafar þó enn er  
öftr og bílar sjáir.  
1.2000

Þóroddur 73. 20  
Valdimar Björnsson  
8 (8)

Túnakort Reykja frá 1920. Bærinn er sýndur sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands

Þar sem lambhúsið var, er nú stór þró og úrgangi úr fjósi Reykjahlíðar dælt þangað. Þróin er lítillaga niðurgrafin og malarplan allt umhverfis.

Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-238:006** heimild um útihús 429241 394129

Um 130 m SSA af bæ 001 og 90 m ANA við útihús 007 er útihús merkt inn á túnakort frá 1906.

Það sést ekki á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá.

Slétt, ræktað tún nýtt til beitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-238:007** heimild um útihús 429136 394096

Um 140 m sunnan við bæ 001 og rúmum 90 m VSV við útihús 006 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það sést ekki á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá. Útihúsið var í brekku sem hallar niður til suðurs frá útihúsi 008. Það var fast norðan við malarveg sem nú liggur niður frá fjósi.

Slétt, ræktað tún nýtt til beitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-238:008** heimild um útihús 429124 394134

Um 110 m SSV af bæ 001 og um 40 m norðan við útihús 007 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það sést ekki á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá. Suðurendi núverandi fjóss á Reykjum er yfir áætlaðri staðsetningu útihússins.

Malarplan og -vegur eru sunnan við fjósið. Ólíklegt er að nokkuð sé varðveitt af útihúsinu.

Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-238:009** heimild um útihús 429209 394303

Um 70 m NNA af bæ 001 og 110 m VSV við útihús 010 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það sést ekki á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá. Útihúsið var rétt norðan við nýbýlið Reykhól sem er byggt 1946.

Útihúsið var að öllum líkindum byggt inn í suðurhlíðar Reykjahóls. Þarna er nú slétt, grasi vaxið svæði, nýtt sem leikvöllur.

Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-238:010** heimild um útihús 429319 394349

Um 170 m NA af bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá. Tóftin var að öllum líkindum grafin inn í suðurhlíðar Reykjahóls en er horfin. Hún var skammt norðan við fjós nýbýlisins Reykhóls sem þarna er.

Ofan á Reykjahól er gróið skjólbelti en neðan við brekkuna er malarplan, þ.e. geymsla fyrir alls kyns vélar og tilfallandi hluti.

Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-238:011** heimild um kálgarð

429282 394230

Um 80 m austur af bæ 001, austan við traðir 003, er kálgarður merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1920 á sama stað en virðist hafa aðra lögun en án efa er um sama stað að ræða.

Gróinn bakgarður við íbúðarhúsið Reykjahlíð 2 er þar sem kálgarðurinn var. Þar eru m.a. gróðurhús og trjágróður,

Öll ummerki kálgarðsins eru horfin, þarna eru malarplön og bakgarðar nýbýlsins Reykjahlíðar sem var byggt árið 1948.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-238:012\_01** heimild um túngarð

429332 394132

Túngarður 012\_01 er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Hann liggur um stærstan hluta túnsins að frátaldri N-hlíð. Á túnakorti frá 1920 er NV-horn einnig ógirt. Túngarður 012\_02 sést ennfremur liggja úr norðurhlíðum Reykjahóls og líklega er ekki um sömu útfærslu túnsins að ræða. Sá hluti er ekki sýndur á neinum túnakortum.

Túngarður 01 afmarkaði heimatúnið til allra átta nema norðurs, þar réði Reykjahóllinn mörkum. Nú eru slétt tún, byggingar og vegir þar sem þessi túngarður var áður.

Öll ummerki þessa túngarðs eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-238:012\_02** garðlag túngarður

429180 394346



Túngarður ÁR-238:012\_02, horft til vesturs.

Túngarður 02 sést enn um 80 m norðan við bæ 001. Hann liggur eftir norðurhlíðum Reykjahóls, á sama stað og náttúruleg afmörkun ræður á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Ekki er ljóst hvort að túngarðurinn er eldri eða yngri. Rabarbari er sunnan við túngarðinn og rafmagnsgirðing að auki. Túngarðurinn hverfur í slétt tún til suðurs og fjarar út til norðausturs. Búið er að planta grenitrjám í suðurhlíð túngarðsins og hann er aflagaður að hluta vegna þess. Hann er 17 m að lengd, 2-3 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð. Túngarðurinn er algróinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-238:013** *Efre Reiker* heimild um býli

“Efre Reiker, eyðijörð so nærri Syðri Reykjum að saman lágu túnin. Þessi jörð eyðilagðist fyrir sandfoki hjer um fyrir 10 eður 12 árum og hefur síðan í auðn verið. Dýrleikinn var óviss ut supra á stólsins jörðum,» segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II., „Enginn veit lengur hvar Efre Reiker stóðu,» segir í örnefnaskrá. Skrásetjari örnefnaskrár (JE) telur Reykjahjáleigu eða Litlu-Reyki (hér skráð á 014), sem nefnd er í örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar vera það sama og Efri Reykir. Óljós er hvort að það sé öruggt, en örnefnaskrá ÞB virðist eina þekkta heimildin um þessa hjáleigu. JE bætir einnig við: “Þessi frásögn [ÞB um staðsetningu Reykjahjáleigu] þykir mér ósennileg

en bendi á eftirfarandi: Skammt norður af Reykjahólnum eru enn innan sandgirðingarinnar stórir hólar, orpnir sandi. Þykir mér líklegt að þar hafi bærinn staðið, samanber frásögn Jarðabókarinnar „[...] so nærri Syðri Reykjum að saman lágu túnin“ (bls. 202), enda hefur sandfokið mætt þar fyrst á. Engar tóftir sjást þar lengur en ætla má að grjóthleðslur sem þar hafi staðið upp úr sandinum hafi verið notaðar í garða þegar girðingin var reist árið 1909.» Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja Efri-Reyki.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM II, 202-203; Ö-Reykir JE, 2

**ÁR-238:014** *Reykjahjáleiga* heimild um býli

“Austur undir Sandlækjarós var Reykjahjáleiga, öðru nafni Litlu-Reykir (eyðibýli),” segir í örnefnaskrá. Skrásetjari örnefnaskrár JE telur jörðina Efri Reyki (hér skráð á 013), sem nefnd er í JÁM vera það sama og Reykjahjáleiga. Óljós er hvort að það sé öruggt, en örnefnaskrá ÞB virðist eina þekktu heimildin um þessa hjáleigu. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja býlið.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞB, 2

**ÁR-238:015\_01** *Reykjahver* heimild um vatnsból

429247 394235

“Hver hefur verið frá fornu fari sunnan við Reykjahólinn með um 70 stiga heitu vatni. Hverinn var eina vatnsból bæjarins þar til vatn var sótt í Vörðufell með samveitu. Borað hefur verið hjá hvernum og er nú hitaveita á bæina og fremstu bæi í Gnúpverjahreppi,” segir í örnefnaskrá (JE). “Reykjahver skiptist í tvennt af móbergsklöpp, sem lá milli hveranna. Litlihver [015\_01] var ofar, 70° heit uppspretta. Úr honum var tekið vatn til kaffi- og matargerðar. Stórhver [015\_02] var alldjúp skál í móbergið, ef til vill gerð af mannahöndum, því þar var engin uppspretta. Stórhver var notaður til þvotta, bæði frá Reykjum og nágrannabæjum,” segir í örnefnaskrá (ÞE). “Á Reykjum er lítil laug, hlaðin upp til þvotta á þurrum gróðurlausum hól. Þaðan rennur lítill lækur, sem hverjur þegar í gljúpan sandinn. Við laugina sjálfa sést hvergi hið venjulega hverahrúður, þó að vatnið sé nærri því sjóðandi,” segir í Ferðabók Sveins Pálssonar. Reykjahver er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920, um 70 m austan við bæ 001 og 10 m norðan við kálgarð 011.

Reykjahver kom upp í Heklugosi árið 1660 að sögn heimildamanna og hvarf í Heklugosi árið 1947. Þarna er nú borhola með tilheyrandi mannvirkjum og gróðurhús innan bakgarðs Reykjahlíðar.

Engin ummerki sjást um hverinn á yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 4; Ö-Reykir ÞE, 1; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-238:015\_02** heimild um þvottastað

429253 394223

Þvottur var þvegin í manngerðri skál eða laug, og sést hún líka á bæjarteikningunni, skammt sunnan við sjálfan hverinn. Öll ummerki hennar eru horfin.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**ÁR-238:016\_01** *Tættur* bæjarstaði býli

428929 394047

“Tættur voru á hæð suðvestur frá bænum, 200-300 m. Þangað flutti Eiríkur Vigfússon Reykjabæinn undan sandfoki nokkru fyrir aldamótin 1800. Eiríkur sonur hans flutti svo bæinn aftur á sinn gamla stað um 60 árum síðar. [...] Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Tóttahúsið [016\_01] var ærhús fyrir fé, sem þurfti sérþóðrun, og stóðu í gömlu bæjartóftunum,” segir í örnefnaskrá (ÞE). “Bæjarhóllinn hefur verið sléttður og er nú tún,” segir í örnefnaskrá (JE). Bærinn var um 300 m suðvestan við bæ 001, þarna er hólhryggur en ekki er vitað hvar nákvæmlega á honum bærinn stóð. Þessi hryggur er endinn á sama holti og bærinn stendur á.



Tættur ÁR-238:016, horft til suðausturs.

Slétt, ræktað tún er á þessu svæði. Ekki er útilokað að Efri-Reykir 013 eða Reykjahjáleiga 014 hafi staðið þarna sé tekið mið af umfangi hólsins en hafa ber í huga að ekki er hægt að greina náttúrulegan hól frá mannvist í túninu.

Hnit var tekið á hæsta punkti hólsins sem þarna er. Hóllinn er stór um 50-80 m í þvermál og 2-3 m á hæð. Allar hliðar eru aflíðandi og engin ummerki um mannvist sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2; Ö-Reykir JE, 24

**ÁR-238:016\_02** *Tóttahúsið* heimild um  
beitarhús 428937 394058

Engin ummerki sjást um Tóttahúsið né er vitað með vissu hvar það var staðsett á svæðinu, fyrir

utan að vera í tóftum bæjarins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-238:017** *Sandgirðing* heimild um varnargarð 428821 394321

“Að Reykjum kom Gunnlaugur [Kristmundsson] 8. júlí 1907 við annan mann [...] Hófust þeir handa við að hlaða grjótgarda og voru hlaðnir um 700 metrar grjótgarda þetta ár, um þrjú fet á hæð. Þá settu þeir félagar upp timburgirðingar úr 6 álna borðum, tvö borð hvort upp af öðru fest á timburstólpa sem grafnir voru í jörðu og mokað að. Timburgirðingin hafði þann kost að hægt var að draga hana upp eftir því sem sandurinn lagðist að og reyndist hið mesta þarfapíng. Meira var ekki gert það árið. [...] Sumarið eftir, árið 1908, var fremri girðingin girt, 5.100 metra löng og um



Einn sandvarnargarða ÁR-238:017, horft til suðurs.

150 ha. Haldið var áfram að hlaða grjótgarda og setja upp timburfleka. [...] Árið 1909 var lokið við að girða Reykjasand. [...] Um 1930 er vesturhluti girðingarinnar orðinn gróinn og Reykjabónda afhent landið til fullra nytja. Nú hefur girðingin verið tekin upp syðst og vestast og allt landið er orðið gróið og gott beitiland. [...] Sandgirðing. Girðingin um Reykjasand, Sandgræðslan á Reykjum, sem svo var nefnd í daglegu tali. Sandgirðingin var upphaflega 9.880 m löng og landið innan hennar talið 265 ha,” segir í örnefnaskrá. Sandgirðingin er norðvestan við bæ 001, rétt utan við heimatúnið. Innan syðsta hluta hennar eru nú ræktað tún en enn má sjá fjölmarga hlaðna garða sem bera sandvörnunum vitni.

Sandgirðingin var úr gaddavír og árlega komu menn og löguðu hana á vorin. Víða má enn sjá sandvarnargarða og skipta þeir tugum. Girðingin er hins vegar horfin enda sandurinn uppgróinn að mestu. Melgresi, víðitegundir og gras eru nú ríkjandi á þessu svæði.

Sandgarðarnir liggja allir NV-SA og flestir yfir 300 m að lengd. Þeir eru grjóthlaðnir en sandur hefur ýkt umfang þeirra mikið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 8-10, 22

**ÁR-238:018** *Hestarétt* heimild um rétt

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Hestarétt var niður á túni í átt að Skeiðaréttum [039]. Þar voru höfð útigangshross,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Hestarétt var staðsett, mögulega er um sama stað og útihús 007 að ræða. Miðað við lýsingar var hún suðvestarlega í heimatúninu. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja réttina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:019** *Heybandsvað* heimild um vað

429973 396220

“Ágúst Helgason í Birtingaholti keypti Brúnavallakotið árið 1899 og hóf mikla heyflutninga þaðan. Birtingaholtsmenn fóru Laxá á vaði sem nefnt var Heybandsvað en það var ekki vagnfært (Ágúst Sigurðsson, f. 1936),” segir í örnefnaskrá. Vaðið var um 2,1 km norðaustan við bæ 001 og um 1 km norðaustan við námu 028. Áin skiptist í tvær kvíslar og stór hólmi eða eyja var í henni, vaðið var austan við hana.

Sendið svæði sem tekið er að gróa upp. Miklar breytingar hafa orðið hér, varnargarður við ána er nokkuð austar. Syðri kvíslin, svonefnd Pyttarás er nánast horfin og svæðið er vaxið víðitegundum og mosa. Vatn rennur þó í dragi þarna enn, það er um 0,5 m á dýpt. Sjálf Laxá er vatnsmikil, Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 11



Heybandsvað ÁR-238:019 var á þessu svæði.

**ÁR-238:020** brú samgöngubót

427979 395222

Hlaðin brú er um 1,5 km norðvestan við bæ 001 og um 530 m norðan við beitarhús 036. Brúin var hlaðin yfir Eyjólfsdælamýri og notuð á leið ÁR-661:032. Sú leið lá á milli Reykja og Álfsstaða ÁR-236. Ekki er vitað hvenær brúin var gerð né er hennar getið í örnefnaskrá, Mjög gróið svæði, skammt norðvestan við sandgræðslugirðingu. Víða eru grónir sandhólar. Brúin er um 190 m löng og myndar gleitt horn. Hún er um 3 m á breidd og 0,8 m á hæð. Allt bendir til þess að brúin sé ekki mjög forn.

**Hættumat:** engin hætta



Brú ÁR-238:020, horft til norðurs.

**ÁR-238:021\_01** heimild um útihús

429133 349231

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús 021\_01 með sambyggðum kálgarði 02 um 30 m suðvestan við bæ 001. Traðir 003 lágu á milli þeirra og útihúsið var sunnan undir hólnum sem bærinn er á.

Útihúsið var fast norðan við yngra íbúðarhúsið á Reykjum. Þar er nú bakgarður þess, sléttar flatir

og trjágróður.

Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-238:021\_02** heimild um kálgarð 429143 394226

Kálgarður 02 var austan og sunnan við útihús 01. Yngra íbúðarhúsið á Reykjum er yfir suðurhlutanum og gras til norðurs. Þar er brekka niður holtið sem bærinn er á.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-238:022** heimild um brunn

“Vatnsból örðugt, í einum brunni, sem djúpt liggur í jörð niður og spillist mjög af þessu sandfoki,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er vitað hvar þessi brunnur var staðsettur né er vitað um aðra brunna við bæinn. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hann.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 202

**ÁR-238:023** *Akurhólar* örnefni akur 428082 395306

“Upp frá Steinteig er Melaföt, á henni Akurhóll [024], Vestur frá Melaföt eru Akurhólar,” segir í örnefnaskrá (PB).” Í örnefnaskrá Jóns Eiríkssonar segir: “Akurhólar: Þrír lágir, grónir sandhólar eða börð í röð, vestast á Melafötinni.“ Akurhólar eru um 130 m norðaustan við brú 020 og 1,5 km norðvestan við bæ 001.

Þetta svæði er rofið af sandi en gróið upp aftur. Hólarnir sjást illa sökum mikils gróðurs.

Engin ummerki um ræktun sjást á þessu svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir PB, 1; Ö-Reykir JE, 16

**ÁR-238:024** *Akurhóll* örnefni akur 428145 394867

“Akurhóll. Þetta var áður gróinn sandhóll vestast á Melafötinni en var ýtt út þegar fletin var ræktuð og er nú bali í túninu. “Upp frá Steinteig er Melaföt, á henni er Akurhóll,” segir í örnefnaskrá (PB). Akurhóll er tæpum 450 m sunnan við Akurhóla 023 og um 1,2 km norðvestan við bæ 001.

Á þessu svæði eru slétt, ræktuð tún með tilheyrandi raski. Bygg er ræktað í hluta túnanna. Það mótar fyrir hólum í túninu en óvíst er hver þeirra er Akurhóll.

Akurhóll er horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 16; Ö-Reykir PB, 1

**ÁR-238:025** *Borgarhólar* örnefni fjárskýli 428187 394626

“Borgarhólar. Þrír sandhólar vestast í sandgirðingunni en hafa verið sléttaðir út og eru nú bali í túninu,” segir í örnefnaskrá. Borgarhólar eru rúmum 100 m sunnan við beitarhús 036 og rúmum 1 km norðvestan við bæ 001. Örnefnið bendir til þess að fjárborgir hafi verið í eða nærri hólunum. Slétt, ræktað tún nýtt til beitar.

Engin ummerki fjárborga sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 17

**ÁR-238:026** *Fljótsbrú* heimild um brú 427855 394526

“Fljótið. Útrás Leirtjarnar, ófært mönnum og skepnum áður fyrir. Fljótsbrú. Þar var grjóttbrú sem byggð var yfir foræðið til heyflutninga af Króknum. Nú liggur þar svonefndur línuvegur sem lagður var þegar Búrfellslína 3 var reist árið 1998,” segir í örnefnaskrá. Fljótsbrú var um 310 m suðvestan

við náttuga 035 og rúmum 1,3 km vestan við bæ 001. Núverandi línuvegur er á sama stað og gamla brúin sem er horfin.

Gróin heiði en víða eru blautar dælar og lækjardrög.

Öll ummerki brúarinnar eru horfin.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 18

**ÁR-238:027** *Grafir* heimild um mógrafir 428376 394508

“Grafir. Gamlar mógrafir sem voru við Traðirnar [sjá 661:010] vestast, nú komnar í tún,” segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru um 300 m suðaustan við beitahús 036 og rúmum 830 m VNV við bæ 001. Hvergi sjást lautir eða dældir sem gefa nánari staðsetningu þeirra til kynna. Hér hefur sandfok sem og sléttun átt þátt í því.

Slétt, ræktað tún nýtt til beitar og sláttar er á þessu svæði.

Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 18

**ÁR-238:028** *Vikrar* náma 429465 395214

“Vikrar (Vikur (E.Þ.)). Svæðið norður af bænum og að Laxá, sandblásið og örfoka land áður og grýtt. Þar eru miklar vikurdyngjur og tóku

Reykjabændur þar vikur til sölu. Grjót var sótt á Vikrana til hleðslu garða þegar Reykjasandur var græddur og þar var tekið grjót í Iðubruna. Á síðari tímum hafa Reykjabændur unnið að því að hreinsa landið af grjóti vegna túnræktar. Landið er nú gróið að mestu, víði og lyngi efst, en það er lágt svo áin fer yfir það í leysingum,” segir í örnefnaskrá. Vikrar eru um 1 km norðan við bæ 001 og 700 m norðan við vað 032.

Flatlent, sendið svæði. Vikur sést enn í jarðvegi en lítið sem ekkert grjót. Vikurinn er tekin að gróa upp, lyng og kjarr eru ráðandi

Ekki sjást bein ummerki um efnistöku önnur enn jarðvegsrof.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 25



Horft til norðurs yfir Vikra ÁR-238:028.



Grjótgarðar ÁR-238:029, horft til vesturs.

**ÁR-238:029** *Grjótgarðar* náma 428878 395506

“Grjótgarðar. Uppblásið sand- og hraunsvæði suður og austur [vestur] af réttunum, nú orðið að túni að hluta. Þar var grjót tekið í réttirnar [039] þegar þær voru byggðar 1881,” segir í örnefnaskrá. Grjótgarðar eru um 80 m sunnan við rétt 039 og tæpum 800 m SSV við bæ 001.

Grjótgarðar er uppblásið svæði og víða sést melur koma upp úr sverði. Víða eru sléttir flákar inn á milli grýttra svæða og þar var grjótið án efa tekið. Enn má sjá grjót í hrúgum, líklega tilkomið eftir að réttirnar voru endurhlaðnar 1977-1981.

Ekki er hægt að sjá önnur ummerki um efnistöku enn umrædda fláka. Ekki er vitað hversu stórt svæði var notað.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 18

**ÁR-238:030** *Gunnarshólmi* heimild um tjaldstæði 428054 394920

“Gunnarshólmi. Smá dæl vestast í Hróarsdælunum og dregur nafn sitt af Gunnari Sturlaugssyni sem lá þar við í tjaldi við vörslu engjanna,” segir í örnefnaskrá. Gunnarshólmi var um 200 m NNV við beitarhús 036 og um 1,3 km norðvestan við bæ 001.

Vírgirðing liggur NA-SV á þessum slóðum og búið er að slétta svæðið norðan hennar, þar var Gunnarshólmi að öllum líkindum.

Engin ummerki tjaldstæðisins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 18

**ÁR-238:031** *Kvíadæl* heimild um kvíar 429222 394061

“Kvíadæl. Dælin var austur [suður] af túninu „ með ylvölgu vatni úr hvernum. Þangað var búfénaður rekinn að vetrinum, kýr, kindur og hestar.“ (E.Þ.). Dælin er nú komin í tún. Færikvíar voru við dælina (I.Þ.),” segir í örnefnaskrá. Kvíadæl er horfin vegna framræslu en var um 160 m sunnan við bæ 001, rétt utan við heimatúnið.

Slétt, grasi vaxið tún nýtt til beitar. Malarvegur er líklega yfir vesturhluta dælarinnar.

Engin ummerki kvía sjást á yfirborði né vitað hvort að eldri og þá hlaðnar kvíar hafi verið á staðnum.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 19

**ÁR-238:032** *Lambabrot* heimild um vað 430054 394718

“Lambabrot (Br. J). Það mun hafa verið vaðið á Sandlækjarós sem lömb voru rekin yfir til afréttar (I.Þ.),” segir í örnefnaskrá. Vaðið var um 1 km norðaustan við bæ 001 og 750 m SSA við námu 028. Það er horfið, beggja vegna við Sandlækjarós eru ræktuð tún og hann komin í djúpan vélgrafinn skurð.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 19

**ÁR-238:033** *Litluréttir* heimild um rétt 429444 394101

“Litluréttir. Heimaréttir Reykjabóndans áður og stóðu austan við Skógargötuna, nú tún. „Hætt var að nota þessar réttir eftir að Skeiðaréttir [039] voru byggðar og farið að kalla þær þessu nafni.“ (E.Þ.),” segir í örnefnaskrá. Litluréttir 033 voru um 280 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 130 m suðaustan við lambhús 005. Þær voru skammt austan við heimatúnið og búið að slétta þær út.

Hraungrýti sést í jarðvegi á þessu svæði, mögulega úr réttinni. Þarna er nú slétt tún sem nýtt er til beitar. Túninu er skipt niður með skjólbelti og vírgirðingum,

Engin ummerki réttanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 19

**ÁR-238:034** *Mánagarður* heimild um landamerki 430351 392975

“Mánagarður. Garðbrot á mörkum Reykja og Sandlækjar og stendur enn,” segir í örnefnaskrá.

Mánagarður var rúmum 1,7 km suðaustan við bæ 001 og tæpum 1,5 km austan við tóftir 037. Nú er vélgrafinn skurður á merkjum sunnan við áætlaða staðsetningu garðsins og vírgirðing Sandlækjarmegin. Skjólbelti og ræktuð tún eru í landi Reykja þar sem garðurinn var. Hlutar túnanna eru komin undir byggræktun.

Engin ummerki Mánagarðs eru varðveitt lengur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 20

**ÁR-238:035** *Efri-Nátthagi* garðlag nátthagi 428156 394708

“Nátthagi, Efri-. Hann var vestan við sandgirðinguna og standa þar enn veggir á tvo vegu vestan við fjárhúsið [036],” segir í örnefnaskrá. Nátthaginn sést enn rúmum 1,1 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 90 m sunnan við Akurhól 024. Beitarhús 036 eru innan nátthagans sem náði áður lengra til norðausturs en sá hluti er horfinn í tún.

Gróin heiði nýtt til beitar er til vesturs. Til austurs eru slétt, framræst tún sem enn eru slegin. Víða sjást ummerki um dælar á þessu svæði.



Efri-Nátthagi ÁR-238:035.



Efri-Nátthagi ÁR-238:035, horft til norðausturs.

Efri-Nátthagi afmarkaðist af hlöðnum veggjum til allra átta. Op var til suðausturs, frá beitarhúsum 036. Veggirnir eru 1,5 m á breidd, 0,3-,0,5 m á hæð og algrónir. Víða er rof í þeim vegna ágangs hrossa sem gefið er innan nátthagans. Engin ummerki um vírgirðingu sjást ofan á veggjunum en líklega var það svo. Nátthaginn afmarkar svæði sem er 115x55 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 21

**ÁR-238:036\_01** heimild um beitarhús 428174 394732

Þrjú beitarhús [sjá 02 og 03] eru merkt inn á herföngjaraðskort frá 1908 um 1,1 km norðvestan við bæ 001., „Nátthagi, Efri- [035]. Hann var vestan við sandgirðinguna og standa þar enn veggir á tvo vegu vestan við fjárhúsið,» segir í örnefnaskrá JE., „Eyjólfsdælarmýri er þýft slægjuland milli Eyjólfsdælar og Steinteigs, sem nær heim undir ærhúsin að Melunum, þýft slægjuland með stökum steinum,» segir í örnefnaskrá ÞE. Um sama beitarhús er að ræða í báðum örnefnalýsingum. Nátthagi 035 er að öllum líkindum yngri og eitt beitarhúsanna er innan hans, hin virðast hafa verið utan hans. Núverandi fjárhús eru á sama stað og eitt húsanna sem sést á kortinu.

Gróin heiði, nýtt til beitar er til vesturs. Til austurs eru slétt, framræst tún sem enn eru slegin. Víða sjást ummerki um dælar á þessu svæði.

Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna byggingar

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 21; Ö-Reykir ÞE, 4-5; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-238:036\_02** heimild um beitarhús 428198 394753

Beitarhús 02 var um 40 m norðaustan við beitarhús 01. Öll ummerki þess eru horfin í slétt tún og mögulega var það rífið þegar náttthagi 035 var byggður, það virðist vera í norðausturmörkum hans.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-238:036\_03** heimild um beitarhús 428212 394694

Beitarhús 03 voru um 50 m austan við beitarhús 01, utan náttthaga 035. Þarna eru nú slétt tún og ekki er útilokað að beitarhúsið hafi tilheyrt Borgarhólum 025.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-238:037** *Fremri-Náttthagi* garðlag náttthagi 428866 392984

“Náttthagi, Fremri-. Hann stóð á Vallarbakkaenda og standa veggirnir enn að hluta. „Þar var gerður náttthagi kringum húsin [sauðahúsin] nokkru fyrir aldamótin 1900 og þar „fært frá“ á vorin.“ (E.Þ.),” segir í örnefnaskrá. Fremri-Náttthagi er rúmum 1,2 km sunnan við bæ 001 og beitarhús 065 eru innan hans. Húsin eru að öllum líkindum eldri og af þeim sökum skráð stök. Eldri vallargarður virðist hafa verið austan við beitarhúsin, sjá 066.

Svæðið er grasi vaxið og búið að slétta yfir það á einhverjum tíma. Það er nú þýft og nýtt til beitar.

Beitarhúsin eru á hólhrygg sem liggur þvert A-V í gegnum túnið.



Fremri-Náttthagi ÁR-238:037 og minjar innan hans.



Fremri-Náttthagi ÁR-238:037, horft til suðvesturs.

Náttthaginn var um 85x57 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur. Bakkavegur liggur nú þvert í gegnum suðausturhlutann og raskar honum nokkuð. Náttthaginn er afmarkaður með hlöðnum veggjum sem sjást enn að hluta, norðausturhlutinn er horfinn sem og hluti sunnan Bakkavegar. Veggirnir eru torfhlaðnir, um 2 m á breidd og 1 m á hæð til vesturs. Aðrar hliðar eru lægri, um 0,4-0,5 m, og mun signari en þeir sem standa betur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 21

**ÁR-238:038** *Reykjahóll* heimild um leikvöll 429215 394379

“Reykjahóll. Gróinn móbergshóll norðan við bæina Reyki og Reykhól „ og var leiksvæði barna þar með



Reykjahóll ÁR-238:038, horft til suðvesturs.

leggi, horn og kjálka.“ (E.Þ.),” segir í örnefnaskrá. Reykjahóll er fremur stórt holt norðan við heimatúnið. Ekki er tekið fram hvar börnin léku sér eða á hvaða tíma átt er við.

Reykjahóll er um 370x70 m að stærð og snýr norður-suður. Að sunnan er trjárækt í holtinu en lúpína er ráðandi til norðurs. Víða eru klettabelti og holtið er brattara til suðurs, að heimatúninu. Að norðan eru stakir móbergsklettur.

Engin ummerki leikvallar sjást á yfirborði.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 21

**ÁR-238:039\_01** *Reykjaréttir* mannvirki rétt

428884 393666

“Reykjaréttir einnig nefndar Skeiðaréttir og Flóaréttir. Réttirnar byggðu Skeiða- og Flóamenn árið 1881 til þess að rétta afréttarfé sínu sem áður hafði verið réttað í Skaptholtsréttum. Er ártalið höggvið í einn steininn í réttakampinum við almenningdýrnar [...] Réttirnar voru byggðar úr hraungrýti en grjótið var allt í kring [sjá 029]. Byggingarlandið var slétt og gott og sandur undir. Þær skiptust í almenning og 27 dilka en upp úr 1893, eftir slysið í Læminu, var byggt safngerði [039\_02] austan við almenninginn. Réttirnar voru endurbyggðar á árunum 1977 -1981 og vígðar þá á höfuðdaginn en dilkum var fækkað. Réttirnar þykja listrænar, gerðar af miklum hagleik og gjarnan sýndar ferðamönnum,” segir í örnefnaskrá (JE). “Skeiðaréttir eða Flóaréttir, stundum nefndar Reykjaréttir, eru á sandlendi um 1 km suður frá bæ á Reykjum,” segir í örnefnaskrá (ÞE). Reykjaréttir eru um 600 m suðvestan við bæ 001 og 20 m norðaustan við Stöðulhól 043. Réttirnar eru enn í fullri notkun og vel viðhaldið. Gróin heiði en stutt er niður á hraun.



Uppmæling af Reykjaréttum ÁR-238:039\_01 og 02.

Rétt 01 er vestar. Hún er 98 m í þvermál og op inn í hana er til austurs, andspænis gerði 02. Hún skiptist í 15 hólf og op er inn í þau að utan sem og úr almenningnum. Hverju hólf er skipt í tvennt með timbri og alls eru því um 30 dilkar í réttinni auk almenningu. Almennurinn er um 39 m í þvermál og hvert hólf 27x18 m að stærð. Þau



Myndin er tekin innan í rétt ÁR-238:039\_01, horft til norðvesturs.



Safngerði ÁR-238:039\_02, horft til suðausturs.

mjókka eftir því sem nær dregur almenningnum. Yfir hverju opi úr almenningnum er steipt plata og hlið þar undir. Veggir eru grjóthlaðnir og tæplega 1,7 m á hæð. Það má sjá um 6-7 umför af fremur stóru grjóti í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 21-22; Ö-Reykir ÞE, 3

**ÁR-238:039\_02** mannvirki rétt 428930 393665

Safngerði 02 er tæpum 9 m austan við rétt 01. Op er til vesturs, andspænis opi inn í réttina. Gerðið er um 96 m í þvermál og hringlaga. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og í þeim má sjá fjögur umför af grjóti.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-238:040** Réttarvegur vegur leið 428935 393575

“Réttavegur. Vegurinn af Vallarbakka heima að réttunum [039],” segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hversu gamall þessi vegur en, fær þó að njóta vafans og talin hér til fornleifa. Vegurinn sést enn og er í fullri notkun. Hann liggur til NNV frá Skeiðavegi og endar við Reykjaréttir 039.

Gróin heiði.

Nú er þarna akfær malarvegur en ekki er vitað hvort eldri vegur var þarna fyrir. Hann er 400 m langur og 4 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 22

**ÁR-238:041** heimild um leið 429556 393000

Við yfirferð loftmynda frá árinu 2000 og 1996 sést gata liggja eftir vesturhluta Lágheiðar og sunnan Stórhólsdælar. Leiðin virðist liggja til suðurs, milli Mjóaflóðs og Skjónaflóðs og stefnir á Þjórsárgötu ÁR-661:011. Hún er nafnlaus en notuð á ferðum innan bújarðarinnar.

Slétt, ræktuð tún eru nú á þessu svæði. Á milli þeirra eru djúpír skurðir og sum túnanna eru nýtt til byggræktar.

Öll ummerki leiðarinnar eru horfin.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-238:042** Stórhólsgrata gata leið 429298 392908

“Stórhólsgrata. Gömul fjárgata af Vallarbakkanum, meðfram Stórhól og niður á Murneyrina. Gatan er nú komin í tún efst,” segir í örnefnaskrá. Leiðin sést enn í vallendi og er viðahaldið af hrossum í lausagöngu. Líkt og segir í örnefnalýsingu er nyrsti hlutinn horfin í tún. Hún lá að Myrneyrum og Þjórsárgötum ÁR-661:011.



Stórhólsgrata ÁR-238:042, horft til suðurs.



Stöðulhóll ÁR-238:043, horft til norðvesturs.

Leiðin sést vel en er röskuð að hluta, m.a. vegna vírgirðinga og slóða innan beitarrólfa. Gróin, þýfð heiði er á þessu svæði.

Leiðina er hægt að rekja á tæplega 1 km löngum kafla í valllendi. Hún hlykkjast norður-suður, að Þjórsárgötum en hverfur að hluta við svokallað Langafloð en virðist hafa legið eftir austurhlíðum þess. Leiðin er um 0,5 m á dýpt, 1 m á breidd og gróin. Bakkar hennar eru þýfðir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 23

**ÁR-238:043** *Stöðulhóll* heimild um kvíar 428805 393625

“Stöðulhóll. Hár en gróinn sandhóll rétt suðvestur af réttunum [039] og er flaggað á hólnum og réttadaginn. „ Þar voru mjólkaðar kýr meðan bærinn stóð fram á Tóttum [016].“ (E.Þ.),” segir í örnefnaskrá ÞE. Stöðulhóll er tæpum 20 m suðvestan við Reykjaréttir 039 og tæpum 700 m suðvestan við bæ 001. Flaggstöng er ofan á hólnum og rask af hennar völdum. Ekki er vitað hvort að hlaðnar kvíar voru við hólinn.

Stöðulhóll sést vel, hann er um 2,5 m á hæð, 23x12 m að stærð og snýr norður-suður. Allt umhverfis hólinn er uppblásið og sendið svæði.

Engin ummerki kvía sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** 3; Ö-Reykir JE, 24

**ÁR-238:044** *Tjaldstæði* heimild um tjaldstæði 428949 393819

“Tjaldstæði var slétt vallendisflöt sunnan við Sanddæl. Þar var oft veitingatjald um réttir og dansað þar á flötinni á réttanótt og réttadaginn,” segir í örnefnaskrá. Tjaldstæði var um 120 m norðan við Reykjaréttir 039 og tæpum 500 m sunnan við bæ 001. Þetta er ekki fornt örnefni og tengist Reykjaréttum.

Slétt, ræktað tún er á þessu svæði nú.

Engin ummerki um Tjaldsstæði sjást lengur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:045** *Þorleifshóll* heimild um legstað 428928 394117

“Þorleifshóll. Hóllinn var allstór og var norður af Tóttum [016] en var mokaður út og er bali í túninu. Hóllinn ber nafn sitt af manni sem þar er sagður heygður,” segir í örnefnaskrá. Þorleifshóll var um 270 m suðvestan við bæ 001 og 10-20 m norðan við bæ 016. Balinn, eða hólinn, sést enn og er mun lægri en hólinn sem Tættur voru á.

Hóllinn er mikið raskaður vegna sléttunar. Engar sagnir eru um mannabeinafund við sléttun hólins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 25

**ÁR-238:046** *Prestkonuvað* heimild um vað 427689 393486

Örnefni horfið í sandinn: „Prestkonuvað. Sagt er að það hafi verið á Seftjörninni, fram af Seftjarnarrima, en engar frekari lýsingar eru á nafninu. (Þ.Bj. nefnir einnig Prestkonuvað á Seftjörn í skrá sinni),” segir í örnefnaskrá. Vaðið var líklega notað á leið ÁR-661:010 (Sundbraut) en hvort það var sunnan eða norðan við tjörnina er ekki vitað. Hnit var tekið sunnan við tjörnina, rúnum 1,6 km suðvestan við bæ 001 og um 1,1 km vestan við rétt 039. áveituskurður er nú á þessu svæði. Svæðið sunnan og austan við Seftjörn er illa farið vegna uppblásturs. Það hefur gróið aftur og þar er vallendi ríkjandi að hluta nú.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 25

**ÁR-238:047** *Stekkatúnsmelar* örnefni stekkur

“Örnefni af gömlum skráum sem menn þekkja ekki í dag [...]. Stekkatúnsmelar (Br.J.),” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar stekkurinn var staðsettur og frekari heimildir þarf til þess að hnitsetja hann. Mögulega er átt við örnefnið Mela sem er skammt vestan við Reykjaréttir 039 en það fór illa vegna uppblásturs. Eins gæti svæðið norðan við Reykjahól verið undir sem einnig fór illa vegna uppblásturs.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 26

**ÁR-238:048** *Stakiklettur* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 429361 396617



Stakiklettur ÁR-238:048, horft til norðvesturs.

“Stakiklettur er stór steinn framan við Reykhólinn [038]. Þar var talið að huldar vættir byggju. Bóndinn á Helgastöðum sá eitt sinn síðdegis, að ljós logaði í Stakakletti. Horfði hann á þetta langa stund. Það var venja barna á Reykjum að bera brotið glertau að Stakakletti og hafa þar í búi. Slík brot geta endurkastað ljósi mjög langt,” segir í örnefnaskrá. “Álfabyggð er talin í Stakaklett sem er lítill grjóthóll skammt frá bæjarhúsum á Reykjum á Skeiðum. Eiríkur Eiríksson langafi Ingvars Þórðarsonar á Reykjum hjálpaði einhverju sinni álfkonu í barnsnaud á þessum stað,” segir í Landið, fólkid og þjóðtrúin. Stakiklettur er rúmum 410 m NNA við bæ

001 og rúmum 40 m austan við sandgræðslugirðingu 017.

Stakiklettur er stakstætt holt, skammt norðan við Reykjahól. Kletturinn er þó á sama holti, þetta er nyrsti hluti þess í rauninni. Klettabelti eru víða á þessu svæði. Stakiklettur er um 5 m á hæð, klettur eru alls staðar í hlíðum hans og lúpína vex víða.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 1, LFP, 270

**ÁR-238:049** frásögn fjárhús 429303 394120

Að sögn Hjalta Þórðarsonar, heimildamanns, voru fjárhús við affallið úr læknum sem rann til suðurs frá Reykjahver. Að hans sögn komu bændur víðsvegar að með sauðfé til þvotta í húsinu en þar var fjárbað. Fjárhúsið var um 170 m suðaustan við bæ 001, þar er nú skemma frá Reykjahlíð. Þetta fjárhús var skammt frá rétt 057 en allar þessar minjar eru horfnar og líklega gerðar efir 1920. Affallið úr hvernem rennur nú í skurði, fast austan við gömlu heimreiðina að bæjunum. Þarna er slétt, malarborið svæði og mikið jarðrask, m.a. jarðfylling.

Öll ummerki þessa fjárhúss eru horfin.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**ÁR-238:050** *Sandlækjargata* heimild um leið 429339 394270

“Traðir [003] lágu frá bænum niður að hver [015]. [...]. Við hverinn skiptust þær í tvær götur, Sandlækjargötu norðan við Hverhólinn, en hin (nafnlaus?) að Kvíadæl [031],” segir í örnefnaskrá. Sandlækjargata lá til austurs frá bæ 001, til austurs frá hver 015.

Núverandi malarvegur að bæjunum til austurs liggur nánast á sama stað og Sandlækjargata gerði áður. Ekki er vitað hvar hún fór utan heimatúnsins en Skógargötur 051 voru yfirleitt farnar að Sandlæk að sögn heimildamanna. Mögulega var vaðið Lambabrot 032 notað á þessari leið. Einnig

er hugsanlegt að um malarveg sem sést á loftmyndum frá 1960 og 200 að ræða sem virðist stefna á Sandlæk. Þar eru nú slétt tún sem hólfuð eru niður í föng beitarhólf.

Öll ummerki leiðarinnar eru horfin.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 1

**ÁR-238:051** *Skógargata* vegur leið

430362 393569

“Skógargata. Forn reið- og lestargata frá Tóttunum [016], þar sem gamli bærinn stóð, austur um heiðina. „Þessi leið var farin þegar sóttur var skógur í Þjórsárdal. Skógur var notaður í rafta og vendi.“ (E.Þ.). „Ég man eftir því þegar trússararnir komu af afréttinum eftir götunni en þá var vegurinn yfir Sandlækjarmýrina ekki kominn.“ (I.Þ.)” segir í örnefnaskrá Reykja. Leiðin lá til suðausturs frá heimatúni Reykja ÁR-238 og sameinaðist leið 014, við Þjórsá, í landi Sandlækjar.



Skógargata ÁR-238:051, horft til norðvesturs.

Gróin heiði er vestan við Sandlækjarós.

Skógrækt er skammt vestar og trjám hefur að

auki verið plantað austar, nær ósnum. Eitthvað jarðrask hefur átt sér stað umhverfis leiðina, það er mun sléttara en nánasta umhverfi sem er stórþýft.

Leiðin var rakin á tæplega 70 m löngum kafla suðaustarlega í landi Reykja, nærri Sandlækjarós. Hún sést liggja til NNV, frá Sandlækjaós og áfram í skógræktarsvæði. Hægt er að rekja leiðina þar á köflum, víða er hún þó horfin vegna herfingar sem og gróðurs. Á gömlum loftmyndum sést að leiðin náði allt að Skeiða- og Hrunamannavegi áður en trjárækt hófst. Norðan við veginn er leiðin horfin í slétt tún og engin ummerki hennar varðveitt þar. Leiðin sést vel, hún er niðurgrafin og mögulega var hún rudd að hluta. Hún er um 2 m á breidd og 0,4-0,5 m á dýpt. Leiðin er algróin og engin mold sést í botni hennar lengur. Leiðin fjarar út nærri Sandlækjarós til suðurs, þar er flatt og gróið svæði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir JE, 23

**ÁR-238:052** garðlag vörslugarður

429026 394153

Hlaðinn garður sést um 150 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 60 m norðaustan við Þorleifshól 045. Líklega er um vörslugarð að ræða sem ber stækkun heimatúnsins vitni.

Til austurs er gróið tún en malarvegur er skammt norðar. Hann er enn í notkun.

Þessi veggur liggur fast austan við malarveg sem liggur til suðvesturs frá bænum. Garðurinn er 20 m langur, 1,5 m á breidd, 0,5 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Eitthvað jarðrask er á þessu svæði, m.a. liggur steypuklumpur hjá garðinum, Hann er algróinn grasi og hvergi glittir í stein.



Garðlag ÁR-238:052, horft til ANA.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 1

**ÁR-238:053** *Stöðullinn* örnefni kvíar

429312 394226

“Stöðullinn var heima við hverinn sunnanvert,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Stöðullinn eða kvíarnar voru en líklega við hól sem er fast austan við eldra íbúðarhúsið í Reykjahlíð. Þar er hóll, um 140 m austan við bæ 001, rétt utan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1906. Hér er ekki um sama stað og Kvíadæl 031 að ræða.

Hóllinn er austan við íbúðarhúsið og fast norðan við núverandi útihús.

Engin ummerki kvía sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 1

**ÁR-238:054** *Dalgata* gata leið

429042 392745



Dalgata ÁR-238:054, horft til suðurs.

“Fyrir vestan Langafliód er Stórhóll, hjá honum er Stórhólgata [042], [...], en fram af hólnum er Bletturinn. Við Blettinn er Dalgata, framan við hana er Krókadæl,” segir í örnefnaskrá. Dalgata sést enn rúmum 100 m SSA við beitarhús 065 og tæpum 1,3 km sunnan við bæ 001. Hún var notuð innan bújarðarinnar.

Gróin, þýfð heiði er á þessu svæði.

Leiðin sést á um 480 m löngum kafla og hlykkjast N-S. Að norðan er hún komin undir Bakkaveg en til suðurs fjarar hún út við Stóra-Skurð sem tilheyrði Skeiðaáveitu og sést ekki sunnan hans. Hún er 0,4-0,5 m á dýpt, 1 m á breidd og mold er enn í botni. Leiðinni er viðhaldið af hrossum í lausagöngu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞB, 1

**ÁR-238:055** *Smiðjubóll* heimild um smiðju

“Smiðjuhóll var við traðarkjafinn [003] suðvestan við bæinn” segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvort Smiðjuhóll var við bæ 001 eða rétt utan heimatúnsins. Mögulega er um útihús 021\_01 að ræða en frekari heimildir þarf til þess að staðsetja smiðjuna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:056** *Upphesthús* heimild um hesthús

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. Upphesthús var heima við bæinn ofan við Hverhól,” segir í örnefnaskrá. Hverhóll er austan við yngra íbúðarhúsið í Reykjahlíð og sé tekið mið af örnefnaskránni var Upphesthús þar norðan við. Það er ekki sýnt á neinum túnakortum en ekki er ljóst af hverju svo er. Líklega er hesthúsið komið undir núverandi veg að Reykjum og ekki reyndist unnt að staðsetja það með vissu. Það var þó innan heimatúnsins, norðan við Hverhól.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:057** frásögn rétt

429317 394115

Að sögn Hjalta Þórðarsonar, heimildamanns, var hestarétt rétt suðaustan við heimatúnið. Réttin var um 200 m suðaustan við bæ 001, sunnan við skemmu sem þarna er nú. Líklega er mynd af réttinni, eða fjárhúsum 049, í Jarðabók Skeiðahrepps. Ljósmyndin er tekin árið 1951. Ekki er ljóst

hversu gamlar þessar minjar eru en fá að njóta vafans og taldar til fornleifa.  
Svæðið er mikið raskað og komið undir jarðfyllingu að hluta.  
Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 173

**ÁR-238:058** *Litlahesthús* heimild um hesthús

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Litlahesthús rétt heiman við Hestarétt [018],» segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Litlahesthús var staðsett, mögulega er um sama stað og útihús 008 að ræða. Miðað við lýsingar var hún suðvestarlega í heimatúninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:059** *Traðarkofi* heimild um útihús

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Traðarkofi var við suðvesturtraðir [003] heima undir bænum,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Traðarkofi var staðsettur, mögulega er um stama stað og útihús 021\_01 að ræða. Eins gæti þetta átt við syðsta húsið í bæjarröndinni sem var stakstætt sé tekið mark á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja útihúsið sem líklega var nærri Smiðjuhól 055 og bænum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:060** *Hólshúsið* heimild um lambhús

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Hólshúsið, lambhús fyrir geldinga, norður á túninu austan við Reykjahólinn [038],» segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar lambhúsið var staðsett, mögulega er um stama stað og útihús 010 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja lambhúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:061** *Litlambhús* heimild um lambhús

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Litlambhús var nær bænum og neðar á túninu en Hólshús [060]. Þetta hús var notað fyrir vanfóðra lömb,» segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Litlambhús var staðsett, mögulega er um sama stað og útihús 009 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja lambhúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:062** *Gerðið* heimild um útihús

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Gerðið var austan við Hverhól og norðan lækjarins,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Gerðið var staðsett, mögulega er um sama stað og kálgarð 011 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja Gerðið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:063** *Niðurlambhús* heimild um lambhús

“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Gerðið [062]

var austan við Hverhól og norðan lækjarins. Þar var lambhús og kallað Niðurlambhús” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Niðurlambhús var staðsett, mögulega er um sama stað og lambhús 005 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja lambhúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:064** *Sauðahús* heimild um fjárhús


“Gripahús á og við túnið á Reykjum, eins og þau voru um aldamótin 1900. [...] Sauðahús, fyrir veturgamla sauði, var sunnan við Hveralækinn og norðan Kvíadæl [031],” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar fjárhúsið var staðsett, mögulega er um sama stað og útihús 006 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja fjárhúsið. Slétt tún sunnan við bæinn er nú á þessu svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 2

**ÁR-238:065\_01** *Gömlu ærhús* tóft beitarhús

428869 393042



Uppmæling af beitarhúsum ÁR-0238:065, garðlagi 066 og Fremri-Nátthaga 037.

“Gömlu ærhús voru suðvestur á sandinum um 800 metra frá bænum. Þau eyddust af sandfoki og voru flutt norðar og vestar, þar sem þau eru nú [036],” segir í örnefnaskrá. Þrjú beitarhús, sjá 02 og 03, eru sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908 á þessu svæði en nátthagi 037 var gerður þar að auki, líklega seinna og skráður stakur af þeim sökum. Beitarhúsin eru um 1,2 km sunnan við bæ 001 og um 580 m sunnan við Reykjaréttir 039.

Hólhryggur gengur þvert í gegnum nátthaga 037,

tóftirnar eru á honum. Svæðið er grasi vaxið og þýft.

Beitarhús 01 eru norðvestust og á loftmynd tekinni árið 1960 eru þau enn undir þaki. Tóftin er 18x10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Búið er að bera grjót úr henni og raska mikið. Hún er fremur illgreinileg, í halla niður til norðurs. Hraungrýti sést í gegnum svörð en veggirnir rísa ekki hátt og sjást sem þúfur, 0,2 m á hæð. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Til norðvesturs eru fjárhús auk hlöðu að baki. Op er á norðvesturgafli inn í fjárhúsin en ekki er hægt að greina op á hlöðunni. Ekki er heldur hægt að sjá hvort hún hafi verið niðurgrafin. Minna hólf er til austurs frá hlöðunni, líklega er um einhvers konar fjárhús að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 4; Herforingjaráðskort 47 1908

**ÁR-238:065\_02** tóft beitarhús

428899 393048

Beitarhús 02 er rúmum 20 m austan við beitarhús 01. Tóftin er sunnan undir hryggnum, undir lágri brekku. Hún er 10,6x5,5 stór, einföld og snýr N-S. Suðurgafliinn er opinn. Veggir eru 2 m á breidd, 0,2 m á hæð og rísa ekki hátt. Öll tóftin er sigin og óljós. Nátthagi 037 liggur að henni að suðvestan en beitarhúsið virðist hafa verið utan túnsins sem hann afmarkaði.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft ÁR-238:065\_01, horft til VNV.



Tóft ÁR-238:065\_02, horft til suðurs.

**ÁR-238:065\_03** heimild um beitarhús

428885 392997

Beitarhús 03 var sunnan við beitahús 01 og var suðaustarlega innan Fremri-Nátthaga 037 en öll ummerki þess eru horfin. Bakkavegur liggur yfir áætlaðri staðsetningu beitarhússins.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-238:066** garðlag vörslugarður

428902 393075

Innan Fremri-Nátthaga 037, við beitahús 065 sést eldri vörslugarður. Ekki er ljóst hvort hann tengist fyrrnefndum mannvirkjum og því er hann skráður stakstaður.

Hólhryggur gengur þvert í gegnum nátthaga 037, tóftirnar eru á honum. Svæðið er grasi vaxið og þýft.

Vörslugarður er sunnan við beitarhús 01 og sést til VSV og ANA frá þeim. Hægt er að rekja hann á um 80 m löngum kafla en hann er óskýr og fremur aflagaður. Hann er um 0,2-0,5 m á hæð og liggur eftir norðurbrún hryggjarins sem hér er.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykir ÞE, 4



Vörslugarður ÁR-238:066, horft til VSV.

**ÁR-238:067** Skeiðaáveita mannvirki áveita

427460 393740

Áveituland Reykja virðist hafa verið suðvestan við bæinn, þar má enn sjá Stóra-Skurð liggja þvert í gegnum land Reykja. Annar skurður liggur til norðurs frá honum, nærri landamerkjum Húsatófta. Ljóst er að áveitan náði ekki yfir mikið svæði, þriðji skurðurinn sést nærri Seftjörn og þrjár flóðgarðar eru þar varðveittir. Svo virðist sem vatni hafi verið veitt úr flóðum í skurðina. Engjarnar voru að mestu við Skurðkrók, þar má t.d. finna örnefið Suðurteig.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-238:068** garðlag vörslugarður

430379 393589

Norðaustarlega í Reykjaheiði, nærri Sandlækjarós er hlaðinn garður. Samkvæmt Böðvari



Guðmundssyni, heimildamanni, er ekki vitað hvenær garðurinn var hlaðinn né í hvaða tilgangi. Sé horft til staðsetningar og umfangs garðsins er líklega um vörslugarð að ræða.

Gróin heiði. Sunnan við garðinn er búið að slétta um 0,3 ha en til norðurs er búin að planta trjám. Sandlækjarós er fast austar.

Garðurinn er um 54 m að lengd og 2,5-3,5 m á breidd. Hann er hæstur um 1 m fyrir miðju, annars yfirleitt á bilinu 0,3-0,8m. Hann er algróinn elftingu og grasi og hvergi sést glitta í grjóti. Vestan við garðinn er skógrækt, aspir eru yfir vesturenda garðsins með tilheyrandi raski. Garðurinn fer þar að leið 051 en var ekki skoðaður innan skógræktarinnar né vitað hvort hann sést þar.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**ÁR-238:069** heimild gata

430079 394102

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá leið ÁR-661:058 austan við bæ 001 og í NA yfir í Gnúpverjahrepp. Leiðin var um 650 m að lengd og ekin fram eftir 20. öld sé horft til eldri loftmynda.

Slétt, framræst tún eru þar sem leiðin var áður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV



Garður ÁR-238:068, horft til austurs.

## ÁR-239 Húsatóftir

Sögulegar heimildir:

1686 & 1695: 13 hdr 80 ál. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 196.

1847: 22 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63.

Í Flóamanna sögu segir: „Þorgils bóndi ok þræll hans, Kolr, riðu síð um kveldit ofan hjá Húsatóftum.” ÍF XIII, 320.


8.9.1537: “Vrskvrður og samþyckt) logmanzenz yfer domum erle(n)ds. [...] a faustudagin næstan fyrir mariumesso einu seirni uar eg a husatottum aa skeidum aa þingstad riettum at skipa malum manna,” DI X, 329.

3.10.1567: “Husatoptadomur Ad kyrnagotz skule fyr vtgreidast enn maale kuenna eda adrar skullder. [...] aa Husatopntum aa þingstad Riettum. At epter Raadi haufudzmannzins Heinreks Kraghs vorum vier til skodunar og doms nefnder af heidarligum dandis manne Gisla Bonda Sueinssyni er þa hafdi kongsins vmbod yfer Arnes Syslu,” DI XV, 25.

1.6.1719: “Framan skrifadur domur [frá 11.12.1492] var opinberlega upplesinn a Grafar, Nups, Husatoffta, Wælugerdis, Bæjar og Stoxeyrar Mantalsþingum a þessu voru þingsöfnudenum áheyrande,” DI VII, 152.

1.6.1719: “Framan skrifadur domur [frá 18.11.1511] var opinberlega upplesinn á Grafar, Nups, Husatoffta, Wælugerdis, Bæjar og Stoxeyrar Mantalsþingum á þessu vore þingsöfnudenum áheyrande,” DI VIII, 362.

“Hollt eður Husatoptakot. Eyðihjáleiga, bygð í úthöfum á fornu fjárhússtæði hjer um fyrir 40 árum



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Húsatófta frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar. ©Náttúrufraeðistofnun og Loftmyndir ehf.

og varaði bygðin inn til næstliðins árs [1708], þó stundum í eyði þar á milli. [...] Fóðraðist lítið eður mikið eftir því sem heimabóndinn aflagði, og brúkar það þú heimajörðin fyrir fjárhús, og landið til beitar, og má því hjer ekki aftur byggja,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 196.

Árið 1896 voru 11 bæjarhús og 13 peningshús samtals á báðum býlum Húsatófta. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 3 peningshús gjörfallin, 5 bæjarhús og 9 peningshús mjög skemmd en 6 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

“Einbýli er lengst af á jörðinni en þó taldir tveir ábúendur sum árin. Frá 1859 er tvíbýli á jörðinni og þá byggður austurbærinn. [...]. Nú [2005] eru 5 íbúðarhús á jörðinni og veitinga- og gistihús “Hestakráin” austan við Húsatóftaholtið,” segir í örnefnaskrá Jón Eiríksson 2008, 3.

Þrívýli er á jörðinni og voru Húsatóftir III byggðar úr landi Húsatófta I árið 1965. Skóla- og samkomuhús var einnig byggt árið 1933 í landi Húsatófta, suðaustantil í Húsatóftaholti, nefnt Brautarholt, skv. Sunnlenskum byggðum I, 447-448.

Landkostir:

Húsátættur I - Túnakort 1920: Tún 1,6 ha, slétt. Náttagi 1,3 ha. Matjurtagarðar 7,6 arar.

Húsátættur II - Túnakort 1920: Tún 2,0 ha, nærri slétt. Matjurtagarðar 9,1 arar.

“Túninu grandar hveraversluvatn, sem jetur úr rótina. Enginu grandar ogso vatn, sem jetur út rótina. Úthagar spillast mjög af sandfoki, sem áeykst árlega,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 196.

**ÁR-239:001\_01** *Húsatóftir* bæjarhóll bústaður 425654 392357

Sjö bæjarhús með kálgörðum að norðvestan og suðvestan eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. “Frá 1859 er tvíbýli á jörðinni og þá byggður austurbærinn,” segir í örnefnaskrá. “Árið 1908 var byggt skóla- og samkomuhús á Húsatóftum [sjá 014] og var heimagönguskóli, en áður var farskóli í sveitinni. Húsið var timburhús og járnklætt. Það var notað sem skóla-, funda- og samkomuhús til 1933,” segir í Jarðabók Skeiðahrepps. Bæjarhóllinn er fast norðvestan við íbúðarhúsin á Húsatóftum I og II. Þau eru í kálgörðum sem voru suðaustan við bæjarhúsin, skv. bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Íbúðarhús Húsatófta II (vesturbær) er byggt 1948 en hús Húsatófta I (austurbær) er byggt 1950.

Bæjarhóllinn er talsvert raskaður. Á nyrðri hluta bæjarhólsins er malarborið plan. Útihús eru til norðausturs og norðvesturs og íbúðarhús Húsatófta I og II til suðurs og suðausturs. Hóllinn sést einna best til vesturs og austurs, þar sem malavarvegurinn er og malaplön.

Bæjarhóllinn er 60x55 að stærð og tæplega 2 m hár. Hann snýr nálega norðaustur-suðvestur og eru mörk hans skýr að suðaustan- og suðvestanverðu en ógreinileg til norðausturs og norðvesturs sökum mannvirkja. Ekki eru heimildir um kjallara í húsunum. Minjasvæðinu hefur verið umbylt á s.l.



Eldri vesturbærinn, 001\_01, sést hér til vinstri og íbúðarhús austurbæjarins er til hægri. Myndin er tekin um 1950 eða svo. ©Héraðsskjalasafn Árneseinga.



Bæjarhóll Húsatófta ÁR-239:001\_01, horft til vesturs.



Friðrik áttundi og fylgdarlið fóru framhjá Húsatóftum árið 1907. Á myndinni sést húsaskipun og heimatúnið vel. Ljósmynd í eigu Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns.

árum, einkum vegna framkvæmda ýmiss konar. Útihús hafa verið reist þar um miðja síðustu öld og er skemma og fjárhús á sömu slóðum og gömlu útihúsin voru, auk margvíslegra framkvæmda tengdum hefðbundnum búskapi á 21. öldinni. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 voru bæirnir merktir hlið við hlið með smá bili á milli þeirra, nyrst fyrir miðju í túni, með kálgorðum til suðausturs og norðvesturs. Bæirnir voru í beinni línu og snéru norðaustur-suðvestur. Kálgarðarnir til suðausturs eru komnir undir íbúðarhús Húsatófta I og II. Kálgarðurinn til norðvesturs er á opnu svæði sem hefur verið sléttað og engin ummerki um kálgarð sjást

á yfirborði á þeim slóðum. Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru bæirnir sambyggðir hvor öðrum. Bæjarþyrpingin sést vel á myndum í eigu heimildamanns. Þar sjást bæði austur- og vesturbær ásamt þinghúsi/barnaskóla þar fyrir miðju. Samanburður milli ljósmynda heimildamannsins, annars vegar mynd frá árinu 1907 og hins vegar mynd skömmu eftir 1908, sýnir að þinghúsið var reist ofan á grunni eldra húss. Það hús er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á báðum myndunum er fjárhús greinilegt fast vestan við bæjarþyrpinguna. Stafnar bæjarins sneru til suðausturs, ef frá er talið stafn fjárhússins sem sneri mót suðvestri. Búið er að reisa ný útihús fast norðvestan grunni eldri bygginganna sem voru hluti af gömlu bæjarþyrpingunni. Aftur á móti sést í steinlímda grunn þinghússins, sem var rífið árið 1934, fyrir miðju bílplaninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Ö-Húsatóftir JE, 3; Jón Eiríksson 2008, 80; Túnakort 1920



Barnaskólinn/þinghúsið sem byggt var 1908 sést hér á milli bæjanna á Húsatóftum. Ljósmynd í eigu Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns.

**ÁR-239:001\_02**

heimild um kálgarð

425634 392386

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sjást tveir kálgarðar, annar er norðvestan við bæinn en hinn suðaustan hans. Öll ummerki þeirra eru horfin og ýmis konar rask átt sér stað á þessum svæðum. Grasvaxið svæði milli tveggja útihúsa er til norðvesturs en núverandi íbúðarhús

með bakgörðum eru til suðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:002** vegur traðir

425696 392337

Traðir eru sýndar á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1920. Þær komu að bæ 001 úr suðaustri. Norðurhluti traðanna, fast suðaustan við bæ 001, er enn (2017) varðveittur, en suðurhluti þeirra er horfinn vegna sléttunar. Malarvegur að bænum lá yfir þeim en einungis nyrsti hluti hans er ennþá varðveittur, fast austan við íbúðarhúsið á Húsatóftum I.



Traðir ÁR-239:002, horft til norðurs.

Traðirnar liggja frá íbúðarhúsi Húsatófta I til suðausturs. Til vesturs er bakgarður íbúðarhúss og til suðurs er ræktað sem og sléttað tún.

Ummerki um traðirnar sjást á um 35 m löngum kafla og liggja þær frá bæ 001 í suðaustur og út í mitt heimatún. Traðirnar eru 5 m á breidd og sléttar í botninn. Veggir eru beggja vegna, báðir útflattir og eru þeir 0,1-0,2 m á hæð. Búið er að leggja túnslóða að stórum hluta ofan á traðirnar þar sem þær eru varðveittar til norðurs og ljóslega hefur það raskað minjastaðnum á því svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-239:003** heimild um kálgarð

425606 392918

Um 60 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 90 m vestan við traðir 002 er kálgarður merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á sama stað er einnig gerði, líklega kálgarður, merkt inn á túnakort frá 1920.

Þar sem kálgarðurinn var, er grasi vaxið ræktað tún.

Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði. Svæðið hefur tekið allmiklum breytingum á undanförunum áratugum. Landið hefur verið sléttað, sem og túnið stækkað, og líklega hefur það raskað minjastaðnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-239:004** heimild um útihús

425720 392224

Um 150 m SSA við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er tæpum 110 m norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.

Svæðið er í gróskumikilli brekku, á milli ræktað túns annars vegar og Skeiða- og Hrunamannavegs 30 hins vegar.

Engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði. Líklegasta skýring er að túnasléttun og -stækkun hafi raskað minjasvæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-239:005** heimild um útihús

425722 392224

Um 150 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á inn túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er rúmum 20 m norðaustan við útihús 004.

Á þessum slóðum er fremur sléttlent og ræktað tún.

Ekki sér til minja á yfirborði og sennilegt er að túnasléttun og -stækkun hafi raskað minjastaðnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-239:006** heimild um útihús 425796 392273

Um 170 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er rúmum 30 m suðaustan við Húsatóftir III (b.1963).

Minjastaðurinn er svo að segja á sléttu landi. Landið er algróið og til norðurs er bakgarður íbúðarhúss Húsatófta III.

Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði og vísast hefur það horfið vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-239:007** heimild um útihús 425811 392231

Um 200 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920. Minjastaðurinn er tæpum 70 m norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.

Svæðið er í jaðri gróðurmikillar brekkurótar, sem nýtt er til hrossabeitar.

Ekki sér til ummerkja um útihús á yfirborði og trúlega hafa minjarnar skemmst vegna túnasléttunar á 20. öld.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-239:008** heimild um útihús 425794 392205

Um 200 m suðaustan við bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Minjastaðurinn er rúmum 70 m norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Ekkert útihús er merkt inn á túnakortið frá 1920 á þessum slóðum og líklega hefur það verið aflagt fyrir gerð túnakortsins.

Minjastaðurinn er í miðri gróðursælli brekku, sem hallar lítillega til norðurs.

Ekki sér til ummerkja um útihús á yfirborði. Líklega hefur það horfið vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-239:009** heimild um útihús 425631 392172

Um 200 m sunnan við bæ 001 og rúmum 100 m austan við túngarð 011-02 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Ekkert útihús er merkt inn á túnakortið frá 1920 á þessum slóðum og líklega hefur það verið aflagt fyrir gerð túnakortsins.

Þar sem útihúsið var, er ræktað tún.

Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Ekki er óhugsandi að það sé horfið vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-239:010** heimild um útihús 425530 392167


Útihús er teiknað inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, rúmum 220 m suðvestan við bæ 001 og rúmlega 30 m norðaustan við túngarð 011-02. Ekkert útihús er merkt inn á túnakortið frá 1920 á þessum stað og líklega hefur það verið aflagt fyrir gerð túnakortsins.

Á þessum slóðum er slétt og ræktað tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Búið er að slétta túnið og sennilega hefur það raskað

Annarsísla  
Skúlahóppur

# Húsatattur



Húsatattur I. Tíni: 16 ha. Skjót. - tálk. 13 ha.  
Máljurtag. 7.6 arar. Vatnsl. 1 ha gjót.

Húsatattur II. Tíni: 2.0 ha. gjót. Vatnsl. heima. Tíni 1/2 ha.  
Máljurtag. 9.1 arar  
S: 2000

Ólafskalli. 1/2. 20  
Vilhjalmur Björnsson

Túnakort Húsatófta frá 1920. Bærir eru sýndir sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands

minjastaðnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-239:011** garðlag túngarður

425517 392156



Túngarður ÁR-239:011, horft til suðurs.

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var túngarður meðfram öllu heimatúninu, nema til norðvesturs og hluta norðausturhliðar. Á sama korti er sýndur renna sem liggur til suðurs frá kálgarði sunnan við bæ 001. Hún greinist í tvennt um 90 m frá bænum: Annar hlutinn liggur þá um 60 m til suðvesturs og endar þar. Hinn hlutinn liggur um 60 m í suðaustur en tekur þá stefnu sunnan að túnjaðri. Þessi renna aðgreindi líklega tún bæjanna. Á túnakorti frá 1920 var túngarður í tveimur pörtum merktur inn, það voru suðvestur- og suðausturhliðar.

Túngarðurinn er í grasi vöxnu og sléttu túni. Að hluta til er landið nýtt til ræktunar en í aðra

rönd er það í órækt. Til hásuðurs er gróðurmikil og þýfð brekka.

Skv. bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 afmarkaði túngarðurinn svæði sem var um 350x300 m að stærð og snéri nálega norður-suður. Í vesturhluta túnsins má greina með ágætum vilja 90 m langt garðlag sem liggur nálega NV-SA. Veggir eru útflattir, mesta hæð veggja er 0,2 m og er mesta veggjabreidd 0,3 m. Búið er að slétta minjasvæðið, sem óneitanlega hefur raskað minjastaðnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1906

**ÁR-239:012\_01** garðlag nátthagi

426299 392582

Afgirtur 1,3 ha nátthagi er merktur inn á túnakort frá 1920. Nátthaginn er um 660 m austan við bæ 001 og rúmum 70 metrum norðan við þjóðveg 30. Þetta svæði kallast einnig Skálholt eða Stekkatún (sjá 013) en farið verður í það síðar. Nátthaginn er ekki sýndur á réttum stað á túnakortinu, bæði eru fjarlægðir og afstaða röng. Minjunum er lýst nánar eftir einingum hér neðar.

Grasi vaxið ræktað tún, umkringgt lauf- og barrtrjám að sunnan. Holt og móar eru til annarra átta.

Garðlag 01 liggur umhverfis ræktað tún, upp á holtið að vestan. Það umlykur ekki allt holtið, það



Nátthagi ÁR-239:012\_01, horft til austurs.



Rétt ÁR-239:012\_02, horft til suðvesturs.

afmarkast við vesturhluta þess. Náttthaginn er um 140 x 120 metrar að innanmáli og líklega var op í suðvesturhorni. Veggirnir eru 0,4 - 0,8 metrar á hæð og um 1 metri á breidd. Veggirnir eru mjög grónir til vesturs en uppi á holtinu eru þeir sum staðar rofnir og lægri, eða 0,4 - 0,5 metrar á hæð. Þeir eru torf- og grjóthlaðnir uppi á holtinu, þar sem gróður er ekki eins mikill, sést móta fyrir 1 umfari.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**ÁR-239:012\_02** hleðsla rétt  
426305 392590

Sambyggt hólf eða rétt er við utanverðan nátt Haga 01, í NA-horninu. Það er undir kletthól sem liggur austan megin í nátt haganum og hallar nokkuð til suðvesturs þar sem efsti hluti þess er byggður upp við kletthólinn.

Hólfíð er 21 x 5 metrar að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það mjókkar lítillega til endanna og er þar um 3 metrar á breiddina. Það er 19 x 3 metrar að innanmáli og er opið til norðvesturs. Veggir eru torfhlaðnir og eru um 0,5 metrar á hæð. Að öllum líkindum hefur hólfíð verið notað sem aðhald fyrir búfénað, líklega rétt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-239:013** þúst stekkur

426319 392581

Á herforingjaráðskorti frá 1908 sjást fimm beitarhús (sjá 048, 049, 021, 019) á svæði sem kallast Stekkatún sem er á Efra-Húsatóftaholti. Þetta hús sem hér er skráð er nyrst þeirra. Beitarhúsin hafa líklega verið byggð á svipuðum stað og býli 048/049, í norðurhorni Stekkatúns, rúmum 700 metrum austan við bæ 001 og 180 m norðan við þjóðveginn. Þar sést nú lítill sléttur grasblettur þar sem stekkurinn var og myndar holtið skjól frá norðan og austan áttum. Svæðið er snjóþungt á vetrum og líklega var hér um rétt eða stekk að ræða.

Engin ummerki sjást á yfirborði eftir stekkurinn fyrir utan sléttan grasi grænan blett sem stendur örllítið hærra en svæðið í kring. Grasið er grænna og safaríkara en það gras sem vex á túninu sem gæti gefið til kynna að undir sverði leynist mannvistarleifar. Svæðið var mælt upp og er 22 x 13 metrar að stærð og snýr NNV-SSA.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-239:014\_01** garðlag túngarður

425879 392107


“Þinghús [02] sveitarinnar var áður austur á holtinu en árið 1908 var byggður barnaskóli [sjá 001] heima á Húsatóftum sem jafnframt var samkomuhús sveitarinnar,” segir í örnefnaskrá. “Þinghús



Teikning af rétt ÁR-239:012\_02.



Þúst ÁR-239:013, horft til suðurs.



Teikning af minjum ÁR-239:014.

munu Skeiðamenn hafa átt með Gnúpverjum fyrir á öldum, því árið 1852 sendir Ófeigur Vigfússon, hreppstjóri í Fjalli, sýslumanni bréf ásamt bænaskrá bændanna á Skeiðum “um að þingstaður sveitarinnar verði aftur fluttur frá Sandlæk og að Húsatóftum [...]” Sýslumaður varð við þessu, en það virðist hafa dregist í 43 ár, að þinghúsið væri byggt á Húsatóftaholti [...]” segir í Jarðabók Skeiðahrepps. “Það voru venjulega haldin tvö böll á vetri í litlum þinghúskofa hjá Húsatóftum. Hann stóð þar austur á holtinu og var gamalt torfhús, en er nú horfið af yfirborði jarðar,” segir í Þjóð í önn e. Guðmund Daníelsson. Þinghús, um 250 m suðaustan við bæ 001, fast norðan við leið (ÁR-

661:016), er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, þar er það þó ekki sýnt á réttum stað. Tóft og garðlag þinghússins eru um 330 m sunnan við bæ 001 og tæpum 30 m vestan við íbúðarhús Húsatófta 2A (b. 1982). Minjarnar eru á svæði sem er rúmlega 60x50 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hvert mannvirki fær sér einingunúmer til aðgreiningar í þessari fornleifaskrá.

Mannvirkin eru í gróskumikilli brekku sem hallar lítillega til norðurs. Móta sést fyrir litlum lautum í landslaginu, en meirihluti þess er þó sléttlent. Lauslega má segja að norðurhluti svæðisins sé innan afmarkaðs túns en suðurhluti þess innan bakgarðs íbúðarhúsi Húsatófta 2A.

Austurlega á minjasvæðinu sést móta fyrir vörslugarði 01. Garðurinn er L-laga og afmarkað hann ræktað og óræktað svæði. Hann liggur til norður-suðurs á um 45 m löngu svæði, þegar hann sveigir til vesturs og heldur þeirri stefnu á tæpum 50 löngum kafla; uns hann endar upp við nýlegt hlið. Auðveldlega má greina 4 umför af stæðilegu grjóti í veggjum. Mesta hæð veggja er 0,5 m og mesta veggjabreidd 0,4 m. Til norðurs endar garðurinn upp við malarborinn vegslóða að íbúðarhúsi Húsatófta 2A, sem óneitanlega hefur raskað garðlaginu. Til vesturs endar garðurinn við unglegt hlið sem vísar inn í ræktað svæði. Suðurhluti garðsins er grafinn um 0,5 m inn í kant.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Ö-Húsatóftir JE, 3; Jón Eiríksson 2008, 79; Guðmundur Daníelsson, 188; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV



Garður ÁR-239:014\_01, horft til SSA.



Tóft ÁR-239:014\_02, horft til austurs.

**ÁR-239:014\_02** tóft þingstaður

425879 392107

Þinghústöft 02 er um 10 m sunnan við suðvesturhluta garðslags 01. Það svæði hefur tekið stakkaskiptum á umliðnum árum og er tóftin innan bakgarðs íbúðarhús Húsatófta 2A. Tóftin er einföld, 5x4 að stærð og snýr nálega austur-vestur. Unnt er að greina allar veggjahliðar ef frá er talið suðurhlið tóftarinnar sem er horfin; sennilega sökum trjáræktar. Hleðslur eru útflattar og má greina með góðum vilja 1 umfar af stæðilegu grjóti á yfirborði. Mesta hæð veggja er 0,2 m og mesta veggjabreidd 0,3 m. Ekki er unnt að greina neitt op, en sennilega hefur verið innangengt í tóftina til suðurs. Tóftin er í stórhættu vegna trjágróðurs og munu rætur þeirra raska minjastaðnum í nánustu framtíð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-239:015** *Laugin* lind vatnsból

425690 392368

Rúmum 30 m austan við bæ 001 er laug merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælinganna frá 1906. “Volg laug hefur verið frá fornu fari rétt austur af gamla bænum með 60° heitu vatni. Laugin var eina vatnsból bæjanna þar til samveita á köldu vatni komst á árið 1962. Bændur létu bora við laugina og leiddu heita vatnið í hús sín og fyrir búpening. [...] Lauginni sjálfri hefur verið lokað en borað eftir vatni, síðast 1987. Bar sú borun góðan árangur, vatnið um 73° heitt og mikið sem ábúendur nýta ásamt Hitaveitu útbæja, samkvæmt samningi. Laugarhóll,” segir í örnefnaskrá. Laugin er ennþá nýtt til hitaveitu á Húsatóftum. Lítið hús er yfir borholunni og laugin sést ekki á yfirborði. Laugin er sem fyrr segir rúmum 30 m SSA við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við útihús 002.



Laugin ÁR-239:015, horft til austurs.

Laugin sést ekki á yfirborði enda búið að bora þar eftir heitu vatni. Yfir henni er lítil kofi og yfirfall rennur í skurði til austurs, fast sunnan núverandi heimreiðar að bæjunum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Ö-Húsatóftir Jón Eiríksson 2008, 2, 18

**ÁR-239:016** heimild efnistaka

425607 392005

“Í Holtinu voru miklar malarnámur áður fyrr. Hefur gríðarlegt magn af mól verið tekið þar þegar Skeiðavegurinn og vegir í grennd voru lagðir og til viðhalds þeirra. Malartekju var hætt þegar Skeiðavegurinn var endurbyggður yfir holtið upp úr 1980 og lagður bundnu slitlagi,” segir í örnefnaskrá. Malarnáman er rúmlega 370 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m sunnan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.

Á þessum slóðum er malbikað bílaplan fyrir mótél norðan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Þéttbýlið Brautarholt er þar skammt sunnan við.

Ekki sér til fornleifa á yfirborði. Búið er að malbika bílastæði á svæðinu eins og fyrr segir og líklega hafa námurnar lent undir bílaplaninu.

**Hættumat:** hættu, vegna vegagerðar

**ÁR-239:017** heimild um rétt

425591 392350

“Guðmundur Eyjólfsson segir 27/5 2001: „Þegar ég var strákur sagði mér maður, að ég held fræðimaður, að Ólafur tvennumbrúni hafi haft hér bú og nefnt Hrossatóftir. Þegar ég fór að

búa 1942 stóð hér á rima vestur af bænum, um 100 metra langur, mikill, hlaðinn garður allt að mannhæðarhár en ég lét ýta honum út þegar ég stækkaði túnið. Garðurinn lá í suðvestur frá bænum og í boga til vesturs og gæti hafa verið hringlaga. Sést sumsstaðar móta fyrir honum enn og hefur þetta verið mikið mannvirki. Þau munnmæli hafa fylgt garðinum að Ólafur tvennumbrúni hafi látið hlaða hann. Má ætla að ekki hafi verið föst búseta á „Hrossatóftum“ heldur aðhald fyrir hrossin og einhverjir húskofar. Þegar föst búseta hófst svo hér á Húsatóftum hafi bærinn fengið nafn sitt af hinum fornu tóftum.

„Ég man vel eftir garðinum,“ segir Solveig Þorleifsdóttir frá Árhrauni, f. 1915. „Þegar ég var í barnaskólanum á Húsatóftum vorum við oft í risaleik sunnan undir garðinum. Þetta var hár garður, um mannhæð að sunnanverðu en lægri að norðan og ferkantaður. Kartöflugurður var í honum miðjum og skarð inn í hann að norðan.“ Lýsingin bendir til þess að þetta hafi verið hrossarétt og jafnvel frá dögum Ólafs tvennumbrúna,“ segir í örnefnaskrá. Guðmundur Eyjólfsson sléttaði réttina út um miðja síðustu öld og þar sést nú eingöngu smá halli til norðurs, rétt utan við vírgirðingu. Réttin var rúma 60 m VSV við bæ 001 og rúma 30 m norðan við útihús 003.

Á þessu svæði eru grasi vaxin tún sem nýtt eru til beitar. Skammt austar er malarplan, sunnan við núverandi skemmu/hesthús.

Engin ummerki um réttina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 1

**ÁR-239:018** Gerði heimild tún 425760 392296

“Gerði. Túnskiki austur af austurbænum, lélegt tún og nú að hluta komið undir íbúðarhús Gardars Vigfússonar,” segir í örnefnaskrá (JE). “Gerði, skammt (100m) SA frá bænum, ofan við veginn,” segir í örnefnaskrá (JE eldra). Gerði var lítill túnblettur og er íbúðarhúsið á Húsatóftum 3 þar nú yfir. Gerði var rúmum 130 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 60 m ANA við Lambhústún 020. Það var ekki hlaðinn garður meðfram túninu en engu að síður er það talið hér til fornleifa vegna örnefnisins.

Umhverfis íbúðarhúsið eru gróin, slétt tún, Gerði er hluti af þeim tünnum í dag (2017) og hafa verið lengi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 8, 18; Ö-Húsatóftir JE eldra, 2

**ÁR-239:019** heimild um rétt 426346 392471

Á Herforingjaráðskorti frá 1908 eru sýnd fimm beitarhús (sjá 013, 021, 048 og 049) á Efra-Húsatóftaholti sem einnig gengur undir nafninu Stekkatún. Líklega var þetta fjárrétt, sjá 048. Þarna eru fjölmargar minjar frá mismunandi tímum en ummerki um þessa rétt eru horfin. Skógræktarlundur er um 10 m norðaustar.

Réttin var sunnarlega á holtinu, við mörk þess og mýrlendis. Túngarður 012\_01 liggur nánast beint yfir áætlaða staðsetningu hennar.

Engin ummerki um réttina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-239:020** Lambhústún örnefni lambhús

“Lambhústún. Túnið suður af austurbænum fram undir Holtið,” segir í örnefnaskrá. Engin ummerki útihúss sáust á yfirborði fyrir sunnan bæina. Túnið er stórt og er búið að slétta það. Sökum stærðar þess þarf nánari upplýsingar til þess að hnitsetja minjastaðinn innan 50 m skekkju. Ekki er óhugsandi að örnefnið sé dregið af öðrum útihúsum sem staðsett voru í túninu skv. bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1920 (i.e, 004, 005, 006, 007, 008, 009, 010), en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 18

**ÁR-239:021** þúst beitarhús

426326 392549

Samkvæmt Herforingjaráðskorti voru fimm beitarhús (sjá 013, 019, 048, 049) á Efra-Húsatóftaholti sem einnig gengur undir nafninu Stekkatún. Þar sem þetta beitarhús var sést enn höll í ræktuðu túni, um 680 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m sunnan við fjárhús 048.

Grasi vaxið ræktað tún. Því hallar til suðurs og víða eru hólar og hæðir í því. Skógræktarreitur er suðaustan við holtið. Höllinn er 19x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er sléttur, 0,3-0,5 m á hæð en víða eru ójöfnur ofan á honum. Ekki er ólíklegt að útihús frá býlinu (sjá 048 og 049) hafi verið þarna fyrir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV



Þúst ÁR-239:021, horft til SSA.

**ÁR-239:022** *Kolslækur* sögustaður

425472 392548

“Þorgils bóndi ok þræll hans, Kolr, riðu síð um kveldit ofan hjá Húsatóftum. Ásgrímr hafði fengit þrælnum þrjár merkr silfrs til höfuðs Þorgils. Kolr hafði hest latan, ok hvkaði hestrinn undir honum. Þorgils laust þrælinn, ok fell fésjóðrinn undan yfirhöfn hans. Þorgils spyr hvaðan féit kom at. Þrællinn sagði sem var. Síðan drap hann þrælinn, þar sem nú heitir Kolslæk,” segir í Flóamanna sögu, ÍF XIII.

“Kolslækur liggur skammt norður af bæjunum á Húsatóftum og er farið yfir hann þegar farinn er Vorsabæjarvegur. Lækurinn er óhreyfður sitt hvoru megin við veginn en fór í áveituskurð ofar. Hann verður friðlýstur í nýju aðalskipulagi Skeiðahrepps,” segir í örnefnaskrá Húsatófta. Kolslækur er rúmum 250 m norðan við bæ 001 og 50 m norðan við stekk 034. Líkt og getið er hér í örnefnalýsingum er búíð að grafa lækinn í skurð en hann sést einna best á kafla fast vestan við veginn.

Gróin, framræst tún. Þau eru ekki í ræktun en nýtt til beitar.

Lækurinn liggur fast norðan við vélgrafinn skurð, austan við Vorsabæjarveg. Hann sést hlykkjast í grónum, framræstum túnum vestan við veginn og hverfur að endingu við vélgrafinn skurð. Það er hægt að rekja Kolslæk á 500 m kafla, vestan við Vorsabæjarveg. Hann er 1-2 m á breidd og hlykkjast austur-vestur. Farvegurinn er þurr, 0,3-1 m á dýpt og gróinn. Áveitumannvirki 053 og 027 eru gerð í Kolslæk og eru við farveg hans.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** ÍF XIII, 320; Ö-Húsatóftir JE, 7-8



Kolslækur ÁR-239:022, horft til suðvesturs.

ÁR-239:023 brú brú

426410 392168



Brú ÁR-239:023, horft til austurs.

“Steinsteypt brú var sett á áveituskurðinn [059\_03] þegar hann kom,” segir í örnefnaskrá. Brúin er tæpum 780 m suðaustan við bæ 001 og rúmlega 550 m austan við minjar 014. Sandbrautin (ÁR-661:010) liggur yfir brúinna. Brúin er enn (2017) í notkun og er notuð fyrir bílaumferð.

Landið hefur verið ræst fram og til allra átta eru slétt og ræktuð tún ef frá er talið til norðausturs. Þar er gróskumikið smáhæðótt graslandi og er kjarrgróður áberandi á því svæði.

Brúin er 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 2,5-3 m á hæð og er steinsteypt yfir áveituskurð 059\_03 eins og fyrr segir. Er vatni úr skurðinum veitt þvert í

gegnum hana með járnræsi. Til hliðar má sjá að brúin er tekin að molna í sundur og sjá má sáemilega stóra steinsteyptuklumpa á jörðinni, sem ugglaust hafa hrunið úr brúnni í tímanna rás.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 8

ÁR-239:024 *Bakkarnir* gata leið

426628 391564



Bakkarnir ÁR-239:024, horft til austurs.

“Bakkar. Þeir rísa upp úr landinu, greinilega fornir árbakkar frá því Þjórsá rann þar í eina tíð, aflíðandi til vesturs. Góð reiðleið var meðfram Bökkunum,” segir í örnefnaskrá. Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og lá til norðausturs af leið 661:011 og sameinaðist leið 661:014 og 661:012 til norðausturs. Suðurhluti gatnanna er enn varðveittur og viðhaldið m.a. af lausagöngu hrossa. Hún er horfin í slétt, ræktuð tún til norðurs. Það má greina tvær útgáfur leiðarinnar en stutt er á milli þeirra. Leiðin er rúmlega 1,3 km suðaustan við bæ 001.

Göturnar liggja í gegnum frjósamt og fremur hæðhótt landslag. Sjá má litla hóla hér og þar

sem margir hverjir eru teknir að blása upp.

Götur 01 eru sunnar og eru tæplega 800 m að lengd. Leiðin liggur til norðausturs frá leið 661:011 og hverfur skammt suðvestan við gróið tún. Hún er á bakka, fornum árbakka sem minnst er á hér ofar. Leiðin er greinileg og mold er í botni hennar að sunnan. Það má greina 4-10 paldra í henni. Óljóst vottar fyrir hestaslóðum meðfram leiðinni og fara þeir á köflum þvert yfir hana.

Götur 02 eru 60 m norðar og kljúfa sig frá leið 01, nánast í miðju þeirra. Hún er rúmlega 400 m löng, 3-4 m á breidd og á henni sjást 2-6 grasi vaxnir paldrar, sem eru um 0,2 m djúpir. Er botn þeirra mosagróinn. Vesturhluti leiðarinnar liggur í gegnum laut þar sem hún verður óljós og hverfur, en austurhluti hennar rennur smátt og smátt saman við þúfur í landslaginu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 12; Herforingjaráðskort 47 SV

**ÁR-239:025** *Brennifúfa* heimild um landamerki 425334 392624  
“Brennifúfa. Áður hlaðin fúfa en nú horfin, hornmark jarðanna Húsatófta, Efri- og Syðri-Brúnavalla,” segir í örnefnaskrá. Brennifúfa var um 170 m vestan við Skothús 041 og tæpa 410 m norðvestan við bæ 001. Sumarbústaður í landi Syðri-Brúnavalla er 20 m norðaustar. Virgirðing er nú á merkjum þessara þriggja jarða. Hún var líklega sléttuð út þegar girðingin var sett þarna. Ræktað, framræst tún sem komið er í órækt. Það er nýtt til beitar. Engin ummerki Brennifúfu sjást á yfirborði.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 12

**ÁR-239:026** *Drykkjarsteinn* náttúrumin vatnsból 426484 392580

“Drykkjarsteinn. Móbergssteinn austast á Skálholtinu. Steinninn ber nafn sitt af því að ofan í hann eru tveir bollar sem vatn er í og sjaldan þrýtur,” segir í örnefnaskrá. Steinninn er austarlega á holtinu, 840 m austan við bæ og 160 m austan við býið Holt [021]. Um 20 metrum sunnan við hann er trjáreitur sem liggur meðfram þjóðveginum.

Svæðið í kringum er vaxið grasi en einnig kjarri og lyngi, þó í minna magni. Litla hóla er að sjá til austurs.

Steinninn er mjög mosavaxinn. Hann er um 1 x 0,5 metrar að stærð og snýr norður - suður. Hann er 0,3 metrar á hæð og í honum eru smávaxin göt. Götin eru um 8-10 sentimetrar í þvermál og álíka djúp. Ekkert vatn var að finna í þeim þegar skráningarmaður mætti á vettvang.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 12



Drykkjarsteinn ÁR-239:026, horft til norðurs.

**ÁR-239:027** *Skeiðaáveita* garðlag áveita 425114 392417

“Flóðgarður. Heill og gerðarlegur flóðgarður vestast í landinu,” segir í örnefnaskrá. Flóðgarðurinn sést enn í norðvesturhorni jarðarinnar. Hann liggur til suðvesturs frá landamerkjum Syðri-Brúnavalla og nær allt að landamerkjum Hlemmiskeiðs. Vélgrafinn skurður liggur þvert í gegnum garðinn ofarlega til norðurs.

Svæðið er flatt en hér og þar eru grunnar dælur og lágir rimar. Svæðið er nýtt til beitar og hefur ekki verið sléttað.

Flóðgarður er um 470 m langur og hlykkjast SSV-NNA. Hann er torfhladdinn og algróinn en hér og þar eru komin rof í hann. Hann er 3-4 m á breidd neðst en mjókkar eftir því sem ofar dregur. Hann er 0,5-0,6 m á hæð og renna eftir efnistöku sést beggja vegna hans. Annar flóðgarður er rúmum 100 m austan við Flóðgarð.

Þurr farvegur Kolslækjar liggur þvert í gegnum garðinn og líklega um hluta af áveitukerfinu að



Einn af flóðgördum Skeiðaáveitu ÁR-239:027.



Áveitukort Húsatóftir. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

ræða. Vélgrafinn skurður er 13 m sunnar.

Garðlagið er 30 m langt og liggur norður-suður. Það er 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það er torfhláðið og liggur eftir lágum rima. Tveir flóðgarðar eru í mýrinni 1,6 km norðaustan við bæ 001, norðvestan við Sandbraut 661:010, þar sem hún beygir til austurs. Þar er nú þýfð framræst mýri og vex þar nokkuð kjarr og mýrargróður. Vestari flóðgarðurinn liggur norðaustur – suðvestur, frá landamerkjum Efri-Brúnavalla og er um 650 m að lengd. Hann sveigir til NNA og endar eftir 370 m við landamerki Reykja. Garðlagið er 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það eru mjög beint og meðfram því liggur lítill áveituskurður, líklega þar sem efni var tekið og vatni hleypt á. Eystri flóðgarðurinn er mun minni umfangs. Hann liggur til norðvesturs frá hinum flóðgarðinum og endar skammt suðaustan við kvíar 036. Hann er tæplega 70 m að lengd og liggur þvert yfir mýrarsund á milli tveggja rima. Hann er eins að gerð og hinir flóðgarðarnir.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 13

**ÁR-239:028** *Gestshús* heimild um beitarhús 427019 391885

“Gestshús. Húsin stóðu austur í Heiðinni en eru nú horfin í tún og sést aðeins bali þar sem þau voru. Þetta voru sauðahús sem Jón Ólafsson, bóndi í vesturbænum 1872-1879 byggði en voru síðar nefnd eftir Gesti Eyjólfsyni bónda í vesturbænum 1879-1908. Húsin voru notuð fram undir 1940,” segir í örnefnaskrá. Gesthús eru 1,4 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 300 metrum suðaustan við Bakkabraut ÁR-661-012. Þar er lítill hóll í túninu.

Þar er nú ræktað tún.

Engin ummerki eru um húsin á yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 13

**ÁR-239:029** *Grafir* náma mógrafir 425910 391822

“Grafir. Gamlar mógrafir og enn óhreyfðar. Þangað var sótt vatn í steypuna þegar Brautarholtsskóli var byggður 1933 (G.E.)” segir í örnefnaskrá (JE).” Í Suðurmýri, upp við Holtið, eru gamlar Mógrafir,” segir í örnefnaskrá (VP). Mógrafirnar eru um 600 m sunnan við bæ 001 og rúmum 330 m norðaustan við áveituskurð 661:001.

Mínjasvæðið er votlent fyrir miðju en þornar upp því fjær sem dregur miðju þess. Landið er nær algróið og störum vaxið og þegar því sleppir tekur við smáþýft graslendi.

Mógrafir eru á svæði sem er 270x130 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Sökum stærðar svæðisins er snúið að áætla

fjölda grafa, en þær skipta líklega tugum. Algengasta form mógrafanna er ferhyrningslaga og er stærð þeirra iðulega 10x8 m. Algengasta bil á dýpt grafa er frá 0,4-0,8 m og hin almenna regla er að þær snúi norður-suður. Eru sumar grafirnar byrjaðar að renna saman. Það heyrir til undantekninga að vatn sé í mógröfunum, en þær eru margar hverjar rakar. Landið hefur verið ræst fram og eru ófáar mógrafir teknar að gróa, þó má sjá mold í botninum á sumum þeirra.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 13; Ö-Húsatóftir VP, 4



Mógrafir ÁR-239:029, horft til vesturs.

ÁR-239:030 *Grautarvarða* varða landamerki

424981 392103



Grautarvarða ÁR-239:030, horft til vesturs.

“Grautarvarða. Grjótvarða á lágum hraunbala. Varðan er hornmark jarðanna Húsatófta, Hlemmiskeiðs, Brúnavallakots og Syðri-Brúnavalla,” segir í örnefnaskrá. Grautarvarða er 660 m suðvestan við Kolslæk 022 og um 720 m VSV við bæ 001. Varðan sést enn á lágum hraunhól á merkjum fyrrnefndra jarða en er röskuð. Þarna eru vírgirðingar á landamerkjum sem koma saman

Gróinn, mýrlendur mói. Svæðið er framræst en það sér enn móta fyrir mýrardælum inn á milli lágra rima hér og þar í móanum.

Varðan er hlaðin úr hraungrýti, það eru 1-2 umför í henni. Að öllum líkindum er grjót úr vörðunni einnig komið undir vírgirðingarnar

sem þarna eru, undir þeim eru víða steinar. Varðan er 0,2 m á hæð og 1 m í grunnflatarmáli.

**Hættumat:** hætta, vegna efnistöku

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 13

ÁR-239:031 *Heiðarbús* tóft beitarhús

427130 392580

“Heiðarhús. Þetta voru sauðahús og stóðu vestast á Heiðarhúsabardönu. Þorsteinn bóndi í austurbænum hafði þar sauði fram undir að hann hætti að búa 1926. Komust um 50 sauðir í húsið og var ætlað kapall hverjum. Dygði það ekki var hey borið í laup að heiman og var þá gott að hvíla sig á steininum Lat [037]. Tóftir hússins eru óhreyfðar enn, hlaðnar úr snyddu. Sauðahúsið hefur verið um 6x10 m að utanverðu og sunnan við það var hlaða, 5x6 metrar (Þ.V),” segir í örnefnaskrá. Tóftir Heiðarhúsa eru rúmum 1,5 km ASA við bæ 001 og um 80 m sunnan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.

Tóftin er efst á grasi vöxnum, náttúrulegum hól og er auðsýnileg úr öllum áttum. Líklega hefur umhverfið við hólinn verið deiglent, jafnvel votlent, en í seinni tíð hefur það verið ræst fram. Snarrótarpunktur setur sterkan svip á landið og til suðurs má sjá stök hávaxin tré hér og þar.

Tóftin er 18x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er tvískipt og er hverju hólfi gefið sérstakt númer til aðgreiningar í þessari lýsingu, hefst hún að norðan, á hólfi 1. Það er 8x5 m að stærð að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er torf- og grjóthlaðið. Greina má með miklum vilja 1 umfar af grjóthleðslu, en hnullungsstórir steinar eru víðsvegar umhverfis hólfið, einkum



Heiðarhús ÁR-239:031, horft til suðurs.



Teikning af Heiðarhúsum ÁR-239:031.

á vesturhluta þess, sem óneitanlega eru leifar veggjahruns. Hólfíð er veigamikið og er mesta hæð veggja 1,7 m til norðausturs og er mesta veggjabreidd 1 m. Op er sjáanlegt til norðurs fyrir miðju. Það svæði er þýft og er opið tekið að hverfa undir þúfur. Kindur voru hafðar í þessu hólf. Í hásuður er hólf 2. Það er 4x4 m að stærð að innanmáli. Hólfíð er niðurgrafið og er mesta dýpt þess 0,5 m. Veggir eru grjót- og torfhláðnir og það má greina 3 umför af grjóti í þeim. Hólf 2 er verr varðveitt en hólf 1. Bæði til austurs og vesturs eru hleðslur teknar að sökkva og er mesta veggjahæð 0,4 m, og að innanverðu er hólfíð stórþýft. Ekki er um að villast að um hlöðu sé að ræða.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE,13


**ÁR-239:032** tóft fjárskýli

427177 393537

“Kerlingarsteinn. Steinn sem stendur uppi á allháum hól. Vestan við hólinn eru rústir lambabyrgis,» segir í örnefnaskrá. Lambabyrgið er 1,9 km norðaustan við bæ 001 og rúma 760 metra norðvestan við brúnna á Sandbrautinni 661:010. Það liggur upp við lítinn hól í mýrinni.

Þar er nú framræst, þýft mýri, nokkur mýrargróður og kjarrlendi. Hóllinn sem Kerlingarsteinn situr uppi á er norðvestan við byrgið.

Fjárskýlið er 11 x 8 metrar að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Tóftin er einföld og innanmálið



Teikning af fjárskýli ÁR-239:032.



Tóft ÁR-239:032, horft til suðvesturs.

er 9 x 6 metrar. Veggir eru grjóthláðnir og nánast ógrónir, 1-2 umför af grjóti sést í þeim. Grjótið er frekar mosavaxið og sokkið. Veggir eru um 0,3 - 0,5 metrar á hæð og líklega er op á norðvestur hlið en hrun er í gangveginum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 14

**ÁR-239:033** *Lambabrunnur* lind brunnur

425712 392310

“Lambabrunnur. Hann var í Lambhústúninu [020], vestan við gömlu heimreiðina um 50 metra suður af bænum (P.V),” segir í örnefnaskrá (JE). “Lambabrunnur, rétt suðaustur af bænum, nú horfinn,” segir í örnefnaskrá (JE eldra). Að sögn Guðjóns Vigfússonar, heimildamanns, var brunnurinn þar sem nú er járnstaur með rafmagnstengi á. Þar flæðir sífellt upp vatn og rás lá í túninu frá þessu svæði frá því að hann man eftir sér. Hann mundi ekki eftir brunni þarna. Þetta er um 80 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 SSV við traðir 002. Engin ummerki um minjar



Lambabrunnur ÁR-239:033, horft til suðurs.

sjást á yfirborði. Ekki er óhugsandi að mannvirkið sem heimildamaður geti um sé Lambabrunnur og að brunnurinn hafi horfið vegna túnasléttunar.

Fyrir miðju svæðisins er jarðvegurinn mjög rakur og blómríkur, en þegar því sleppir til suðurs tekur við gróðurmikið og þurr flatlendi.

Ekki sér til minja á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE,18; Ö-Húsatóftir JE eldra, 2

**ÁR-239:034** heimild um stekk 424495 392508

“Kolslækur [022] hefur verið gamall graflækur og átt upptök sín í Fljótinu í Efri-Brúnavallalandi en fór að mestu leyti í áveituskurð (sem er ekki á korti) og síðar í túnrækt. Enn er þó lækurinn heill að hluta ofan við Vorsabæjarveg og sunnan hans meðfram Stórudæl að austan gæti hafa verið stekkur áður fyrr,» segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessi stekkur var með vissu eða hvort að hann var á þessu svæði yfir höfuð. Það er ekki þekkt tóft á þessum slóðum en þó er það alls ekki útilokað. Stekkurinn var um 210 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m austan við Skothús 041.

Á þessu svæði er nú slétt, ræktað tún.

Engin ummerki stekkjarsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 15

**ÁR-239:035** heimild um stekk 426849 393408

“Kotastekkur. Lítil, gróinn grjóthóll með þúfu efst. Vestan við hólinn er lítið kringlótt rimabard. [...] Þessi örnefni [Kotastekkur, Kotastekksdælar og Kotastekksflóð] benda til þess að ábúandi Húsatóftakots [049] hafi nýtt landið þarna upp í Sundum,» segir í örnefnaskrá. Kotastekkur er í framræstri mýrinni, tæpum 350 metrum vestan við Lambabyrgi [032] og rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001. Rúmum 180 metrum vestan við stekkin eru Rekstrargötur 039.

Þar er nú þýfð, framræst mýri og á svæðinu er mikið um uppþornuð flóð. Svæðið er vaxið grasi mýrargróðri og kjarri.

Ekki sjást nein ummerki um stekkin á yfirborði, aðeins hringlaga rimi vestan við kletthól. Hugsanlega leynast þar einhver veggjabrot en ekki nægilega sýnileg til þess að mæla þau upp.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 15

**ÁR-239:036** *Kvíar* heimild um kvíar 427008 393375

“Kvíar. Þær voru uppi í Sundum en ekki lengur vitað hvar,» segir í örnefnaskrá (JE). “Sunnan við fljótið er Hrossarimi (að nokkru í Reykjalandi) og suður af honum er blautlend mýri. [...] Sunnan við mýrina er Kvíarimi og Kvíadæl og síðan Álftadæl,» segir í örnefnaskrá (VÞ). Kvíarimi er rúmum 1,6 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 230 m suðvestan við Lambabyrgi 032.

Í kringum rimann er framræst mýri en mun minna þýfi er á honum en í kring. Þar í kring vex kjarrgróður, gras og mýrargróður, en riminn sjálfur er grasmeiri og því ekki ólíklegt að þar hafi verið þurr blettur í mýrinni, góður til beitar.

Engin ummerki eftir fornleifar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 15; Ö-Húsatóftir VÞ, 3

**ÁR-239:037** heimild um leið 426171 392468

“Latur. Móbergssteinn, mátulega hár til að setjast á og hvíla sig með heylaup þegar gengið var til gegninga á Heiðarhúsin [031],» segir í örnefnaskrá. Steinninn er 510 metrum austan við bæ 001 og 140 metrum suðvestan við tóft 047 í afgirtu beitarhólfi fyrir hesta. Þjóðvegur 30 liggur um 120 m suðaustan við steininn.

Á svæðinu er gróðurþekja rofin og hafa hestar sparkað upp jarðveginn. Þar er mestmegnis gras, mosi og arfi

Steinninn er 1,3 x 1,2 metrar að stærð og 0,7 metrar á hæð. Hann er flatur að ofan og þægilegur á að sitja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 15



Steinninn Latur, horft til vesturs.



Efri-Markhóll ÁR-239:038, horft til vesturs.

**ÁR-239:038** *Efri-Markhóll* heimild um landamerki 424082 392424

“Markhóll, Efri-. Grjótvarða á lágum hraunbala eða hólí. Hóllinn er millimark Húsatófta og Syðri-Brúnavalla,» segir í örnefnaskrá. Efri-Markhóll er rúmum 570 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 330 m NNA við Grautarvörðu 030. Markhóll er kletthóll, á lágum hraunrima og sést hann vel úr fjarlægð. Varðan er horfin, þarna er nú einungis jarðfastur, lítill klettur.

Hóllinn er 0,2-0,4 m á hæð og sést vel. Þar er nú vírgirðing á merkjum jarðanna. Steinninn er á kafi í grasi en hvergi sést glitta í hrun eða hleðslur.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 15

**ÁR-239:039** *Rekstrargötur* gata leið 426684 393435

“Rekstrargötur. Gamla reið- og heybandsgötur ofan úr Sundum,» segir í örnefnaskrá. Rekstrargötur er leið sem liggur í mýrinni, norðan við Sandbrautina 661:010. Þær sjást fyrst um 500 metrum norðan við nátthaga 012 og liggja til norðausturs, fram hjá Kotastekk 035.

Þar er nú framræst, þýfð mýri vaxin kjarri, grasi og mýrargróðri.

Göturnar sjást sem einfaldur eða tvöfaldur moldarstígur sem liggur suðvestur-norðaustur.

Þær eru mjórri en Sandbrautin [661:010]. Hún er rúmum 550 m á lengd en hverfur í mýrinni eftir það. Þýfðir bakkar hafa myndast meðfram moldarstígunum




Rekstrargötur ÁR-239:039, horft til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 16

**ÁR-239:040** *Sauðhústóft* tóft beitarhús 427052 392779  
“Sauðahústóft. Forn, lítil tóft austurbæjarbóndans,” segir í örnefnaskrá. Tóftin er 210 m norðan við Heiðarhús 031 og rúmum 1,4 km ANA við bæ 001. Tóftin er á lágum hól, fast austan við einn af áveituskurðum Skeiðaáveitunnar. Gróinn mói. Kjarrgróður er áberandi á þessu svæði en þar eru einnig lágir rimar og þurrar dælar. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.



Sauðahústóft ÁR-239:040, horft til norðvesturs.



Teikning af Sauðahústóft ÁR-239:040.

Tóftin er 9x7 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er útlöft, veggirnir eru algrónir og líklega torfhlaðnir. Rof er í veggjum á köflum og hvergi glittir í grjótt þar né sést það í jarðvegi umhverfis hana. Það er brött brún á norðvesturhlið tóftarinnar, uppi á veggnum. Tilgangur hennar er óviss, mögulega er búið að hrynja meira utan af veggnum. Tóftin er líklega opin til austurs, þar er lág í veggnum. Ekki sér móta fyrir opi annars staðar. Tvær stórar þúfur, eða hryggur, eru inni í tóftinni og bendir það mögulega til hólfaskiptingar. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og 1-2 m á breidd. Þeir eru hæstir til vesturs, að utan. Tóftin er á lágum hól eða rima og ber ekki mikið á henni úr fjarlægð.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE,16

**ÁR-239:041** *Skothús* heimild um skotbyrgi 425469 392497  
“Skothús. Þar lágu menn í mínu ungdæmi og stunduðu skotveiðar á álft og gæs á Stórudæl (G.E.). Húsið var hlaðið byrgi, sunnan við Stórudæl en er farið undir tún,” segir í örnefnaskrá. Skothúsið var rúma 220 m norðvestan við bæ 001 og 190 m suðaustan við Brennþúfu 025. Það var sléttað út um miðja síðustu öld, ef ekki fyrr. Kolslækur 022 rennur hér skammt norðar. Slétt tún. Það var ræktað en nú komið í órækt og nýtt til beitar. Engin ummerki Skothússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna byggingar  
**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 17

**ÁR-239:042** *Stífla* heimild um áveitu  
“Stífla. Stífla og Stíflurimi eru gömul örnefni, samanber örnefnaskrá Br. J. Frá því um 1911 eða fyrir daga Skeiðaáveitunnar. Ekki er lengur vitað hvar Stíflan var en miðað við örnefnakort V.Þ. er líklegt að vatni hafi verið veitt úr Fljótinu í Efri-Brúnavallalandi fram í dælarnar og Stíflan á þeirri leið,”

segir í örnefnaskrá. Örnefnið Stífla og Stíflurimi er að finna fyrir norðvestan við Rekstrargötur 039 en ekki var hægt að staðsetja stífluna sjálfa með meiri nákvæmni. Þarna eru skurðir og áveitugarðlög en engin ummerki um stíflu fundust. Frekari heimilda er þörf til þess að staðsetja fornleifarnar nákvæmlega.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 17

**ÁR-239:043** *Torfdæl* örnefni rista 425220 392068  
“Torfdæl. Lítil dæl og léleg til slægna,” segir í örnefnaskrá. Torfdæl er um 530 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 240 m ASA við Grautarvörðu 030. Þarna er ein fremur stór dæl auk nokkurra minni, ekki er ljóst hver þeirra er umrædd Torfdæl.

Þetta svæði er gróið með þurrum dælum og rimum. Það er nýtt til beitar og engin ummerki um ristuna sjást á yfirborði. Ekki er ólíklegt að torf hafi verið rist í flestum dælum á svæðinu.


Engin ummerki torfristu sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir JE, 17

**ÁR-239:044** tóft beitarhús 425896 392045  
Beitarhús eru merkt inn á herföngjaráðskort frá 1908, tæpum 380 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m vestan við fjárhús 046.

Tóftin er ofarlega á grasi gróinni brekku sem er affiðandi til suðurs. Hún er byggð upp við kletthrygg að norðanverðu.



Teikning af tóft ÁR-239:044.



Tóft ÁR-239:044, horft til SSV.

Tóftin er 12x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er á grösugum hól og ekki er óhugsandi að hann sé að hluta til uppsafnaðar mannvistarleifar. Tóftin skiptist í tvö hól og hefst lýsing þessi á syðra hólfinu. Það er 8x4 m að stærð að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Veggir eru hlaðnir úr stæðilegu grjóti. Hleðslur eru veglegar og grónar. Það má telja 8-9 umför í þeim og er mesta hæð veggja 1,8 m. Breidd veggja er 1 m. Grjóthlaðin jata er meðfram endilöngum austur- og norðurvegg. Hún er 0,5 m á hæð og 0,6 m breidd. Ekki er unnt að greina umför í henni; því hún er nær öll horfin undir gróður. Milli efstu grjóthleðslanna til norðvesturs glittir í bárujárns sem er tvímælalaust leifar þaks. Hólfið er opið til suðurs. Að innanverðu er hólfið grasi vaxið og hefur rusl verið sett í nyrsta hluta þess. Til hánordurs er hólfið 2. Það er 9x4 m að stærð að innanmáli og snýr norður-suður. Mest má sjá 10 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Um 2-2,5 m hár kletthryggur afmarkar norðurhlið hólfsins. Mesta veggjahæð er 0,6 m til vesturs. Í norðausturhorni hólfsins eru veggirnir teknir að hverfa undir gróður. Hólfið er niðurgrafið og nær allt að 2 m dýpt. Innan hólfsins er mikið magn bárujárnsplata sem hugsanlega eru leifar þaks. Löggun og stærð hólfsins

gefur til kynna að um hlöðu sé að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 SV

**ÁR-239:045** heimild um leið

425797 392175

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá bæ 001 til suðausturs að leið 661:015. Svæðið var gengið en það hefur tekið róttækum breytingum vegna túnasléttunar á norðurhluta svæðisins og vegalagningu Skeiða- og Hrunamannavegar 30 á suðurhluta þess. Af þeim sökum var ekki unnt að greina dældir, paldra eða önnur ummerki leiðinnar í landslaginu. Leiðin var hnitsett út frá staðsetningu hennar á herforingjaráðskortinu.

Minjasvæðið er í þýfðri brekku sem hallar til norðurs. Landið er algróið og er snarrótarpuntur ríkjandi gróðurfar. Þéttbýlið Brautarholt er VSV við minjastaðinn.

Engin ummerki um götur sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-239:046** tóft beitarhús


425910 392053

Beitarhús eru merkt um 390 m suðaustan við bæ 001 inn á herforingjaráðskort frá 1908 og rúmum 20 m austan við fjárhús 044.

Tóftin er á smáþýfðum hól. Landið er algróið og er bakgarður Húsatófta 2A fast austan við tóftina og meðfram allri norðurhlið hennar er kletthryggur.



Tóft ÁR-239:046, horft til austurs.



Teikning af tóft ÁR-239:046.

Tóftin er 18x12 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Um 2-2,5 m hár kletthryggur afmarkar norðurhlið tóftarinnar. Tóftin er tvöföld og hefst lýsing þessi á eystri hluta hennar, á hólfi 1. Það er 18x5 m að stærð að innanverðu og snýr nálega austur-vestur. Auðveldlega má telja 9 umför af stórgrýti í grjóthledslum. Hólfið er vandlega hlaðið og er mesta hæð veggja 1,5 m til norðausturs en suðurhluti austurveggjar er að nokkru hruninn og er veggjahæð þar mest 0,7 m. Veggir eru 1-1,5 m breiðir. Búið að planta trjám og reisa virgirdingu áfast eystri hlið hólfsins. Hólfið er opið til suðurs. Að innanverðu í suðurhluta þess er 8 m langur grjóthlaðinn garði. Hann er 0,5 m á hæð og 0,4 m á breidd. Grjótið er stæðilegt og sjá má 2-3 umför. Hólf 2 er norðvestan við hólfi 1. Það er 8x5 m að stærð innanmáli og snýr svo að segja austur-vestur. Eingöngu vesturveggur hólfsins er uppistandi, en greina má með góðum vilja vegg til suðurs, sem er 0,3 m hár og 0,5 m breiður. Vesturvegurinn er voldugur og mest sjást 6 umför af stórgrýti í veggjum. Hann er 1,8 m á hæð og um 1 m breiður. Hólfið er ekki niðurgrafið og ekki sér móta fyrir garði eða jötu innan þess. Hugsanlega sjást tvö byggingarstig á tóftinni og hólfi 2 er varðveittar leifar eldra fjárhúss, sem hafi verið minnkað.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 SV

**ÁR-239:047** tóft hesthús

426273 392565

Tóft er tæpa 630 m ANA af bæ 001 og um 100 m suðvestan við tóft 049. Það er fast norðan við nátthaga 012\_01, utan hans. Að sögn Guðjóns Vigfússonar, heimildamanns, var þetta hesthús sem var byggt um miðja síðustu öld. Hann tók þátt í gerð þess. Hesthúsið tók við af hesthúsi sem var í heimatúninu. Það er haft hér með vegna forns verklags.



Teikning af hesthúsi ÁR-239:047.



Hesthús ÁR-239:047, horft til austurs.

Þar er nú grasi vaxið tún og lítil brekka til norðvesturs.

Tóftin er 8 x 7 metrar að stærð og er opin til norðvesturs. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er opin til norðvesturs. Hún er einföld og innanmál hennar er 5 x 4,5. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sést í 3-4 umför af grjóti að innan. Enginn veggur er norðvestan megin og má ætla að þar hafi verið viðurþil. Veggir eru um 1,2 - 1,4 metrar á hæð en hleðslur eru nokkuð hrundar í suður horni tóftarinnar. Að utan er tóftin gróin og ekki sést í grjóthleðslur

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:048** Stekkatún þúst beitarhús

426303 392530

Í örnefnaskrá (JE) segir: „Stekkatúnið. Það er vestan í Skálholtinu og tún. Stekkatúnshóll. Hóllinn var vestast í Stekkatúninu.“ Í örnefnaskrá (VÞ) segir: „Fer svo hækkandi [frá Lágiholti] aftur að Stekkatúni, sem er allstórt ræktað tún. Á Stekkjarhólnum var lengi fjárhús [021] og fjárrétt [019], en það er nú horfið og ný fjárhús reist norðar á holtinu.“ Stekkjarhóll er innan nátthaga 012, í túninu miðju. Þar eru fjárhús merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og á túnakorti frá 1920 er sýnt mannvirki á sama stað. Þarna sést lítil dæld í miðjum hólnum en önnur ummerki um mannvist eru horfin. Dældin er í hlöðunni að sögn Guðjóns Vigfússonar, heimildamans. Fjárhúsin voru 670 m ANA við bæ 001 og tæpum 50 m norðvestan við Holt 049. Það er líklegt að beitarhúsin hafi verið reist á gömlum tóftum 049 sem þarna voru fyrir.



Þúst ÁR-239:048, horft til suðvesturs.

Þar er nú ræktað tún.

Beitarhúsin voru sléttuð út og fyllt upp í tóftina. Jarðvegur er farin að síga niður í hlöðunni en hún var mjög djúp. Fjárhúsin voru sunnan við hlöðuna, sambyggð henni. Þessi mannvirki voru sléttuð út þegar yngra fjárhús var reist nokkuð norðar og standa þau hús enn. Stekkatúnshóllinn er mjög umfangsmikill og líklega mikil mannvistalög þar undir sverði. Hann er 52x44 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,5-2 m á hæð, sléttur en víða eru ójöfnur ofan á honum. Ekki er útilokað að bær 049 hafi staðið á þessum hól, það verður að teljast afar líklegt. Hóllinn er samt óvenju umfangsmikill ef búseta þarna var stutt og greinilegt að hér er afar áhugavert rannsóknarefni á ferðinni. Frekari rannsóknir þarf til þess að staðfesta það. Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsin á yfirborði nema dæld sem er 7 x 6 metrar að stærð, þar sígur jarðvegur niður í hlöðuna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV; Túnakort 1920; Ö-Húsatóftir JE, 17; Ö-Húsatóftir VP, 2

ÁR-239:049 Holt þúst býli


426365 392515



Holt ÁR-239:049, horft til austurs.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir, „Hollt eður Husatoptakot. Eyðihjáleiga, bygd í úthögum á fornu fjárhússtaði hjer um fyrir 40 árum og varaði bygdin inn til næstliðins árs [1708], þó stundum í eyði þar á milli. [...] Fóðraðist lítið eður mikið eftir því sem heimabóndinn aflagði, og brúkar það nú heimaörðin fyrir fjárhús, og landið til beitar, og má því hjer ekki aftur byggja.” Í örnefnaskrá (JE) segir ennfremur: “Holt eður Húsatóftakot mun hafa staðið á efra holtinu sem í daglegu tali er kallað Stekkatún [sjá 013, 048], enda

fjárhús þar lengi og sjálfsagt stekkur. Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi nefnir holtið Skálholt í örnefnaskrá sinni frá 1911. [...] Skálholt gæti verið réttnefni því skál er í landinu vestur af holtinu. Nú er ræktað tún upp að holtinu og engar tóftir sjáanlegar.” Í örnefnaskrá (VP) segir. “Fer svo hækkandi [frá Lágholti] aftur að Stekkatúni, sem er allstórt ræktað tún. Á Stekkjarhólnum var lengi fjárhús [048], og fjárrétt [019] en það er nú horfið og ný fjárhús reist norðar á holtinu. Austan við hólinn



Holt og nálægar minjar.

hækkar holtið og myndar fallega brekku móti suðri. Hæst er það um Klettinn og er útsýni þaðan mikið og fagurt til hins fagra sunnlenska fjallahrings. Í brekkunni mótast fyrir gömlum tóftum og segja munnmæli að þarna hafi verið bær er Skálholt hét.” Á herforingjaráðskorti frá 1908 sjást fimm hús [013, 019, 021, 048] um 650 m ANA af bæ. Þessi beitarhús hafa líklega verið byggð á svipuðum stað og býlið, í norðurhorni Stekkatúns. Meintur bæjarhóll er

rúmum 720 metrum austan við bæ 001 og 35 m norðaustan við þúst 021. Hann er uppi á holtinu þar sem holtið fer að lækka, skammt sunnan við Klettinn.

Holtið er mólent og óræktað að norðan. Stekkatún, ræktað tún er á vesturhluta holtsins. Túnið er í halla til suðurs.

Hóllinn er 18x12 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 0,5-1 m á hæð og sléttur. Til norðausturs beygir hóllinn til norðausturs, þar gæti hafa verið önnur tóft. Það er greinilegt að mannvist er hér undir sverði

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV; JÁM II, 196; Ö-Húsatóftir JE, 4; Ö-Húsatóftir VP, 2

**ÁR-239:050** heimild um legstað 391926 425649

Í Jarðabók Skeidahrepps segir: „Árið 1933 var byggður á einu ári barnaskóli syðst á Húsatóftaholti [...]. Skólinn fékk nafnið Brautarholt. [...] Hádegishóllinn lenti undir húsinu þegar það var byggt. Þar fundust mannabein. Eru trúverðugar sögur um reimleika í skólanum mörg ár eftir að farið var að kenna þar 1934.“ Þessi beinafundur var ekki tilkynntur til Þjóðminjasafns og því ekki staðfest hvort að um mannabein var að ræða. Beinin komu í ljós þegar strýtulaga hóll var grafinn í burtu, Hádegishóll. Hann var álíka og þúst 051 að stærð og lögun. Beinin fundust um 440 m suðvestan við bæ 001 og 180 m VSV við þúst 051. Þarna er enn félagsheimili auk leikskólans Leikhólts í byggðakjarna sem kallast Brautarholt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 204

**ÁR-239:051** þúst legstaður 425820 391985

Hóll, eða þúst, er um 420 m SSA við bæ 001 og 180 m norðaustan við legstað 050. Samkvæmt munnmælum er þessi hóll alveg eins og sá sem fór undir Brautarholtsskóla og bein fundust í árið 1933. Getgátur eru uppi um að þetta sé einnig dys vegna líkinda hólanna. Austurjaðar byggðakjarnans Brautarholts er tæpum 50 m vestan við hóllinn.

Gróið tún uppi á Húsatóftaholti. Túnið hefur aldrei verið sléttað, einungis nýtt til beitar. Það er grunnt niður á kletta og stakstæða steina í gegnum svörð. Hóllinn sést vel uppi á miðju holtinu og þaðan er víðsýnt til allra átta.

Þústin, eða hóllinn, er um 9x9 m að stærð og er egglaga. Hann snýr norðaustur-suðvestur og er 0,2-0,4 m á hæð. Þústin er áberandi og

ekki ólíklegt að mannvist sé þarna að finna undir sverði. Rof er í vesturhluta hennar og þar sést glitta í grjótt án þess að hægt sé að gera sér grein fyrir tilgangi þess eða hvort að um manngerða hleðslu sé að ræða. Jaðrar þústarinnar eru þýfðir og víða rof og “stallar”.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Hóll ÁR-239:051, horft til suðursæ

**ÁR-239:052** hleðsla brú 424461 391910

“Við skulum nú skoða Merkurhraunsveginn [ÁR-661:015] nánar og leggjum af stað af Húsatóftaholti. Suðvestur af holtinu, þar sem vélaskemma Búnaðarfélagsins stendur nú, var blautt mýrarsund og illfært. Þar var byggð „brú“ yfir sundið og komu til þess smá upphæðir frá sýslunni. [...] Meira fé hefur komið til „brúarinnar“ síðar því í skýrslum sýsluvegasjóðs kemur fram,



Brú ÁR-239:052, horft til SSV.

að Húsatóftabruin hefur verið endurbætt og borið í hana möl árin 1898 og 1899. Enn má sjá leifar brúarinnar efst, að Guðmundur Eyjólffsson, bóndi á Húsatóftum taldi, f. 1917,» segir í Jarðabók Skeiðahrepps.

“Leiðin lá af Húsatóftaholti þar sem vélaskemma búnaðarfélagsins stendur. Þar var illfært mýrarsund og var hlaðinn yfir það vegarspotti, svokölluð „brú“. Enn sjást leifar hennar 10-15 metrar vestan í holtsbrúninni (G.E.),» segir í örnefnaskrá Húsatófta. Bruin er 25 m vestan við þjóðveg 30 og sést illa fyrr en að henni er komið. Hún er tæpum 500 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 290 m suðaustan við Torfdæl 043.

Brúin er á grónu svæði, fast norðaustan við girðingu sem umlykur skemmu Búnaðarsambandsins, núverandi gámasvæði. Það er gróið en slétt. Ræktuð tún eru skammt norðar.

Brúin er 4,5 m á breidd og 10-15 m á lengd. Vírgirðing liggur þvert yfir vesturhluta hennar og mikill gróður þar, við vélaskemmuna. Hún er 0,1-0,2 m á hæð og algróin.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 553; Ö-Húsatóftir JE, 6-7

**ÁR-239:053** garðlag vörslugarður 426337 390865

Á úrvinnslustigi fannst garðlag um 1 km suðaustan við mógrafir 29 og rúmum 1,6 km suðaustan við bæ 001. Garðurinn liggur þvert yfir gróna tungu milli Syðra-Læmis til austurs og Þjórsárgatna ÁR-661:011 til vesturs. Garður ÁR-240:022 virðist vera í beinu framhaldi af þessum garði, skammt VSV í landi Hlemmiskeiðis ÁR-240. Hlutverk þeirra er óþekkt.

Garðurinn er um 90x3 m að lengd og hlykkjast A-V yfir gróna tungu, nærri Þjórsá. Ástandið var ekki metið enda var garðurinn ekki heimsóttur á vettvangi.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-239:054** Einbúi heimild um landamerki 427001 393950



Einbúi ÁR-239:054, horft til norðausturs.

“... beina línu í Einbúa sem er allstór hóll með hlaðinni vörðu. Hann er hornmark milli Efri-Brúnavalla, Álfsstaða, Reykja og Húsatófta,” segir í örnefnalýsingu. Varða er á hólum Einbúa og eru þar landamerki fjögurra jarða, eins og sagt er frá í örnefnalýsingu. Hún er um 2 km norðaustan við bæ 001 og 450 metrum norðvestan við lambabyrgi 032.

Þar er nú stór klettur og framræst, þýfð mýri í kring.

Varðan er hrunin en grjóthrun úr henni sést umhverfis hólinn, helst að norðan og vestan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir VP, 1

**ÁR-239:055** frásögn hesthús

Samkvæmt Guðjóni Vigfússyni, heimildamanni, var hesthús syðst í túninu, fast við veg 045 og malarveg sem lá yfir tröðum 002. Steypt gólf var í hesthúsinu en hætt að nota það þegar hesthús

047 var byggt nokkuð austar. Hér er líklega um sama stað og útihús 008 eða 007 en ekki var hægt að staðfesta það að svo stöddu.

Engin ummerki hesthússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:056** frásögn

425834 392151

Samkvæmt Aðalsteini Guðmundssyni, heimildarmanni, voru tvær bensínstöðvar, Shell annars vegar og Essó hins vegar, byggðar í grennd við hvor aðra um 290 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 25 m sunnan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Þær eru innan 40x10 m stórs svæðis sem snýr austur-vestur. Bensínstöðvarnar voru reistar skömmu eftir 1920 og teljast því ekki til fornleifa í lagalegum skilningi. Frásögnin er á hinn bóginn heimild um merkar samgönguminjar innan hreppsins og því tekin með í þessa fornleifaskrá.

Skipta má svæðinu í stórum dráttum í tvennt. Annars vegar er slitróttur og veigalítill trjágróður til austurs og hins vegar ræktað tún til vesturs. Á milli þeirra er heimreið sem liggur frá Skeiða- og Hrunamannavegi 30 að íbúðarhúsinu á Húsatóftum 2A.

Ekki sér til minja á yfirborði. Minjasvæðið hefur tekið róttækum breytingum í kjölfar lagningu Skeiða- og Hrunamannavegar 30. Sennilega hefur veglagningin átt stóran þátt í að staðurinn sé ekki lengur sjáanlegur á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ÁR-239:057** frásögn kvíar

425813 392208

Að sögn Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns, var stöðull um 220 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m sunnan við útihús 007. Stöðullinn var rétt utan heimatúns miðað við túnakort frá 1920.

Landið er í órækt og í grasi gróinni brekku sem hallar til norðurs. Snarrótarpunktur þekur stóran hluta svæðisins. Óljóst vottar fyrir vegslóða víðsvegar um svæðið og til suðurs liggur Skeiða- og Hrunamannavegur 30.

Engin ummerki stöðuls sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:058\_01** tóftir beitarhús

425954 392107

Þrjár tóftir eru fast norðan við hesthúsið á Húsatóftum 2a, á Húsatóftaholti. Þær eru tæpum 100 m norðan við tóft 061 og um 400 m suðaustan við bæ 001. Tóftirnar eru sunnan í holtsbrúninni beint ofan við hesthúsið og hlaðnar upp að lágu klettabelti. Sé tekið mið af lagi, staðsetningu og gerð tóftanna eru þetta beitarhús. Tóftirnar eru á svæði sem er 18x9 m að stærð og snýr ANA-VSV.



Tóft ÁR-239:058\_01, horft til suðvesturs.



Tóft ÁR-239:058\_02, horft til suðausturs.

Gróin brekka í suðurhlíðum Húsatóftaholts, nærri austurenda þess. Klettabelti liggur þar norðaustur-suðvestur, beint ofan við tóftirnar, efst í brekkunni. Trjárækt er 10 m norðar.

Tóft 01 er í miðju svæðisins. Hún er 10 x 9 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 2 hólfi. Tóftin er hlaðin úr torfi og gjóti og grafin inn í holtið. Hólf 1 er vestar. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og þar má greina 1-2 umför grjóthleðslu að innan. Hólf 2 er grafíð inn í holtið og veggirnir eru lægri að utan og algrónir. Það er opið til suðausturs og hefur verið nýtt sem leiksvæði fyrir börn í genum tíðina. Hólf 2 er austar. Það er ógreinilegra, veggirnir lægri og útflattari. Það er 8x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og sem fyrr segir grasi vaxnir. Þeir sjást lítið sem ekkert að utan og hólf 2 grafið niður og líklega var hér hlaða. Það er opið til suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:058\_02** tóftir beitarhús


425960 392113

Tóft 02 er 4 m norðaustan við tóft 01. Hún er 4x3 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er niðurgrafin og klettur afmarka norðurhlíð hennar. Þeir eru 2 m á hæð og ókleifir. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og sjást ekki að utan, tóftin sést eingöngu sem niðurgroftur og það glittir í 1 umfar þar. Ekkert op er inn í tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Tóft ÁR-239:058\_03, horft til NNV.



Teikning af tóftum ÁR-239:058.

**ÁR-239:058\_03** tóftir beitarhús

42594 392106

Tóft 03 er fast við norðvesturhorn tóftar 01, sú tóft er byggð upp við eða ofan á þessari að hluta. Ekki víst að þær hafi verið í notkun á sama tíma og mögulega er um 2 byggingarstig að ræða. Tóftin er 7x4 m að stærð, snýr NNV-SSA og er einföld. Hún er sigin, þýfð og óljós. Veggir eru 1-1,5 m á breidd, algrónir og hvergi glittir í grjót. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og greinilegastir að innan. Það mótast óljóst fyrir opi til SSV, fast við horn tóftar 01, og öðru á miðri suðurhlíð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:059** gata leið

427158 392747

Reiðgötur sjást tæpum 60 m fyrir sunnan beitarhús 040, áveituskurður 661:001 sker þær í tvennt, nánast fyrir miðju. Leiðin er ekki sýnd á Herföngjaráðskorti frá 1908 né er hennar getið í örnefnaskrá. Hér er líklega um útgáfu af leið 661:012 að ræða en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Af þeim sökum er leiðin höfð hér stök í fornleifaskrá.

Gróinn mói. Kjarrgróður er áberandi á þessu svæði en þar eru einnig lágir rimar og þurrar dælar. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.

Leiðin er greinileg, að vestan er hún horfin, líklega vegna girðingar sem þarna er meðfram þjóðvegi

30 og fór upp á Skálholt. Að austan fjarar hún í grónu svæði, þar var líklega dæla. Leiðin 5 m breið og greinileg. Það má greina 3-5 paldra í henni og eru þeir 0,2 m djúpir og grónir. Leiðin var líklega ekki notuð eftir að Skeiðaáveitan tók til stafa, skurður henni tengdi sker hana í tvennt.



Leið ÁR-239:059, horft til vesturs.



Brú ÁR-239:060, horft til ASA.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-239:060** hleðsla brú 426730 392936

Steypt brú er á Sandbrautinni 661:010, þar sem hún liggur yfir skurð 661:001, í mýrinni tæpum 1,2 km norðaustan við bæ 001.

Þar er nú þýfð og framræst mýri, sem er grasi og kjarri vaxin.

Brúin er steypst en undir henni glittir í hlaðnar grjóthleðslur og sést í 1-2 umför af grjóti. Brúin sjálf hefur verið steypst ofan í hleðslurnar. Brúin er 3 x 2,20 metrar að stærð og snýr ASA-VNV. Hleðslurnar undir brúnni eru um 0,5 metrar á hæð.


**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-239:061** tóft beitarhús 425948 392008

Gömul fjárhústóft er um 130 m austan við þúst 051 og tæpum 470 m suðaustan við bæ 001. Að sögn Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns, var ástand tóftarinnar álíka í minni Eyjólf Gestssonar, afa hans sem var fæddur árið 1883 á Húsatóftum og bjó þar til ársins 1976 er hann lést. Tóftin er innan túngirðingar, fast sunnan við vegslóða sem liggur að núverandi fjárhúsum á Húsatóftum 2a. Lag og staðsetning tóftarinnar gefur til kynna að þetta



Tóft ÁR-239:061, horft til suðausturs.



Teikning af tóft ÁR-239:061.

hafi verið fjárhús.

Slétt, ræktað tún er allt umhverfis tóftina. Hún er nyrst í túninu, fast við vegslóða. Túnið er nýtt til beitar.

Tóftin er 14x5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er í afliðandi halla til SSA og líklega var hún grafin inn í brekkuna þótt þess sjáist ekki greinileg ummerki nú. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og 2,5 m á breidd. Öll tóftin er sigin, útfloft og jarðvegssöfnun er inni í henni. Það sést glitta í einn stein inni í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:062** náma mógrafir

426476 391685



Mógrafir ÁR-239:062, horft til norðvesturs.

Greinilegt mógrafasvæði er um 1,1 km suðaustan við bæ 001 og um 180 m NNV við götur 024.

Minjasvæðið er deigt til blautt fyrir miðju þess. Svæðið er stórum vaxið og eru þúfur og rimar mosavaxnir. Landið tekur að þorna við jaðar svæðisins og við tekur grösugt og smáhæðótt graslandi.

Minjasvæðið er um 160x130 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðið er stórt umfangs og af þeim sökum er erfitt að áætla um fjölda grafa innan þess, þær hafa þó skipt á tugum. Hin dæmigerða mógröf á svæðinu er 4x2 m að stærð, 0,5 m djúp og snýr nálega norður-suður. Engin gröf er dýpri en 1 m. Velflestar

grafirnar eru teknar að gróa. Af þeim sökum er lítið, eða ekkert, vatn í flestum þeirra. Sumar grafirnar eru rakar og er mold í botninum á fáeinum þeirra.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-239:063** heimild um sundlaug

425437 391936

Sundlaug var byggð árið 1938 í landi Húsatófta að sögn Gylfa Guðmundssonar, heimildamanns. Í bókinni HSK í 100 ár segir: „[...] og árið 1938-1939 steypu ungmennafélagar á Skeiðum upp laug við skólann í Brautarholti sem var 8x12,5 m að flatarmáli. Til hennar var veitt heitu sjálfrennandi vatni í tréstockki.“ Laugin var um 40 m norðvestan við brú 052 og rúmum 480 m suðvestan við bæ 001. Hún er skammt norðaustan við skemmu Búnaðarfélagsins. Sundlaugin er horfin en þar mótar

enn fyrir lág í landinu, fast við enda á vélgröfnum skurði. Sundlaugin sést á loftmynd sem tekin var árið 1946.

Gróið tún sem nýtt er til beitar er á þessu svæði. Ræktað tún er fast norðar. Það sjást ennþá steypubitar í túninu sem tilheyru sundlauginni.

Engin ummerki um sundlaugina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** HSK í 100 ár, 134



Garður ÁR-239:064, horft til austurs.

**ÁR-239:064** garðlag áveita

426679 392115

Áveitugarðlag er tæpa 580 metra suðaustan við Skálholt / Holt 021 og rúman 1 km suðaustan við bæ 001, sunnan við Þjóðveg 30 sem liggur í gegnum Brautarholt. Það liggur skammt sunnan við malarveg að Þjorsárbökkum. Ekki er ljóst hvort að garðlagið er hluti

af Skeiðaáveitu 661:001 og haft stakt af þeim sökum.

Hluti garðlagsins liggur nú í ræktuðu túninu en annar hluti þess er í beitarhólfi.

Garðurinn er 1,2 metrar á breidd og 0,5 metrar á hæð. Hann er tæplega 400 m að lengd en er rofin af vegslóða, nánast fyrir miðju. Það er torfhlaðið og mikið rof í því vestanverðu, þeim hluta sem liggur innan beitarhólfsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:065** tóft heystæði

426243 392428

Lítill tóft er rúmum 580 m austan við bæ 001 og tæpum 70 m suðaustan við Lat 037. Tóftin er sunnan í svokölluðu Lágaholti, skammt suðaustan við Stekkatún. Tóftin er á lágum rima, umhverfis hana er blautt svæði.

Óræktað tún, nýtt til beitar er á þessu svæði. Svæðið er blautt og þýft, hér og þar koma móbergssteinar upp úr sverði. Tóftin er á lágum, þýfðum rima. Tóftin er 6x3 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvesturs. Hún er opin til suðvesturs og torfhlaðin. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og þýfðir. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt, líklega var þetta heystæði.



Tóft ÁR-239:065, horft til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-239:066** frásögn lambhús

426269 392556

Samkvæmt Guðjóni Vigfússyni var lambhús nokkrum metrum suðvestan við hesthús 047, innan nátthaga 012, í svokölluðu Stekkatúni (sjá 048). Það var í notkun frá því að hann man eftir sér en hætt að nota það þegar yngri fjárhús voru byggð norðan við Stekkatún. Lambhúsið var hlaðið úr torfi og grjóti en hann mundi ekki hversu stórt það var eða önnur atriði sem tengjast notkun þess. Lambhúsið var á óræktuðu svæði, skammt sunnan við túngarð 012\_01. Allt umhverfis er ræktað tún.

Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## ÁR-240 Hlemmiskeið

Sögulegar heimildir:

1686 & 1695: 20 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 107.


1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 193.

1847: 30 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63. Einnig nefnt Hlemmiskeiði.

“Hlemmeskeids hiáleiga, bygð í heimatúninu fyrir manna minni, fylgir nú og næstliðið ár heimajörðunni [...]. En áður var þessi hjáleiga bygð fyrir sig og galt ábúandi þá til heimabónða,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 193.

Árið 1896 voru 13 bæjarhús og 2 peningshús samtals á báðum býlum Hlemmiskeiðis. Eftir jarðskjálтана sama ár voru 12 bæjarhús og 6 peningshús gjörfallin, 1 bæjarhús og 3 peningshús mjög skemmd en 3 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

“Árið 1829 byggist vesturbærinn og er tvíbýli á jörðinni - Hlemmiskeiði 1, austurbærinn og Hlemmiskeiði 2, vesturbærinn - til ársins 1946 að landi austurbæjarins er skipt og stofnað nýbýlið Laugartún sem síðar er nefnt Hlemmiskeiði 4. Árið 1951 er stofnað annað nýbýli úr landi austurbæjarins, Hlemmiskeiði 3. Árið 1990 er stofnað smábýli úr landi vesturbæjarins með nokkurri landsspildu og þar byggt íbúðarhús á árunum 1990 - 1991. Nefnist það Hlemmiskeiði 5. Annað íbúðarhús var byggt á spildunni árið 1994. Nú eru tvö íbúðarhús á landi austurbæjarins og er það eldra, á móðurjörðinni, tvíbýlishús. Á landi vesturbæjarins eru fjögur íbúðarhús og íbúðarhúsið á móðurjörðinni tvíbýlishús,” segir í örnefnaskrá Jón Eiríksson 2008, 2.



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Hlemmiskeiðs frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, punktalínur og lítaðir flákar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

“Brúnavallakot var lagt undir jörðina 1943, og hefur svo verið síðan; er löngu búið að rífa bæjarhúsin þar, en fjárhús er í Strút, en þar var bær um stuttan tíma. Löndum var skipt jafnt á milli Hlemmiskeiðis I og II,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 450.

Landkostir:

Vesturbær - Túnakort 1920: Tún 2,8 ha, ca 95% slétt. Náttagi 0,2 ha. Matjurtagarðar 12,4 arar.

Austurbær - Túnakort 1920: Tún 2,7 ha, ca 4/5 slétt. Matjurtagarðar 9,8 arar.

“Túninu grandar vatn, sem jetur úr rótina til stórmeina. Engjunum grandar ogso vatn, so þeirra mikill hluti er kominn í flög og grasleysi. Landþröng er og nýtur ábúandi góðvilja nábúa sinna, en geldur ei víst fyrir. Hætt er kvikfje fyrir vatnsgryfjum og fornum torfgröfum. Vatnsból þrýtur sumar og vetur og þá mjög erfitt vatns að afla,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 193.

**ÁR-240:001\_01** *Hlemmiskeið* bæjarhóll bústaður 424290 390914

Sjö bæjarhús með tveimur kálgörðum sunnan við eru merkt inn á bæjarþeikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bæirnir eru einnig sýndir á túnakorti frá 1920. Stafnar bæjarins sneru til SSA. “Bæirnir stóðu áður ofar á hólnum og voru sambyggðir nema milli þeirra var hlaðið sund. Austurbærinn sneri þá þvert á heimreiðina nú og vesturbærinn var þar vestur af,” segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og vegur liggur yfir austur- og norðurhluta hans. Þrjú íbúðarhús eru umhverfis hóllinn, eitt fast vestar, annað hús er 10 m suðaustar og þriðja fast sunnan við hann.



Bæjarhóll ÁR-240:001\_01, horft til suðvesturs.

Malarvegur liggur yfir austurenda bæjarhólsins (N-S). Engar byggingar eru lengur á hólnum, þar eru sléttar grasflatir og trjágróður við núverandi íbúðarhús sem eru til vesturs og suðurs. Það er engu að síður ljóst að mikið jarðrask hefur átt sér stað á hólnum enda hafa öll hús sem þar voru áður verið rifin.

Hóllinn hefur verið sléttaður og er mikið raskaður. Enn má þó greina ummerki hans á 60x40 m svæði sem snýr austur-vestur. Ekki er ljóst hversu há uppsöfnunin er en líklega um 0,5 m. Vestast til í hólnum er sést glitta í grjóti og steypu hér og þar á yfirborði. Einnig er hægt að grjóthlaðinn og steiptan grunn/kant (hleðsluhæð 1m) af hesthúsi sem var norðaustarlega á hólnum. Ekki er ljóst hversu gamalt hesthúsið var en það er ekki skráð sérstaklega.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarþeikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö-Hlemmiskeiði JE, 11



**ÁR-240:001\_02** heimild um kálgarð 424274 390873

Tveir kálgarðar 02 voru sunnan við bæi 01, líklega frá sitthvorum bænum. Traðir 002 lágu á milli þeirra. Öll ummerki kálgarðanna eru horfin af yfirborði og þarna eru m.a. íbúðarhús, trjágróður og sléttar grasflatir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-240:002** heimild um traðir 424345 390943

“Bæirnir stóðu áður ofar á hólnum og voru sambyggðir nema milli þeirra var hlaðið sund. [...]”



Túnakort bæjanna á Hlemmiskeiði frá 1920. Austurbærinn er ofar og vesturbærinn neðar. Bæirnir voru sambyggðir og sjást sem skyggðir kassar. ©Þjóðskjalasafn Íslands

Heimreiðin var þá nokkru vestar eða vestur undir Kötflugjá,” segir í örnefnaskrá. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920 sjást traðir í NA frá bæ 001. Á bæjarteikningunni sést líka hvernig þær komu að bænum úr suðri, frá svokallaðri Kötflugjá. Þar sem traðirnar lágu sunnan við bæinn eru sléttar grasflatir og tún. Fyrir norðaustan bæinn eru malarvegir og -plön við núverandi útihús.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-240:003** heimild um brunn 424295 390945

Um 20 m NNA af bæ 001 er einhvers konar mannvirki, líklega brunnur, merkt inn á túnakort austurbæjar frá 1920. Á túnakorti vesturbæjar er brunnur sagður heima og er líklega um sama brunn að ræða. Brunnurinn var tæpum 40 m norðaustan við bæ 001 og um 60 m SSV við útihús 037.

Líklega er búið að fylla upp í brunninn þar sem engin ummerki hans sjást lengur. Þar sem hann var er slétt grasi vaxið svæði og malarlóði er fast sunnar.

Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-240:004** tóft útihús 424295 390996

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést útihús tæpum 80 m norðan við bæ 001 og um 50 m austan við útihús 005, norðarlega innan heimatúnsins. Gróið tún sem enn er í ræktun.



Tóft ÁR-240:004, horft til austurs.



Uppmæling af tóft ÁR-240:004.

Tóftin er sigin og sést einna best sem dæld í túninu. Hún er aflöng, 4,3x3 m að stærð, er einföld og snýr NA-SV. Tóftin er öll grasi gróin og hefur líklega verið torfhláðin en ekkert grjótt sést lengur. Veggjahæð er 0,1-0,3m að innanmáli en erfitt er að greina nákvæma breidd þeirra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-240:005** heimild um útihús 424242 391010

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er útihús merkt tæpum 120 m NNV af bæ 001 og rúmum 30 m norðaustan við útihús 006. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og líklega fallið út notkun þá.

Malarplan sem nýtt er fyrir vinnuvélar og heyrúllur er nú þar sem útihúsið var. Malarslóði er fast austar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-240:006** heimild um útihús 424206 390991

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er útihús sýnt um 110 m NV af bæ 001 og um 90 m vestan við útihús 004. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og líklega fallið út notkun þá.

Malarplan sem nýtt er fyrir vinnuvélar og heyrúllur er nú þar sem útihúsið var, norðan við núverandi fjós.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-240:007** heimild um útihús 424176 390958

Um 130 m VNV af bæ 001 og tæpum 15 m norðaustan við útihús 008 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906.

Malarplan sem nýtt er fyrir vinnuvélar og heyrúllur er nú þar sem útihúsið var, norðan við skemmu.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-240:008** heimild um útihús 424155 390945

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er útihús sýnt um 130 m VNV af bæ 001 og tæpum 15 m suðvestan við útihús 007.

Slétt tún, skammt norðvestan við stóra skemmu.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-240:009** kantur túngarður 424343 390790



Holtbrúin sem túngarður ÁR-240:009, horft til suðvesturs.

Túngarður umhverfis allt heimatúnið nema hluta N-hliðar er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á túnakorti frá 1920 er túngarður merktur umhverfis allt tún austurbæjar og í tveimur hlutum meðfram N-, V- og S-hliðum túns vesturbæjarins. Hann er horfinn til allra átta vegna túnasléttunar nema til suðausturs, þar sést enn kantur í sléttu túni.

Gróin tún, malarplön og byggingar eru þar sem túngarðurinn var.

Einu ummerki um túngarðinn sjást skammt suðaustan við bæina sem nú eru. Þar má sjá ávala holtbrún sem lækkar til suðurs, niður í framræsta mýri. Búið er að slétta túngarðinn út og ekki er hægt að greina innri brún. Brúin

er um 10 m breið og 0,5 m á hæð. Hægt er að rekja hana á um 150 m löngum kafla og hún snýr

norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-240:010** heimild um kálgarð 424288 390825

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er kálgarður sýndur um 50 m sunnan við bæ 001 og traðir 002 lágu fast vestan hans. Kálgarðurinn var á opnu svæði, sunnan og utan heimatúnsins að því virðist. Túngarður 009 afmarkaði austurhliðina.

Slétt, grasi vaxið svæði og trjágróður er þar sem kálgarðurinn var.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-240:011** heimild um nátthaga 424072 390764

Afgirtur 0,2 ha nátthagi er merktur inn á túnakort vesturbæjar frá 1920, um 230 m suðvestan við bæ 001 og skammt suðvestan við heimatúnið. Sama örnefni þekkist einnig í túninu norðvestan við bæinn að sögn Vilhjálms Eiríkssonar, heimildamanns, en líklega er þetta ekki sami nátthaginn. Hann man ekki eftir mannvirkum þar og af þeim sökum var hann ekki skráður.

Nátthaginn var á rima sem gekk til suðvesturs frá heimatúninu. Mýrlent var austan og sunnan við rimann.

Engin ummerki nátthagans sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-240:012** *Hlemmiskeiðshjáleiga* heimild um býli 424160 390902

“Hlemmeskeids háleiga, bygð í heimatúninu fyrir manna minni, fylgir nú og næstliðið ár heimajörðunni [...]. En áður var þessi hjáleiga bygð fyrir sig og galt ábúandi þá til heimabónða,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. “Þegar Jarðabókin er skráð árið 1709 eru tveir ábúendur á jörðinni, annar í austurbænum en hinn í Hlemmiskeiðshjáleigu sem stóð þar í túninu og var í byggð til ársins 1735 samkvæmt íbúaskrá [...] Hjáleigan hefur staðið á allstórum hól en ýtt var ofan af honum svo að hann er nú aðeins bali í túninu,” segir í örnefnaskrá (JE). “Hjáleiga, í vestur frá bænum (ca. 150 m),” segir í örnefnaskrá (JE eldra). Hlemmiskeiðshjáleiga var um 130 m vestan við bæ 001, skammt norðvestan við skjólbelti ofan (norðan) við eitt af íbúðarhúsum á jörðinni.

Smá dæld í sléttu ræktuðu túni.

Búið er að slétta túnið svo ekki sést til fornleifa nema smá bunga í túninu sem gætu verið ummerki um býlið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 193; Ö-Hlemmiskeiði JE, 2; Ö-Hlemmiskeiði JE eldra, 2

**ÁR-240:013** *Torfbalar* heimild um rist 425405 390808

“Austurmýri. Mikill mýrarfláki og er mýrin öll þýfð, áveitu- og beitiland, og var mýrin venjulega slegin annað árið. Rist var heytorf í mýrinni heimanverðri,” segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskránni eru Torfbalar taldir upp meðal örnefna sem heimamenn þekkja ekki en bætt við: “Gætu hafa verið í Austurmýri en þar hafði verið rist torf.” Torfbalar eru nefndir í Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar, á eftir Áfangadæl og undan Krossrimum. Ekki er ólíklegt að torf hafi verið rist í dælum þarna á milli sem og allri jörðinni. Ekki er vitað hvar nákvæmlega ristan fór fram en án efa var það víða. Hnit var tekið vestarlega í Austurmýri, um 1,1 km austan við bæ 001.

Framræst mýri. Búið er að skipta henni í nokkur hólf sem öll eru nýtt til beitar.

Engin ummerki um rist 001 sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 6, 12; Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar, 142

**ÁR-240:014** *Áfangadæl* heimild um áfangastað 424917 391064

“Áfangadæl. Dæl með mýrargróðri og var flóð í henni miðri, áður fyrr. Þar stoppuðu ferðamenn meðan þjóðleið hin forna var farin og dregur dælin nafn sitt af því. Mikið krúvarp var kringum dælina á áveitutímanum og þar til fyrir 10-15 árum en er nú horfið að kalla. Dælin er enn óhreyfð,” segir í örnefnaskrá. Áfangadæl er um 600 m austan við bæ 001 og um 370 m SSA sunnan við Stekkatún 014.

Ræktað tún er sunnan við Áfangadæl.

Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu áfangastaðarins nema að hann var við þjóðleiðina. Líklega var stoppað víða við hana og lítiilla ummerkja að vænta.

**Hættumat:** engin hættu


**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 6

**ÁR-240:015** *Byrgishólar* tóft fjárskýli 423717 391588

“Byrgishólar. Þetta eru tveir hraunhólar en grónir, rétt við mörk Brúnavallakots og er annar þeirra miklu stærri,” segir í örnefnaskrá. Lítil tóft sést enn á vestari hólum, þ.e. þeim minni. Tóftin er um 880 m norðvestan við bæ 001, skammt sunnan við merki Brúnavallakots ÁR-259.



Tóft ÁR-240\_015, horft til vesturs.



Uppmæling af tóft ÁR-240:015.

Byrgishólar eru hluti af Þjórsárhrauni sem hér kemur upp í gengum mýri. Slétt, framræst tún eru til allra átta nema norðurs, þar er vélgrafinn skurður á merkjum.

Tóftin er 6x4 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggir eru grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd, 0,3 m á hæð. Það glittir í 2 umför inni í tóftinni og op er í norðausturhorni hennar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 6

**ÁR-240:016** *Fjárbústún* hús beitarhús 424551 390150

“Fjárbústún. Túnið kringum fjárhús austurbæjarbónda, áður mýri og lélegt land,” segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin eru enn undir þaki, um 780 m sunnan við bæ 001 og skammt frá Skeiða- og Hrunamannavegi 30. Þetta er bárujárnsklætt fjárhús sem fallið úr notkun og liggur undir skemmdum. Húsið er líklega byggt eftir 1946, það sést hið minnsta ekki á loftmyndum það ár. Ekki er vitað hvenær húsið var byggt né hvort eldri hús voru hér fyrir en örnefnið fær að njóta vafans. Slétt, nokkuð þýft tún sem komið er í órækt. Sunnan við túnið eru stórar aspir sem mynda skjólbelti. Mógrafir 017 eru skammt austan við fjárhúsið, á merkjum við Votumýri.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeið Jón Eiríksson 2008, 6

**ÁR-240:017** *Syðri-Grafir* náma mógrafir  
“Grafir, Syðri-. Gamlar og uppgrónar mógrafir og liggja að gröfunum í Votamýrarlandi,” segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru rúmum 800 m suðaustan við bæ 001 og um 60 m austan við fjárhús 016. Mógrafasvæðið nær yfir í land Votumýrar ÁR-242, skurður á merkjum liggur þvert í gegnum þær.

424659 390016



Syðri-Grafir ÁR-240:017, horft til suðausturs.

Slétt, mýrlent tún. Skjólbelti úr öspum liggur á merkjum, í gegnum mógrafasvæðið. Mógrafirnar eru í dæl, á lágreistum rima.

Mótekjusvæðið er 170x70 m að stærð og snýr norður-suður. Þar sjást nokkuð margir ferhyrningslaga renningar en erfitt er að greina stærð stakra mógrafa, þær renna saman.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 7


**ÁR-240:018** *Ytri-Grafir* náma mógrafir

423680 390476

“Grafir, Ytri-. Gamlar og uppgrónar mógrafir og ná upp fyrir áveituskurðinn [Skeiðaáveitunnar, ÁR-661:001]. ... Móhólar. Lágir hólar í röð suður frá Gröfunum sem eru gamlar mógrafir. Nafnið bendir til að þar hafi verið þurrkaður mór,” segir í örnefnaskrá. Ytri-Grafir eru fast norðaustan við Móhóla, um 750 m suðvestan við bæ 001 og 250 m suðaustan við leið 010. Í raun er um þrjú aðskilin mótekjusvæði að ræða en vegna nálægðar eru þau skráð saman.

Grafirnar eru á hálfdeiglendi og smápýfðu svæði. Mosagróin holt eða lágir ásar afmarka mótekjusvæðið til allra átta nema til austurs, en þar er framræsluskurður.

Mógrafirnar ná yfir svæði sem er 270 x 270 m að stærð og segja má að mótekjan hafi farið fram á þremur aðskildum svæðum. Til vesturs eru tvö aðskilin mótekjusvæði, leið ÁR-661:018 liggur á rima milli þeirra. Syðra svæðið er 160x80 m að stærð og snýr NNA-SSV. Það er nánast þríhyrningslaga og mjókkar til NNA. Vegna fjölda grafa innan svæðis er erfitt að meta fjölda þeirra, en þær skipta tugum. Flestar þeirra eru nokkuð stórar, um 6 x 5 m að stærð og snúa þvert á svæðið, eru 0,7 m djúpar og með grasi gróinn og þurran botn. Inn á milli sjást þó minni og grynnri grafir, 3 x 3 m að stærð og 0,2-,03 m djúpar. Nyrðra svæðið er 130x70 m að stærð og snýr NA-SV. Ástand mógrafanna er eins og í syðra svæðinu. Þriðja



Mógrafir ÁR-240:018.



Mógrafir ÁR-240:018, horft til austurs.

mótekjussvæðið er um 40 m austar, á milli þess og hinna mótekjussvæðanna er framræsluskurður. Þetta svæði er um 120x20 m að stærð, snýr A-V en er mun grónara. Ekki sér móta fyrir stökum gröfum á yfirborði, einungis sléttum flákum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 7, 9

**ÁR-240:019** *Hjörtstóft* heimild um beitarhús 424821 390706  
“Hjörtstóft. Þar var áður sauðahús Hjörts bónda í austurbænum (1869 – 1882) Þorkellssonar. Á lágum hól sem ýtt hefur verið út,” segir í örnefnaskrá. Beitarhúsin voru um 280 m norðan við garðlag 010 og rúmum 550 m ANA við bæ 001, fast vestan við þjóðveg sem liggur norður-suður. Sléttað tún er á þessu svæði.

Engin ummerki um beitarhúsin sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 7

**ÁR-240:020** *Hlemmiskeiðsrétt hin fyrri* heimild um rétt 424696 391514  
“Hlemmiskeiðsrétt hin fyrri. Réttin var skilarétt Skeiðabænda, hlaðin úr grjóti og torfi. Réttin [sjá 039] var flutt að Skeiðavegi 1936-1938,” segir í örnefnaskrá. Fyrri Hlemmiskeiðsréttin var rétt sunnan við Burðarhól, um 720 m NNA við bæ 001 og 250 m sunnan við 024.

Þar sem réttin var er nú sléttað tún.

Engin ummerki sjást um réttina á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 7


**ÁR-240:021** *Hóll* heimild um leikvöll 424406 390776  
“Hóll. Smáhóll, nú fram af austurbænum og við veginn heim en er horfinn. Þar var áður leiksvæði barnanna á Hlemmiskeiði,” segir í örnefnaskrá. Hóll var um 180 m suðaustan við bæ 001. Sléttað ræktað tún.

Engin ummerki um hólinn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 7

**ÁR-240:022** garðlag vörslugarður 425910 390765



Garður ÁR-240:022 er til vinstri fyrir miðri mynd.

Á úrvinnslustigi fannst garðlag við yfirferð loftmynda um 1,5 km suðaustan við bæ 001 og 880 m ANA við garðlag 023. Það hlykkjast A-V, eftir þurru rima, austast í Austurmýri nærri merkjum Húsatófta ÁR-239. Garðlagið sést aftur um 280 m VSV. Óljóst mótar fyrir framhaldi þessa garðs í landi Húsatófta allt að garði ÁR-239:053 sem hefur sömu stefnu og þessi garður sem hér er skráður. Hlutverk garðsins er óljóst en líklega er um einhvers konar vörslugarð að ræða eða gamalt áveitukerfi.

Framræst mýri sem nýtt er til beitar. Eystri garðurinn er um 110 m

að lengd, 2-3 m á breidd og er fast norðan við dælu. Vélgrafinn skurður liggur þvert (N-S) í gegnum garðinn og raskar honum nokkuð. Það má rekja framhald garðsins áfram til austurs, allt að landamerkjum Húsatófta ÁR-239. Garðurinn sést einnig þeim megin, sjá ÁR-239:053, en fékk sérstakt númer þar enda voru þeir ekki skoðaðir á vettvangi. Vestari hlutinn er um 120 m að lengd og hlykkjast A-V. Vélgrafinn skurður liggur einnig þvert N-S í gegnum þennan garð með tilheyrandi raski. Þar sem garðurinn var ekki heimsóttur er ekki vitað hvert ástand hans er.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** DMA32-05147

**ÁR-240:023\_01** heimild um beitarhús

424970 390395

“Krossrimi. Stórbýfður mói áður, er nú tún. Þar var áður sauðahús [...] bóndans,» segir í örnefnaskrá. Beitarhúsið var um 580 m NNA við bæ 001 og um 300 m norðaustan við mógrafir 017. Á þessum stað voru beitarhús 01 og túngarður 02 á svæði sem er 130 x 70 m að stærð og snýr NNA-SSV.

Túnið er komið í órækt, það er smábýft og er mosi og sóleyjar áberandi.

Engin ummerki sjást lengur um beitarhúsið á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 8



Uppmæling af túngarði ÁR-239:023\_02.



Túngarður ÁR-240:023\_02, horft til norðausturs.

**ÁR-240:023\_02** garðlag túngarður

424994 390439

Vesturhluti túngarðs 02 er enn greinilegur en framræsluskurður sker hann rétt fyrir miðju. Garðurinn afmarkaði svæði sem var a.m.k. 130 x 70 m að stærð og sneri NNA-SSV. Garðurinn er torfhladdinn, 0,6 m á hæð og allt að 3 m breiður. Á loftmynd sést ógreinilegur hryggur austan við skurðinn, mögulega er það framhald túngarðsins.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-240:024** *Stekkatún* örnefni stekkur

“Sunnan við hann er Laupadæl, hjá henni er Barnskonugjá. Nær bænum er Stekkatún (eyðibýli),” segir í örnefnaskrá (ÞB). “Stekkatúnið er á allstórum bala nokkuð austan við bæina og er það hæsti punktur jarðarinnar, nú rennislétt tún. Þorsteinn Bjarnason segir þar eyðibýli í örnefnaskrá sinni en engar sagnir eru til um það. Stekkatúnshóll. Stór hóll á ofanverðu Stekkatúninu. Þar var áður fjárhús. Það var lagt af árið 1966 en tóftin stendur enn,» segir í örnefnaskrá (JE). Beitarhús, er merkt um 550 m norðaustan við bæ 001 inn á herforingjaráðskort frá 1908 og er hér um sama mannvirki að ræða. Stekkatún er um 490 m norðaustan við bæ 001 og 250 m NNA við 025. Fjárhúsið sést á loftmyndum frá um 1960 og 1998 en hefur verið rífið síðan og slétt tún er hér. Hér er verið að skrá

stekk 01, býli 02 og fjárhús 03 en líklega voru þessi mannvirki á sama stað.

Á þessum stað er slétt tún.

Engin merki stekkjara sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði ÞB, 1; Ö-Hlemmiskeiði JE, 9-10; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-240:024\_01** heimild um býli

Ekki er vitað hvaða býli var í Stekkatúni en eina heimildin sem getur þess er örnefnaskrá ÞB. Líklega var það á sama stað eða nærri beitarhúsi 03.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-240:024\_02** heimild um beitarhús

424672 391330

Beitarhúsið er horfið vegna sléttunar. Tóftin var 24x16 m að stærð og snéri NV-SA. Beitarhúsin voru norðvestar en niðurgrafin hlaða að baki.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-240:025** garðlag áveita

424476 391916



Einn af flóðgörðum Skeiðaáveitu ÁR-240:025, horft til austurs.

„Skeiðaáveitan náði til allrar jarðarinnar og var áveitulandið talið 278 ha. Engjarnar voru áður norðan og vestan við bæina en engjaheyskapur er löngu aflagður.“ segir í Jarðabók Skeiðahrepps. Enn má sjá ummerki um áveitugarða norðan og vestan við bæ 001 en um leið er ljóst að þessi mannvirki liggja undir miklum skemmdum vegna túnaræktunar og breyttrar landnýtingar. Á síðustu 30 árum hefur mikið af áður óröskuðu landi verið brotið undir tún og best að skoða eldri loftmyndir til að gera áveitu í landi Hlemmiskeiðs skil. Enn má sjá hlaðinn áveitugarð rétt sunnan við Kotskurð sem er á merkjum við Brúnavallakot ÁR-259, um 1 km norðan við bæ 001 og 420 m ANA við Byrgishóla 015. Vesturhlutinn er

horfinn en sést enn á loftmynd tekinni árið 1998.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 215

**ÁR-240:026\_01** Ærhúsdæl heimild um beitarhús

424484 390857

“Ærhúsdæl. Slétt dæl áður SA af bænum, nú tún. Ærhústún. Túnið heiman við Ærhúsdæl,” segir í örnefnaskrá. Við Ærhúsdæl voru tvö fjárhús samkvæmt Herforingjaráðskorti 47 frá árinu 1908. Fjárhúsin voru 210 m suðaustan frá bæ 001 og um 40 m austan við Hól 021. Fjárhús 026\_01 voru suðvestar.

Slétt og grasi vaxið tún. Ærhúsdæl er nú framræst og sést lítið í túninu.

Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 10; Herforingjaráðskort 47 1908

**ÁR-240:026\_02** heimild um beitarhús

424505 390864

Fjárhús 02 voru tæpum 20 m norðaustan við fjárhús 01. Þau eru líka horfin af yfirborði en sjást vel á loftmynd tekinni um 1960.



Áveitukort Hlemmiskeiðs. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-240:027** garðlag vörslugarður 423545 390411

Á úrvinnslustigi fannst garðlag fast suðvestan við mógrafir 018 og um 820 m suðvestan við bæ 001. Garðurinn er í svokölluðum Móhólum, milli Heyðelar til vesturs og Móhólamýri til austurs. Sé horft til staðsetningar er líklega um vörslugarð að ræða.

Gróinn og þýfður rími.

Garðurinn er um 67x3 m að stærð og liggur NA-SV. Hann liggur eftir grónum ríma til suðvesturs frá mógröfunum og fjarar út við Heyðel. Ekki er unnt að lýsa garðinum nánar á vettvangsheimsóknar.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-240:028** Stöðull heimild um kvíar

“Stöðullinn var rétt SV af bænum,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Stöðull eða kvíar voru með vissu. Líklega voru þær rétt utan við heimatúnið en frekar heimildir þarf til þess að staðfesta það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 11

**ÁR-240:029** Kárahóll álagablettur legstaður 424177 390881



Kárahóll ÁR-240:029, horft til vesturs.

“Kárahóll. Lágur og lítill hóll, rétt NV af bænum. Sögn er um að þar sé heygður maður er Kári hét og megi ekki hreyfa við hólnum eða slá hann annars muni það bitna á skepnum. Hefur þessu verið hlýtt og er hóllinn heill,” segir í örnefnaskrá. Kárahóll er tæpum 80 m vestan við bæ 001 og um 100 m sunnan við útihús 008, innan heimatúnsins. Hóllinn er fast norðaustan við nýlegt íbúðarhús sem þar er. Segja má að hóllinn sé í miðju hringtorgi, heimreið íbúðarhússins fer í hring umhverfis hóllinn. Slétt tún og skjólbelti eru til annarra átta.

Kárahóll er 10x8 að stærð og snýr austur-vestur. Hann er nánast egglega og um 1,5 m á

hæð. Hann líkist grænni eyju innan um vegi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 11

**ÁR-240:030** Ranakot heimild um býli 424022 390749

“Rani. Raninn er SV af Hjáleigunni [012] og lýsir nafnið lögun hans, nú tún. Ranakot. Nafnið bendir til þess að kot hafi staðið á Rananum í eina tíð en engar sagnir finnast um það. Ekki er heldur vitað hvar á Rananum kotið stóð því að hann er nú slétt tún,” segir í örnefnaskrá. Hnit var tekið um 280 m vestan við bæ 001 og um 200 m suðvestan við býli 012. Þetta svæði kallast Rani og er norðan við Laugamýri. Ekki er ljós hvar býlið var staðsett.

Stórt ræktað tún.

Ekki sést til fornleifar vegna túnsléttunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 12

**ÁR-240:031** *Gvendarbrunnur* heimild um brunn

“Suðvestur frá rímanum [Kerlingarrími] er Heydæl og Gvendarbrunnur,” segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá JE er Gvendarbrunnur talinn upp meðal örnefna sem heimamenn þekkja ekki. Engar sagnir eru um heilsubætandi áhrif vatnsins úr þessum brunni og ekki er víst örnefnið vísi í brunna sem helgaðir voru af Guðmundi góða, þótt það teljist líklegt. Brunnurinn hefur líklega verið einhvers staðar við eða í Móhólamýri.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði ÞB, 1; Ö-Hlemmiskeiði JE, 12

**ÁR-240:032** *Vörðurimi* örnefni óþekkt

Vörðurimi er nefndur í Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar, á eftir Brún og undan Vatnsstæði. Í örnefnaskrá JE er Vörðurimi talinn upp meðal örnefna sem heimamenn þekkja ekki. Miðað við upptalningu örnefna í skrá Brynjúlfs var Vörðurimi líklega nærri merkjum Brúnavallakots ÁR-259, norðvestarlega innan Hlemmiskeiðs. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vörðuna.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar, 142; Ö-Hlemmiskeiði JE, 12

**ÁR-240:033** heimild um vatnsból

424235 390807

Í Jarðabók Skeiðahrepps stendur: „Laugin. Volg laug, 40-50°C, frá fornu fari. SV af bænum, nú við nýja veginn að vestan. Laugin var hraunsprungu og í henni voru tvær uppsprettur og önnur þeirra sýnu heitari. Borað var í Laugina 1949 og síðar hjá henni 1987 og hún þá fyllt upp.» Laugin var rúmum 100 m SSV við bæ 001 og 90 m suðaustan við Kárahól 029. Heimildir geta ekki um notkun Laugarinnar sem vatnsból en það verður að teljast líklegt og því er hún talin til fornleifa.

Engin ummerki um Laugina sjást lengur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008: 227

**ÁR-240:034** renna áveita

423651 391533

“Hjörtsskurður, gamall þurrkskurður,” segir í örnefnaskrá. Hjörtsskurður er um 850 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við Byrgishóla 015. Ekki er vitað hversu gamall þessi skurður er en líklega er hann þó hluti af Skeiðaáveitu ÁR-661:001. Það er ekki vitað og eins gæti verið að nafnið sé dregið af Hirti Þorkellssyni sem var bóndi í austurbænum 1869 – 1882.

Framræst mýri. Búið er að skipta henni í nokkur hólfa sem öll eru nýtt til beitar.

Skurðurinn sést enn og er um 380 m að lengd. Hann er mjór, um 1 m og 0,5 m að dýpt. Meðfram suðurhlidinni sést enn móta fyrir garði, uppmokstri úr skurðinum. Hann er rofinn af þremur yngri skurðum sem liggja NV-SA.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 1

**ÁR-240:035** heimild

424732 391754

Samkvæmt Vilhjálm Eiríkssyni, heimildamanni, kom upp hleðslugrjót þegar hann plægði tún rétt norðan við Svörtugjá, um 950 m NNA við bæ 001 og 90 m suðaustan við áveitu 025.

Á þessum stað er rennislétt tún.

Engin ummerki um þúst eða mannvirki sjást á þessum stað lengur.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-240:036** heimild um rétt

424726 391262

Rétt eða kvíar, um 500 m NA af bæ 001 og um 160 m norðan við stekk 024, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908.

Á þessum stað er smáhæðótt en sléttá tún.

Engin ummerki sjást lengur um rétt á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-240:037** tóft útihús

424321 391003


Á túnakorti frá 1920 sést útihús um 90 m norðan við bæ 001 og um 60 m norðan við traðir 002.

Tóftin sést enn og malarvegur er um 20 m norðar.

Túnið er allt grasi vaxið en sóleyjar sjást þó víða. Nokkrar misfellur eru í túninu en að mestu leyti er það flatt.



Tóft ÁR-240:037, horft til austurs.



Uppmæling af tóft ÁR-240:037.

Tóftin er um 7,5x7,5 m að stærð og nánast ferköntuð. Hún er niðurgrafin og grjóthlaðin. Tvö umför af grjóthleðslu sjást í veggjum en líklega nær hún lengra niður í jörðina, en nú uppfyllt jarðvegi og gróðri. Tóftin er öll grasi vaxin, þ.á.m. veggir en grjót sést þó inn á milli. Inni í miðri tóftinni er upphækkun sem líklega er vegna gróðurs eða hruns. Það er augljós munur á gróðri inni í tóftinni og utan hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-240:038** heimild um beitarhús

424750 390808

Beitarhús, um 400 m austan af bæ 001, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Það var um 300 m austan við fjárhús 026.

Slétt, ræktað tún.

Öll ummerki beitarhúsanna eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-240:039** heimild um rétt

425190 391234

“Hlemmiskeiðsrétt hin síðari. Réttin var byggð að nýju við veginn að sunnan, hlaðin úr torfi og grjóti. Réttin var almenningur og 3 dilkar til hvorrar hliðar. Voru nokkrir bændum um hvern dilk og sáu um viðhald hans. Réttað var einu sinni að vori og tvisvar á hausti.” segir í örnefnaskrá. Þar kemur einnig fram að réttin var flutt um 1936-1938 á þennan stað. Réttin var um 570 m suðaustan við Hlemmiskeiðsrétt gömlu 020 og rúmum 900 m norðaustan við bæ 001. Réttin var rifin og engin ummerki hennar sjást lengur.

Slétt, framræst tún fast austan við þjóðveg. Reiðvegur liggur á milli túnsins og þjóðvegarins.

Öll ummerki réttarinnar eru horfin. Á loftmynd tekinni um 1960 sést réttin enn og virðist hafa verið um 25x14 m að stærð og snúið N-S.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hlemmiskeiði JE, 7

## ÁR-241 Brjánstaðir

Sögulegar heimildir:

1686: 6 hdr 160 ál. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 107.


1695: 6 hdr 8 ál, skv. The Old Icelandic Land Registers, 107.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 191.

1847: 13 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63. Einnig nefnt Brjánstaðir.

Árið 1896 voru 6 bæjarhús og 7 peningshús. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 5 bæjarhús og 3 peningshús mjög skemmd en 1 bæjarhús og 4 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

“Örnefnið Sléttakot og Miðkot vestast í landinu - svo og sagnir sem fylgt hafa jörðinni - vísa til þess að þar hafi verið hjáleigur áður fyrr og svæðið á milli þeirra var alltaf kallað “milli kota” (Sigurm. J.). Engar heimildir eru þó til um búsetu á þessum kotum og þeirra er ekki getið í Jarðabókinni. Tóftir sjást í Miðkoti en hóllinn er óhreyfður og tóftir saust áður í Sléttakoti en var ýtt út þegar hóllinn var gerður að túni,” segir í örnefnaskrá JE, 2



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Brjánstaða frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 2,4 ha, ca. 1/2 slétt. Matjurtagarðar: 8,2 arar.

“Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Landþröng er mikil, so sitja þyrfti að nætur og daga, ef ekki skyldi ganga nábúum til skaða, ella láta hús geyma um nætur. Vatnsból bregst stundum í skörpum frostum og miklum þerrum, og er þá vatnsvegur óbærilega erfiður í Þjórsá að sækja,” segir

í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 191.

“Talið var, að með Skeiðaáveitunni gerbreyttist búskaparaðstaða á Brjánsstöðum. Þjóðvegurinn klýfur land jarðarinnar. Fyrir austan veginn á jörðin rennslétt engjastykki, sem heitir Mosateigur [...]; er það eitt stærsta sléttlendi á Skeiðunum frá náttúrunnar hendi. [...]. Mikið og gott ræktunarland liggur allt í kring um bæinn, og nær heiðaland vestur að mörkum Ólafsvallatorfunnar, og er það enn ekki fullnýtt,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 453.

**ÁR-241:001** *Brjánstaðir* bæjarhóll bústaður

423878 389960



Bæjarhóll ÁR-241:001, horft til VNV.

Þrjú eða fjögur bæjarhús (01) eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 ásamt kálgarði (021). Samkvæmt bæjarteikningunni hafa stafnar gamla bæjarins snúið til suðurs og er bærinn staðsettur neðarlega (sunnarlega) fyrir miðju túni inn á bæjarteikningunni. Bærinn er enn fremur sýndur á túnakorti frá 1920., „Harðhaus. Hryggur sem lá frá norðri til suðurs og mun hafa þótt illslægur eins og nafnið bendir til. Þar stendur nú nýja íbúðarhúsið. Gamalt íbúðarhús, steinsteypt, byggt 1927 eða 28, stendur á dálítilli hæð. Þar stóð gamli bærinn áður. Fast fyrir austan gamla íbúðarhúsið eru gripahúsin. Suðaustur af gamla íbúðarhúsinu, u.þ.b. 60-70 m er nýja íbúðarhúsið. Það

stendur á svolitlum hrygg, sem lá frá suðri til norðurs. Hryggur þessi var nefndur Harðhaus,” segir í Örnefnaskrá. Gamli bærinn var um 80 m vestan við núverandi bæjarstæði jarðarinnar. Þar er búið að reisa íbúðarhús eins og fyrr segir og sjást engin ummerki um bæjarhól eða tóftir lengur af gamla bænum.

Rétt vestan við íbúðarhúsið er bakgarður og er nokkuð um trjárækt á þeim stað. Til austurs eru nokkur útihús, einkum hesthús, og malarvegir- og bílastæði. Til vesturs er skeiðvöllur og ræktað tún til suðurs og norðurs.

Enginn eiginlegur bæjarhóll sést lengur á þessum stað vegna byggingu íbúðarhús á sama stað og því er erfitt að greina hversu stór bæjarhólinn hefur verið. Miðað við bæjarteikningu danskra landmælingamanna má búast við að hóllinn hafi verið 50 x 45 m að stærð og snúið h.u.b. norður suður. Íbúðarhúsið stendur er 0,8 m há upphækkun og gæti vel leynst mannvist þar undir sverði þótt að hún sé mikið röskuð, ekki síst vegna þess að kjallari er því húsi sem reist ofan á gamla bæinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; Ö-Brjánsstaðir KE, 1

**ÁR-241:002** heimild um traðir

423891 389976

Traðir sem lágu til norðurs frá bæ 001 eru merktar inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Á bæjarteikningunni liggja þær einnig til suðurs.

Malarvegur að túnnum norðan við bæinn liggur nánast á sama stað og traðirnar gerðu áður. Fast norðan við bæinn er malarplan en núverandi útihús til austurs.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-241:003** heimild um útihús

423793 389997

Um 90 m norðvestan við bæ 001 og um 220 m VNV við útihús 004 er útihús merkt inn á

bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Það er horfið en var að öllum líkindum við suðausturhorn reiðvallar sem þarna er núna.

Flatt, slétt tún sem nýtt er til beitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-241:004** heimild um útihús 424013 389847

Um 140 m austan af bæ 001 er útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Á bæjarteikningunni er mögulegt gerði merkt við vesturhlið útihússins. Útihúsið er horfið, það var innan bakgarðs Hótelts Heklu. Innan garðsins eru sléttar grasflatir, gróður og lágir hólur.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði vegna byggingu hótels á sama stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-241:005** heimild um túngarð 423748 389983

Túngarður meðfram N-hlið heimatúns er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Svo virðist sem að á bæjarteikningunni merki punktalínur náttúruleg mörk en óbrotnar línur garða. Á túnakorti frá 1920 er túngarður merktur umhverfis allt túnið og er hlið eða op á honum í SA-horni túns.

Allt heimatúnið og nánasta umhverfi hefur tekið miklum breytingum og hefur túnið verið stækkað síðan 1920. Enn fremur eru fjölmargar byggingar sem búið er að reisa þar sem túngarðurinn var.

Engin ummerki um túngarðinn sjást á yfirborði vegna sléttunar og bygginga útihúsa. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 afmarkaði garðurinn svæði sem var 270 x 90 m að stærð og snéri austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-241:006** *Brunndæl* heimild um brunn

“Brunndæl. Smádæl við austurhorn gamla túnsins norður af heimreiðinni,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var brunnur heima við bæ 001. Ekki er vitað hvar þessi brunnur var staðsettur, hans er getið í texta. Engin dæl sést nú við austurhorn túnsins og malarvegur að bænum liggur þar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja brunninn,

Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Brjánsstaðir JE, 8

**ÁR-241:007** *Sléttakot* heimild um býli 423000 389622


“Örnefni Sléttakot og Miðkot [008] vestast í landinu svo og sagnir sem fylgt hafa jörðinni vísa til þess að þar hafi verið hjáleigur áður fyrr og svæðið á milli þeirra var alltaf kallað milli kota (Sigurm. J.). Engar heimildir eru þó til um búsetu á þessum kotum og þeirra er ekki getið í Jarðabókinni. Tóftir sjást í Miðkoti en hóllinn er óhreyfður og tóftir saust áður í Sléttakoti en var ýtt út þegar hóllinn var gerður að túni. [...] Sléttakot. Nú stór bali í túninu eftir að hólnum var jafnað út,” segir í örnefnaskrá (JE). Sléttakot var rétt sunnan við Breiðasund, rúmum 1 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 170 m ASA við Stelpuþúfu 014.

Sléttakot var sunnarlega innan sléttað túns. Í suðvesturjarðri túnsins er trjágróður og til suðurs er malbikaður akvegur (Ólafsvallavegur).

Engin merki Sléttakots sjást lengur á yfirborði vegna túnasléttunar eins og segir í örnefnaskrá. Mögulega getur þó leynst mannvist undir sverði.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 6

ÁR-241:008\_01 *Miðkot* bæjarhóll bústaður



Uppmæling af minjum í Miðkoti ÁR-241:008.

423159 389964  
“Örnefni Sléttakot [007] og Miðkot vestast í landinu svo og sagnir sem fylgt hafa jörðinni vísa til þess að þar hafi verið hjáleigur áður fyrr og svæðið á milli þeirra var alltaf kallað “milli kota” (Sigurm. J.). Engar heimildir eru þó til um búsetu á þessum kotum og þeirra er ekki getið í Jarðabókinni. Tóftir sjást í Miðkoti en hóllinn er óhreyfður og tóftir sáust áður í Sléttakoti en var ýtt út þegar hóllinn var gerður að túni. [...] Miðkot. Stór, stakur, gróinn hóll (sjá lýsingu fyrr). Sögn

er um að þar búi huldufólk [08] (J.E.). Þar sást móta fyrir tóftum áður,” segir í örnefnaskrá (JE). “Norðvestur af Gröfum [012], u.þ.b. 400-500 m, var Miðkot,” segir í örnefnaskrá (KE). Miðkot var rétt vestan við Stöðuhólsdæl, um 870 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 380 m suðaustan við Sléttukot 007. Á svæði sem er 130 x 90 m að stærð og snýr norður-suður eru átta fornleifar (býli 01, heystæði 02, túngarður 03, útihús 04-06, þúst 07 og álagablettur 08).

Miðkot var á óráktuðu og deiglendu svæði rétt austan við Ólafsvallaveg. Mosi er nokkur í sverði á þessum slóðum og til norðurs er ræktað tún. Tveir vegslóðar liggja norðan og sunnan við hóllinn. Sjálfur bæjarhóll 01 er 30 x 25 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann hefur skýrar brúnir til suðurs og suðvesturs en ógreinilegrar til annarra átta, sérstaklega til norðausturs og ekki er útilokað að hann hafi náð lengra í þá átt. Gróðurinn á hólnum er áberandi grænni en umhverfið í kring.



Bæjarhóll ÁR-241:008\_01, horft til norðurs.



Tóft ÁR-241\_008\_02, horft til suðurs.

Annarsísla  
Skúlaheppir

# Brjánsstaðir



Tun: 24 ha. ca. 1/2 sk. Girt. Brúnnur heinn  
Hafurtag: 82 ara  
1:2000

Ólafur P. 1913-20  
Ólafur P. Jónsson

Túnakort Brjánsstaða frá 1920. Bærinn eru sýndur sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands

Hóllin er hæstur rétt fyrir miðju, eða allt að 1,5 m en erfitt er að greina milli náttúrulegs hóls og mannvistar undir sverði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 2, 5; Ö-Brjánsstaðir KE, 2

**ÁR-241:008\_02** tóft heystæði 423096 389340

Lítill hringlaga tóft 02 er um 25 m sunnan við tóft 06. Tóftin er um 9 í þvermál. Veggir eru signir, 0,3-0,4 m á hæð, hlaðnir úr torfi og eru byrjaðir að hlaupa í þúfur á austur- og vesturhlið tóftarinnar. Ekkert greinilegt op er sjáanlegt á tóftinni og sennilega er þetta heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-241:008\_03** garðlag túngarður 423104 389304

Garðlag 03 er um 60 m sunnan við tóft 06. Garðurinn er torfhladdinn og mikið siginn, 0,2-0,3 m á hæð og um 2 m á breidd. Hann liggur nálæga NNA-SSV og er greinilegur á um 30 m löngum kafla. Þetta er líklega túngarður.

**Hættumat:** engin hætta



Túngarður ÁR-241:008\_03, horft til austurs.



Tóft ÁR-241:008\_04, horft til norðurs.

**ÁR-241:008\_04** tóft útihús 423132 389426

Einföld tóft 04 er rúmum 65 m NNA við tóft 01. Tóftin er 11 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en ekki sér í umför vegna gróðurs. Veggir eru signir, 0,6 m á hæð. Gengið er inn í tóftina í suðvesturhorni hennar. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar, annað en að þetta er líklega útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-241:008\_05** tóft útihús 423176 389374

Tóft 05 er um 50 m VNV við tóft 01 og er norðarlega á grónum hól. Hún er 11 x 10 m að stærð og snýr nálæga norður-suður. Tóftin að hluta til grafinn inn í brekku til austurs og norðurs. Op er á suðurhlið hennar. Veggir eru hlaðnir úr torfi og eru hæstir til vesturs, 0,4 m á hæð. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar, mögulega útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-241:008\_06** tóft útihús 423103 389369

Tóft 06 er vestast á svæðinu. Hún er tvískipt, 13,5 x 7 m að og snýr austur-vestur. Veggir eru grjóthlaðnir en á kafi í grasi og mosa og sér því ekki í umför. Veggir eru 0,4-0,5 m á hæð. Lítill grjóthóll afmarkar norðausturhlið tóftarinnar. Hólf A er vestast. Það er 5 x 1,5 m að innanmáli,

snýr eins og tóftin og ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið. Suðurveggur hólfsins nær lítið lengra vestur en norðurveggurinn. Hólf B er suðaustast. Það er 2,5 x 2 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekki er hlaðinn veggur á ANA-hlið hólfsins.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft ÁR-241:008\_05, horft til norðurs.



Tóft ÁR-241:008\_06, horft til austurs.

**ÁR-241:008\_07** þúst útihús

423159 389355

Þúst 07 er sunnarlega á bæjarhól 01. Hún er 10,5x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Líklega ber hún bæjartóft eða útihúsi vitni.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-241:008\_08** álagablettur huldufólksbústaður

423158 389364

Í ornefnaskrá segir: „Sögn er um að þar búi huldufólk [02] (J.E.). Þar sást móta fyrir tóftum áður.» Á svæðinu er stór áberandi hóll sem sker sig nokkur úr annars flötu landslagi. Hann er 55 x 25 m að stærð, snýr NNV-SSA og er um 2 m á hæð; með aflíðandi hlíða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 2

**ÁR-241:009** brú samgöngubót

423409 390279

“Þar austast í landinu er Sunddælin, allbreitt mýrarsund og var illfær eða ófær í rigningartíð. Þar er „brúin yfir Brjánsstaðasund» sem getið er um í fundargerðum sýslunefndarinnar 1895, en þar segir: „Ferðamannavegurinn yfir Brjánsstaðasund er oft á tíðum ófær, og þeir sem um hann fara verða að fara víðsvegar um slægjulönd.” Ekki er vitað hvenær fyrstu drög voru lögð að “Brúnni”, en þetta ár 1895 virðist sýslunefnd leggja fyrst fé til “brúarinnar”. Voru það 60 krónur, en með sýsluvegareikningi segir: “Gjörð að nýju brú yfir Brjánsstaðasund 52 faðmar (98 metrar) á lengd 4 ½ alin á breidd (2,84 metrar) og ein alin á hæð (63 sm).” Árið eftir 1896 eru veittar 45 krónur til “brúarinnar”



Brúin yfir Brjánsstaðasund ÁR-240:009, horft til suðurs.

og árið 1897 eru veittar 55 krónur og brúin sögð lengd um 50 faðma. Síðasta fjárveitingin er árið 1898 og enn er brúin sögð lengd um 20 faðma. Brjánsstaðabrúin stendur enn óhreyfð, upphlaðinn vegur

yfir dældina, en settur var flóðgarður á brúna á áveitutímanum. Er “brú” þessi mesta mannvirkið á Merkurhraunsvegi [ÁR-661:015] og því stórmerkilegt sýnishorn um það hvernig menn fyrri tíma brúðu mýrarsundin,” segir í Jarðabók Skeiðahrepps.

“Á áveitutímanum var hlaðinn flóðgarður á brúna enda notkun hennar þá hætt,” segir í örnefnaskrá. Brúin er um 570 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 780 m NNA við Sléttakot 007.

Brúin liggur yfir deiglent svæði. Mosi er mikill í sverði, einkum til vesturs. Á norðvesturhluta svæðisins er sléttá tún og til suðvesturs er búið að ræsa landið fram og rækta upp tún þar.

Brúin er torfhlaðin, og sést enn á um 350 m löngum kafla. Hún liggur h.u.b. norðaustur-suðvestur. Hún rís 0,2-0,6 m frá jörðu og er 1-2 m á breidd. Hún er stæðilegri til norðvesturs en verður minni og verr varðveitt til suðvesturs. Víða er hún rofin, og sums staðar jafnvel byrjuð að renna saman við þúfur í landslaginu, einkum á suðvesturhluta hennar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 553-554; Ö-Brjánsstaðir JE, 3

**ÁR-241:010** *Stekkatún* heimild um beitarhús

423903 389532



Yngra beitarhúsið í Stekkatúni ÁR-240:010.

“Stekkatún. Ílöng hæð eða bali í túninu. Á miðjum balanum er Stekkatúnshóllinn en Hádegishóllinn ofar. Stekkatúnshóll. Stór hóll á miðju Stekkatúninu. Þar stendur gamalt fjárhús og hesthús,” segir í örnefnaskrá (JE). „Framhald af Sundinu til suðurs heitir Stekkatúnsdæl. [...] Stekkatún er vestan við Stekkatúnsdæl. Þar standa ærhúsin fyrrnefndu,” segir í örnefnaskrá (KE). Beitarhús er merkt um 420 m SSV við bæ 001 og rúmum 320 m suðvestan við Torfdæl 016 inn á herforingaráðskort frá 1908. Á staðnum er ungt beitarhús (ekki fornleif.)

Á þessum stað er tún sem komið er í órækt.

Engin merki um beitarhúsið sem merkt er

inn á herforingjaráðskortið sjást á yfirborði. Búið er að reisa nýtt beitarhús á staðnum sem er enn uppistandandi og hefur það líklega raskað gamla húsinu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV; Ö-Brjánsstaðir JE, 6; Ö-Brjánsstaðir KE, 2

**ÁR-241:011** *Brennhólar* heimild um efnistöku

423668 389029

“Brennhólar. Þeir eru aðallega einn stór hóll en hryggur frá honum bæði í suður og norður. Nyrstu hólarnir eru komnir í tún. Hólarnir eru þýfðir, vaxnir heiðargróðri og úr stærsta hólnum var tekinn mikill sandur, m.a. í Skeiðavegin þegar hann var lagður,” segir í örnefnaskrá. Brennhólar eru rúmum 980 m sunnan við bæ 001 og 500 m austan við Grafir 012.

Deiglendi er á þessum slóðum. Til vesturs liggur Skeiða- og Hrunamannavegur 30.

Engir eiginlegar hólar sjást lengur á staðnum enda búið að grafa þá mikið niður til þess að ná í sand þegar Skeiðavegurinn var lagður eins og fyrr segir.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 5

**ÁR-241:012** *Grafir* náma mógrafir

423174 389017

“Grafir. Uppgrónar mógrafir á allstóru svæði. Náðu þær áður inn í Arakotsland [ÁR-248] en vegurinn fór yfir þær vestast. Áður kroppað úr þeim með orfi og ljá,” segir í örnefnaskrá (JE).

“Grafir heita vestan og norðan Blikmýrar,” segir í örnefnaskrá (KE). Ummerki um mótekju eru

rúmum 1,1 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 400 m sunnan við Miðkot 008.

Grafirnar eru rétt SSA við ræktað tún. Á þessum slóðum er deiglendi og er mosi áberandi. Framræsluskurður liggur meðfram austur- og suðurhlíð mógrafasvæðisins.

Mór var tekinn á svæði sem er 130 x 110 m að stærð og snýr norður-suður. Grafirnar eru flestar 10 x 4 m að stærð og snúa norður-suður. Þær eru 0,2-0,4 m djúpar og með ógróinn botn. Dýpstu grafirnar eru fyrir miðju mógrafasvæðisins. Sumar grafir, einkum á norður- og vesturhluta svæðisins eru grónar og teknar að renna saman.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 5;  
Ö-Brjánsstaðir KE, 2




Mógrafir ÁR-241:012, horft til suðurs.

**ÁR-241:013** tóft heystæði

423584 389572

Tóft er rétt sunnan við Stöðulhólstún, rúmum 480 m SSV við bæ 001 og um 100 m austan við garðlag 026.

Á þessum slóðum er smápýft deiglendi.



Uppmæling af tóft ÁR-241:013.



Tóft ÁR-241:013, horft til suðurs.

Tóftin er 7 m í þvermál og rís 0,4 m hærra en umhverfið. Svæðið í kring er fremur slétt og sker tóftin sig því úr umhverfinu. Nokkuð magn af grjóti sést í suðurhluta tóftarinnar. Mögulega er þetta heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-241:014** *Stelpuþúfa* heimild um landamerki

422847 389686

Landamerki Brjánsstaða 1886: “Svo er sjónhending í 4. Blikhellu, sem er hornamark Brjámsstaða, Arakots [ÁR-248] og Blesastaða [ÁR-243], frá Blikhellu bein sjónhending að 5. Stelpuþúfu, sem er vestanvert við Sléttakot, en frá Stelpuþúfu er bein lína til “Heydælapúfu”, landamerki Brjámsstaða og Ólafsvalla [ÁR-251],” segir í Landamerkjabréfi nr. 126. “Áður hlaðin varða en er fyrir löngu horfin í tún. Í vörðuna lágu áður mörk þriggja jarða; Brjánsstaða, Arakots og Andrésfjósá en girðing ræður nú mörkum,» segir í örnefnaskrá (JE)., „Norðan hennar [Heiðarinnar] lækkar landið

og heitir þar Sunddæl. Nyrzt og vestast í henni er Stelpuþúfa, dálítil varða, hlaðin úr sniddum,” segir í örnefnaskrá (KE). Stelpuþúfa er rétt suðvestan við Breiðasund, rúmum 1 km suðvestan við bæ 001 og um 170 m norðvestan við Sléttakot 007.

Á þessum slóðum er ræktað tún. Varðan var í suðvesturhorni þess, rétt norðan við malbikaðan akveg (Ólafsvallavegur).

Engin varða sést lengur en búíð er að ræsa landið fram og rækta upp tún.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 126; Ö-Brjánsstaðir JE, 2, 7; Ö-Brjánsstaðir KE, 2

**ÁR-241:015** *Stöðullinn* heimild um kvíar 423646 389974

“Stöðulholt. Hryggur vestur af gamla bænum og endaði í hól vestast. Það er nú tún (flag 1945). Stöðullinn. Hann var á hól vestast á Stöðulholtinu og stendur enn. Þar voru kýr mjólkaðar þegar Sigurmundur var að alast upp (kringum 1920) og fjárrétt rétt hjá,” segir í örnefnaskrá. Stöðullinn var um 230 m vestan við bæ 001 og 150 m VSV við útihús 003 og er horfinn.

Svæðið hefur tekið miklum breytingum á undanfórnum árum. Slétt, framræst tún eru þarna og reiðvöllur skammt norðar. Malarvegur liggur að öllum líkindum þvert yfir stöðulinn.

Engin ummerki um stöðul né kvíar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 7

**ÁR-241:016\_01** *Torfdæl* heimild um ristu 42346 389884

“Torfdæl. Blaut dæl en slétt að mestu og slegin áður fyrr. Þar var skorið torf en þótti lélegt. Efst í dælinni var tekinn mór og standa mógrafirnar [02] enn. Dælin hefur verið ræst fram og meginhluti hennar er nú tún,” segir í örnefnaskrá (JE). “Norðan við Stöðulhóla, beint vestur af bæ, er Torfdæla, mýri með vatnsstaðum í,” segir í örnefnaskrá (KE). Torfdæl er um 410 m VSV við bæ 001 og rúmum 200 m SSV Stöðullinn 015.

Á þessum slóðum er sléttað og ræktað tún. Trjágróður er meðfram austur- og vesturhluta túnsins. Engin merki um ristu sjást lengur á yfirborði en búíð er að ræsa landið fram og rækta þar upp tún.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 7

**ÁR-241:016\_02** heimild um mógrafir 423516 389826

Mógrafir voru rúmum 100 m austan við ristu 01. Engin merki þeirra sjást lengur á yfirborði en á þessum slóðum er nú ræktað tún. Mógrafirnar sjást hins vegar á loftmynd tekinni um 1960 og svæðið virðist vera um 61x26 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-241:017** *Ærhúsrimi* örnefni beitarhús 423823 389283

“Ærhúsrimi. Stórþýfður mói áður en nú tún,» segir í örnefnaskrá. Hér er verið að skrá örnefnið „Ærhúsrimi» sem bendir til þess að þarna hafi staðið beitarhús. Ærhúsrimi er fast austan við Brennholateig, rúmum 680 m sunnan við bæ 001 og um 300 m norðan við Brennholá 011. Ekki er útilokað að Ærhúsrimi hafi dregið nafn sitt af beitarhúsi 010 en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Á þessum stað er sléttað tún. Við mörk túnsins og óræktað svæðis er trjágróður.

Hafi verið beitarhús á svæðinu er búíð að slétta það út og sjást engin merki þess lengur á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 7

**ÁR-241:018** heimild um mógrafir 423609 390136

Örnefnið Grafir er merkt inn á örnefnakort í Jarðabók Skeiðahrepps en mógrafa er ekki getið á

Þessum slóðum í örnefnalýsingum né finnast á eldri loftmyndum. Örnefnið fær að njóta vafans og skráðar mógrafir á þessum stað. Grafir eru um 300 m norðvestur frá bæ 001.

Stórþýft deiglendi. Land til austurs er framræst og ummerki um kílræingu sjást þar sem hinar meintu mógrafir voru.

Öll ummerki um mógrafir eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 233

**ÁR-241:019** *Fjósaföt* örnefni fjós 423920 389992

“Fjósaföt. Lítil flet meðfram Rana að sunnan, nú undir verkfæragymslunni,» segir í örnefnaskrá.

Fjósaföt var um 50 m norðaustan við bæ 001, hnitíð var tekið skammt austan við vélaskemmu.

Svæðið innan heimatúnsins hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum. Nokkur hús, gróður, sléttun og önnur mannvirki hafa umbreytt landinu,

Öll ummerki fjóssins eru horfin.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 8

**ÁR-241:020** *Lambhúsföt* örnefni lambhús 424015 389983

“Lambhúsföt. Hún tekur við af Fjósaföt [019] til austurs meðfram Rana (J.J.). Lambhúshóll.

Allstór hóll norðan við nýja íbúðarhúsið. Lambhúskrik. Svo heitir Túndælarhornið sem skagar inn í áttina að Fjósaföt,» segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar nákvæmlega Lambhúshóll var staðsettur.

Hnit var tekið á stórum hól, norðan við útihús 004, innan bakgarðs Hótel Heklu. Umfang hólins bendir til mannvistar en einnig gæti nafnið verið dregið af útihúsi 004.

Útihúsið er horfið, það var innan bakgarðs Hótel Heklu sem reist var á jörðinni fyrir 20 árum eða svo. Innan garðsins eru sléttar grasflatar, gróður og lágir hólar. Hnit var tekið á stærsta hólnum.

Engin ummerki lambhúss eru sjáanleg á yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 8

**ÁR-241:021\_01** heimild um kálgarð 423883 389914

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður 01 og útihús 02 í norðvesturhorni hans sunnan við bæ 001. Traðir 002 lágu meðfram honum til austurs en bærinn fast norðar.

Malarvegur liggur þvert í gegnum nyrsta hluta kálgarðsins en gróið svæði ásamt trjágróðri er sunnar.

Öll ummerki kálgarðs 01 eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-241:021\_02** heimild um útihús 423849 389943

Útihús 02 var í norðvesturhorni kálgarðs 01, beint sunnan við vestasta bæjarhúsið. Öll ummerki þess eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**ÁR-241:022** *Beinadalur* örnefni óþekkt 423677 389960

“Beinadalur hét kringlótt skál uppgróin, u.þ.b. 100 m beint vestur af bæ. Hann er nú nær horfinn í tún. 10-20 m vestur af honum var Stöðulholt [015],» segir í örnefnaskrá. Beinadalur er horfinn, þar er nú framræst tún. Ekki er ljóst af hverju nafnið er dregið en gæti bent til öskuhaugs eða annarra mannvistarleifa.

Slétt, ræktað tún. Framræsluskurður liggur til suðvesturs úr lægð, líklega fyrrnefndum Beinadal.

Engin ummerki um fornleifar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir KE, 2-3

**ÁR-241:023** heimild um leið 423213 389726

“Hundaþúfa er u.þ.b. norðvestur af Stöðulholti, rétt sunnan við gamlan götuslóða frá Brjánsstöðum að Sléttakoti [007],” segir í örnefnaskrá (KE). Leiðin var um 350 m suðvestan við bæ 001 og endaði við Sléttakot 007. Hún er horfin í dag en á loftmynd frá því um 1960 má enn sjá hana alla.

Þar sem leiðin lá eru nú ræktuð tún.

Á loftmynd frá því um 1960 má rekja leiðina á um 860 m löngum kafla. Hún sést suðvestan við heimatúnið og lá eftir austurhluta Torfdælarheiðar allt að Sléttakoti 007.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir KE, 3; DMA45-08951

**ÁR-241:024** *Stöðulbólstún* örnefni kvíar 423561 389656

“Stöðulbólstún. Túnið suður af bænum,” segir í örnefnaskrá. Örnefnið bendir til þess að þar hafi verið kvíar eða mjólkað í stöðli. Stöðulbólstún eru um 470 m SSV við bæ 001 og rúmum 110 m norðvestan við garðlag 026.

Á þessum slóðum er sléttað og ræktað tún.

Ekkert sér til minja eftir kvíarnar og óvíst er að þar hafi verið eiginlegt mannvirki sem mjólkað var í.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir JE, 8

**ÁR-241:025** *Sléttakotsvarða* heimild um landamerki 423003 390132

“Sléttakotsvarða var á mörkum Brjánsstaða og Andrésfjósá [ÁR-256]. Hún er nú fallin, en girðing ræður merkjum,” segir í örnefnaskrá. Varðan var rúmum 890 m vestan við bæ 001 og rúmum 440 m suðvestan við brú 009.

Á þessum slóðum er mosaríkt deiglendi.

Engin ummerki um vörðu sjást lengur á yfirborði. Á þessum stað er komin vírgirðing og hefur grjót úr vörðunni líklega verið sett undir girðinguna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brjánsstaðir KE, 2

**ÁR-241:026** garðlag vörslugarður 423636 389586



Garðlag ÁR-241:026, horft til suðurs.

Fast sunnan við reiðveg, er garðlag, um 470 m SSV við bæ 001 og rúmum 50 m norðvestan við þúst 028. Líklega er um undirhleðslu undir girðingu að ræða, hluti þess er einnig varðveittur um 170 m vestar, á milli þeirra er nú kominn malarvegur yfir garðlagið

Garðlagið liggur á sléttu og óræktuðu svæði. Smáþýft og nokkuð um sóleyjar.

Eystri hluti garðlagsins liggur austur-vestur og er það 220 m langt. Á vettvangi var vesturhluta garðinum fylgt eftir á um 30 m löngum kafla. Garðlagið er torfhláðið, 0,4-0,5 m á hæð og er rafmagnsgirðing hlaðin ofan á garðinum. Garðlagið er 0,5 m á breidd. Vestari hlutinn liggur nálega norður-suður og er um 850 m á

lengd; rétt við suðurenda garðsins beygir hann til suðvesturs og endar við malbikaðan akveg sem

liggur til Ólafsvalla. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur til norðurs og 0,5 m á breidd. Garðurinn er rofinn á köflum.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-241:027** mannvirki áveita  
423419 389422


Í Jarðabók Skeiðahreppsstendur: „Skeiðaáveitan náði til allrar jarðarinnar. Áveitulandið var talið 207 ha en reiknað áveituland 162 ha. Engjaland var mikið og gott og mest allt véltækt. Bar þar Mosateigurinn af; eggsléttur og ein stærsta engjasléttan í sveitinni. Engjarnar voru aðallega austur og suður af bænum en vestur af bænum eru mikil heiðarlönd.“ Enn má sjá mannvirki Skeiðaáveitu í landi Brjánsstaða, aðallega skurði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 233



Áveituskurður í landi Brjánsstaða, horft til suðurs.



Áveitukort Brjánsstaða. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

**ÁR-241:028** frásögn óþekkt

423146 389235

Samkvæmt Sigmarí G. Guðbjörnssyni, heimildamanni, kom hleðslugrjót upp úr jörðunni þegar hann var að rækta upp tún, rétt vestan við Ólafsvallaveg. Grjótið er líklega ummerki um að þarna hafi staðið mannvirki. Staðurinn þar sem grjótið kom upp er um 450 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 350 m norðan við túngarð 003.

Þar sem grjótið kom upp er sléttuð tún sem er rétt austan við Ólafsvallaveg.

Engin merki um mannvist sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

## ÁR-242 Votamýri

Sögulegar heimildir:


1686 & 1695: 10 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 107.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólsjörð, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 192.

1847: 17 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63. Árið 1896 voru 6 bæjarhús og 8 peningshús samtals á báðum býlum Votamýrar. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 4 bæjarhús og 5 peningshús mjög skemmd en 2 bæjarhús og 3 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

“Girðingar og tóftarústir eru hjer skamt frá fjárhúsunum, sem menn ætla að fornu hafi byggð verið, en vita þar þó engin rök til, nema hvað líklegt sýnist af þessum tóftarrústum, og má hjer [ekki] byggð reisa nema til skaða heimajörðunni, því ekki getur hún mist fjárhússtæði sitt,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 192.


Tvíbýli er á Votamýri og var Votamýri II byggð á hálfri jörðinni árið 1948, skv. Sunnlenskum byggðum I, 454-455.



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Votumýrar frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar og litaðar línur. ©Náttúrufraeðistofnun og Loftmyndir ehf.

Staðarheiti  
Chrysosyssa

Votumýri.



Fra: 4 ha og 90 dj. Brunnur kúna. Gert.  
Lafurinn 11 arar. Stíthugi Abba.  
Skilvirðis 1/2000.

Alvestaði. 19. 20  
Waldemar Björnsson

Túnakort Votumýrar frá 1920. Bærinn er sýndur sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 4 ha, ca. 2/3 slétt. Matjurtagarðar 10 arar. Nátthagi 0,6 ha.

“Enginu spillir vatn, sem úr jetur rótina. Hætt er kvikfje fyrir fornum torfgröfum. Vatnsból þrýtur stundum, og er þar með óhreint og valla drekkandi fyrir menn og kvikfjón Eiríksson 2008, og er þá vatn að sækja í Þjórsá,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 192.

“Land jarðarinnar liggur að Þjórsá. Enn er þar mikið af ræktunarlandi. [...] Á Votamýri skiptist á heiðlendi og djúpar dælar, en austur við Þjórsá eru þurrir vallendisbakkar. Hefur Þjórsá verið mjög ágeng við þá undanfarin ár og hafa þar orðið veruleg landsspjöll,” segir í Sunnleskum Byggðum I, 454-455.

**ÁR-242:001\_01** Votamýri bæjarhóll bústaður

424724 389884

Átta bæjarhús (01) með kálgörðum (02) til suðausturs eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Tveir bæir voru á Votamýri og hafa þeir verið sambyggðir. Samkvæmt bæjarteikningunni hafa stafnar bæjanna snúið til suðausturs og voru þeir í norðausturenda heimatúnsins. Bæirnir eru einnig merktir inn á túnakort frá 1920. Enn er búið á sama stað og hefur bæjarhólnum verið raskað þegar núverandi íbúðarhús á Votumýri I var byggt árið 1942 og á Votumýri II árið 1948. Bæði húsin eru á bæjarhólnum og kjallari undir þeim. Lítil ummerki sjást um eldri bæjarhús þó enn sjá



Bæjarhóll ÁR-242:001\_01, horft til austurs. Hleðslan er fyrir miðri myndinni.

stöku grjóthleðslur sem honum tilheyrðu.

Bærinn var á grónum hól. Á honum eru núverandi íbúðarhús jarðarinnar og bakgarðar

til suðausturs. Að vestan liggur núverandi heimreið að bænum og til norðausturs og suðvesturs eru byggingar tengdar bæjarstæði jarðarinnar.

Ummerki um bæjarhól 01 sjást enn á Votumýri. Hóllinn er um 30 x 25 m að stærð, snýr VNV-ASA og er a.m.k. 0,7 m hár. Bæjarhóllinn er greinilegastur til vesturs og norðurs. Til austurs og suðurs er hóllinn mun óskýrari og brúnir hans meira afliðandi og erfitt að meta hversu langt hann hefur náð til suðausturs. Ljóst er að bygging núverandi íbúðarhúsa hefur raskað talsvert af þeim minjum sem annars mundu leynast undir sverði en þó er líklegt að einhver mannvist sé þar undir. Grjóthlaðnar hleðslur gamla bæjarins má enn sjá rétt vestan við bílskúrdshurð á Votumýri I. Hleðslan er 10 m löng og snýr VNV-ASA. Hún er mest um 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-242:001\_02** heimild um kálgarð

424736 389866

Tveir sambyggðir kálgarðar 02 voru rétt suðaustan við bæjarhól 01 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á þessum stað eru bakgarðar Votumýrar I og II og sjást engin ummerki lengur um kálgarða á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-242:002** heimild um traðir

424690 389847

Traðir lágu að Votumýri úr vestri samkvæmt túnakorti frá 1920. Þær eru ekki sýndar á bæjarteikningu

danskra landmælingamanna frá 1906 en þá komu að bænum úr SSA og lágu í gegnum kálgarð 01. Líklega lágu þær suðvestan við bæinn, milli hans og kálgarðs 001\_02 og um sömu traðir að ræða. Traðirnar sjást á loftmynd tekinni um 1946. Traðirnar eru nefndar í örnefnaskrá, þar segir: “Gatnaskák. Lítil, slétt skák í túninu suðaustur af gamla bænum, austan við götuna sem lá niður á Stöðulinn [020]. Annars var túnið kargþýft.”

Á þessu svæði er malarvegur og til vesturs er ræktað tún. Til austurs er núverandi bæjarstæði jarðarinnar og útihús tengd búskap á jörðinni.

Heimreið að Votumýri 2 liggur á sömu slóðum og traðirnar lágu áður. Engin merki um traðir sjást því lengur vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Ö-Votamýri JE, 6; AMS30\_2-1\_024

**ÁR-242:003** garðlag túngarður

424723 389907



Garðlag ÁR-242:003, horft til suðvesturs.

Grjóthlaðin hleðsla, líklega undirhleðsla undir girðingu er um 10 m norðan við bæ 001 og um 35 m suðaustan við túngarð 007. Þessi garður er innan heimatúnsins og ber skiptingu þess í hluta vitni. Ekki er vitað hversu gamall þessi garður er, hann sést þó á loftmynd tekinni um 1946 og virðsit afmarka svæði norðan við bæinn.

Garðurinn liggur rétt vestan við malbikaða heimreið að núverandi íbúðarhúsum jarðarinnar.

Garðurinn er um 30 m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er grjóthlaðinn og sjást 1-2 umför af stæðilegu hraungrýti í hleðslum sem eru 0,4 m á hæð. Mikið er gróið

yfir hleðslur og sums staðar er garðurinn nær alveg horfinn undir gróður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-242:004** *Lambhúshóll* hús fjárhús

424662 389695



Fjárhúsið, horft til norðurs.

“Lambhúshóll. Smáhóll sem ýtt hefur verið út og er þar nú tún í kring. E.G. man eftir hesthúsi [005] þar hjá hólnum en lambhúsið mun hafa verið þar rétt suður af,” segir í örnefnaskrá (JE). “Lambhúshóll, suðvestur af bænum, balahóll. Þar var hús, fjárhús,” segir í örnefnaskrá (JE eldra). Útihús er merkt um 200 m SSV við bæ 001 og rúmum 100 m SSA við útihús 005 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1920. Yngra fjárhús, sem fallið er í notkun hefur verið byggt á sama stað.

Fjárhúsið er rétt vestan við malarveg sem liggur til suðurs frá bænum. Umhverfis húsið er óræktað svæði en slétt tún skammt sunnar.

Fjárhúsið er komið að falli. Það er 13 x 12 m

að stærð og snýr nálæga VNV-ASA. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 0,4 m á hæð en með bárujarni

eru þeir rúmlega 1,7 m á hæð. Sjá má allt að 5 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Húsið er enn undir þaki en það er tekið að síga mjög til vesturs. Sjálft fjárhúsið er að austan. Það er 12 x 5.5 m að innamáli og snýr NNA-SSV. Garðar úr timbri eru inn í fjárhúsinu. Gengið hefur verið inn í fjárhúsið að austan. Hlaðan er að baka til. Hún er 8 x 8 m að stærð og er niðurgrafin. Grjót úr austur- og vesturvegg hlöðunnar hafa hrunið inn í hana. Líklega eru einhver merki um mannvist undir húsinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 5; Ö-Votamýri JE eldra 1; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-242:005** heimild um hesthús 424593 389771

“Lambhúshóll [004]. Smáhóll sem ýtt hefur verið út og er þar nú tún í kring. E.G. man eftir hesthúsi þar hjá hólnum en lambhúsið mun hafa verið þar rétt suður af,” segir í örnefnaskrá (JE). Útihús er merkt um 180 m suðvestan við bæ 001 og um 100 m NNV við Lambhús 004 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og líklega er um hesthúsið að ræða. Það er ekki merkt inn á túnakort frá 1920 og hefur sennilega verið aflagt fyrir gerð túnakortsins. Á loftmynd tekinni um 1960 sér þó óljóst móta fyrir tóft á þessum sama stað en hún er horfin.

Þar sem hesthúsið stóð er sléttað tún.

Engin ummerki um hesthúsið sjást lengur á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; DMA45-08951

**ÁR-242:006** heimild um útihús 424771 389839

Útihús er merkt um 50 m SSA við bæ 001 og rúmum 10 m norðaustan við traðir 002 inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1920 og mögulega verið aflagt fyrir gerð túnakortsins.

Á þessum slóðum er sléttað tún,

Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-242:007** garðlag túngarður 424693 389931

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést túngarður afmarka heimatúnið til allra átta nema norðausturs, þar réði Flóðið. Á túnakorti frá 1920 afmarkar túngarðurinn allt heimatúnið. Á loftmynd tekinni um 1946 sést túngarðurinn enn, þ.e. sama útgáfa og árið 1906. Einhverjar breytingar verða á legunni því á loftmynd tekinni um 1960 sést túngarðurinn í suðvesturhorni túnsins, skammt frá hesthúsi 005 en nyrsti hlutinn er einna greinilegastur og virðist mögulega hafa verið endurhlaðinn. Aðrir hlutar túngarðsins sjást ekki á myndinni. Þar sem túngarðurinn lá hefur orðið mikið jarðrask og slétt tún þar.

Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920; DMA45-08951; AMS30\_2-1\_024



Túngarður ÁR-242:007, horft til VNV.

**ÁR-242:008** heimild um náttþaga

Afgirtur náttþagi er merktur inn á túnakort frá 1920. Staðsetning náttþagans er ekki merkt inn nákvæmlega inn á kortið. Benedikt Kolbeinsson, heimildamaður, kannaðist ekki við náttþaga á jörðunni og án frekar heimilda er ekki hægt að staðsetja minjastaðinn innan 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-242:009** heimild um brunn

424726 389865

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var brunnur heima við bæ. Brunnurinn var um 10 m sunnan við bæ 001 og rúmmum 10 m suðvestan við kálgarð 001 2. Búið er að fylla upp í brunninn en Benedikt Kolbeinsson, heimildamaður, man eftir brunnum í notkun og að úr honum hafi komið volgt vatn. Samkvæmt Benedikt var brunnurinn a.m.k. 6 m djúpur.

Brunnurinn var rétt sunnan við fánastöng, í bakgarði núverandi íbúðarhúss jarðarinnar.

Engin merki um brunn sjást lengur á yfirborði. Búið er að fylla upp í hann og á þessum slóðum er nú blómabeð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-242:010** heimild um landamerki

426155 390658

Landamerki Votamýrar 1886: “1. Frá Þjórsá um vörðu ofan árbakkann og úr henni í Grænhól og sömu stefnu á Ketilhól sem er hornmark Votumýrar, Hlemmiskeiðis og Brjánsstaða,” segir í Landamerkjabréfi No. 145. í örnenfaskrá Hlemmiskeiðs segir: “Varða. Hlaðin markavarða áður en nú komin í Skurð. Varðan er hornmark jarðanna Hlemmiskeiðis, Húsatófta og Votamýrar,” Varðan var rúmmum 110 m norðvestan við Lambabyrgi 016 og um 1,6 km norðaustan við bæ 001. Vélgrafnir skurðir eru yfirleitt á landamerkjum á Skeiðunum og er svo hér.

Tveir vélgrafnir skurðir koma saman á þeim stað þar sem varðan var áður. Allt umhverfis er flatlend, framræst mýri.

Engin ummerki um vörðuna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 145; Ö-Hlemmiskeiði JE, 10

**ÁR-242:011** *Steinteigsvarða* heimild um landamerki

424374 389029

Landamerki Votamýrar, Þinglýst 18. júní 1886: “2. Svo úr Ketilhól í “Grjótvröðu” í Steinteig, sem er hornmark að framanvröðu. 3. Úr Grjótvröðu um “Grasþúfu” hjá Heiðardal,” segir í Landamerkjabréfi nr. 145. Landamerki Blesastaða 1890: “Millum Brjámstaða [ÁR-241] og Blesastaða er bein stefna úr Blikhellu í grjótvröðu í Teigunum, “ segir í Landamerkjabréfi nr. 272. Steinteigsvarða var rétt suðvestan við Hrossateig, rúmmum 910 m SSV við bæ 001 og tæpum 890 m suðvestan við garðlag 033.

Framræsluskurður er þar sem varðan var. Þarna er deiglent og smáþýft mólendi en til austurs eru ræktuð tún.

Engin merki um vörðu sjást lengur á þessum stað og hefur hún líklega horfið þegar framræsluskurðurinn var grafinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf nr. 145; Landamerkjabréf No. 272

**ÁR-242:012** *Engjabraut* heimild um leið

425301 389686

“Engjabraut. Brautin austur á bakkana og áður á engjar,” segir í örnefnaskrá. Engjabraut er sýnd á örnefnakorti í Jarðabók Skeiðahrepps. Hún lá til austurs frá bæ 001 en malarvegur liggur nú á sama stað.

Ekki er vitað hvert umfang eldri leiðarinnar var né sést hún lengur. Norðan og sunnan við malarveginn eru ræktuð tún, deiglendi og flóð. Engin ummerki Engjabrautar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 4

**ÁR-242:013** *Grafir* náma mógrafir

424684 389894

“Grafir. Gamlar mógrafir í mýrinni rétt norðvestur af bænum, nú grónar,” segir í örnefnaskrá. Grafir eru rétt suðaustan við Ketilhól, um 100 m vestan við bæ 001 og rúmum 60 m vestan við túngarð 007.

Á þessum slóðum er óræktað svæði. Gróður er mikill og er búið að grafa framræsluskurði til allra átta.

Mógrafirnar eru enn varðveittar en sjást illa á yfirborði vegna víðitrjáa og beitar. Þær sjást vel á eldri loftmyndum, m.a. frá 1946. Mógrafasvæðið er um 2,5 ha að stærð og snýr norður-suður. Mógrafirnar renna saman og erfitt er að áætla fjölda þeirra. Þær sem enn sjást eru deiglendir og um 0,3 m á dýpt. Á öðrum svæðum sjást einungis sléttir flákar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 4; AMS30\_2-1\_024



Horft til suðurs yfir mógrafir ÁR-242:013.

**ÁR-242:014** *Ytri-Grafir* náma mógrafir

424641 390104

“Grafir, Ytri-. Einnig gamlar mógrafir. Ekki er vitað hvenær mór var tekinn þar síðast,” segir í örnefnaskrá. Ytri-Grafir eru um 180 m norðan við bæ 001 og 50 m vestan við Grafir 013. Mógrafirnar náðu að landamerkjum Hlemmiskeiðs til norðurs og eru mógrafir ÁR-240:017 framhald þessa svæðis þar.

Flatlent svæði, fast vestan og norðan við malarveg að heilsárshúsi. Skjólbelti úr öspum liggur á merkjum, þvert í gegnum mógrafasvæðið. Mógrafirnar eru í dæl, á lágrestum rima.

Mógrafasvæðið er 80x65 m að stærð og snýr NA-SV. Ekki er hægt að greina stakar grafir á yfirborði lengur vegna gróðurs.

**Hættumat:** hættu, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 4

**ÁR-242:015** náma mógrafir

425540 388540

“Hinsvegar man E.G. [Eiríkur Guðnason (1915-2002)] eftir því að mór var tekinn við Þjorsá þar sem áin hafði brotið bakkann. Voru þar að verki bæði Votamýrabændur og nágrennar,” segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru um 1,5 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 860 m suðaustan við garðlag 033.

Bakkar Þjorsár eru mjög grónir á þessu svæði. Til austurs er djúpur framræsluskurður en framræst mýri til vesturs. Svæðið var á kafi í



Mógrafir ÁR-242:015, horft til suðurs.

grasi þegar skrásetjari var þar í júnílok 2020.

Mógrafarsvæðið er 170 x 25 m að stærð og snýr nálega NNA-SSV. Á svæðinu sjást grónar 8 x 3 m stórar grafir sem snúa NNA-SSV. Þær eru 0,2-0,4 m djúpar og eru við það að hverfa undir gróður. Mögulega hafa fleiri grafir verið teknar lengra til vesturs en þar búið að ræsa það land fram og engin ummerki um mótekju eru greinileg þar lengur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 4

**ÁR-242:016** *Lambabyrgi* heimild um rétt 426216 390563

“Lambabyrgi. Hlaðið byrgi fremst á Murneyraroddanum, notað við fráfarur til forna en enn sést móta fyrir því. [...] Murneyraroddi. Syðsti oddi Murneyrar í Húsatóftalandi með lágum mosapúfum,” segir í örnefnaskrá. Lambabyrgi var um 1,6 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 170 m suðaustan við vörðu 010. Staðsetning Lambabyrgis er sýnd á korti í Jarðabók Skeiðahrepps en enga tóft var þar að finna né í næsta nágrenni.

Gróinn, sléttur bakki. Brún hans er 2 m á hæð til suðurs, niður að gömlum farvegi Þjórsár. Murneyraroddi er stórpýfður og vaxin mosa.

Engin ummerki Lambabyrgis sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 5

**ÁR-242:017** *Markhóll* varða landamerki 424586 388941



Varða ÁR-242:017, horft til austurs.

Markhóll er um 950 m sunnan við bæ 001 og um 350 m vestan við Grænuskjól 021. Markhóll er áberandi í sléttu túni skammt frá núverandi merkjum við Blesastaði ÁR-243 en ekki er útilokað að mörkin hafi færst lítillega til suðurs. Uppi á Markhól er torfhláðin varða sem er mögulega vísbending þess.

Markhóll er í sléttu og ræktuðu túni en norðan hans er óræktaður blettur, Hrossateigslautir. Hrossastóð heldur gjarnan til á hólnum með tilheyrandi átroðningi.

Lögun hólsins er án efa tilkomin að hluta vegna sléttunar. Varðan er uppi á honum miðjum og sker sig frá öðrum þúfum vegna umfangs. Hún er 0,6 m á hæð og um 4 m að lengd, NA-SV. Hún er einungis um 0,5-1 m á breidd.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-242:018** *Rekstrarhóll* heimild um áfangastað 425390 389598

“Rekstrarhóll. Líttill, gróinn hóll. Þar munu Flóamenn hafa áð rekstrum sínum áður fyrir meðan þeir ráku með ánni fé á afrétt og heim úr réttum,” segir í örnefnaskrá. Rekstrarhóll var um 700 m austan við bæ 001 og um 25 m sunnan við garðlag 030.

Rekstrarhóll er horfinn í slétt túni.

Engin ummerki um Rekstrarhól sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 5

**ÁR-242:019\_01** *Stekkatún* þúst stekkur 425203 390093

“Stekkatún. Allstór bali í landinu, nú slétt túni. Ekki er vitað hvar stekkurinn var. Stekkatúnshóll

[019\_02]. Stór hóll í Stekkatúninu, gróinn og sléttur. Þar voru fjárhús áður fyrir,” segir í örnefnaskrá. Þrjú beitarhús eru merkt um 550 m ANA af bæ 001 á herforingjaráðskorti frá 1908 og er um sama stað að ræða og Stekkatún. Ekki er vitað hvert eða hvort einhvert húsanna var stekkurinn en hnit 01 var tekið á lágum hól, norðan við Stekkatúnshól 02, þar sem eitt beitarhúsanna er sýnt og talið vera stekkurinn. Einn steinn sést þar í túninu og bendir til mannvistarlagar undir sverði. Stekkurinn var um 550 m norðaustan við bæ 001 og



Uppmælingar af minjum í Stekkatúni ÁR-242:019.



Horft til suðurs yfir þúst ÁR-242:019\_01.

rúmum 310 m norðan við beitarhús 027. Á loftmyndum frá því um 1946 og 1960 sést að vallargarður 04 afmarkaði túnið til allra átta nema austurs.

Gróið, ræktað tún. Óljóst sér móta fyrir lægð til norðurs frá hólnum, mögulega ummerki um garðlag 04, en það er óljóst.

Hóllinn er 19x12 m að stærð, um 1 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grasi vaxinn og austurbrúnn er einna greinilegust. Óljóst mótar fyrir garðlagi skammt norðvestan við hólinn, mögulega var það hluti af þessu mannvirki sem hér var áður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 5; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV; AMS30\_2-1\_024; DMA45-08951

**ÁR-242:019\_02** gryfja beitarhús 425203 390055

Stekkatúshóll er skammt sunnan við meinta staðsetningu stekkjara 01. Hóllinn er um 34 m í þvermál og efst á honum er dæld eða gryfja eftir beitarhús. Hóllinn er um 2 m á hæð, grasi vaxinn og sléttur. Dældin er um 13x5 m og illgreinileg á yfirborði. Beitarhúsin sjást enn á loftmyndum teknum um 1946 og 1960 en ekki er vitað hvenær þau voru rifin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-242:019\_03** heimild um beitarhús 425234 390057

Þriðja beitarhúsið var austan við beitarhús 02 og nær Stekkjardæl. Þar er flatt svæði og engin ummerki um tóft sjást í sléttu túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-242:019\_04** heimild um túngarð 425160 390124

Á loftmyndum teknum um 1946 og 1960 má greina vallargarð sem afmarkaði tún, um 1,3 ha umhverfis Stekkatún. Ummerki garðsins eru horfin vegna sléttunar en þó ber lægð norðan við

stekk 01 honum líklega vitni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-242:020** *Stöðull* heimild um kvíar 424761 389770

“Stöðull. Stöðullinn var rétt fyrir sunnan bæinn. E.G. [Eiríkur Guðnason (1915-2002)] man ekki hvenær síðast var mjólkað í stöðli en telur að það hafi verið í kring um 1925. ... Kvíar. Kvíarnar voru færiskvíar úr timbri og færðar til, líklega oftast á Gatnaskákina. E.G. [Eiríkur Guðnason (1915-2002)] man að amma hans, Hallbera, mjólkaði ær í kvíum þegar hann var smá krakki (1920-1925)” segir í örnefnaskrá. Kvíarnar voru um 130 m sunnan við bæ 001 og um 130 m norðaustan við útihús 004. Kvíarnar sjást á loftmynd tekinni um 1946 og virðast vera um 15x6 m að stærð og snúa NNA-SSV. Ekki er um færiskvíar að ræða á myndinni og mögulega breyttu þær um hlutverk eftir tilkomu færiskvíanna.

Slétt tún, nýtt til beitar er þar sem kvíarnar voru. Vegslóði er fast sunnar.

Engar kvíar sjást á yfirborði vegna sléttunar

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 6

**ÁR-242:021\_01** *Grænaskjól* tóft beitarhús 424965 388867

Tvær tóftir (01, 02) og garðlag (03), eru rúmum 1 km SSA við bæ 001 og sléttum 560 m sunnan við garðlag 026. Þessar fornleifar eru á svæði sem er 75 x 60 m að stærð og snýr austur-vestur. Staðurinn kallast Grænaskjól. Hluti af leið ÁR-661:036 lá að minjunum úr suðvestri og norðaustri. Minjarnar eru innan afgangis túnblettis. Innan þess er smápýft og grasi gróið svæði. Vísir að trjárækt er hólfsins en annars eru slétt tún til allra átta nema norðurs. Svæðið var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar sumarið 2021.

Tóft 01 er í miðju svæðinu, á grasi gróinni bingu. Hún er nokkuð sigin og óljós. Tóftin er einföld, 11 x 4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,4 m á hæð en vegna gróðurs er ekki hægt að telja umför. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið hólfsins. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar, annað en þetta eru líklega beitarhús sé horft til staðsetningar.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft ÁR-242:021\_01, horft til austurs.



Tóft ÁR-242:021\_02, horft til norðurs.

**ÁR-242:021\_02** tóft rétt 424949 388885

Tóft 02 er um 25 m norðvestan við tóft 01. Hún er ferhyrnd, 12,5 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru hlaðnir úr torfi og standa grónir, 0,8-0,9 m á hæð. Gengið er inn í tóftina á miðri vesturhlið hennar. Tóftin er lítilega niðurgrafin, 0,2 m. Sennilega aðhald fyrir



Uppmæling af minjum ÁR-242:021. Leið ÁR-661:036 liggur skáhallt SV-NA í gegnum svæðið, á milli tófta 01 og 02.

skepnur en ekki er hægt að segja nákvæmara um hlutverk þessara tóftar.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-242:021\_03** garðlag túngarður  
424986 388848

Torfhlaðinn túngarður 03 er um 20 m ASA við tóft 01. Garðurinn er mjög siginn, 0,2 m á hæð og sést aðeins á suðurhluta svæðisins. Hann er um 90 m á lengd, 0,4 m á breidd og liggur hálf boginn til austurs-vesturs. Garðurinn hefur líklega afmarkað tún við tóftir 01 og 02. Á loftmynd tekinni um 1960 sést að túngarðurinn náði um 115 m lengra til norðurs en sjá hluti hefur verið sléttaður í tún. Það er ljóst að túnið var fremur stórt og vekur upp spurningar um mögulega búsetu á þessum stað.



Túngarður ÁR-242:019\_03, horft til suðvesturs.

**ÁR-242:022** náma mógrafir 425474 390170

Lítið mógrafasvæði er um 15 m austan við gryfjur 031 og um 780 m norðaustan við bæ 001. Svæðið er 47x18 m að stærð og snýr norður-suður. Mógrafirnar sjást enn og eru deiglendir. Ekki er hægt að áætla nákvæman fjölda, hann skiptir tugum. Grafirnar renna saman en flestar eru þær ferhyrndar.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-242:023** *Gamligarður* heimild um heygarð

“Örnefni í túninu: [...] Gamligarður, gamall heygarður, nú útjafnaður,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Gamligarður var innan heimatúnsins og ekki var hægt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Líklega var hann þó nærri bænum og ekki útilokað að garður 003 sé hluti þessa mannvirkis.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Votamýri JE eldra, 1

**ÁR-242:024** heimild um býli

“Girðingar og tóftarústir eru hjer skamt frá fjárhúsunum [025], sem menn ætla að fornu hafi bygð verið, en vita þar þó engin rök til, nema hvað líklegt sýnist af þessum tóftarrústum, og má hjer [ekki] bygð reisa nema til skaða heimaörðunni, því ekki getur hún mist fjárhússtæði sitt,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Benedikt Kolbeinsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þetta býli. Á Herforingjaráðskorti eru beitarhús 019 og 027 sýnd og mögulega átt við þær. Eins gætu tóftir 021 verið umrætt býli. Án frekari heimilda er ekki hægt að staðsetja staðinn innan 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM II, 192

**ÁR-242:025** heimild um beitarhús

“Girðingar og tóftarústir [024] eru hjer skamt frá fjárhúsunum, sem menn ætla að fornu hafi bygð verið, en vita þar þó engin rök til, nema hvað líklegt sýnist af þessum tóftarrústum, og má hjer [ekki] bygð reisa nema til skaða heimaörðunni, því ekki getur hún mist fjárhússtæði sitt,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Benedikt Kolbeinsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þetta fjárhús. Án frekari heimilda er ekki hægt að staðsetja staðinn innan 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM II, 192

**ÁR-242:026** garðlag vörslugarður

425212 389343



Garður ÁR-242:026, horft til norðvesturs.

Hlaðið garðlag er um 710 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 410 m suðvestan við rétt 028. Á loftmyndum teknum um 1946 og 1960 má sjá að garðurinn náði um 140 m lengra til vesturs en sá hluti er horfinn í slétt tún. Líklega er um vörslugarð að ræða.

Garðlagið er í gróinni heiði en liggur að auki í gegnum lítið flóð. Á þessum slóðum er mýrlent og er mosi nokkur í sverði. Til norðurs og suðvesturs eru ræktuð tún.

Garðurinn liggur til vesturs frá Gunnudæl en Mýrarskuður sem tilheyrði Skeiðaáveitu er þar austar. Garðurinn er torfhláðinn, 130 m á lengd og 0,8 m á breidd. Hann liggur nálæga VNV-ASA. Garðurinn er mest 0,5 m á hæð á vesturhluta hluta en til austurs er garðurinn

0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-242:027\_01** heimild um beitarhús

425177 389938

Tvö beitarhús eru sýnd um 460 m austan við bæ 001 og um 130 m sunnan við tóftir 019 á

herforingjaráðskorti frá 1908. Beitarhúsin voru austarlega á hrygg sunnan við Stekkjardæl, þeim sama og beitarhúsin í Stekkatúni 019 eru á. Beitarhús 027\_1 var vestar og sést undir þaki á loftmynd tekinni um 1946.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki um beitarhús 01 sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV; AMS30\_2-1\_024

**ÁR-242:027\_02** heimild um beitarhús 425223 389753

Beitarhús 02 var suðaustar og nær Vondudæl. Öll ummerki þess eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-242:028** heimild um rétt 425608 389459

Rétt er merkt um 960 m ASA við bæ 001 og um 630 m suðaustan við beitarhús 027, inn á herforingjaráðskort frá 1908.

Þar sem réttin var er slétt tún, rétt sunnan við Engjabraut 012 sem liggur þvert í gegnum tún jarðarinnar.

Engin merki um rétt sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-242:029** frásögn rétt 424964 389870

Samkvæmt Benedikt Kolbeinssyni, heimildamanni, var rúningsrétt rétt austan við Flóðið, rúmum 220 m ANA við bæ 001 og um 210 m NNA við traðir 002.

Réttin var rétt sunnan við malarveg, Engjabraut 012, sem liggur um austurhluta jarðarinnar. Á þessum slóðum er ræktað tún.

Engin merki um réttina sjást lengur og hefur hún sennilega horfið þegar vegurinn var lagður.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-242:030** garðlag vörslugarður 425498 389586

Garðlag er um 830 m ASA við bæ 001, fast norðan við Engjabraut 012. Þetta er vörslueða varnargarður fast austan við svokallaða Pyttadæl. Garðlagið er hlaðið á austurbakka Pyttadælar og fjarar út til beggja enda. Eins gæti þetta verið hluti af áveitu sem veitti vatni á engjar sunnan við Engjabraut.

Gróið, sendið svæði er umhverfis Pyttadæl.

Svæðið er framræst að hluta og nýtt til beitar.

Garðlagið sést sem þýfður hryggur í túni.

Það er um 4 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og stórþýft. Það er mosavaxið og sést á um 160 m löngum kaffa. Garðlagið liggur norðursuður, meðfram flóði og á loftmynd má greina óljóst framhald til norðurs, allt að áveitumannvirkjum Skeiðaáveitu sem þar eru. Eins má sjá óljóst framhald sunnan við Engjabraut og myndar sá hluti nokkurs konar sveig.

**Hættumat:** engin hætta



Vörslugarður ÁR-242:030, horft til NNA.

**ÁR-242:031** *Torfbalar* dæld rista

425445 390152

“Torfbalar. Tveir stakir, lágir hólar í Stekkjardælaborðunum,” segir í örnefnaskrá. Tvær dældir eru í Torfböllum, um 740 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 550 m norðaustan við tóft 029. Hlutverk þeirra er óþekkt en mögulega tengjast þær þurrkun á torfi sem var án efa rist víða.

Dældirnar eru ofarlega á smáþýfðum rima. Umhverfis er deiglent svæði. Trjágróður er hér og þar, einkum til vesturs.

Dældirnar eru á svæði sem er 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær eru báðar 2 x 2 m að stærð og 0,3-0,4 m djúpar. Þær eru mjög grónar og mosi er mikill í hliðum þeirra.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Langamýri JE, 6

**ÁR-242:032** *Grænhóll* þúst fjárskýli

424968 390226



Horft til VNV yfir Grænhól ÁR-242:032.

Grænhóls er getið í landamerkjalytingu Votumýrar árið 1886. Þar segir: “Frá Þjórsá um vörðu [010] ofan við árbakkann og úr henni í Grænhól ...”. Í örnefnalýsingu segir: “Grænhóll. Frekar lítill grashóll. Hóllinn er hliðarmark Votumýrar og Hlemmiskeiðs.” Grænhóll er um 180 m norðaustan við mógrafir 014 og rúma 410 m NNA við bæ 001. Hóllinn er áberandi og þúst ofan á honum. Sé tekið mið af staðsetningu var þetta líklega fjárskýli, heystæði eða eitthvað mannvirki á landamerkjum. Grænhóll er nánast á merkjum milli Votumýrar og Hlemmiskeiðs, innan lítils beitarhólfs sem er þríhyrnt í laginu.

Gróið svæði. Fyrir norðan hóllinn er vélgrafinn

skurður á merkjum jarðanna en vírgirðing til annarra átta.

Grænhóll er grasi vaxinn og þýfður. Hluti hans er stórþýfður og líklega mannvist þar undir sverði. Hóllinn er 8,5x7,5 m að stærð, um 2 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Votamýri JE, 4; Landamerki 1886

**ÁR-242:033** mannvirki áveita

Í Jarðabók Skeiðahrepps stendur: „Jörðin er mýrlend og var talin ein besta engjajörð sveitarinnar meðan Skeiðaáveitunnar naut við en hún var talin ná til 192 ha lands. Engjalöndin voru grösug og mikið af engjum sléttar og véltækar dælar en rimar á milli.” Áveitumannvirki sjást austan við bæinn, m.a. í Vesturmýri, Austurmýri og Votumýrakróki. Hér er bæði um skurði og flóðgarða að ræða. Enn má sjá skurði sem og flóðgarða í landi Vorumýrar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Jón Eiríksson 2008, 243



Áveitukort Votumýrar. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

## ÁR-243 Blesastaðir

Sögulegar heimildir:

1686 & 1695: 10 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 107.


1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 187.

1847: 17 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 63. 1397: Máldagi Maríukirkju að Hofi í Gnúpverjahreppi: “kirkian aa skog a Tungunne fyrir ofann Biarnargötv oc engi aa Skeid j Blesastada jordu,” DI IV, 48.

1553-54: “Kirkiann ad Hofe j Eystra hrepp ä heima land allt. Skammbeinsstade. Skog a tungunne fyrir ofan Biarnargotu. Einge a Skeide j Blesastada jordu,” DI XII, 659.

Árið 1896 voru 6 bæjarhús og 13 peningshús á Blesastöðum. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 3 bæjarhús og 5 peningshús gjörfallin, 2 bæjarhús og 6 peningshús mjög skemmd en 1 bæjarhús og 2 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

“Einbýli virðist hafa verið á jörðinni frá 1703 og til ársins 1941. Þá höfðu hjónin á Blesastöðum, Guðmundur Magnússon og Kristín Jónsdóttir búið á jörðinni frá 1908, eða í 33 ár, og skiptu nú



Bæjarteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Blesastaða frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar og litadar línur. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

jörðinni milli sín og sona sinna, Hermanns og Magnúsar, þannig að hver hafði þriðjung jarðarinnar. Hermann stofnaði þá nýbýlið Blesastaði 2.[...] Nú er margbýli á jörðinni, ábúandi vesturbæjar með hrossabú en ábúendur austurbæjar vinna utan heimilis og eru með nokkur hross. Eigendur eru margir að Blesastöðum 2 en árið 2003 keypti eigandi Skeiðháholts 1 mestan hluta jarðarinnar og nýttjar fénaðarhús og tún að heiman frá sér,” segir í örnefnaskrá Jón Eiríksson 2008, 2.

“Engjaítak er jörðunni [Stóra-Hofi (ÁR-288)] eignað eftir visitatiubókum Skálholts biskupa í Blesastaðalandi á Skeiðum, en ekki þekkja menn það ítak nú, og ekki hefur það brúkast so menn viti,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 208.

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 4,8 ha, ca. 2/3 slétt, hitt fremur stórbýft. Aukatún 0,4 ha. Matjurtagarðar 9,7 arar.

“Engjunum spillir vatn, sem jetur úr rótina, so og Þjóssá með sandsáburði. Úthögum spillir Þjóssá með landbroti og grjóts- og sandsáburði. Hætt er kvikfje fyrir hrakningi á vetur og so fyrir holgryfjum í landinu,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 187.

“Land jarðarinnar er mjög grasgefið; er það bæði mýrlendi, móar og sandbornir bakkar við Þjórsá; áin hefur valdið miklu landbroti þar undanfarin ár, og hefur það vaxið eftir að vatnsmiðlunin í Þjórsá komst í framkvæmd. Er brotbakkinn á þriðja meter og þverhniptur,” segir í Sunnleskum byggðum I, 456.

**ÁR-243:001\_01** *Blesastaðir* bæjarhóll bústaður

424115 387792

Átta bæjarhús með kálgarð (02) suðaustan við eru merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Samkvæmt bæjarteikningunni var bærinn rétt fyrir miðju túnsins og sneru stafnar bæjarins til austurs. Bærinn er sömuleiðis merktur inn á túnakort frá 1920. Gamli bærinn var um 60 m vestan við núverandi íbúðarhús (b. 1984) jarðarinnar. Bæjarhóllinn er nokkuð raskaður vegna útihúsabygginga og annarra húsa við bæjarstaði jarðarinnar og sjást engin merki um tóftir eða þústir lengur á honum.



Bæjarhóll ÁR-243:001\_01, horft til suðurs.

Þar sem gamli bærinn stóð er nú lítið timburhús efst á honum. Trjárækt er í austurhluta hólins og til norðurs og suðurs eru útihús.

Bæjarhóllinn er illgreinanlegur enda búið að

umturna svæðinu eins og fyrr segir. Gróflega má ætla að hann sé 50 m í þvermál og um 1 m á hæð en erfitt er að greina uppsafnaðar mannvistaleifar vegna rasks á svæðinu, svo sem byggingu útihúsa. Hóllinn er mjög sléttur og ytri brúnir hans nokkuð skýrar, sérstaklega til austurs og vesturs en þær eru aðeins óljósari til annarra átta. Ekki eru heimildir um kjallara í gamla bænum. Mannvist er sennilega talsverð undir sverði þótt ljóst þyki að þær hafi raskast að einhverjum hluta vegna framkvæmda og trjáræktar á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-243:001\_02** heimild um kálgarð

424132 387764

Kálgarður 02 var suðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Engin merki um kálgarðinn sjást lengur á yfirborði en á þessum stað er nú trjárækt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-243:002\_01** heimild um traðir 424093 387776

Traðir 002\_01 lágu þvert A-V í gegnum heimatúnið, beggja vegna við bæinn samkvæmt túnakorti frá 1920. Engar traðir eru merktar á þessum slóðum inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, þar sjást traðir 02 liggja til norðausturs og ljóst að breytingar verða á legu þeirra á árunum milli þess sem kortin eru gerð.

Þar sem traðirnar lágu vestan við bæ 001 er malarvegur, tré og hestagirðing. Slétt tún eru til austurs. Engin merki um traðir sjást lengur á yfirborði vegna þess að búið er að umturna svæðinu, m.a. með lagningu malarvegjar, sléttunar og annarra framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-243:002\_02** heimild um traðir 424195 387835

Traðir 02 sjást á bæjarteikningunni og lágu til norðausturs, út heimatúnið. Engin ummerki um traðir sjást lengur á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-243:003** mannvirki áveita 424028 388077

“Skeiðaáveitan náði til 188 ha reiknaðs áveitulands og voru engjarnar aðallega norðaustur af bæjunum. Mikill hluti þeirra var véltækur en engjaheyskap var hætt upp úr 1950. Kalárið 1951 björguðu þó bændurnir á Blesastöðum heyskap sínum með heyöflun á Ólafsvallakrókum,” segir í örnefnaskrá. Enn má sjá hluta af skuðrakerfi áveitunnar á Blesastöðum en engir flóðgarðar sjást þar lengur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 1

**ÁR-243:004** heimild um útihús 424033 387757

Útihús var um 90 m VSV við bæ 001 og um 70 m norðvestan við brunn 007 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920.

Útihúsið var rétt austan við ræktað tún, innan hestagerðis.

Engin merki um útihús sjást lengur á yfirborði. Búið er að slétta svæðið og setja undir hestagerði, fast vestan við núverandi hesthús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna frá 1906; Túnakort 1920

**ÁR-243:005** heimild um útihús 424142 387914

Útihús var um 120 m norðan við bæ 001 og um 100 m norðvestan við traðir 003 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920. Útihúsið er horfið en það sést á loftmynd tekinni árið 1946.

Þar sem útihúsið var er yngra útihús, skammt austan við malarstíg sem liggur á milli Blesastaða 2a og Blesastaða 3

Engin ummerki um útihúsið vegna bygginga.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna frá ; Túnakort 1920

**ÁR-243:006** heimild um túngarð 424230 387647

Túngarður umhverfis allt heimatúnið er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á túnakorti frá 1920 er túngarður ekki merktur meðfram suðurhlíð. Garðurinn afmarkaði svæði sem var 360 x 220 m að stærð og snéri norður-suður samkvæmt bæjarteikningunni. Á

Árnessýsla  
Skjalafloppur


# Blesastaðir



Túni: 4,8 ha. girt á 7,5 sk. hitþrumur stórlyff  
Aukalinn: 0,4 ha. - Matgæslug. 97 maa.  
1:2000

Ólafur Pálsson 1870  
Vilhjálmur Pálsson

Túnakort Blesastaða frá 1920. Bærinn er sýndur sem skyggður kassi. ©Þjóðskjalasafn Íslands



Áveitukort Blesastaða. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

túnakorti frá 1920 hefur túnið verið minnkað til suðurs og þá afmarkað svæði sem var 310 x 240 m að stærð og snéri norður-suður.

Þar sem túngarðurinn var eru slétt og ræktuð tún.

Búið er að slétta allt heimatúnið og engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1906; Túnakort 1920

**ÁR-243:007** heimild um brunn

424062 387723

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var mannvirki, líklega brunnur, um 80 m sunnan við bæ 001 og rúmum 50 m suðaustan við útihús 004.

Engin merki um brunn sjást lengur á þessum stað en búið er að slétta svæðið og reisa þar hesthús rétt norðan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-243:008** heimild um túngarð

Garður umhverfis 0,4 ha stakstætt tún er merktur inn á túnakort frá 1920. Kallað aukatún á túnakorti. Nákvæm staðsetning þessa túns er ekki merkt inn á túnakortið og án frekari heimilda er ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-243:009** garðlag landamerki

425292 387374

Landamerki Blesastaða 1890: “Úr Kjálkhólnum bein stefna í Nónhól, úr Nónhól bein stefna í vörðu á garðlagi fyrir suðaustan Blesastaði, úr vörðu þessari ræður garðlagið merkjum í Þjórsá,” segir í Landamerkjabréfi No. 272. Varðan er horfin en hluti af garðlaginu sést enn. Það er rúmum 1,2 km austan við bæ 001 og um 300 m suðaustan við Grænaskjól 014. Garðlagið sést liggja til austurs frá vélgröfnum skurði sem er á merkjum Blesastaða og Skeiðháholts og endar við þjóðleið ÁR-661:011.

Gróinn mói er á Þjórsárbökkum.

Garðurinn er 19 m langur og 3 m á breidd. Hann er 0,4-0,5 m á hæð, algróinn og siginn. Vestan hans er þúst, líklega uppmokstur úr vélgröfnum skurði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 272



Garður ÁR-243:009, horft til austurs.



Þúst ÁR-243:010, horft til austurs.

**ÁR-243:010** þúst heystæði

424394 388335

Þúst er rétt austan við Vondamosa, um 620 m norðan við bæ 001 og tæpum 230 m sunnan við mógrafir 013. Líklega er um heystæði að ræða sé horft til staðsetningar og lögunar.

Á þessum stað er þýft og óræktað svæði.

Þústin er 6.5 x 4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún rís 0,5 m hærra en umhverfið og sker sig út vegna grænku. Ekki er að sjá neina tóftarlögun á þústinni en ytri brúnir hennar eru skýrar en sum staðar byrjaðar að hlaupa í þúfur. Rof er á norðurhluta þústarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-243:011** Blesastaðakofi heimild

423554 388345

“Blesastaðakofi. ‚Umferðamiðstöð‘ fólksins við vegina úr Ólafsvallahverfi, frá Arakoti [ÁR-248], Löngumýri [ÁR-249], Blesastöðum og Skeiðháholti [ÁR-244] um langa hríð. Kofi var byggður þarna á vegamótunum úr torfi og grjóti þegar áætlanferðir bíla hófust upp á Skeið, líklega upp úr 1923, sem skýli fyrir fólkið og pakka- og vöruheymsla. Þegar mjólkurflutningar hófust upp úr 1930 var byggður þar brúsapallur og þar var miðstöð mjólkurpósta og fólksins á bæjunum sem beið eftir mjólkurbílum til þess að ferðast með honum eða sækja vörur. Annar kofi var byggður þarna upp úr 1940 og veglegri því veggir voru úr holsteini og jarnþak. Kofinn var rifinn þegar mjólkurbílarirnir fóru að fara heim á bæina og nú bíður engin mær lengur við brúsapallinn, eins og segir í kvæðinu,” segir í örnefnaskrá. Blesastaðakofi var um 780 m VNV við bæ 001 og rúmum 420 m VSV við tóftir 016.

Blesastaðakofi var rétt austan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Á þessum slóðum eru ræktað tún. Til suðurs liggur malbikuð heimreið í átt að núverandi bæjarstæði jarðarinnar.

Engin merki sjást lengur um Blesastaðakofa. Hann var rifinn eins og segir í örnefnaskrá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 6

**ÁR-243:012** Efri-Sauðhústóft heimild um beitarhús

424960 388480

“Efri-Sauðhúsatóft. Þar voru sauðahús áður en tóftunum hefur verið ýtt út og er þar nú tún,” segir í örnefnaskrá. Efri-Sauðhúsatóft var um 1 km NNA við bæ 001 og rúmum 430 m austan við mógrafir 013.

Á þessum stað er sléttatún.

Engin merki um beitarhús sjást lengur á yfirborði vegna sléttunar eins og segir í örnefnaskrá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 6

**ÁR-243:013\_01** Grafir náma mógrafir

424505 388583



Mógrafir ÁR-243:013\_01, horft til SSA.

“Grafarteigur. Stórt engjaland, slétt að mestu og véltækt og grasgefið. [...] Grafir. Gamlar mógrafir í Grafarteignum,” segir í örnefnaskrá. Mógrafir 01 og móstæði 02 eru rúmum 930 m NNA við bæ 001 og um 470 m norðvestan við Hólshús 021.

Ummerki um grafirnar sjást rétt vestan við ræktað tún. Á þessum slóðum er mýrlent og er mosi talsverður í sverði.

Mógrafarsvæðið er 140 x 125 m að stærð og myndar sveig sem gengur til suðurs. Flestar grafirnar eru grónar og rakar, 6 x 3 m að stærð og snúa NNA-SSV. Grafirnar eru dýpstar á vestrhluta mógrafarsvæðisins, 0,4-0,6 en þær

eru grynri til austurs, eða 0,2-0,4 m djúpar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 6

**ÁR-243:013\_02** tóft heystæði


424470 388671

Móstæði 02 er í NNV-horni mógrafarsvæðis 01. Tóftin er hlaðin ofan á grónum hól, er einföld og torfhláðin. Hún er flöng, 12 x 4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Vegghæð er 0,5 m og ekkert op er greinilegt á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft ÁR-243:013\_02, horft til suðurs.



Uppmæling af tóft ÁR-243:013\_02.

**ÁR-243:014\_01** Grænaskjól álagablettur

425097 387624


“Grænaskjól. Stór hól og stendur enn austur í túninu. Suðurhlíð hólsins var slétt og þar var oft setið og drukkið kaffi þegar túnin í kring voru heyjuð. Þau munnmæli fylgdu hólnum að ekki mætti slá hann. Það var í búskapartíð Hermanns Guðmundssonar að brekkan sunnan í hólnum var slegin. Um haustið vantaði jarpa hryssu, fjallhross bóndans, og fannst hún afvelta og illa leikin svo henni var að lóga og var kennt um að álögin voru ekki virt. Í annað skipti voru bændur búnir að fá sýsluýtuna og ætluðu að láta hana ýta hólnum út daginn eftir. En þá brann ýtan um nóttina. (Ingibjörg Jóhannsdóttir 21/7 2001),” segir í örnefnaskrá. Grænaskjól er 1 km austan við bæ 001 og tæpum 500 m suðaustan við Þorbjörnstöft 019.

Slétt, ræktað tún er allt umhverfis hólinn.

Hóllinn er algróinn sinu og elftingu. Hann er um 35 m í



Grænaskjól ÁR-243:014, horft til norðurs.



Uppmæling af beitarhúsi ÁR-243:014\_02.



Tóft ÁR-243:014\_02, horft til norðurs.

Þvermál, vesturhliðin brött en hinar fjara út. Hann mjókkar í endann og er með aflíðandi hliðar. Hóllinn er um 3 m á hæð og stórpýfður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 6

**ÁR-243:014\_02** tóft beitarhús

425111 387620

Tóft 02 er uppi á miðjum hólnum og er óskýr. Langhliðar sjást einna best sem beinir bakkar. Tóftin er 11 x 5 m að stærð, einföld, og snýr nánast norður-suður. Laghliðarnar eru um 0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Tóftin er opin til suðurs, niður hólinn.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**ÁR-243:015** *Grænhóll* heimild um leikvöll

425114 387980

“Grænhóll. Þetta var lítill og gróinn hóll og var áður leiksvæði barnanna á Blesastöðum sem höfðu þar bú. Hermann byggði þar fjárhús og hlöðu árið 1954 og vék þá hólinn fyrir hlöðunni. Þar er nú kertaverksmiðja,” segir í örnefnaskrá. “Á Blesastöðum eru þau álög á Grænhól að hann má ekki slá og skilja varð eftir slægjuna allra næst hólnum. Ekki mátti heldur raska neitt við hólnum eða trufla íbúa hans en trú manna er að í Grænhól búi huldufólk. [...] Einu sinni var rætt um að slétta úr hólnum og var jarðýta fengin til verksins. Hún stóð við fjósdýr að kvöldi þegar heimilisfólk gekk til náða en morguninn eftir stóð til að hefja verkið. Um nóttina kviknaði í ýtunni og var þá hætt við að slétta úr Grænhól. Grænhóll er nokkur hundruð metrum austan við bæjarhús á Blesastöðum í áttina að Hvítá,” segir í Landið, fólkið og þjóðtrúin. Grænhóll er sléttum 180 m norðan við bæ 001 og rúmum 70 m VNV við þúst 020.

Þar sem hóllin var er nú (2021) gistiheimili.

Engin merki Grænhóls sjást lengur enda vék hólinn fyrir hlöðunni eins og segir í Jarðabók Skeiðahrepps.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 7; LFP, 275

**ÁR-243:016\_01** *Stekkatún* heimild um stekk

423927 388243

“Stekkatún. Þar voru fjárhús vesturbæjarbóndans lengi vel en eru nú bali í túninu. Stekkur. Hann var við Stekkatúnið en óvíst hvar,” segir í örnefnaskrá. Stekkatún er um 480 m NNV við bæ 001 og rúmum 210 m SSV við Hólshús 021. Þrjú hús er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 á þessu svæði, eitt þeirra er hér túlkað sem stekkurinn. Á kortinu eru einnig hús 02 og 03 sýnd, hlutverk þeirra húsa er óþekkt, en í örnefnaskrá segir: “Ærhúsmosi. Slétt engjaland að mestu norður af Stekkatúninu og lýsir nafnið landinu.” Örnefnið gæti bent til beitarhúss og hugsanlega eru það annað hvort hús 02 eða 03 (eða bæði), en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Minjarnar eru á svæði sem er 35 x 35 m að stærð.

Á þessum slóðum er sléttað og óræktað svæði sem nýtt er til hrossabeitar. Til suðurs liggur núverandi heimreið að bænum.

Engin ummerki um stekk sjást lengur á þessum slóðum en búið er að slétta svæðið út.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 8; Herforingjaráðskort 47 SV

**ÁR-243:016\_02** heimild um beitarhús

423950 388225

Hús 02 er merkt um 20 m suðaustan við stekk 01 inn á herforingjaráðskort frá 1908. Engin

ummerkið um húsið sjást lengur vegna sléttunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 SV

**ÁR-243:016\_03** *Hólshús* heimild um beitarhús 423931 388206

“Hólshús, gömul gripahús, sennilega gamall stekkur,” segir í örnefnaskrá. Hús 03 er merkt um 40 m SSA við stekk 01 inn á herforingjaráðskort frá 1908 og líklega er um Hólshús að ræða. Engin ummerkið um húsið sjást lengur vegna sléttunar en þarna var fjárhús sem sést á loftmynd tekinni um 1946. Húsið var rífið milli árána 1998 og 2000 en líkleg byggt á sama stað og eldra hús.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE eldra, 1

**ÁR-243:017** *Stöðull* heimild um kvíar 424225 387793

“Stöðull. Hann var austur af bænum en er nú kominn í tún,” segir í örnefnaskrá. Stöðull var um 100 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m suðaustan við traðir 002\_02. Stöðullinn er innan heimatúns eins og það er afmarkað á bæjarsteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1920

Á þessum slóðum er sléttað tún.

Hafi verið einhverjar hlaðnar kvíar á Stöðli hafa þær verið sléttaðar í tún og engin ummerki sjást á yfirborði lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 8

**ÁR-243:018** *Vestrilágar* heimild um mógrafir 424177 387539

“Vestrilágar. Þar voru áður gamlar mógrafir suður af bænum, uppgrónar á síðari tíma, nú komnar í tún,» segir í örnefnaskrá. Vestrilágar voru rúmum 200 m sunnan við bæ 001 og um 560 m suðvestan við Þorbjörnstöft 019. Mógrafirnar voru rétt sunnan við heimatúnið og sjást á loftmynd tekinni um 1960, svæðið var um 123x50 m og þríhyrnignslaga.

Á þessum slóðum er sléttað tún. Til vesturs er framræsluskurður.

Engin merki um mógrafir sjást lengur vegna túnagerðar eins og segir í örnefnaskrá.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 8

**ÁR-243:019** *Þorbjörnstöft* heimild um beitarhús 424664 387830

“Þorbjörnstöft. Þar byggði Þorbjörn Einarsson, bóndi á Blesastöðum 1876-1899, fjárhús á lágum bala í túninu. Nú standa þar aflögð fjárhús austurbæjarbóndans og bera gamla nafnið,” segir í örnefnaskrá. Beitarhúsið er sýnt á herforingjaráðskorti 47 frá árinu 1908. Þorbjörnstöft er um 570 m austan við bæ 001 og rúmum 470 m VNV við Grænhól 015.

Á þessum slóðum er tún sem komið er í órækt og nýtt til hrossabeitar. Ræktuð tún eru umhverfis svæðið. Til suðurs er malarvegur sem liggur frá núverandi bæjarstæði jarðarinnar og til austurs, að Þjórsá.

Engin merki um beitarhús sjást á yfirborði og hefur það sennilega verið rífið og sléttað út.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Blesastaðir JE, 8; H-kort 47 SA 1908

**ÁR-243:020** þúst útihús 424174 387948

Grjóthruga er um 160 m norðan við bæ 001 og tæpum 50 m norðaustan við útihús 007. Ekki er loku fyrir það skotið að þessar grjóthrúgur, og brot af steinsteypu gætu verið seinustu ummerki um útihús á svæðinu sem hafi verið rutt út. Þústin er innan túns eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1920.

Á sléttu en óræktuðu svæði.

Grjótið er á svæði sem er 3 x 3 m að stærð og hefur verið ýtt þangað. Grjótið er nær ferkantað og stæðilegt. Þetta eru mögulega leifar af ungu útihúsi sem er á mörkum þess að teljast til fornleifa samkvæmt lögum en fær hér að njóta vafans og því skráð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

## ÁR-244 Skeiðháholt

Sögulegar heimildir:

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 186.

1847: 24 hdr. 1/4 eign Skeiðahrepps og 3/4 bænda eign, skv. Jarðatali Johnsens, 63.

“Í Jarðabókinni frá 1709 er jörðin nefnd Háfholt og veit enginn hvernig á því stendur. Í landamerkjálýsingu jarðarinnar frá 1887 er jörðin nefnd Háholt. Síðar er farið að kalla bæinn Skeiða-Háholt (Br. J. örnefnaskrá um 1911) og síðar Skeiðháholt, eins og nafnið er í dag, [...] Má ætla að ferðamenn þessir [sem fóru þjóðleiðina um Þjórsárþakka] hafi farið að nefna bæina Skeiðháholt til aðgreiningar frá Háholti í Hreppum og aðrir svo tekið nafnið upp,” segir í örnefnaskrá Jón Eiríksson 2008, 1.

Árið 1896 voru 11 bæjarhús og 18 peningshús samtals á báðum býlum Háholts. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 1 bæjarhús og 1 peningshús gjörfallin, 7 bæjarhús og 13 peningshús mjög skemmd en 3 bæjarhús og 4 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 177.

“Borgarkot [ÁR-247]. Eyðihjáleiga, bygð í úthögum fyrir manna minni og varaði bygðin inn til næstu 2ia ára. [...] Háfholltzkot. Önnur eyðihjáleiga, bygð skamt frá heimatúninu hjer um fyrir 40 árum, síðan ýmist bygð eður í auðn inn til næstliðins ár. Nú í auðn,» segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 186.


Þrúbýli er í Skeiðháholti og er landi skipt jafnt. Skeiðháholt II var byggt árið 1950., „Hafði þá verið í eyði í 2 ár. Þegar Jarðabókin er gerð 1709, er tvíbýli í Skeiðháholti, og eru býlin jöfn, en seinna varð þessi hluti jarðarinnar, sem nefndur hefur verið í daglegu tali Austurbærinn, aðeins hluti af



Bajarsteikning danskra landmælingamanna af heimatúni Skeiðháholts frá árinu 1906 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar. ©Náttúrufræðistofnun og Loftmyndir ehf.

Arnes systla  
Skeiðahóppur.

Skeiðahótt.



Féni: 6.2 ha. gort. en  $\frac{1}{5}$  slj. Kattli. 0.5 ha.  
Kalyndag. 18.4.1920.  
1:2000

Skeiðahótti. 1920  
Pállinnertósson

Túnakort Skeiðhólts frá 1920. Bærir eru sýndir sem skygðir kassar. ©Þjóðskjalasafn Íslands

aðaljörðinni, enda voru ábúendur Vesturbæjarins búnir að vera lengi eigendur af allri jörðinni,» segir í Sunnlenskum byggðum I, 459. Skeiðháholt III var byggt árið 1958 skv. Sunnlenskum byggðum I, 460.

Landkostir:

Túnakort 1920: Tún 6,8 ha, 4/5 slétt. Náttagi 0,5 ha. Matjurtagarðar 16,4 arar.

“Engjar sem áður hafa verið í mýri eru mikinn part komnar í grasleysmosa og flög, sem orsakar vatn, sem jetur úr rótina. Úthöfum spillir Þjórsá með landbroti. Hætt er kvikfje fyrir hrakningi á vetur í Þjórsá og svo fyrir hraungjám,» segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 186. “Í Jarðabókinni 1709 er sagt, að Þjórsá spilli úthögum með landbroti. Seinustu 10-15 árin hefur þetta landbrot farið hraðvaxandi, sérstaklega eftir að vatnsmiðlunin í Þjórsá tók til starfa. Norðan í holtinu hefur myndast þverhniptur brotbakki yfir tveggja metra háar. Á eyrunum fyrir sunnan bæinn hefur talsvert verið tekið af mól í byggingar og eins ofaniburður í vegi,» segir í Sunnlenskum byggðum I, 458.

**ÁR-244:001** *Hábolt (Háfbolt)* bæjarhóll bústaður 424347 386500

Tvíbýli [001 og 002] var á jörðinni við upphaf 20. aldar og um 50 m á milli bæjanna. Vesturbær 001 er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920, vestarlega innan heimatúnsins. Árið 1906 voru fimm eða sex bæjarhús á bæjarhólnum og kálgarðar 029 sunnan og vestan við bæinn. Stafnar snéru til suðurs, fram túnið. Bæjarhóllinn er mikið raskaður og húsbyggingar þekja hann allan. Íbúðarhús var byggt árið 1946 í austurhluta bæjarhólsins og þar er enn búið. Það er með steinsteypum kjallara en engar sagnir fara af mannvistarlögum sem komu í ljós við byggingu þess. Árið 1963 var byggt sumarhús, á eldri húsgrunni í vesturhluta bæjarhólsins. Það skemmdist mikið í jarðskjálftum í upphafi þessarar aldar og notað sem skemma. Fast norðan við bæjarhóllinn eru steinsteypu útihús og malarplan.

Bæjarhóllinn er uppi á holti og víðsýnt þaðan til allra átta. Gróin tún eru umhverfis bæinn.

Bæjarhóllinn er um 40x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, Hann er mikið raskaður en sést enn til suðurs. Hann er um 1 m á hæð þar og hliðar hans afliðandi. Þar er bakgarður núverandi íbúðarhúss og trjágróður. Ekki er hægt að sjá bæjarhóllinn til annarra átta en eflaust eru enn mannvistarlög undir sverði þrátt fyrir mikið rask.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920



Bæjarhóll ÁR-244:001, horft til suðvesturs.



Bæjarhóll ÁR-244:002, horft til norðurs.

**ÁR-244:002** bæjarhóll bústaður 424401 386542

Eystri bærinn var um 50 m norðaustan við bæ 001. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna

frá 1906 eru sýnd fjögur bæjarhús þar með kálgarði 031 til suðvesturs. Bærinn var norðarlega, fyrir miðju heimatúnsins, á sama holti, skammt sunnan við svokallaða Helliðsbrekku 030. Íbúðarhús er á miðjum bæjarhólnum, á sama stað og eldri bærinn. Íbúðarhúsið er byggt 1933, án kjallara. Annað íbúðarhús er fast austan við bæjarhólinn, reist 1950. Bærinn snéri stöfnum til suðurs, niður holtið. Engin uppsöfnun mannvistarlagá sést á bæjarhólnum. Bakgarður íbúðarhússins er allt umhverfis húsið ásamt grasflötum. Afliðandi brekka er til suðurs frá íbúðarhúsunum en erfitt er að greina hvort uppsöfnunin sé náttúruleg. Stærð þessa bæjarhóls er álíka og bæjarhóls 001, um 40x25 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-244:003\_01** heimild um traðir 424340 386578

Traðir 01 lágu til NNV og traðir 02 til VSV frá bæ 001, báðar eru merktar inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Malarvegir eru á svipuðum stað og báðar traðirnar lágu og ljóst að þeim hefur verið mikið raskað.

Traðir 01 lágu til NNV frá bæ 001. Grasflatir, malarvegir og -plön eru á þessu svæði.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-244:003\_02** heimild um traðir 424313 386456

Traðir 02 lágu til VSV frá bæ 001. Malarvegur og húsbyggingar eru nú á þeim slóðum og traðirnar horfnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-244:004** heimild um útihús 424291 386473

Um 70 m vestan við bæ 001 og fast norðan við traðir 003\_02 eru útihús merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort 1920. Á túnakorti frá 1906 eru þrjár burstir/stafnar á þessum stað og á túnakorti frá 1920 eru húsin skyggð líkt og um bæjarhús sé að ræða en engar heimildir geta þess. Hér er þetta skráð sem útihús.

Malarvegur milli sumarhúss byggt 1963 og núverandi úthúsa er á þessum slóðum.

Engin ummerki um útibús sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-244:005** heimild um fjárhús 424391 386296

Útihús var um 190 m sunnan við bæ 001 og um 260 m suðvestan við útihús 006 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920. Samkvæmt Vilmundi Jónssyni, heimilamanni, var þetta fjárhús sem var rífið. Á þessu svæði er afgirt sumarhúsalóð.

Fjárhúsin voru sunnan undir holtinu, á mörkum þess og deiglendis. Þar er slétt flöt með miklu af trjágróðri. Trén eru innan sumarhúsalóðarinnar.

Engin ummerki fjárhússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-244:006** heimild um útihús 424494 386547

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 60 m austan við bæ 002. Þetta er merkt sem bæjarhús á túnakorti frá 1920 og ljóst að mögulega var búið hér tímabundið þegar búseta var tekin upp aftur árið 1920, bæ 002 er ekki á túnakortinu og ekki var búið þar 1914-1920. Það var í brekku sem hallar til vesturs niður af svokölluðum Höfða.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-244:007** kantur túngarður

424405 386307

Túngarður umhverfis stærstan hluta túns er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1920. Á báðum kortunum er garður ekki merktur neðan við Höfða en þar er klettabelti í suðausturhluta túnsins sem líklega réði afmörkuninni. Á túnakorti frá 1920 er ekki túngarður á NA-hlið en annað afgirt svæði er upp við NV-hlið túnsins. Líttill hluti túngarðsins er nú varðveittur á milli sumarhúsalóðar til vesturs og Höfða til norðausturs. Túngarðurinn sést sem kantur neðst í brekku, á mörkum hennar og deiglendis. Aðrar hliðar eru horfnar.



Túngarður ÁR-244:007, horft til ANA.

Brekkan er grasi vaxin og brött. Holtið er alls um 30 m hátt en hliðar þess aflíðandi. Svæðið er nýtt til beitar.

Hleðslan er um 65 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Trjám er plantað fast sunnar og það raskaði túngarðinum. Hleðslan er um 0,3 m á hæð og fremur óljós. Túngarðurinn er horffinn í tún til annarra átta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-244:008** frásögn brunnur

424355 386496

Að sögn Vilmundar Jónssonar, heimildamanns, var brunnur á bæjarhól 001, fast vestan við íbúðarhúsið þar. Fyllt var upp í brunninn og hann sést ekki á yfirborði.

Þar sem brunnurinn var hallar bakgarðinum niður frá bæ 001. Þar eru aspir, grasflöt og malarplan. Engin ummerki um úthúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-244:009** heimild um fjárhús

424367 386545

“Hellar voru í Háholtinu í tíð núlifandi ábúenda en þeim var lokað á ýtuöld og eru nú komnir undir tún. Hellir var í Hellisbrekkunni vestan við íbúðarhús austurbæjarbóndans og norðan við húsið voru einnig hellar [030]. Var einn þeirra vel manngengur og notaður sem hlaða. Afhellir var út frá honum og þar hafðar 10 kindur. Þetta voru móbergshellar „og man ég að við krakkarnir skárum stafina okkar í veggina“. (B.J.),” segir í Örnefnaskrá. “Hellar voru í Hellisbrekku, en eru nú komnir undir græna torfu, ef svo má segja. Í bernsku skrásetjara [Bjarna Jónssonar f. 1925] var einn hellirinn notaður fyrir lömb, og veggir hlöðunnar við þann helli voru úr móbergi, en yfirgerð úr timbri og járn. Þegar grafið var fyrir nýju íbúðarhúsi í Skeiðhólmi II (austurbæ), þá kom í ljós stór hellir, sem var með lúða vegg og sýnilegt, að hafði verið notaður. Þessi hellir var fylltur upp, og sér nú ekkert móta fyrir neinum hellum,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. “Heima við bæinn voru smáhellar, sem hafði voru fyrir kindur. [...] Hafa sennilega verið gerðir af mannahöndum í mjúkan stein,” segir í Sunnlenskum byggðum I. Hellirinn var um 50 m norðan við bæ 001 og rúmum 30 m vestan við bústað 002.

Á þessum slóðum er sléttað tún. Til suðurs eru stórar aspir.

Búið er að loka hellinum eins og segir í örnefnaskrá og slétta yfir. Engin ummerki hans sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 2; SB I, 459.

**ÁR-244:010** *Háfholtzkot* heimild um býli

424673 386733



Yngra útihús sem líklega er á sama stað og Háholtzkot var áður.

“Háfholtzkot. Önnur eyðihjáleiga, bygð skamt frá heimatúninu hjer um fyrir 40 árum, síðan ýmist bygð eður í auðn inn til næstliðins ár. Nú í auðn,» segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns., „Þetta mun vera Hjáleigan, „Háholtshjáleiga» austast í túninu og hefur enginn þar búið síðan Jarðabókin var skráð [...] Þar eru nú fjárhús og hesthús austurbæjarbóndans,» segir í örnefnaskrá. Háholtshjáleiga var rétt austan við Stínuhól, um 340 m austan við bæ 001 og rúmum 420 m suðvestan við Grafir 014.

Hjáleigan var norðaustast á sama holti og bærinn. Á þeim stað er nú (2020) útihús og rétt sunnan við húsið er ræktað tún.

Engin merki um býli sjást lengur á staðnum

en búið er að umturna svæðinu með bygginu yngri útihúsa sem nefnd eru í örnefnaskránni.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 186; Ö-Skeiðháholt JE, 3, 6

**ÁR-244:011** *Ullarhóll* náttúrumin þvottastaður

422809 386010

Landamerki jarðarinnar Skeiðháholts þinglýst í maí 1887: “Milli Háholts og Kálfhólts [ÁR-245] er tekin stefna frá Ullarhól beint að Þjórsá þannig, að stefnt er í klettinn fyrir ofan bæjinn Kamb í Holtasveit. Milli Háholts og Borgarkots [ÁR-247] er tekin stefna frá Ullarhól í Kjálkhól,» segir í Landamerkjabréfi nr. 195. “Ullarhóll. Stór grashóll. Í hólinn liggja mörk fjögurra jarða; Skeiðháholts, Kálfhóls, Kílhrauns og Borgarkots,» segir í örnefnaskrá. “Trúlegt er, að þvegin hafi verið ull frá Kálfhóli í gröfum sunnan og austan hólans og breidd til þerris á hólum, en þetta er tillaga skrásetjara,» segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar Ullarhóll er rúmum 1,6 km VSV við bæ 001 og rúmum 60 m vestan við Ullarhólsgrafir 023.

Ullarhóll er rétt norðvestan við ræktað tún. Deiglent er á þessum slóðum og til norðurs er djúpur framræsluskurður.

Ullarhóll er 30 x 10 m að stærð, snýr nálega norður-suður og er um 1,5-2 m á hæð. Hóllinn er gróinn og með mjög aflíðandi til allra átta. Smáþýft er í brekkum hólans og mosi nokkur í sverði og í þúfum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 195; Ö-Skeiðháholt JE, 8; Ö-Skeiðháholt svör, 4

**ÁR-244:012** *Bjalli* náttúrumin huldufólksbústaður

424609 386530

“Bjalli. Höfði upp úr Háholtinu og langhæsti punktur í Háholtslandi. Er þar víðsýnt og fagurt útsýni. Framan í Bjallanum er klettabelti. Þar var talin huldufólksbyggð og mátti ekki hreyfa þar stein. Sögðu munnmæli að illa myndi hefnast fyrir ef slík yrði gert. Niður af Bjallanum og klettabeltinu er mýrarstykki sem ekki mátti slá og var það alltaf virt,» segir í örnefnaskrá. Bjalli er rétt norðan við Leyni, um 270 m austan við bæ 001 og rúmum 120 m austan við útihús 006.

Rétt vestan við Bjalla er tún og til austurs er klettabelti og þar er þverhnipt niður.

Bjalli er grasi vaxinn og ílangur hóll a.m.k. 60 x 20 m að stærð og snýr NNA-SSV. Framarlega (norðarlega) á honum er klettabelti þar sem huldufólkið er sagt búa.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 5

**ÁR-244:013** frásögn rétt

424512 386313

Samkvæmt Vilmundi Jónssyni, heimildamanni, var hrossarétt um 120 m austan við fjárhús 005, rétt neðan við heimatúnið. Réttin sést ekki á túnakortum og var á mörkum þurrlendis og mýra.

Gróið tún sem virðist hafa verið sléttað fyrir alllöngu. Það mótar fyrir þúst á þessum slóðum en erfitt er að greina hvort það séu ummerki réttarinnar. Víða er rof í sendnum jarðvegi á þessu svæði eftir hross sem þarna eru á beit.

Engin ummerki um réttina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-244:014** Grafir náma mógrafir

424946 387058

“Grafir. Gamlar grafir austan við Háholtið. Þar mun hafa verið reynt að taka mó,” segir í ornefnaskrá. Mógrafirnar eru rétt norðan við Óðinshanaflóð, um 720 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 430 m norðaustan við Háholtshjáleigu 010.

Deiglent flatlendi, til norðvesturs er djúpur framræsluskurður. Svæðið var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar í byrjun júlí 2020.

Mór var tekinn á um 44 x 20 m stóru svæði sem snýr norður-suður. Aðeins sést til um 4-6 grunnra og gróinna grafa, en þær eru margar hverjar byrjaðar að renna saman. Mesta dýpt grafa er 0,5 m.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 5

**ÁR-244:015** garðlag áveita

423501 386521

Skeiðháholt var ein af þeim jörðum sem nýttu Skeiðaáveituna. Í Jarðabók Skeiðahrepps stendur: “Engjarnar voru áður norður og vestast í landinu og náðu áveitan til 266 ha lands. Engjarnar voru grasgefnar og stór hluti þeirra véltækur en frekar blautar. ... Aðalskurður áveitunnar liggur þvert yfir landið og er nú framræsluskurður.” Ekki er vitað hvort eldri áveitumannvirki hafi verið á jörðinni en í Jarðabók Árna og Páls stendur: “Engjar sem áður hafa verið í mýri eru mikinn part komnar í grasleuysumosa og flög, sem orsakar vatn sem jetur úr rótina.”

Enn má sjá áveitumannvirki innan vesturhluta jarðarinnar, skurður er einna umfangsmestur. Einn áveitugarður Skeiðaáveitunnar sést skammt vestan við beitarhús 021. Hann liggur þvert á milli rima vestan við Svínhóla og veitir vatni úr deiglendi í svokallaðri Svínhóslmýri. Hann er 50x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Stóri-Skurður liggur enn fremur þvert í gegnum alla jörðina.




Bjalli ÁR-244:012, horft til norðvesturs.



Mógrafir ÁR-244:014, horft til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Jón Eiríksson 2008, 264: JÁM II, 186



Áveitukort Skeiðháholts. Engjar eru sýndar með svörtum táknum, holt/tún eru ólituð og flóðgarðar sjást sem ljósbláar línur. ©Þjóðskjalasafn Íslands

**ÁR-244:016** heimild um leið

424512 386423

“Leynir. Lægð eða slakki í holtinu. Leiðin af Þjórarárbökkum heim að bænum lá um Leyni og mun oft hafa verið gestkvæmt þar meðan göturnar [ÁR-661:011] meðfram Þjórásá voru þjóðleið,” segir í örnefnaskrá. Leynir er um 180 m suðaustan við bæ 001 og sést enn vel. Lægðin liggur til norðurs, upp á holtið og leiðin fór þar í gegn, Hún er ekki sýnd á neinum kortum.

Leynir er lægð í holtinu, klettur eru til austurs og vesturs. Þetta er eina góða leiðin fyrir hesta upp á holtið norðaustanvert þegar komið var frá Þjórarárbökkum beint að bæ 001.

Lægðin sést enn en engar götur. Hún er algróin og mikill gróður var á þessu svæði þegar skrásetjari var á ferðinni.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 7



Leynir ÁR-244:016, horft til norðurs.

**ÁR-244:017** *Læmi* heimild um þvottastað

424533 386199

“Læmi. Heimasti állinn í ánni. Þar var þvegin ullin áður,” segir í örnefnaskrá. Þvottastaðurinn er 400 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 230 m SSA við Leyni 016.

Þar sem ullin var þvegin er smágrýttur árbakki álsins Læmis en áin rennur ekki hér lengur. Gróður er nokkur hér.

Ullinn var þvegin í Þjórásá en hún breytir oft á árfarveg á þessum slóðum. Ullin var líklega þurrkuð í smágrjóttinu rétt austan við ána, þótt ekki sé útilokað að hún hafi verið þurrkuð á Ullarhóli 011, sem er þó um 1,7 km suðaustan frá þessum þvottastað og því nokkuð langt í burtu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 7



Læmi ÁR-244:017, horft til suðurs.



Strokkhóll ÁR-244:018, horft til norðurs.

**ÁR-244:018** *Strokkhóll* heimild um huldufólksbústað

422848 387601

“Strokkhóll. Allstór grjóthóll. Nafnið er dregið af því að þar hafði, eftir því sem munnmæli herma, heyrst strokkljóð og því ályktað að þar myndi búa huldufólk,” segir í örnefnaskrá. Strokkhóll er

um 1,7 km norðvestan við bæ 001 og rúnum 80 m norðan við Strokkhólsgrafir 019.

Umhverfis hólinn er deiglent svæði þar sem mosi er nokkur í sverði.

Strokkhóll er hálfgróinn kletthóll, um 2,5 m á hæð. Hóllinn er 15 x 10 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er nokkuð afliðandi til austurs og vesturs en norður og suðurhlíðar hans eru brattari.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 8

**ÁR-244:019** *Strokkhólsgrafir* náma mógrafir

422845 387530



Mógrafir ÁR-244:019, horft til norðurs.

“Strokkhólsgrafir. Gamla mógrafir fyrir tíð núlifandi manna,” segir í örnefnaskrá. “Mór var ekki talinn góður í gröfum þessum, en hefur þó verið lengi unninn þar, eftir fjölda og stærð grafanna. Í tíð skrásetjara [Bjarna Jónssonar f. 1925] hefur aldrei verið tekinn þarna mór og varla eftir 1920,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Strokkhólsgrafir eru mitt á milli Austurbæjarmýrar og Þrætu, um 1,7 km norðvestan við bæ 001 og um 80 m sunnan við Strokkhól 018,

Fremur deiglent og flatlent svæði. Malbikaður akvegur (Skeiðháholtssvegur) liggur þvert í gegnum mitt mógrafarsvæðið. Til norðvesturs er ræktað tún og framræsluskurðir.

Sjá má ummerki um mótekju á svæði sem er

150 x 140 m að stærð og snýr norður-suður. Mógrafir á svæðinu eru flestar um 5 x 4 m að stærð og snúa flestar austur-vestur. Grafirnar eru 0,2-0,5 m djúpar og með gróinn og rakan botn. Grafir á svæðinu eru skýrari rétt austan við malbikaðan akveginn en vestan við hann eru þær margar samansignar og mikið grónar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 8; Ö-Skeiðháholt Svör, 5

**ÁR-244:020\_01** *Fremstahús* tóft beitarhús

423587 386419



Uppmæling af Fremstahúsi ÁR-244:020\_01 og túngarði 02.

“Svínhólar. Þrjár hólur, litlir, tveir fremst og stutt á milli þeirra en einn stakur efst. Fjárhús voru á öllum hólunum og hétu Fremstahús, Miðhús [021] og Efstuhús [022]. Efsti hólinn er kominn undir tún en tóftir haldast enn á hinum hólunum,” segir í örnefnaskrá. “Hólarnir eru þrjár, og voru í bernsku skrásetjara [Bjarna Jónssonar f. 1925] fjárhús á öllum hólunum,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Fremstahús eru fast norðan við Húsalaus, rúnum 800 m vestan við bæ 001 og um 100 m SSV við Miðhús 022. Beitarhúsið er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Á

staðnum er beitarhús 01 og vallargarður 02, á svæði sem er 150 x 90 m að stærð og snýr norður-

suður. Vallargarður 02 nær alveg að suðurenda Miðhúss 021 og hefur verið sameiginlegt tún milli þessara tófta.

Svínhólar eru innan óræktads svæðis. Fremstahús eru þar ofarlega á syðsta hólunum sem er mjög gróinn. Hóllinn umhverfis Fremstahús er girtur af.

Beitarhústóftin er þrískipt, 24 x 20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru grjóthlaðnir og sjást 1-2 umför af veglegu grjóti í hleðslum sem eru 0,3-0,5 m á hæð, stæðilegastir til austurs. Sjálf fjárhúsið (hólf A) er suðvestast í tóftinni. Það er 10 x 4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á hólfinu á miðri suðvesturhlið þess. Að baki er hlaðan (hólf B). Hún er 7,5 x 7,5 m að stærð og er 0,4 m dýpri en fjárhúsið. Heystæði (Hólf C) er rétt vestan við fjárhúsið. Það er 2 x 2 m að innanmáli og ekki er hlaðinn veggur á suðvesturhlið hólfsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 8; Ö-Skeiðháholt Svör, 4; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-244:020\_02** garðlag túngarður 423632 386405

Túngarður 02 er umhverfis beitarhús 01. Garðurinn afmarkar svæði sem er 150 x 90 m að stærð og snýr norður-suður. Garðurinn er hvað breiðastur fyrir miðju svæðinu, en mjókkar til norðurs og suðurs. Veggir eru 0,3-0,5 m hæð, torf- og grjóthlaðnir en ekki sér í umför vegna gróðurs. Á garðinum er búið að hlaða vírgirðingu. Suður- og suðausturhluti garðsins er nokkuð rofinn.

**Hættumat:** engin hætta



Fremstahús ÁR-244:020\_01, horft til norðausturs.




Miðhús ÁR-244:021, horft til norðausturs

**ÁR-244:021** Miðhús tóft beitarhús

423591 386526

“Svínhólar. Þrjár hólar, litlir, tveir fremst og stutt á milli þeirra en einn stakur efst. Fjárhús voru á öllum hólunum og hétu Fremstahús [020], Miðhús og Efstuhús [022]. Efsti hóllinn er kominn undir tún en tóftir haldast enn á hinum hólunum,” segir í örnefnaskrá. “Hólarnir eru þrjár, og voru í bernsku skrásetjara [Bjarna Jónssonar f. 1925] fjárhús á öllum hólunum,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Útihús, um 750 m V af bæ, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og er um þetta hús að ræða. Miðhús eru rúmum 740 m vestan við bæ 001 og um 100 m NNA við Fremstahús 020. Vallargarður 020\_02 nær alveg að suðurenda Miðhúss og hefur verið



Uppmæling af Miðhúsum ÁR-244:021.

sameiginlegt tún milli þessara tófta.

Svínhólar eru innan óræktað svæðis. Miðhús eru á grónum hól rétt innan við miðju svæðisins og er nokkuð deiglent í kringum hólinn.

Tóft Miðhúsa er tvískipt, 15 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en ekki er hægt að telja umför vegna þess hve grónir veggirnir eru. Víða glittir þó í stæðilegt hleðslugrjót, einkum á norðurhlið tóftarinnar. Vegghæð er 0,3-0,5 m og eru veggir veglegastir til norðurs. Fjárhúsið (hólf A) er suðvestast. Það er 7 x 3,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Gengið er inn í fjárhúsið gegnum op á miðri suðvesturhlið þess. Norðaustan við fjárhúsið er hlaðan (hólf B) sem er 4,5 x 4,5 m að stærð. Hún er 0,3 m djúp en veggir hafa að hluta hrúnið inn í hana og síðan gróið yfir hrúnið.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 8; Ö-Skeiðháholt Svör, 4; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-244:022** *Efstuhús* heimild um beitarhús 423750 38698

“Svínhólar. Þrjár hólur, litlir, tveir fremst og stutt á milli þeirra en einn stakur efst. Fjárhús voru á öllum hólunum og hétu Fremstahús [020], Miðhús [021] og Efstuhús. Efsti hólinn er kominn undir tún en tóftir haldast enn á hinum hólunum,” segir í örnefnaskrá. Í sömu skrá segir einnig: “Fjárhústóftarrimi. Kargþýfður rimi og aldrei sleginn, nú kominn í tún,” segir í örnefnaskrá. “Hólarnir eru þrjár, og voru í bernsku skrásetjara [Bjarna Jónssonar f. 1925] fjárhús á öllum hólunum, Fremstahús, Miðhús og Efstahús, sem var sauðahús, og er það nú komið undir tún,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Beitarhúsið er einnig merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1908. Efstuhús voru rúmum 920 m VNV við bæ 001 og um 480 m NNV við Miðhús 021. Beitarhúsið er enn undir þaki á loftmynd tekinni um 1945 en er nú horfið líkt og segir í örnefnalýsingu. Efstuhús voru innan ræktað túns.

Engin merki um Efstuhús sjást lengur á yfirborði vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 5, 8; Ö-Skeiðháholt Svör, 4; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-244:023** *Ullarhólsgrafir* náma mógrafir 422877 386023



Ullarhólsgrafir ÁR-244:023, horft til norðurs.

“Ullarhóll [011]. Stór grashóll. Í hólinn liggja mörk fjögurra jarða; Skeiðháholts, Kálfhóls, Kílhrauns og Borgarkots. Ullarhólsgrafir. Fornar mógrafir,” segir í örnefnaskrá. Í sömu skrá segir: “Aðrar mógrafir eru vestur í Ullarhólmýrinni,” segir í örnefnaskrá.” Mór var ekki talinn góður í gröfum þessum, en hefur þó verið lengi unninn þar, eftir fjölda og stærð grafanna. Í tíð skrásetjara [Bjarna Jónssonar f. 1925] hefur aldrei verið tekinn þarna mór og varla eftir 1920,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Ullarhólsgrafir eru rúmum 1,6 km VSV við bæ 001 og rúmum 60 m austan við Ullarhól 011.

Grafirnar eru á óræktuðu svæði sem er á milli ræktað túns til suðurs og framræsluskurðar til

norðurs.

Mótekjussvæðið er 30 x 30 m að stærð en náði áður lengra til austurs og suðurs en sá hluti kominn í tún. Grafirnar eru magrar hverjar saman signar, en sumar eru allt að 4 x 4 m að stærð og 0,5 m djúpar. Allflestar grafirnar hafa moldarbotn.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 5, 8; Ö-Skeiðháholt Svör, 5

**ÁR-244:024** *Vallarkofi* heimild um beitarhús 424373 387237  
“Vallarkofi. Sauðakofi áður fyrr, nú fallinn en tóftir eftir,” segir í örnefnaskrá. Beitarhúsið er einnig merkt inn á herforingaráðskort frá 1908. Vallarkofi var um 740 m norðan við bæ 001 og rúmum 660 m norðaustan við Efstuhús 022. Sumarbústaðir eru um 80 m norðan við áætlaða staðsetningu Vallarkofa, girðing umhverfis þá liggur fast norðan við áætlaða staðsetningu beitarhússins. Á þessum slóðum er sléttað tún, Grænatún. Skjólbelti er til norðurs og austurs. Engin merki um Vallarkofa sjást lengur á yfirborði vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 8; Ö-Skeiðháholt Svör, 4; Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

**ÁR-244:025** *Stöðullinn* heimild um kvíar 424331 386643  
“Stöðullinn. Stöðullinn var austan við Skeiðháholtsveginn og við fjós bóndans Skeiðháholts 3,” segir í örnefnaskrá. Stöðullinn var um 140 m norðan við bæ 001 og rúmum 60 m norðan við úthús 003. Hann var skammt norðan við heimatúnið líkt og það er afmarkað á túnakortum. Á þessum stað er nú útihús sem malarvegur frá núverandi bæjarstæði jarðarinnar liggur að. Hafi mannvirki verið hlaðið á stöðlinum eru þau horfin vegna byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 9

**ÁR-244:026** heimild um rist 424691 386481  
“Heytorf var skorið í dælum fyrir neðan Bjallann [012], en reiðingstorf fékkst ekki hér,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Ristan var um 350 m austan við bæ 001 og rúmum 100 m austan við Bjalla 012. Á þessum stað er grasi gróið deiglendi. Engin merki um rist sjást lengur á þessum slóðum enda gróa slík ummerki yfirleitt fljótt aftur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt Svör, 5

**ÁR-244:027** *Nátthagi* heimild um nátthaga 424097 386401  
“Nátthagi var gamalt örnefni á afgirtu stykki, sem nú er komið undir tún og ekki lengur afmarkað,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Nátthagi er sýndur á áveitukorti Skeiðaáveitunnar og er þar afmarkaður með hlöðnum veggjum. Hann sést einnig á loftmynd tekinni árið 1946. Nátthaginn er um 260 m vestan við bæ 001 og rúmum 400 m austan við beitarhús 020, vestan við holtið sem bærinn er á. Slétt, ræktað tún. Engin ummerki nátthagans sjást á yfirborði en hann var um 2,7 ha að stærð.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt Svör, 5; Áveitukort Skeiðháholts.; AMS40\_1-1\_028

**ÁR-244:028** heimild um brunn 424319 386442  
Brunnur er sýndur á túnakorti frá 1920 og var um 60 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 10 m SSA við útihús 004, sunnan við traðir 003\_02. Gróið svæði fast austan við malarplan fyrir rúllur. Ekki er ljóst af hverju brunnurinn er horfinn. Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-244:029** heimild um kálgarð 424358 386480  
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður sunnan við bæ 001. Annar kálgarður var vestan við bæinn og lágu traðir 003\_02 á milli þeirra, að bænum. Kálgarðar eru ekki skýrt merktir inn á túnakort frá 1920 en alls voru 16,4 arar matjurtagarða innan heimatúnsins. Sunnan við bæ 001 er brekka og var kálgarðurinn í henni. Þar er bakgarður húsanna nú. Malarplan er þar sem nyrðri kálgarðurinn var.  
Engin ummerki kálgarðanna sjást á yfirborði.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-244:030** heimild um útihús 424399 386561  
“Hellar voru í Háholtinu í tíð núlifandi ábúenda en þeim var lokað á ýtuöld og eru nú komnir undir tún. Hellir [009] var í Hellisbrekkunni vestan við íbúðarhús austurbæjarbóndans og norðan við húsið voru einnig hellar. Var einn þeirra vel manngengur og notaður sem hlaða. Afhellir var út frá honum og þar hafðar 10 kindur. Þetta voru móbergshellar „og man ég að við krakkarnir skárum stafna okkar í veggina“. (B.J.),” segir í örnefnaskrá. “Hellar voru í Hellisbrekku, en eru nú komnir undir græna torfu, ef svo má segja. Í bernsku skrásetjara [Bjarna Jónssonar f. 1925] var einn hellirinn notaður fyrir lömb, og veggir hlöðunnar við þann helli voru úr móbergi, en yfirgerð úr timbri og járn. Þegar grafið var fyrir nýju íbúðarhúsi í Skeiðháholti II (austurbæ), þá kom í ljós stór hellir, sem var með lúða vegg og sýnilegt, að hafði verið notaður. Þessi hellir var fylltur upp, og sér nú ekkert móta fyrir neinum hellum,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. “Heima við bæinn voru smáhellar, sem hafði voru fyrir kindur. [...] Hafa sennilega verið gerðir af mannahöndum í mjúkan stein,” segir í Sunnlenskum byggðum I. Hellir var um 80 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við bústað 002.  
Á þessum stað er bakgarður íbúðarhúss sem afmarkaður er til norðurs og norðausturs af trjárækt. Búið er að loka fyrir hellinn og slétta yfir og komst skrásetjari því ekki inn í hann. Mögulega hefur hellirinn einnig skemmst að hluta þegar Skeiðháholt 2a (b. 1966) var reist rétt sunnan hans.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Skeiðháholt JE, 2; SB I, 459.

**ÁR-244:031** heimild um kálgarð 424442 386544  
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður sunnan við bæ 002. Kálgarðar eru ekki skýrt merktir inn á túnakort frá 1920 en alls voru 16,4 arar matjurtagarða innan túns.  
Slétt, ræktað tún.  
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

**ÁR-244:032** náma mógrafir 425000 386805  
Við yfirferð loftmynda fundust mógrafir um 720 m norðaustan við bæ 001 og um 280 m norðaustan við býli 010, í svokallaðri Mýri austan við svokallað Óðinshanaflóð.  
Mýrin er enn blaut og nýtt til hrossabeitar.  
Mógrafasvæði er um 0,5 ha að stærð, 90x70 m stórt, og á loftmynd má greina margar mógrafir sem renna saman. Erfitt er að áætla nákvæman fjölda þeirra en ljóst er að þær skipta tugum. Ekki var hægt að lýsa ástandi þeirra nánar.  
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-244:033** náma mógrafir 424860 386709  
Við yfirferð loftmynda fundust mógrafir um 540 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m suðvestan

við mógrafir 032 í svokallaðri Mýri austan við Stínuflóð. Á loftmyndinni eru greinileg skil á milli mógrafasvæðanna og af þeim sökum eru þau ekki skráð saman.

Mýrin er enn blaut og nýtt til hrossabeitar.

Mógrafasvæðið er um 55x55 m að stærð og innan þess má sjá blautar mógrafir. Erfitt er að áætla fjölda þeirra.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-244:034** garðlag óþekkt

422845 387632

Fast norðan við Strokkhól 018 og tæpum 1,9 km norðvestan við bæ 001, er bogalaga garðlag í Strokkhólsmýri. Garðurinn er í norðvesturhorni jarðarinnar, nærri merkjum við Blesastaði til norðurs og Löngumýri til vesturs.

Grasi vaxin, framræst og smáþýfð mýri nýtt til beitar.

Garðurinn er bogadreginn og torfhláðinn. Hann liggur til norðurs frá Strokkhól en sveigir síðan til vesturs og fjarar út við vírgirðingu, fast austan við Skeiða- og



Garðlag ÁR-244:034, horft til austurs.

Hrunamannaveg. Garðurinn náði án efa lengra til vesturs en sést ekki vestan þjóðvegarsins. Hann er um 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Garðurinn er þýfður og ekki sér til þælu við hann. Ekki er vitað hvert hlutverkið er, gæti verið áveitugarður, vörslugarður eða jafnvel gamall landamerkjagarður.

**Hættumat:** engin hættu


Viðauki I: Minjakort





# Skráðar fornleifar á Skeiðum




# ÁR-233 Fjall




# ÁR-233 Fjall




0 200 400 600 800 m



# ÁR-233 Fjall




# ÁR-233 Fjall




0 200 400 600 800 m




# ÁR-234 Framnes




0 0.1 0.2 0.3 0.4 km




# ÁR-234 Framnes



0 0.1 0.2 0.3 0.4 km






# ÁR-234 Framnes







# ÁR-235 Birnustaðir



# ÁR-235 Birnustaðir





235009

235025

235020

235041 2

235041 3

235015

235030

235032


235010




ÁR-235 Birnustaðir




# AR-236 Álfsstaðir



0 250 500 750 m



# ÁR-236 Álfstaðir



236006

236045

236050

236037

236036

236032

236017

236012

236013 1

236013 2

236035

236016

236010


236021 8


236021 7

236011 1




# ÁR-236 Álfsstaðir





# ÁR-237 Ósabakki



237013

237012

237011

237023

237022

237028

237020

237019

237010

237021

237026

237008 2

237004

237005

237008 1

2370025

237007

237018

237014

237029

237024

237027


237006

237006


237017

237016

0 200 400 600 m




# ÁR-238 Reykir





# ÁR-238 Reykir

238019



238023

238020

238030

238024

238036 1

238036 2

238036 3

238035

238025

238027

238026

238028

238048

238032

238038

238017

238012 2

238055

238052

238045

238008

238010

238050

238011 2

238011

238005

238004

238031

238033

238016 1

238016 2

238044

1,000 m

750


500



250

0



238067





# ÁR-238 Reykir



238046

238027

238017 238012 2

238038

238010

238055

238050

238052

238012 1

238045

238033

238016 1

238031

238008

238004

238044

238039 1

238039 2

238043

238040

238029

238065 1

238037

238065 3

238066

238054

238042

238041


238034

238051

238068

238069



# ÁR-239 Húsatóftir



0 0.5 1 1.5 km




# ÁR-239 Húsátóftir









# ÁR-240 Hlemmiskeið




# ÁR-241 Brjánstaðir



# ÁR-242 Votamýri





# ÁR-242 Votamýri









# ÁR-242 Votamýri



# ÁR-243 Blesstaðir



# ÁR-244 Skeiðháholt



# ÁR-244 Skeiðháholt



244024

244014

244032

244010

244033

244025

244003 1

244030

244006

244009

244008

244012

244031

244004

244029

244028

244003 2

244027

244021

244015

244020 1

244020 2

244016

244013

244005

244007

244017

1 km

0.75


0.5

0.25

0



# ÁR-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð




# Skeiðaáveita

- fornleifar
- flóðgarðar
- horfið
- ⋯ skurðir



0 1 2 3 4 km



## Viðauki II: Hnitaskrá Isn93

Auðkenni	X	Y
233001_01	422774	395194
233001_02	422745	395179
233002	422788	395247
233003	422770	395350
233004	422860	395336
233005	422886	395418
233006	422992	395295
233007	422863	395082
233008	423009	395038
233009_01	422823	395342
233009_02	422826	395350
233009_03	422814	395360
233009_0	422819	395330
233011	422745	395928
233012	422790	395457
233014	422746	395379
233016_01	422982	395465
233016_02	422980	395476
233017	422849	395201
233019	423008	395347
233020	422961	395234
233021	422974	395251
233022	422838	395317
233023	422800	395052
233024	422067	394973
233025	422034	394882
233026_01	421684	394278
233026_02	421675	394252
233026_03	421778	394399
233027	422600	395368
233028	422366	395507
233029	422540	396201
233030	422597	397262
233031	422966	395193
233032_01	422795	395959
233032_02	422781	395939
233032_03	422790	395944
233033	422852	396097
233034	423294	396457
233035	423470	396960
233036_01	423376	397427
233036_02	423357	397368
233037	424290	399091
2330381	423165	395151

2330382	423158	395158
233039	422348	396128
233040	422812	395291
233042	424222	398753
233043_01	422744	395422
233043_02	422825	395435
233043_03	422941	395419
233044	422654	395399
233045	422691	395120
233046	422728	395086
233047	422702	395173
233048	422920	395120
233049	422902	394932
233050	422483	394642
233051	422828	395701
233051	423536	397164
233052	422960	396335
233053	424704	398752
233054	420875	394006
233055	423037	396428
233056	423252	396258
233057	422619	395139
233059	421669	394404
233060	423805	397844
233061	422993	395035
233062	421771	394228
233063	421703	394219
233064	422957	395223
233065	422831	395328
233066	422662	395442
233068	422878	395544
233070	422960	395199
233071	421864	394513
234001_01	423266	394491
234001_02	423270	394481
234001_03	423269	394498
234001_04	423289	394491
234002	423347	394520
234004	423238	394148
234005_01	422777	393943
234005_02	422789	393945
234006	422692	394249
234008	423269	394378
234009	423328	394479
234010	423338	394511

234011	423351	394446
234012	423325	394527
234013	423499	394569
234014	423133	394740
234015	423198	394881
234016	423434	394561
234017_01	423445	394331
234017_02	423396	394344
234018_01	423485	394818
234018_02	423478	394833
234019	423835	394740
234020_01	424003	395302
234020_02	423999	395294
234020_03	423990	395292
234021	423296	394936
234022	423904	394328
234024	423190	394095
234028	423764	394753
234031	423314	394479
234032	423273	393987
234033	423342	394525
234034	423302	394564
234035	423139	394545
234037	423415	394109
234038	423397	394704
234039	423320	394429
234040	423361	394286
234041_01	423466	395200
234041_02	423475	395185
234042	423792	395229
234043	422667	394120
234044	423351	394884
234045	423288	394950
234046	423305	394909
234047	423294	394634
235001_01	425209	395025
235001_02	425206	395000
235002	425227	395097
235003	425125	395097
235004	425104	395158
235005_01	425673	395291
235005_02	425688	395269
235005_03	425766	395246
235006	425276	394997
235007_01	426213	395057
235007_02	426162	395145

235008	425359	394995
235009	424772	396750
235010	425868	395637
235011	425388	394502
235012	425711	394640
235013	424747	394483
235014_01	424676	395222
235014_02	424680	395238
235014_03	424655	395274
235015	424798	395505
235016_01	425461	394860
235016_02	425304	394670
235016_03	425314	394849
235016_04	425429	394822
235016_05	425361	394819
235016_06	425149	394563
235017	425012	395175
235018	424782	394406
235019	425384	394936
235020	424318	395683
235021	425181	395105
235022	425250	394908
235023	425034	394548
235024	425374	395080
235025	424699	396289
235026	425010	395081
235027	424683	395327
235028	425033	395319
235029	424742	395222
235030	425173	395555
235031	425159	395097
235032	425783	395573
235033	424796	395114
235034	425334	395013
235035	425328	394715
235035	424425	394450
235036	425202	395089
235037	425420	395073
235038	424844	395126
235039	425065	394847
235040	425567	394500
235041_01	424801	395230
235041_02	424767	395559
235041_03	424774	395543
235042	425393	395100
236001_01	426809	395954

236001_02	426808	395931
236001_03	426773	395961
236002	426785	395910
236003	427040	395871
236004	427014	395849
236005	426793	395881
236006	427443	397568
236007_01	426670	395880
236007_02	427012	395897
236007_02	427075	395874
236008	426605	396013
236009	426454	396169
236010	426510	396240
236011_01	427220	396216
236011_02	427257	396188
236011_03	427226	396164
236012	427056	396805
236013_01	427363	396839
236013_02	427374	396814
236014	427694	395707
236016	425633	396287
236017	426570	396923
236018	428040	395850
236019	427666	395274
236020	426550	395932
236021_01	426939	396090
236021_02	426825	396165
236021_03	426700	396108
236021_04	427396	396067
236021_05	427352	395732
236021_06	427584	395778
236021_07	427359	396483
236021_08	427090	396346
236022	427026	395869
236023	426794	395930
236024	426118	395422
236025	426045	395599
236028	426851	396005
236029	427431	395576
236030	427240	395742
236031	427069	395740
236032	426266	396848
236033	426414	395277
236034	427229	395280
236035	426150	396450
236036	426069	396853

236037	426053	396910
236038	427328	395790
236039	427012	395841
236040	426422	396122
236041	426428	396144
236042_01	427271	396094
236042_02	427263	396099
236043	427074	394792
236044_01	426354	395911
236044_02	426417	395910
236045	426659	397392
236046	427311	395664
236047	427347	395557
236048	427106	395325
236049	426767	394855
236050	427377	397277
236051	427187	394604
237001_01	428446	396767
237001_02	428422	396752
237002	428473	396772
237002_05	428393	396782
237003	428379	396787
237004	428417	396869
237005	428457	396856
237006	428452	396674
237007	428544	396798
237008_01	428304	396859
237008_02	428337	396899
237010	429130	396874
237011	428419	397556
237012	428104	397529
237013	427678	397133
237014	428195	396807
237015	428389	396784
237016	429172	396541
237017	428701	396545
237018	428777	396792
237019	428506	396932
237020	428375	396935
237021	428176	396846
237022	428428	397017
237023	428159	397108
237024	428423	396774
237026	428312	396883
237027	428539	396764
237028	429083	397030

237029	428316	396796
238001_01	429169	394251
238001_02	429178	394239
238003	429285	394153
238004	429285	394124
238005	429325	394146
238006	429241	394129
238007	429136	394095
238008	429125	394134
238009	429209	394303
238010	429319	394348
238011	429282	394230
238012_01	429331	394132
238012_02	429180	394347
238015_01	429247	394235
238015_02	429253	394222
238016_01	428929	394048
238016_02	428937	394058
238017	428821	394321
238019	429973	396215
238020	427978	395222
238021_01	429133	394230
238021_02	429143	394226
238023	428082	395306
238024	428145	394867
238025	428188	394627
238026	427855	394526
238027	428376	394508
238028	429465	395212
238029	428877	393506
238030	428054	394920
238031	429223	394063
238032	430055	394715
238033	429444	394099
238034	430350	392974
238035	428156	394708
238036_01	428173	394732
238036_02	428196	394753
238036_03	428212	394693
238037	428866	392984
238038	429215	394378
238039_01	428884	393666
238039_02	428930	393665
238040	428935	393575
238041	429556	393001
238042	429298	392907

238043	428805	393625
238044	428948	393818
238045	428930	394115
238046	427690	393485
238048	429361	394617
238049	429303	394119
238050	429335	394270
238051	430362	393569
238052	429026	394153
238053	429310	394236
238054	429042	392745
238055	429097	394261
238057	429317	394115
238065_01	428869	393042
238065_02	428899	393048
238065_03	428885	392997
238066	428902	393075
238067	427459	393740
238068	430379	393589
238069	430080	394102
239001_01	425653	392356
239001_02	425635	392386
239002	425696	392337
239003	425605	392318
239004	425732	392246
239005	425744	392253
239006	425797	392296
239007	425810	392264
239008	425808	392241
239009	425646	392169
239010	425530	392167
239011	425517	392156
239012_01	426299	392582
239012_01	426246	392519
239012_02	426305	392589
239013	426319	392580
239014_01	425879	392107
239014_02	425873	392089
239015	425690	392368
239016	425605	392004
239017	425591	392350
239018	425760	392296
239019	426346	392470
239021	426325	392493
239022	425472	392548
239023	426409	392167

239024	426627	391563
239025	425333	392624
239026	426483	392579
239027	425114	392417
239027	427056	393256
239028	427019	391884
239029	425909	391821
239030	424980	392103
239031	427130	392580
239032	427177	393536
239033	425704	392306
239034	425494	392508
239035	426848	393407
239036	427008	393375
239037	426170	392467
239038	425081	392424
239039	426683	393434
239040	427052	392779
239041	425469	392497
239043	425220	392068
239044	425896	392045
239045	425801	392174
239046	425910	392053
239047	426272	392565
239048	426302	392529
239049	426371	392517
239050	425648	391925
239051	425819	391985
239052	425461	391909
239053	426336	390866
239054	427000	393950
239055	425841	392201
239056	425833	392150
239056	425864	392164
239057	425813	392208
239058_01	425953	392107
239058_02	425960	392113
239058_03	425947	392105
239059	427160	392746
239060	426730	392935
239061	425948	392007
239062	426476	391685
239063	425436	391936
239064	426679	392114
239065	426243	392428
239066	426268	392556

240001_01	424290	390913
240001_02	424274	390873
240002	424344	390943
240003	424294	390946
240004	424294	390995
240005	424242	391009
240006	424206	390990
240007	424176	390958
240008	424155	390944
240009	424342	390792
240010	424287	390826
240011	424069	390766
240012	424158	390904
240013	425404	390807
240014	424916	391064
240015	423717	391588
240016	424551	390150
240017	424659	390161
240018	423679	390475
240019	424821	390706
240020	424695	391513
240021	424406	390776
240022	425910	390756
2400231	424969	390395
2400232	424993	390439
240024_03	424671	391330
240025	424475	391915
240025	424657	391817
240026_01	424484	390854
240026_02	424505	390863
240027	423544	390411
240029	424178	390881
240030	424019	390750
240033	424235	390807
240034	423651	391533
240035	424732	391754
240036	424725	391261
240037	424320	391003
240038	424751	390807
240039	425190	391234
241001	423877	389959
241002	423891	389975
241003	423793	389996
241004	424013	389947
241005	423748	389983
241007	423000	389621

241008_01	423158	389364
241008_02	423096	389340
241008_03	423104	389304
241008_04	423132	389426
241008_05	423176	389374
241008_06	423103	389369
241008_07	423159	389355
241009	423408	390278
241010	423902	389532
241011	423668	389028
241012	423174	389016
241013	423584	389572
241014	422847	389686
241015	423646	389974
241016_01	423467	389883
241016_02	423516	389826
241017	423823	389283
241018	423610	390136
241019	423920	389992
241020	424015	389983
241021_01	423881	389916
241021_02	423849	389943
241022	423677	389960
241023	423211	389727
241024	423560	389669
241025	423003	390131
241026	423636	389586
241027	423419	389421
241028	423145	389235
242001_01	424724	389884
242001_02	424752	389863
242002	424752	389823
242002	424666	389868
242003	424722	389907
242004	424655	389696
242005	424593	389771
242006	424772	389838
242007	424692	389929
242009	424726	389865
242010	426155	390658
242011	424373	389028
242012	425301	389686
242013	424685	389983
242014	424642	390102
242015	425539	388540
242016	426262	390520

242017	424585	388941
242018	425476	389560
242019_01	425203	390093
242019_02	425203	390055
242019_03	425233	390058
242019_04	425159	390124
242020	424761	389769
242021_01	424965	388867
242021_02	424949	388885
242021_03	424986	388848
242022	425474	390170
242026	425211	389342
242027_01	425177	389937
242027_02	425188	389928
242028	425608	389458
242029	424964	389870
242030	425498	389586
242031	425445	390151
242032	424968	390226
242033	425561	389889
243001_01	424115	387792
243001_02	424133	387764
243002_01	424056	387810
243002_02	424208	387824
243003	424028	388077
243004	424033	387757
243005	424141	387914
243006	424229	387647
243007	424063	387722
243009	425292	387374
243010	424394	388335
243011	423553	388345
243012	424962	388479
243013_01	424504	388582
243013_02	424470	388670
243014_01	425096	387624
243014_02	425111	387620
243015	424114	387980
243016_01	423927	388242
243016_02	423951	388226
243016_03	423931	388206
243017	424225	387793
243018	424176	387540
243019	424663	387829
243020	424174	387948
244001	424347	386500

244002	424401	386542
244003_0 1	424340	386578
244003_02	424312	386456
244004	424291	386473
244005	424391	386296
244006	424494	386546
244007	424405	386307
244008	424355	386495
244009	424367	386545
244010	424672	386733
244011	422809	386010
244012	424609	386530
244013	424512	386312
244014	424747	386995
244015	423501	386521
244016	424512	386423
244017	424531	386197
244018	422847	387600
244019	422844	387530
244020_01	423587	386419
244020_0 2	423632	386405
244021	423590	386525
244022	423750	386984
244023	422876	386022
244024	424373	387237
244025	424323	386663
244026	424691	386481
244027	424097	386401
244028	424317	386444
244029	424358	386480
244030	424399	386560
244031	424443	386544
244032	424999	386806
244033	424858	386708
244034	422845	387632
245001_01	422713	385426
245001_0 2	422681	385408
245002	422751	385351
245003	422808	385450
245004	422610	385256
245005	422602	385212
245006	422600	385461
245007	422874	385114
245008	423037	384376
245009	422574	385241
245012	421509	383746

245013	422684	385566
245014	422623	385623
245015	422861	384131
245016	421290	384785
245017	422999	385649
245018	422852	385875
245019	422024	384103
245020	422584	385615
245021	422826	385304
245022	423038	384173
245023_01	422789	384480
245023_02	422772	384457
245023_03	422789	384457
245023_04	422763	384469
245023_05	422783	384478
245023_06	422772	384440
245024	422107	385398
245025	422707	385278
245026	421401	384726
245027	421406	384461
245028	422660	385729
245029	422868	385487
245029	423078	385572
245030	423017	383958
245031	422407	384952
245032	422696	385443
245033	422819	385452
245034	421970	384319
245035_01	421955	385009
245035_02	421954	384983
245036	422510	384444
245037_01	421791	383790
245037_02	421829	383804
245037_0 3	421806	383742
245037_04	421760	383751
245037_0 5	421759	383784
245037_06	421775	383794
245038	421350	384444
245039	422811	385893
245040	422817	385867
245041	422810	385470
245042	421772	383762
246001_01	421449	386238
246001_02	421470	386215
246002	421496	386282
246003	421448	386357

246004	421349	386307
246005	421375	386135
246006_01	421268	386341
246006_02	421397	386074
246007	421485	386124
246008	420073	386056
246009	420479	385330
246010	420528	385325
246011	420870	384815
246012_01	421109	385270
246012_02	421132	385279
246013_01	421821	386442
246013_02	421860	386383
246014	421262	386172
246015	419948	385900
246016	420285	385826
246017	421575	386159
246018	421218	386436
246019	420926	386700
246020	421639	387104
246021	422374	385934
246022	421642	386300
246023	422530	386100
246024	421470	385949
246025	421419	386001
246026	421302	386166
246027	421815	386685
246029	421229	386102
246030	421237	385948
246031	421618	385376
246032	421295	384926
246033	421345	384903
246034	420214	386052
246035	420647	385544
246036	421539	386244
246037	421606	386233
246038_01	421438	386141
246038_02	421435	386132
246039	421372	386419
246040	420489	385677
246041	421409	386254
246043	421288	386354
246044	420281	386689
246045	420352	386798
247001_01	422341	386734
247001_02	422340	386724

247002	422387	386779
247003	422282	386817
247004	422307	386813
247005	422462	386665
247006	422294	386746
247007	422082	387218
247008	422242	387305
247009	422304	386674
247010	422615	386605
247011	422386	386573
247012	422318	386778
247013	422467	386731
247014	422401	386747
247015	422407	386778
247016	422482	386786
247017	422211	386912
247018	422586	386999
247019	422299	386876
248001_01	422963	388863
248001_02	422956	388831
248001_03	422922	388848
248001_04	422936	388865
248002	422877	388742
248003	423076	388877
248004	422914	388855
248005	422590	389323
248006	422514	388633
248007	422752	388581
248008	423019	389048
248009	423163	388609
248010	423076	388941
248011	422621	389221
248012	422706	388885
248013	423296	388568
248014	422630	389012
248015	422726	389053
248016	422691	388896
248017_01	422798	389388
248017_02	422793	389375
248017_03	422783	389376
248018	423156	388868
248018	422908	389431
248019	422839	389252
249001	422334	388477
249002	422302	388493
249003_01	422363	388425

249003_02	422304	388456
249004	422156	388636
249005	422175	388594
249006	422189	388608
249007	422195	388350
249008	422165	388426
249008	422454	388618
249009	422329	388472
249010_01	422321	388461
249010_02	422336	388451
249011	422350	388644
249012	421483	387269
249013	421149	387689
249014	422156	388646
249015_01	422353	388462
249015_02	422370	388460
249016	422042	388467
249017	422049	388063
249018	421911	388601
249019_02	422012	387968
249019_03	421962	387969
249020	422162	388355
249021	422196	388425
249022	421748	387723
249023	422246	388660
249028	421980	387989
249029	422342	388846
249030_01	422135	387904
249030_02	422125	387879
249030_03	422103	387882
249031	422373	388165
249032	422644	388221
249033	421973	387720
249034	422375	387969
249035	421439	388060
249036	422726	388200
250001_01	419492	389261
250001_02	419495	389230
250001_03	419525	389253
250001_04	419518	389282
250002	419480	389296
250002	419555	389198
250003	419602	388998
250004	419607	389010
250005	419603	389102
250006	419565	389181

250007	419601	389223
250008_01	419595	389353
250008_02	419459	389448
250008_03	419571	389366
250009	419463	389486
250011_01	419300	387373
250011_02	419304	387372
250011_03	419315	387373
250011_04	419296	387351
250012	420383	390173
250013	419758	389387
250014	419903	388329
250015	420463	390928
250016	419642	388206
250017 1	419705	388698
250017 2	419707	388670
250018	420317	391389
250018	420305	391531
250018	420438	391468
250019	420067	388154
250020	420001	390197
250021	419640	389393
250022	420517	391707
251001_0	422015	390368
251001_02	422000	390346
251001_03	422010	390348
251002_01	422040	390366
251002_02	422050	390363
251003	421954	390167
251005	421003	390593
251006	422019	390394
251007	422023	390222
251008	421908	390209
251009	421965	390237
251010	422060	390348
251011	421931	390119
251012	422177	390139
251013	422093	390204
251014	421657	389998
251015	421760	389691
251016	422126	389427
251017	421149	389037
251018	420185	387039
251019_01	420646	388967
251019_02	420651	388960
251020_01	419852	387011

251020_02	419846	386999
251020_03	419853	386998
251021	419831	386945
251022_01	420626	387788
251022_02	420554	387770
251022_03	420560	387756
251023	420566	387799
251024	421944	390214
251025	421805	390288
251026	421389	391241
251027	422009	391078
251028	422705	391716
251028	421911	391638
251029	421345	392411
251030	422213	390587
251031	422093	390656
251032	422488	390730
251033	421325	391380
251034	420864	388717
251035	421604	388909
251036	422406	390243
251037	421750	390394
251039	422849	390747
251040	422451	391033
251041	422395	391311
251042	422474	392092
251043_01	420514	389500
251043_02	420522	389474
251044_01	420786	390757
251045	421053	391029
251046	421050	391306
251047_01	422659	390479
251047_02	422690	390469
251048	422352	390259
251049	421616	391111
251050	421874	390658
251051	422617	391480
251052	421529	389457
251053	421849	389583
252001_01	421645	390367
252001_02	421659	390362
252002	421572	390328
252003	421576	390373
252004	421593	390313
252005	421612	390374
252006	421608	390349

252007	421685	390276
253001_01	421799	390457
253001_02	421801	390437
253002	421741	390515
253003	421748	390437
253004	421819	390430
253005	421799	390418
254001_01	421956	390555
254001_02	421955	390537
254002	421872	390558
254003	422005	390560
254004	421908	390626
255001_01	422117	390471
255001_02	422114	390452
255002	422091	390513
255003	422237	390503
255004	422093	390549
256001_01	422157	390382
256001_02	422141	390378
256002	422219	390245
256003	422267	390253
256004	422291	390309
256005	422165	390270
256006	422134	390367
257001_01	425557	393366
257001_02	425551	393339
257002	425646	393358
257003	425550	393428
257004	425688	393362
257005	425575	393319
257006	425471	393278
257007	425731	393232
257008	426133	393504
257009	425311	393701
257010	424869	393346
257011	426330	394325
257012	426429	394059
257013	426221	393604
257014	425560	393190
257015	425950	393722
257016	426288	394323
257017_01	425805	393574
257017_02	425754	393538
257017_03	425806	393523
257017_04	425804	393477
257018	425931	393089

257020	425798	394475
257021	426368	393683
257022	425603	393135
257023	426533	394008
257024	426413	394475
257025	425310	392750
258001_01	424545	392421
258001_02	424575	392401
258002	424518	392484
258003	424374	392439
258004	424644	392632
258005	424671	392626
258006	424660	392569
258007	424466	392376
258008	424593	392578
258009	424503	392435
258010	424549	392546
258012	424176	392476
258013	424329	392420
258014	424671	392401
258014	424211	392862
258015	424900	392805
258016	424497	392463
258017	423516	392434
258018	424747	392553
259001_01	424334	392238
259001_02	424356	392224
259002	424296	392236
259003	424325	392186
259004	424248	392185
259005	424220	392138
259006	424233	392130
259007	424467	392333
259008	424253	392113
259010_01	424109	392174
259011	423702	391635
259012	424545	391988
259013	423483	391776
259014	423992	392096
259015	424052	392211
259016	424253	392029
259017	424435	392268
259018	423950	392175
260001_01	424568	393931
260001_02	424564	393907
260002	424620	393924

260003	424645	393907
260004	424773	394167
260005	423630	393828
260006	422596	392802
260007	424790	393823
260008	424048	393648
260009	424277	393260
260010	424735	394357
260011	424663	393942
260012	424889	394313
260013	424721	393923
260014	424552	394344
260015	422870	392807
260016	424620	393762
260017	423349	393389
260018	424772	394181
260019	424933	394212
260020	423068	392853
260021	424519	393973
260022	424768	394045
260023	424411	393774
260024	424521	393909
260025	424483	393895
260026	423651	393514
260027	424692	394051
260028	424818	394174
260029	424709	393908
260030	424746	393994
260032	425158	393939
260033	422893	392799
260034	424351	393711
260035	424048	393436
260036	424160	393776
260037	423656	393776
260038	424293	393936
260039	425185	394077
260040	423556	393073
261001_01	421563	393616
261001_02	421556	393611
261001_03	421558	393587
261001_04	421570	393625
261001_05	421581	393636
261002	421644	393334
261003	421616	393341
261004	421566	393354
261005	421491	393309

261006_01	422104	393591
261006_02	422082	393566
261006_03	422076	393572
261006_04	422081	393591
261006_05	422086	393582
261007_01	421915	393542
261007_02	421938	393544
261007_03	421933	393539
261007_04	421905	393536
261007_05	421931	393532
261008	421903	393482
261009	421797	393443
261010	421608	393332
261011	421703	393404
261012	421647	393611
261013	421546	393626
261014	422761	393179
261015_01	421595	393550
261015_02	421719	393487
261016	421677	393619
261017	421675	393585
261018	421777	393213
261019	420943	393326
261020	421734	393251
261021	422466	394189
261022	421460	393332
261023	421700	393897
261024	421842	394072
261025_01	421775	394006
261025_02	421777	394109
261025_03	421779	394053
261026	422200	393600
261027	421690	393944
261028	421209	393962
261029	421512	393649
261030	421535	392928
261031	421589	393571
261032_01	422608	393942
261032_02	422605	393952
262001_01	420918	393077
262001_02	420924	393059
262001_03	420920	393090
262002	420900	393192
262003	420000	391486
262004	420314	392590
262005	420000	391552

262006	420005	391505
262007_01	420440	392518
262007_02	420446	392516
262007_03	420436	392509
262008	420645	392600
262009	420469	392053
262010	419935	391068
262011	420655	392876
262012	420938	393318
262013	420950	393086
262014	420743	392712
262015	420885	392774
262016	421271	392652
262017	421467	392585
262018_01	421907	392325
262018_02	421913	392320
262019	420876	393078
262020	420935	392946
262021	420908	393186
262022	420934	393287
262023	420508	392817
262024	420568	393423
262025	420933	393085
262026	421794	392571
262027	420959	393075
262028	421006	393030
661001	427024	392770
661001	424034	392095
661002	422528	396784
661003	423852	393942
661003	422470	395376
661004	423314	389507
661005	425096	394441
661006	422412	391686
661006	425673	394763
661007	420561	386449
661008	426210	395533
661009	425483	392370
661009	426976	394833
661010	426748	392949
661010	428509	394497
661011	427478	391679
661011	425117	386879
661012	427373	392077
661013	422901	388869
661014_01	427335	391680

661014_02	427230	391924
661015	419943	386238
661015	425320	391727
661015	422893	390017
661016	425417	391736
661018	423443	390566
661019	424112	392009
661020	425197	391975
661021	423586	394603
661022	420021	389025
661023	419288	386890
661024	428874	396712
661027	421711	387661
661028	422771	392057
661029	421650	387467
661030	421328	392685
661031	421384	393266
661032	428578	394632
661033	429744	393622
661034	424177	390366
661035	419897	388317
661036	424714	388720
661037	424439	388808
661038	423370	388765
661039	428433	397313
661040	428304	393636
661041	420033	388243
661042	424538	390436
661043	428116	391952
661044	422007	391780
661045	425542	392532
661046	425771	391338